Stjórnartíðindi 1925, A. 3.

Póstsamningar

við erlend ríki.

Samþyktir á póstþinginu í Stokkhólmi 28. ágúst 1924.

Íslensk þýðing.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Efnisyfirlit.

56

Fyrsti bálkur.

Um alþjóðapóstsambandið.

I. KAFLI.

Skipulag og svæði sambandsins.

1. grein. Skilgreining sambandsins.
2. — Aðgangur fyrir ný lönd. Aðferð.
3. — Alþjóðapóstsamningurinn og aukasamningar innan sambandsins.
4. — Starfsreglugjörðir.
5. — Sjersamningar og minni póstsambönd.
6. — Innanlandslöggjöf.
7. — Viðskifti við lönd utan póstsambandsins.
8. — Nýlendur, vernduð lönd o. s. frv.
9. — Svæði póstsambandsins.
10. — Gerðardómar.
11. — Úrsögn úr póstsambandinu.
Uppsögn á samningunum.

II. KAFLI.

Póstþing, póstfundir, nefndir.

12. grein. Póstþing.
13. — Fullgildingar. Gildi samninganna.
14. — Auka-póstþing.
15. — Starfsreglugerð póstþinga.
16. — Póstfundir.
17. — Nefndir.

56

III. KAFLI.

Frumvörp milli póstþinga.

18. grein. Flutningur frumvarpa.
19. — Athugun frumvarpa.
20. — Skilyrði fyrir samþykt.
21. — Tilkynning ályktananna.
22. — Hvenær ályktanirnar ganga í gildi.

IV. KAFLI.

Um alþjóðaskrifstofuna.

23. grein. Alment verksvið.
24. — Útgjöld til alþjóðaskrifstofunnar.

Annar bálkur.

Almennar reglur.

EINASTI KAFLI.

25. grein. Transítheimild.
26. — Rjettur til þess að nota póstþjónustu sambandsins.
27. — Bann við að taka póstgjöld, sem ekki eru nefnd.
28. — Stöðvun á viðskiftum um stundarsakir.
29. — Peninga-tegund.
30. — Jafngildi.
31. — Eyðublöð. Tunga.
32. — Skilríkisspjöld.

Þriðji bálkur.

Ákvæði um póstbrjefasendingar

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

33. grein. Brjefasendingar.
34. — Burðargjöld og almenn skilyrði.
35. — Frímerking.
36. — Burðargjöld undir ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar.

37. grein. Brjefasendingar utan sambandsins. 56
38. — Aukaburðargjöld.
39. — Sjerstök gjöld.
40. — Hraðboðasendingar.
41. — Forboð.
42. — Frímerkingarmáti.
43. — Burðargjaldsfrjálsar sendingar.
44. — Svarmerki.
45. — Afturköllun. Breyting á utanáskrift.
46. — Áframsending. Óskilasendingar.
47. — Fyrirspurnir.

II. KAFLI.

Ábyrgðarsendingar.

48. grein. Burðargjöld.
49. — Móttökukvittun.
50. — Víðtæki ábyrgðar.
51. — Undantekning ábyrgðar.
52. — Hvenær ábyrgð hættir.
53. — Greiðslan á skaðabótunum.
54. — Frestur á greiðslunni.
55. — Um hver ber ábyrgðina.
56. — Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.
57. — Ábyrgð á sendingum, sem mælt er með, utan takmarka póstsambandsins.

III. KAFLI.

Póstkröfusendingar.

58. grein. Burðargjöld og skilyrði. Reikningsskil.
59. — Afnám póstkröfuupphæðar.
60. — Ábyrgð, ef sending glatast.
61. — Ábyrgð á upphæðum þeim, sem hafa verið innheimtar reglulega.
62. — Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.
63. — Reglulega innheimtar upphæðir. Skaðabætur. Greiðsla og aðgangur til endurgreiðslu.
64. — Greiðslufrestur.
65. — Um hver beri ábyrgðina.
66. — Endurgreiðsla á lánuðum upphæðum.
67. — Póstkröfuávísanir.
68. — Skifting á burðar- og póstkröfugjöldum.

IV. KAFLI.

Um hver fái burðargjöldin. — Transít- og geymslugjöld.

69. grein. Um hver fái burðargjöldin.
70. — Transitgjöld.
71. — Geymslugjald.
72. — Undanþága frá transitgjöldum.
73. — Sjerstök þjónusta.
74. — Loftflutningur.
75. — Greiðslur og reikningar.
76. — Transitgjöld í viðskiftum við lönd, er standa utan sambandsins.
77. — Skifti á lokuðum póstpokum við herskip.

Ýms ákvæði.

78. grein. Óhlýðni gegn ákvæðinu um transitheimild.
79. — Skuldbindingar.

Niðurlagsatriði.

80. grein. Um hvenær alþjóðapóstsamningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Lokaákvæði alþjóðapóstsamningsins.

I. grein. Afturköllun sendinga.
II. — Jafngildi. Hámarks- og lágmarkstakmörk.
III. — Rjettur til þess að krefjast skyldufrímerkingar.
IV. — Póstun brjefasendinga í útlöndum.
V. — Unsa avoirdupois.
VI. — Svarmerki.
VII. — Ábyrgðargjald.
VIII. — Geymslugjald.
IX. — Lokaákvæði opin fyrir lönd, sem ekki hafa mætt.
X. — Lokaákvæði opin fyrir lönd, sem hafa mætt.
XI. — Frestur til tilkynningar um aðgang þeirra landa í póstsambandinu, sem hafa ekki mætt.
XII. — Undirbúningsnefnd.

Alþjóðapóstsamningur

56

gerður milli

Suður-Afríku sambandsins; Albaníu; Þýskalands; Bandaríkja Ameríku; allra eyjaeigna Bandaríkjanna annara en Filippseyja; Lýðveldisins Argentínu; Filippseyja; Hins ástralska samveldis (Commonwealth of Australia); Austurríkis; Belgíu; Nýlendunnar Belgisku Congo; Boliviu; Brasilíu; Búlgaríu; Canada; Chili; Kína; Lýðveldisins Columbíu; Lýðveldisins Costa-Rica; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Fríborgarinnar Danzig; Hins dominikanska lýðveldis; Egyptalands; Equators; Spánar; Spánskra nýlenda; Estlands; Etiópíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlenda og verndaðu landa í Indókína; Allra annara franskra nýlenda; Stórabretlands og ýmsra breskra nýlenda og verndaðra landa; Nýja Sjálands; Grikklands; Guatemala; Lýðveldisins Haiti; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Breska Indlands; Fríríkisins Írlands; Íslands; Ítalíu; Ítalskra nýlenda; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lettlands; Lýðveldisins Líberíu; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spanska hlutanum); Marokkó (spanski hlutinn); Mexikó; Nicaragua; Noregs; Nýja Sjálands; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenskra Indía; Hollenskra nýlenda í Ameríku; Perú; Persíu; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlenda í Afríku; Hinna portúgölsku nýlenda í Asíu og í Eyjaálfunni; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Salvador; Saarhjeraðsins; Konungsríkis Serba, Króata og Slovena; Konungsríkisins Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tjekkoslóvakíu; Tunis; Tyrklands; Sambands hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja; Uruguay og Bandaríkja Venezuela.

Samkvæmt 27. grein alþjóðapóstsamningsins, sem samþyktur var í Madrid þann 30. nóvember 1920, hafa undirritaðir fulltrúar ofangreindra landa setið á þingi í Stokkhólmi, og í sameiningu, og með þeim fyrirvara að fullgilding fáist, endurskoðað tjeðan samning og breytt honum, sem hjer segir:

56

Fyrsti bálkur.

Um alþjóðapóstsambandið.

I. KAFLI.

Skipulag og svæði sambandsins.

1. grein.

Skilgreining sambandsins.

Lönd þau, er gert hafa þennan samning sín á milli, mynda eitt einasta póstsvæði til gagnkvæmra skifta á brjefasendingum, er heitir Alþjóðapóstsambandið (Union postale universelle), og er það einungis ætlun þess að tryggja og fullkomna rekstur hinna ýmsu milliríkja póststarfsgreina.

2. grein.

Aðgangur fyrir ný lönd. Aðferð.

Þau lönd, sem ekki eru í sambandinu, geta hvenær sem er gengið að samningnum.

Beiðni þeirra um aðgang skal sendiherra tilkynna stjórn hins svissneska sambandsríkis, en hún tilkynnir aftur stjórnum allra landa póstsambandsins.

3. grein.

Alþjóðasamningurinn og aukasamningar innan sambandsins.

Póststörf þau, er snerta brjefasendingar, eru háð ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Aðrar starfsgreinar, svo sem brjef og öskjur með tilgreindu verði, böggl-ar, póstávísanir, póstgíro, póstinnheimtur og áskrift blaða og tímarita, eru samningsatriði milli landa sambandsins.

Slíkir samningar eru aðeins bindandi fyrir þau lönd, sem hafa gengið að þeim.

Aðgangur að einum eða fleirum þessara samninga, fer eftir ákvæðum næstu greinar á undan.

4. grein.

Starfsreglugjörðir.

Póststjórnirnar í sambandinu ákveða sameiginlega í starfsreglugjörðum allar nánari reglur, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar á alþjóðapóstsamningnum og auka-samningunum.

5. grein. 56

Sjersamningar og minni póstsambönd. Landamærabelti.

1. — Sambandslöndin hafa rjett til þess að halda við og gera nýja sjersamninga, sem og að viðhalda og stofna til minni póstsambanda með það fyrir augum, að lækka burðargjöldin eða á annan hátt að breyta til batnaðar póstþjónustunni.

2. — Af sinni hálfu er póststjórnunum heimilt að gera sín á milli nauðsynlega samninga um atriði, er snerta ekki póstsambandið í heild, þó með þeim fyrirvara, að setja þar ekki inn nein ákvæði, er sjeu óhagstæðari en þau, sem sett eru í samningum alþjóðapóstsambandsins. Sjerstaklega geta þær, að því er snertir brjefasendingar, komið sjer saman um að taka upp lægra burðargjald á 30 kílómetra belti.

6. grein.

Innanlands löggjöf.

Ákvæði alþjóðapóstsamningsins og aukasamninga sambandsins hafa ekki í för með sjer breytingar á innanlandslöggjöf nokkurs lands í neinu, sem ekki er skýrt tekið fram í samningunum.

7. grein.

Viðskifti við lönd utan póstsambandsins.

Þær póststjórnir sambandsins, er halda uppi viðskiftum við lönd utan sambandsins, eru skyldar til að láta öðrum póststjórnum þessi sambönd í tje, til skifta á brjefasendingum.

Ákvæði alþjóðapóstsamningsins ná til skifta á brjefasendingum milli landa sambandsins og landa utan þess, ef skifti þessi krefjast þjónustu tveggja samningsaðila að minsta kosti.

8. grein.

Nýlendur, vernduð lönd o. s. frv.

Að því er snertir atkvæðisrjett á póstþingum, póstfundum og á tímabilinu milli þinganna, svo og tillagið til útgjaldanna við skrifstofu alþjóðapóstsambandsins skal í alþjóðapóstsamningnum og í aukasamningunum álíta sem eitt land eða eina póststjórn eftir ástæðum:

1. Nýlenduna Belgisku Congo.
2. Allar eyjaeignir Bandaríkja Ameríku aðrar en Filippseyjar, sem sje Hawaï, Porto-Rico, Guam og Viergeeyjar Bandaríkja Ameríku.
3. Filippseyjar.

56 4. Allar spanskar nýlendur.
5. Algier.
6. Franskar nýlendur og vernduð lönd í Indokína.
7. Allar aðrar franskar nýlendur.
8. Allar ítalskar nýlendur.
9. Chosen.
10. Allar aðrar japanskar eignir.
11. Hollensku Indíur.
12. Hinar hollensku nýlendur í Ameríku.
13. Hinar portúgölsku nýlendur í Afríku.
14. Hinar portúgölsku nýlendur í Asíu og í Eyjaálfunni.

9. grein.

Svæði póstsambandsins.

Til alþjóðapóstsambandsins teljast:

a. Pósthús, sem lönd í sambandinu hafa sett á stofn í löndum utan sambandsins.
b. Furstadæmið Liechtenstein sem heyrandi undir póststjórn Svisslands.
c. Færeyjar og Grænland sem hluti af Danmörku.
d. Spanskar eignir á norðurströnd Afríku sem hluti af Spáni; lýðveldið Andorra sem heyrandi undir póststjórn Spánar.
e. Furstadæmið Monaco sem heyrandi undir póststjórn Frakklands.
f. Walfisch-Bay sem hluti af Suður-Afríku sambandinu; Basutoland sem heyrandi undir póststjórn Suður-Afríku sambandsins.
g. Norsk pósthús á Spitsbergen sem heyrandi undir póststjórn Noregs.

10. grein.

Gerðardómar.

1. — Rísi ágreiningur milli tveggja eða fleiri meðlima póstsambandsins út af skilningi á alþjóðapóstsamningnum og aukasamningunum eða ábyrgð, sem falla kann á einhverja póststjórn samkvæmt ákvæðum nefndra samninga, skal deilumálið útkljáð með gerðardómi. Skal þá sjerhver póststjórnanna, sem í hlut á, kjósa annan fjelaga sambandsins, sem ekki er beint við málið riðinn.

Skyldi einhver póststjórnanna, sem greinir á, ekki sinna tillögu um gerðardóm innan sex mánaða, eða níu mánaða ef um lönd utan Evrópu er að ræða, getur alþjóðaskrifstofan, eftir beiðni, sem henni verður þar um send, kvatt póststjórnina, sem skorast undan, til þess að útnefna gerðardómara, eða skipað hann sjálf.

2. — Úrskurður gerðardómara skal feldur samkvæmt einföldum meiri hluta atkvæða.

3. — Falli atkvæðin jafnt velja gerðardómendur, til úrslita eina póst- 56
stjórn til, sem einnig sje óviðriðin deiluna.

Verði ósamkomulag um valið, skal alþjóðaskrifstofan útnefna póststjórnina af þeim meðlimum alþjóðapóstsambandsins, sem gerðardómendur hafa ekki stungið upp á.

4. — Gerðardómendur má ekki útnefna aðra en þær póststjórnir, sem framkvæma þann samning er veldur deilunni.

11. grein.

Úrsögn úr póstsambandinu. Uppsögn á samningunum.

Sjerhver málsaðili getur gengið úr alþjóðapóstsambandinu eða sagt upp samningunum með tilkynningu, sem stjórn hans skal senda ári áður til stjórnar hins svissneska sambandsríkis.

II. KAFLI.

Póstþing, póstfundir, nefndir.

12. grein.

Póstþing.

1. — Fulltrúar sambandslandanna koma saman á þing, í síðasta lagi 5 árum eftir þann dag, er samningar næsta þings á undan ganga í gildi. til þess að endurskoða samningana og gera þá fullkomnari, ef þörf krefur.

Fyrir sjerhvert land mæta á þinginu einn eða fleiri fullgildir fulltrúar með nauðsynlegu umboði stjórna sinna. Ef þörf krefur, getur það látið fulltrúasveit annars lands mæta fyrir sig. Þó má engin fulltrúasveit mæta fyrir fleiri lönd en tvö, þar með talið það land, sem upphaflega sendir hana.

Við umræður hefir hvert land eitt atkvæði.

2. — Hvert póstþing ákveður, hvar næsta þing skuli koma saman. Það er kallað saman af stjórn landsins, sem það á að haldast í, í samráði við alþjóðaskrifstofuna. Sömu stjórn er og skylt að senda öllum stjórnum og löndum í sambandinu tilkynningu um ákvarðanir þær, sem póstþingið hefir tekið.

13. grein.

Fullgildingar. Gildi samninganna.

Samningar póstþinganna eru fullgiltir eins fljótt og unt er, og fullgildingarnar tilkyntar stjórn landsins þar sem þingið er háð.

Ef einn eða fleiri málsaðilar fullgilda ekki einhvern eða einhverja af samningum þeim, er þeir hafa undirskrifað, skulu þeir engu að síður gilda fyrir þau ríki, sem hafa fullgilt hann.

56 Samningarnir ganga allir í gildi í einu og gilda allir jafnlengi.

Frá þeim degi, er samningar, sem póstþing hefir samþykt, ganga í gildi, skulu allir samningar næsta þings á undan falla úr gildi, nema öðruvísi sje ákveðið.

14. grein.

Auka-póstþing.

Auka-póstþing skal kalla saman í samráði við alþjóðaskrifstofuna sje þess óskað eða það stutt af tveim þriðju samningslandanna, að minsta kosti.

Reglur þær, sem nefndar eru í 12. og 13. grein, gilda um fulltrúasveitir, umræður og gjörðir auka-póstþinga.

15. grein.

Starfsreglugjörð póstþinga.

Sjerhvert póstþing ákveður nauðsynlega starfsreglugjörð fyrir störf sín og fundarhöld.

16. grein.

Póstfundir.

Þegar tveir þriðju hlutar af póststjórnum í sambandinu óska þess, má kalla til póstfunda, er falið sje að athuga atriði, er eingöngu eru stjórnarlegs eðlis.

Þeir eru kallaðir saman í samráði við alþjóðaskrifstofuna.

Póstfundirnir ákveða reglugjörð sína.

17. grein.

Nefndir.

Nefndir, sem póstþing eða póstfundur felur að athuga eitt eða fleiri nánar tiltekin atriði, eru kallaðar saman af alþjóðaskrifstofunni í samráði við, ef svo ber undir, póststjórn þess lands, sem nefndirnar eiga að koma saman í.

III. KAFLI.

Frumvörp milli póstþinga.

18. grein.

Flutningur frumvarpa.

Á tímabilinu milli póstþinganna hefir sjerhver póststjórn rjett til þess

að senda öðrum póststjórnum, um alþjóðaskrifstofuna, frumvörp, er snerta alþjóðapóstsamninginn og reglugjörð hans. 56

Sami rjettur veitist póststjórnum þeirra landa, er taka þátt í aukasamningunum, að því er þá samninga og reglugjörðir þeirra snertir.

Til þess að geta komið til umtals, skulu öll frumvörp, sem flutt eru milli póstþinga, hafa stuðning tveggja póststjórna að minsta kosti, auk þeirrar, sem það er frá. Frumvörpunum er ekki sint, ef alþjóðaskrifstofan fær ekki samtímis hina nauðsynlegu tölu stuðningsyfirlýsinga.

19. grein.

Athugun frumvarpa.

Sjerhvert frumvarp skal fara með sem hjer segir:

Póststjórnunum er veittur 6 mánaða frestur til þess að athuga frumvarpið, og, ef svo ber undir, senda alþjóðaskrifstofunni athugasemdir sínar. Breytingartillögur eru ekki leyfðar. Alþjóðaskrifstofan safnar svörunum og sendir póststjórnunum með áskorun um að mæla með eða móti, Þær póststjórnir, sem ekki hafa sent atkvæði sitt innan 6 mánaða frá dagsetningu seinna umburðarbrjefs alþjóðaskrifstofunnar, sem tilkynnir þeim athugasemdir þær, sem hafa verið gerðar, álítast að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni.

Snerti frumvarpið aukasamning eða reglugjörð hans, geta að eins þær póststjórnir, sem hafa gengið að samningnum tekið þátt í ofangreindum athugunum.

20. grein.

Skilyrði fyrir samþykt.

1. — Til þess að öðlast gildi, þurfa frumvörpin að fá:

a. öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót nýrra ákvæða eða breytingu á ákvæðum fyrsta og annars bálks og 33., 36., 38., 48.—53., 55., 56., 58., 60.—63., 65.—75. og 77.—80. greina alþjóðapóstsamningsins svo og breytingar á ákvæðum 1., 4., 17., 53., 66. og 86. greina starfsreglugjörðar hans;

b. tvo þriðju atkvæða ef um er að ræða breytingar á öðrum ákvæðum en þeim, sem nefnd eru í málsgreininni næst á undan;

c. einfaldan meiri hluta atkvæða ef um er að ræða, hvernig skilja beri ákvæði alþjóðapóstsamningsins og starfsreglugjörðar hans, að undanskildu ágreiningsatriðinu, er leggja ber í gerð og nefnt er í 10. grein.

2. — Aukasamningarnir ákveða skilyrðin fyrir samþykt á frumvörpum þeim, er þá snerta.

21. grein.

Tilkynning ályktananna.

Viðbætur og breytingar á alþjóðapóstsamningnum og aukasamningunum

56 eru staðfestar með stjórnlegri yfirlýsingu, sem stjórn hins svissneska sambandsríkis er falið að semja og senda til stjórna samningslandanna eftir beiðni alþjóðaskrifstofunnar.

Viðbætur og breytingar á starfsreglugjörðunum eru staðfestar og tilkyntar póststjórnunum af alþjóðaskrifstofunni. Sama gildir og um hvernig skilja beri ákvæðin, sem nefnd eru undir bókstaf c) í næstu grein á undan.

22. grein.

Hvenær ályktanirnar ganga í gildi.

Sjerhver viðbót eða breyting, sem samþykt hefur verið, gengur ekki í gildi fyr en að minsta kosti 3 mánuðum eftir tilkynninguna.

IV. KAFLI.

Um alþjóðaskrifstofuna.

23. grein.

Alment verksvið.

1. — Aðalskrifstofa, er starfi í Bern undir nafninu „Skrifstofa alþjóðapóstsambandsins“ og sje undir yfirumsjón hinnar svissnesku póststjórnar, skal vera sem miðstöð til þess að tengja lönd sambandsins saman, veita þeim upplýsingar og gefa þeim ráð. Skrifstofa þessi skal hafa á hendi það starf, að safna, raða, kunngera og senda út allskonar upplýsingar, sem varða hina alþjóðlegu póstþjónustu; láta í ljósi álit sitt á ágreiningsefnum, þegar málsaðilar krefjast þess; undirbúa til meðferðar óskir um breytingar á gjörðum póstþingsins; tilkynna breytingar þær, sem hafa verið samþyktar, og, yfir höfuð, vinna að þeim rannsóknum og störfum við ritstjórn og skýringar, sem alþjóðapóstsamningurinn, aukasamningarnir og starfsreglugjörðir þeirra gefa tilefni til eða sem henni kunna að verða lagðar á herðar í þarfir alþjóðasambandsins.

2. — Sem miðstöð reikningsfærslu sjer hún um greiðslujöfnuð á hverskonar reikningum, er snerta alþjóðapóststarfið, milli þeirra póststjórna, sem óska þessarar hjálpar.

24. grein.

Útgjöld til alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Hvert póstþing ákveður hámarksupphæð þá, sem hin vanalegu útgjöld alþjóðaskrifstofunnar mega ná árlega.

Þessi útgjöld, ásamt aukakostnaði þeim, sem leiðir af því að póstþing,

póstfundur eða nefnd kemur saman, og svo gjöld þau, sem sjerstök störf, er 56
aðalskrifstofunni eru falin, hafa í för með sjer, bera öll lönd sambandsins í fjelagi.

2. — Í því efni er löndunum skift í sjö flokka og leggur hver flokkur fram fje til útgjaldanna hlutfallslega eins og hjer segir:

1.	flokkur	25	einingar
2.	—	20	—
3.	—	15	—
4.	—	10	—
5.	—	5	—
6.	—	3	—
7.	—	1	einingu.

3. — Gangi nýtt land að samningnum ákveður stjórn hins svissneska sambandsríkis í sameiningu við stjórn hlutaðeigandi lands í hvaða flokk það skuli sett við niðurjöfnunina á kostnaðinum við alþjóðaskrifstofuna.

Annar bálkur.

Almennar reglur.

EINASTI KAFLI.

25. grein.

Transítheimild.

1. — Transítheimild er ábyrgst yfir allt svæði sambandsins.

2. — Transítheimild fyrir póstböggla er bundin við landsvæði þeirra ríkja er taka þátt í þessari starfsgrein. Sendingar með tilgreindu verði mega fara í transít í lokuðum póstpokum yfir landsvæði ríkja, sem ekki hafa gengið að samningnum um slíkar sendingar, en ábyrgð þessara landa er sú sama og gildir fyrir þau um sendingar, sem mælt er með.

26. grein.

Rjettur til þess að nota póstþjónustu sambandsins.

Lönd sambandsins viðurkenna rjett allra manna til þess að nota póstþjónustur þær, sem alþjóðapóstsamningurinn og aukasamningarnir fjalla um.

27. grein.

Bann við að taka póstgjöld, sem ekki eru nefnd.

Bannað er að taka önnur póstgjöld, hverju nafni sem nefnast, en þau, sem nefnd eru í alþjóðapóstsamningnum og aukasamningnum.

28. grein.

Stöðvun á viðskiftum um stundarsakir.

Þegar einhver póststjórn sjer sig tilneydda, af óviðráðanlegum atvikum, að stöðva um stundarsakir, að öllu eða nokkru leyti flutning á brjefasendingum, sem önnur póststjórn hefir afhent henni, eða framkvæmdir á einni eða fleirum sjerstökum starfsgreinum, skal hún þegar í stað, og símleiðis, ef þörf krefur, tilkynna það póststjórn þeirri eða póststjórnum, sem í hlut eiga.

29. grein.

Peninga-tegund.

Með frankanum sem myntareiningu í ákvæðum alþjóðapóstsamningsins og aukasamninganna, er átt við gullfranka á 100 sentíma, $^{10}/_{31}$ úr grammi að þyngd og 0.900 að efnisgæðum.

30. grein.

Jafngildi.

Í sjerhverju landi í sambandinu skulu póstgjöldin miðast við eins nákvæmt jafngildi og frekast er unt á gildandi peningum landsins við gildi frankans.

31. grein.

Eyðublöð. Tunga.

1. — Eyðublöð til afnota fyrir póststjórnirnar innbyrðis skulu samin á frönsku, með eða án þýðinga á annað mál milli lína, nema hlutaðeigandi póststjórnir ákveði annað með beinum samningi sín á milli.

2. — Eyðublöð til afnota fyrir almenning, sem ekki eru prentuð á frönsku skulu hafa þýðingu á því máli milli lína.

3. — Eyðublöð þau, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu að stærð og lögun vera sem næst því er fyrirskipað er í starfsreglugjörðum alþjóðapóstsamningsins og aukasamninganna.

4. — Póststjórnirnar geta komið sjer saman um hvaða tungu skuli nota í þjónustubrjefaskriftum þeirra innbyrðis.

32. grein. 56

Skilríkisspjöld.

1. — Sjerhver póststjórn getur gefið út handa þeim, er æskja, skilríkisspjöld, er gilda sem sönnunargögn við störf þau, sem framkvæmd eru af pósthúsum þeirra landa, sem hafa ekki tilkynt að þau neiti þeim.

2. — Sú póststjórn, sem gefur út skilríkisspjald, má fyrir það taka gjald, sem má ekki fara fram úr 1 franka.

3. — Póststjórnirnar eru úr allri ábyrgð, ef sannað verður að afhending á póstsendingu eða útborgun á ávísun hafi átt sjer stað gegn sýningu á löglega útbúnu skilríkisspjaldi.

Þær bera heldur ekki ábyrgð á afleiðingum þeim, sem kunna að verða, ef löglega útbúið spjald glatast, týnist eða er notað á sviksamlegan hátt.

4. — Skilríkisspjaldið gildir í 3 ár frá útgáfudegi að telja.

Þriðji bálkur.

Ákvæði um póstbrjefasendingar.

I. KAFLI.

33. grein.

Brjefasendingar.

Nafnið brjefasendingar nær til brjefa, brjefspjalda — einfaldra og með fyrirfram borguðu svari —, verslunarskjala, sýnishorna af vörum og allskonar prents, þar í innifalið blindraprent með upphleyptu letri.

34. grein.

Burðargjöld og almenn skilyrði.

1. — Fyrirfram greitt burðargjald fyrir flutning á brjefasendingum í öllu umdæmi póstsambandsins, þar í innifalið skil á heimili viðtakenda í þeim löndum þar sem útburður sendinga er eða verður stofnaður, er ákveðið samkvæmt því sem segir í þessari töflu:

56

Sendingar	Þyngdareiningar	Burðargjöld	Takmörk	
			þyngdar	stærðar
	gr.	s.		
Brjef { 1. þyngdarmark ...	20	25	2 kg.	45 sm. á hvern veg.
Brjef { hvert þyngdarmark að auki	20	15	2 kg.	*í ströngum*: 75 sm. á lengd og 10 sm. í þvermál.
Brjefspjald { einfalt	—	15	—	hámark { 15 sm. á lengd, 10,5 sm. á breidd.
Brjefspjald { með fyrirfram borguðu svari	—	30	—	lágmark { 10 sm. á lengd, 7 sm. á breidd.
Prent	50	5	2 kg. [1]	[1]) Þyngdin má vera 3 kg. fyrir bindi, sem send eru einstök.
Blindraprent með upphleyptu letri	1000	5	3 kg.	45 sm. á hverja hlið.
Verslunarskjöl	50	5	2 kg.	*í ströngum*: 75 sm. á lengd og 10 sm. í þvermál.
Verslunarskjöl, lágmarks burðargjald	—	25	—	
Sýnishorn af vörum	50	5	500 gr.	45 sm. á lengd, 20 sm. á breidd, 10 sm. á þykkt.
Sýnishorn af vörum, lágmarks burðargjald	—	10	—	*í ströngum*: 45 sm. á lengd og 15 sm. í þvermál.

Í viðskiftum sínum innbyrðis hafa póststjórnirnar rjett til þess að veita blöðum og tímaritum, sem send eru beint af útgefendum, 50% afslátt af hinu almenna burðargjaldi undir prent.

Sami rjettur er þeim og veittur að því er snertir heftar eða innbundnar bækur, ef ekki er sent í auglýsingaskyni.

Sama gildir einnig um bókmenta- og vísindarit, sem skifst er á milli vísindastofnana.

2. — Sjerhvert land í sambandinu fastákveður, samkvæmt töflunni hjer á undan, póstgjöld þau, sem taka ber fyrir brjefasendingar.

3. — Brjefin mega ekki innihalda neitt brjef, orðsendingu eða skjal með utanáskrift til annara manna en viðtakanda eða sambýlismanna hans.

4. — Verslunarskjöl, sýnishorn af vörum og allskonar prent mega ekki innihalda neitt brjef eða orðsendingu, sem skoða má sem hreinar persónulegar brjefaskriftir; þau skulu vera þannig útbúin að auðvelt sje að rannsaka innihaldið, með þeim undantekningum, sem reglugjörðin nefnir.

5. — Takmörk þyngdar og stærðar, sem nefnd eru í 1. lið þessarar greinar gilda ekki um sendingar, er snerta sjálfa póstþjónustuna og nefndar eru í 1. lið 43. greinar.

6. — Sendingar, sem í eru sýnishorn af vörum, mega ekki innihalda neinn hlut, sem hefir verslunargildi. 56

7. — Samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í starfsreglugjörðinni, er leyfilegt að sameina brjefasendingar af ýmsum flokkum í eina sendingu (samanblandaðar sendingar).

8. — Með þeim undantekningum, er alþjóðapóstsamningurinn og starfsreglugjörð hans leyfir, er ekki tekið við sendingum, sem uppfylla ekki skilyrði þau, sem sett eru.

Sendingar, sem óvart kann að verða tekið við, má endursenda til upprunapósthúss. Ef ákvörðunarpósthúsið afhendir þær viðtakendum, skal það, ef svo ber undir, leggja á þær þau póstgjöld og aukagjöld, sem eiga við þann flokk sendinga, er þær í raun og veru eiga heima í.

9. — Sendingar, sem borgað er undir eftir brjefataxta, mega innihalda tollskylda hluti, ef innflutningur í brjefapósti á slíkum hlutum er leyfður í ákvörðunarlandinu.

Sendingar þessar skulu utanáskriftarmegin bera auðkennismiða í samræmi við fyrirmæli starfsreglugjörðarinnar.

Póststjórn ákvörðunarlandsins hefir heimild til þess að setja þessar sendingar undir tolleftirlit, opna þær í embættisnafni og taka innflutningstolla af þeim á þann hátt, sem löggjöf hennar mælir fyrir.

35. grein.

Frímerking.

Sendingar skulu vera frímerktar fyrirfram að fullu, nema brjef og einföld brjefspjöld.

Brjefspjöld með fyrirfram borguðu svari, verða ekki tekin til flutnings, ef hvor hlutinn um sig er ekki fullfrímerktur, þegar þau eru látin í póst.

36. grein.

Burðargjald undir ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar.

Að undanteknu því, sem segir í 39. grein starfsreglugjörðarinnar, um vissar tegundir áframsendra sendinga, skal taka fyrir ófrímerktar eða vanfrímerktar brjefasendingar, hverrar tegundar sem er, og á kostnað viðtakenda tvöfalt hið ógreidda eða vanborgaða burðargjald, þó ekki minna en 10 sentíma.

37. grein.

Brjefasendingar utan sambandsins.

1. — Burðargjöld undir brjefasendingar til landa utan alþjóðapóstsambandsins mega ekki vera undir hinum almenna taxta þess.

56 2. — Brjefasendingar frá löndum utan sambandsins, sem afhentar eru til póststjórnar í sambandinu ófrímerktar eða vanfrímerktar, skulu hjá þeirri póststjórn, sem kemur þeim til skila, vera gjaldskyldar eftir reglum þeim, sem hún notar í sinni eigin þjónustu við líkar sendingar til landsins, sem ofangreindar sendingar eru frá.

38. grein.

Aukaburðargjöld.

Auk burðargjalds þess, sem ákveðið er í 34. og 37. grein, má taka aukaburðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt er með tækjum í þjónustu póststjórna, sem ekki eru í sambandinu, eða með aukaflutningum innan sambandsins, er hafa aukinn kostnað í för með sjer, og skal aukaburðargjaldið hlutfallslega miðað við þennan kostnað.

Þegar í burðargjaldstaxta fyrir einfalt brjefspjald er innifalið aukaburðargjald það, sem leyft er í síðustu málsgrein, skal sami taxti gilda um hvern hluta fyrir sig af brjefspjaldi með borguðu svari.

39. grein.

Sjerstök gjöld.

1. — Póststjórnunum er heimilt að taka sjerstakt gjald, samkvæmt innanlands ákvæðum sínum, fyrir sendingar, sem skilað er til flutnings á síðustu stundu.

2. — Lönd þau, sem samkvæmt löggjöf sinni hafa heimild til þess að afhenda sendingar, sem innihalda tollskylda vöru, mega taka fyrir tollun þessara sendinga gjald, er nemi 50 sentímum fyrir sendingu mest.

3. — Fyrir sendingar, sem skrifað er utan á „poste restante", má viðtökulandið taka sjerstakt gjald, samkvæmt löggjöf sinni.

40. grein.

Hraðboðasendingar.

1. — Ef sendendur æskja þess, verða brjefasendingar bornar á heimili viðtakanda af sjerstökum brjefbera undir eins og póstur er kominn, í þeim löndum sambandsins, sem taka þetta starf að sjer í viðskiftum sínum gagnkvæmt.

2. — Fyrir sendingar þessar, sem kallast hraðboðasendingar („exprès"), skal, auk hins venjulega burðargjalds, greiða sjerstakt gjald, er nemi minst tvöföldu burðargjaldi undir vanalegt einfalt brjef, og mest einum franka. Skal það vera fullborgað fyrirfram af sendanda.

3. — Þegar heimili viðtakanda liggur utan svæðis þess, sem ókeypis útburður fer fram á frá ákvörðunarpósthúsinu, má fyrir hraðboðaútburð

taka aukagjald, er nemi alt að þeirri upphæð, sem ákveðin er hraðboðagjald í innanlands þjónustunni. Í þessu tilfelli er þó útburður með hraðboða ekki skyldukvöð. 56

4. — Hraðboðasendingum, sem ekki eru nægilega frímerktar fyrir öllum gjöldum, sem borga ber, skal koma til skila á venjulegan hátt, nema sendipósthúsið hafi farið með þær sem hraðboðasendingar.

41. grein.

Forboð.

1. — Bannað er að senda:

a. hluti, sem samkvæmt eðli sínu eða umbúnaði geta verið hættulegir lífi póstmanna, eða óhreinkað eða skemt sendingarnar;
b. sprengihætta, eldfima og hættulega hluti;
c. lifandi dýr, að undanteknum býflugum og silkiormum;
d. tollskylda hluti með þeim undantekningum, sem getur um í 34. grein, 9. lið, svo og sýnishorn af vörum, sem sent er mikið af í þeim tilgangi að komast hjá tollgjöldunum;
e. ópíum, morfín, cócaín og önnur deyfandi meðul;
f. klámfenga og ósæmilega hluti;
g. alla hluti, sem bannaður er innflutningur eða útbreiðsla á í sendi- eða ákvörðunarlandinu.

Þar að auki er bannað að senda í brjefum, sem ekki er mælt með, slegna peninga, bankaseðla og peningaseðla, gull- og silfurmuni, gimsteina, skrautgripi og aðra dýrmæta muni.

2. — Sendingar þær, sem af óaðgætni kunna að hafa verið teknar til flutnings, skulu sendar aftur til sendipósthúss, nema póststjórn ákvörðunarlandsins megi, samkvæmt innanlandslögum sínum eða reglum, fara öðruvísi með þær.

Þó skulu sprenghættir, eldfimir eða hættulegir hlutir, svo og klámfengir og ósæmilegir hlutir ekki sendast aftur til sendipósthússins; hlutir þessir skulu eyðilagðir á staðnum með ráðstöfunum af hálfu þeirrar póststjórnar, sem orðið hefir þeirra vör.

Sjeu sendingar þær, sem af óaðgætni kunna að hafa verið teknar til flutnings, hvorki endursendar til sendipósthúss, nje afhentar viðtakanda, ber að tilkynna það sendipósthúsinu, svo að það geti, ef svo ber undir, gert nauðsynlegar ráðstafanir.

3. — Að öðru leyti er stjórn hvers lands í sambandinu áskilinn rjettur til þess að framkvæma ekki, á sínu póstsvæði, flutning eða útburð á sendingum, sem fluttar eru gegn lægra burðargjaldi, þegar ekki hefir verið

56 tekið tillit til laga þeirra, fyrirskipana og ákvæða, sem gilda um útgáfu eða útbreiðslu þessara hluta í landinu.

Þesskonar sendingar ber að endursenda til upprunapósthúss.

42. grein.

Frímerkingarmáti.

1. — Frímerking er framkvæmd annaðhvort með póstfrímerkjum, sem gilda í sendilandinu fyrir einkabrjef, eða með stimplun með frímerkingarvjelum, sem eru opinberlega teknar til notkunar og undir beinu eftirliti póststjórnarinnar.

2. — Löglega frímerkt skoðast: svarbrjefspjöld, sem bera frímerki útgáfulands brjefspjaldanna áprentuð eða álímd, sendingar, sem eru reglulega frímerktar yfir hið fyrsta svæði, sem þær fara, og aukaburðargjald hefir verið borgað fyrir áður en þær eru sendar á ný, svo og blöð og blaðapakkar og tímarit, sem utanáskriftarmegin bera athugasemdina „Abonnements-poste" eða tilsvarandi athugasemd, og sendir eru samkvæmt hinum sjerstaka samningi um áskrift á blöðum og tímaritum.

3. — Sendingar, sem látnar eru á rúmsjó í brjefakassa póstskips eða fengnar í hendur póstmönnum á skipinu eða skipstjóra skipsins, má frímerkja, nema öðruvísi sje ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, með frímerkjum og eftir taxta þess lands, sem á skipið eða hefir það í sinni þjónustu. Sje sendingin látin í póst á skipsfjöl, meðan skipið liggur á annari hvorri endastöð leiðarinnar, eða á millihöfnum, gildir frímerkingin ekki nema hún sje gerð með frímerkjum og eftir taxta þess lands, sem skipið er í landhelgi við.

43. grein.

Burðargjaldsfrjálsar sendingar.

1. — Burðargjaldsfrjálsar eru þjónustusendingar um póstmál, milli póststjórnanna, milli póststjórnanna og alþjóðaskrifstofunnar í Bern, milli pósthúsa í löndum sambandsins, og milli pósthúsanna og póststjórnanna, svo og þær sendingar, sem beinlínis er tekið fram um, með ákvæðum alþjóðapóstsamningsins, aukasamninganna og starfsreglugjörða þeirra, að fluttar skuli burðargjaldsfrítt.

2. — Allar sendingar, að póstkröfusendingum undanteknum, sem eiga að fara til herfanga eða sendar eru frá þeim, eru einnig undanþegnar öllum póstgjöldum, jafnt í sendilandi sem ákvörðunar- og milliliðslöndum.

Sama gildir og um sendingar, er snerta herfanga, sem sendar eru eða mótteknar annaðhvort beint eða gegnum upplýsingaskrifstofur, sem kynnu að verða settar á stofn til hjálpar þessum mönnum, í ófriðarlöndunum eða hlutlausum löndum, sem hafa tekið við herskyldum mönnum á sitt svæði.

Herskyldir menn, sem teknir hafa verið og vistaðir í hlutlausu landi, skoðast sem eiginlegir herfangar, að því er snertir beitingu á framangreindum ákvæðum. 56

44. grein.

Svarmerki.

Svarmerki eru til sölu í löndum póstsambandsins. Verð þeirra ákveða hlutaðeigandi póststjórnir, en það má ekki vera lægra en 40 sentímar, eða jafngildi þessarar upphæðar í mynt landsins, sem selur.

Sjerhverju merki má skifta í öllum löndum sambandsins fyrir eitt eða fleiri frímerki, er fullnægja frímerkingu á einföldu brjefi úr því landi til útlanda.

Skiftin skulu þó hafa farið fram fyrir lok sjötta mánaðar, að telja frá þeim mánuði, sem merkin eru gefin út í.

Auk þessa er hverju landi heimilt að krefjast þess, að sendingar, sem eiga að frímerkjast þannig, sjeu samtímis látnar í póst og skift er á merkjunum.

45. grein.

Afturköllun. Breyting á utanáskrift.

1. — Sendandi getur afturkallað sendinguna eða breytt á henni utanáskriftinni á meðan hún hefir ekki verið afhent viðtakanda.

2. — Beiðni um þetta sendist póstleiðis eða símleiðis á kostnað sendanda, og ber honum að greiða fyrir hverja beiðni, sem send er póstleiðis, borgun eins og undir einfalt ábyrgðarbrjef, og fyrir hverja beiðni, sem send er símleiðis, borgun skeytisins ásamt póstgjaldinu, ef um er að ræða breytingu á utanáskriftinni.

46. grein.

Áframsending. Óskilasendingar.

1. — Áframsending brjefasendinga innan alþjóðapóstsambandsins veitir ekki ástæðu til aukaburðargjalds, að því fráskildu, sem nefnt er í starfsreglugjörðinni.

Sama gildir einnig um endursendingu á óskilasendingum til sendanda.

2. — Brjefasendingar, sem eru áframsendar eða lenda í óskilum, skal afhenda viðtakendum eða sendendum, gegn greiðslu á burðargjaldi því, er á þær hefir fallið við burtför, komu eða á leiðinni, sakir áframsendingar út yfir fyrsta svæði.

3. — Sendingar, sem lenda í óskilum af hvaða ástæðu sem er, skulu þegar í stað endursendast til upprunalandsins.

56 Frestur fyrir geymslu á sendingum til handa viðtakendum, eða, sem skrifað er utan á „poste restante", fer eftir ákvæðum ákvörðunarlandsins. Þó má frestur þessi ekki fara fram úr sex mánuðum í viðskiftum við lönd utan Evrópu, og tveim mánuðum í öðrum viðskiftum; endursending til sendilandsins skal fara fram á styttri tíma, ef sendandi hefir beðið um það með athugasemd utanáskriftarmegin á umslaginu, sem skrifað sje á máli, sem skilst í ákvörðunarlandinu.

4. — Prentað mál, sem er einskis virði, skal ekki endursenda, nema sendandi með athugasemd á umbúðunum hafi beðið um það.

5. — Aukagjaldið fyrir „poste restante" sendingar, sem nefnt er í 39. grein, fellur niður, ef sendingin er áframsend eða lendir í óskilum.

6. — Aukagjald það, sem ákveðið er í 40. grein, 3. lið, má eins taka, þótt hraðboðasending verði áframsend eða lendi í óskilum.

47. grein.

Fyrirspurnir.

1. — Fyrir fyrirspurnir um allskonar sendingar má taka vist gjald, 1 franka mest.

Að því er ábyrgðarsendingar snertir, skal ekkert gjald taka, hafi sendandi þegar borgað fyrir móttökukvittun.

2. — Fyrirspurnir eru aðeins leyfðar innan eins ár að telja frá deginum eftir að sendingin hefir verið sett í póst.

II. KAFLI.

Ábyrgðarsendingar.

48. grein.

Burðargjöld.

1. — Brjefasendingar þær, sem nefndar eru í 33. grein, má senda gegn ábyrgð.

Þó verða ekki svarspjöld, „Réponse", sem áföst eru við brjefspjöldin, send með ábyrgð af hinum upprunalegu sendendum slíkra sendinga.

2. — Burðargjald undir allar ábyrgðarsendingar skal greiðast fyrirfram. Það er samsett af:

a) hinu vanalega burðargjaldi sendingarinnar, eftir eðli hennar;

b) föstu ábyrgðargjaldi, 40 sentímum mest.

3. — Um leið og ábyrgðarsending er látin á póst, getur sendandi fengið ókeypis póstkvittun.

4. — Lönd þau, sem vilja taka á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major), mega taka fyrir það aukagjald, 40 sentíma mest fyrir hverja sendingu. 56

49. grein.

Móttökukvittun.

Sendandi ábyrgðarsendingar getur fengið móttökukvittun gegn því að greiða, um leið og hann skilar sendingunni til flutnings, fast gjald, er nemi 40 sentímum mest.

Um móttökukvittun má biðja eftir að sendingin hefir verið sett á póst og innan þess tíma, sem ákveðinn er í 47. grein um fyrirspurnir, gegn gjaldi, sem ekki má fara fram úr tvöföldu gjaldi því, sem nefnt er í málsgreininni hjer á undan.

50. grein.

Viðtæki ábyrgðar.

Að því undanskildu, er segir í næstu grein, svara póststjórnirnar til ábyrgðarsendinga, sem glatast. Sendandi hefir í þessu efni rjett til skaðabóta, og er upphæð þeirra ákveðin 50 frankar fyrir sendingu. Hafi hann borgað fyrir fyrirspurn, sem orsakast hefir af yfirsjón póstþjónustunnar, ber einnig að endurgreiða það gjald.

51. grein.

Undantekning ábyrgðar.

Póststjórnirnar eru undanþegnar allri ábyrgð á sendingum, sem mælt er með:

a) ef um ofurefli (vis major) er að ræða; þó hvílir ábyrgðin á þeirri sendipóststjórn, sem hefir tekið að sjer að ábyrgjast gegn ofurefli (48. grein, 4. liður);
b) þegar þær geta ekki gert grein fyrir sendingunum vegna þess, að þjónustuskjölin hafa eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum (vis major);
c) þegar um er að ræða sendingar, sem innihalda hluti, er falla undir forboð það, sem nefnt er í 41. grein, 1. lið;
d) þegar sendandi hefir ekki framsett neina kröfu innan tímabils þess, sem tiltekið er í 47. grein.

52. grein.

Hvenær ábyrgð hættir.

Póststjórnirnar eru lausar við ábyrgð á sendingum, sem mælt er með, þegar þær hafa afhent þær samkvæmt gildandi skilyrðum í innanlandsreglu-

56 gjörðum sínum. Sje um sendingar að ræða, sem skrifað er utan á „poste restante", eða eru geymdar samkvæmt beiðni til umráða fyrir viðtakanda, hættir ábyrgðin við afhendingu sendingarinnar til manns, sem hefir sýnt greinileg skilríki fyrir því hver hann sje, samkvæmt gildandi reglum í ákvörðunarlandinu, enda komi nafn hans og staða heim við það, sem greint er í utanáskriftinni.

53. grein.

Greiðslan á skaðabótunum.

Skyldan til skaðabótagreiðslu hvílir á þeirri póststjórn, sem sendipósthús sendingarinnar heyrir undir, að geymdum endurgreiðslurjetti gegn póststjórninni, sem ábyrgðina ber.

54. grein.

Frestur á greiðslunni.

1. — Skaðabótagreiðslan skal fara fram eins fljótt og unt er, og í síðasta lagi innan 6 mánaða að telja frá deginum eftir að krafan var sett fram. Frestur þessi er lengdur upp í 9 mánuði í sambandi við lönd utan Evrópu.

2. — Sendipóststjórnin hefir heimild til þess að bæta sendanda skaðann á kostnað milliliggjandi póststjórnar eða viðtökupóststjórnar, þegar þær eftir löglega aðvörun hafa eigi leitt málið til lykta innan 6 mánaða; frestur þessi er lengdur upp í 9 mánuði í sambandi við lönd utan Evrópu.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur póststjórn sendilandsins frestað reikningsskilum á skaðabótum fram yfir tíma þann, sem tiltekinn er í liðnum á undan, þegar eigi er útkljáð um, hvort skaðinn stafi af ofurefli (vis major).

55. grein.

Um hver beri ábyrgðina.

1. — Þangað til hið gagnstæða verður sannað, hvílir ábyrgðin fyrir glötun ábyrgðarsendingar á þeirri póststjórn, sem eftir að hafa tekið á móti sendingunni athugasemdalaust og eftir að hafa fengið í sínar hendur öll fyrirskipuð gögn til eftirgrenslunar, getur hvorki sýnt fram á, að sendingin hafi verið afhent viðtakanda eða, ef svo ber undir, hafi verið send á lögformlegan hátt til næstu póststjórnar.

Ef sendingin glatast í flutningum, án þess hægt sje að komast fyrir á hvaða póstsvæði eða í vörslum hvaða póststjórnar atvikið hafi komið fyrir, bera hlutaðeigandi póststjórnir skaðann í fjelagi að jöfnu. Þó skal öll skaðabótaupphæðin greiðast sendipóststjórninni af fyrstu póststjórn, sem ekki get-

ur gert grein fyrir reglulegri afhendingu á hinni umspurðu sendingu til næstu póststjórnar. Þessari póststjórn ber að heimta aftur af hinum póststjórnunum, sem ábyrgðina bera, hluta hverrar um sig í skaðabótagreiðslunni til þess rjetta aðila. 56

2. — Glatist ábyrgðarsending sakir óviðráðanlegra atvika (vis major), ber landið, sem sendingin hefir glatast hjá, enga ábyrgð gagnvart póststjórn landsins, sem sendi, nema ef bæði löndin taka á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major).

3. — Nú eru skaðabæturnar greiddar og öðlast póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, rjettindi þess, sem við þeim hefir tekið, á alt að sömu upphæð, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að sendanda, viðtakanda eða þriðja manni.

56. grein.

Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

Póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, eða ber kostnað greiðslunnar samkvæmt 54. grein, er skyld að greiða póststjórn sendilandsins skaðabótaupphæðina innan þriggja mánaða eftir tilkynningu um greiðsluna.

Borgun þessi fer fram póststjórninni, sem á inni, að kostnaðarlausu, annaðhvort með póstávísun eða víxli eða peningum, er hafa gangverð í landinu, sem á inni. Sje hinn tilgreindi þriggja mánaða frestur útrunninn, falla vextir á upphæð þá, sem póststjórn sendilandsins er talin til inneignar, 7% á ári frá þeim degi að telja, er fresturinn er útrunninn.

Póststjórn sú, sem rjettilega hefir sannast á, að ábyrgðina beri, og neitar strax að greiða skaðabæturnar, skal einnig á sinn kostnað bera allan aukakostnað, sem kann að leiða af hinum órjettmæta drætti á borguninni.

Þó geta póststjórnirnar komið sjer saman um, að gera upp á vissum tímabilum, skaðabætur þær, sem þær hafa greitt sendendum og sem þær hafa viðurkent að vera á rökum bygðar.

57. grein.

Ábyrgð á sendingum, sem mælt er með, utan takmarka póstsambandsins.

Ábyrgðin á sendingum, sem mælt er með, til eða frá löndum utan sambandsins, eða sem fara í transít yfir þessi lönd, er háð því sem hjer segir:

a. að því er snertir flutning á svæði sambandsins er farið eftir ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
b. að því er snertir flutning utan takmarka sambandsins, er farið eftir skilmálum þeim, er sú póststjórn setur, sem er milliliður.

56

III. KAFLI.

Póstkröfusendingar.

58. grein.

Burðargjöld og skilyrði. Reikningsskil.

1. — Ábyrgðarsendingar má senda með póstkröfu milli þeirra landa, þar sem póststjórnirnar koma sjer saman um þessi skifti.

Nema öðruvísi sje ákveðið skal upphæð póstkröfunnar stíluð í mynt upprunalands sendingarinnar.

Hámark póstkröfuupphæðar er jafnt og hámark póstávísana til upprunalands sendingarinnar.

Póstkröfusendingar skal farið með og borgað undir eins og ábyrgðarsendingar.

Þar að auki greiðir sendandi fast gjald, er ekki má vera lægra en 20 sentímar nje hærra en 50 sentímar, og auk þess gjald er sje í hlutfallinu ½ fyrir hvert hundrað af póstkröfuupphæðinni. Sendipóststjórnin hefur rjett til þess að hækka eða lækka þessi gjöld eftir því sem haganlegast þykir fyrir myntkerfi hennar.

2. — Þegar búið er að innheimta upphæðina hjá viðtakanda er hún send sendanda með póstkröfuávísun, sem er gefin út ókeypis.

Póststjórnirnar geta komið sjer saman um aðra aðferð við reikningsskil hinna innheimtu upphæða. Sjerstaklega geta þær með skilyrðum er þær verða ásáttar um, tekið að sjer að greiða þær inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandi sendingarinnar.

59. grein.

Afnám póstkröfuupphæðar.

Sendandi ábyrgðarsendingar, sem póstkrafa hvílir á, getur beðið um algert afnám á póstkröfuupphæðinni eða afnám að nokkru leyti.

Slíkar beiðnir eru háðar sömu ákvæðum, og beiðnir um afturköllun sendinga eða um breytingu á utanáskrift (45. gr.).

60. grein.

Ábyrgð ef sending glatast.

Glatist sending, sem póstkrafa hvílir á, ber póstþjónustan ábyrgð eftir skilyrðum þeim sem sett eru í 50. og 51. grein.

61. grein. 56

Ábyrgð á upphæðum þeim, sem hafa verið innheimtar reglulega.

Upphæðir þær, sem hafa verið innheimtar reglulega af viðtakanda, eru, hvort, sem þeim hefir verið breytt í póstávísun eða ekki, eða þær hafa verið greiddar inn í pósthlaupareikning, ábyrgstar sendanda með þeim skilyrðum, sem sett eru til handa sendanda í póstávísanasamningnum, eða með þeim fyrirmælum, sem gilda í pósttjekka- og póstgíróþjónustunni.

62. grein.

Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.

1. — Hafi sendingin verið afhent viðtakanda án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, á sendandi rjett á skaðabótum, þó með þeim skilyrðum, að krafa hafi verið sett fram innan þess tímabils, sem tiltekið er í 2. lið 47. greinar, og að vanræksla á innheimtunni sje ekki að kenna yfirsjón hans sjálfs eða hirðuleysi, og ennfremur, að innihald sendingarinnar falli ekki undir forboð þau, sem nefnd eru í 41. grein.

Sama gildir og, ef upphæð sú, sem heimt er inn hjá viðtakanda er lægri en upphæð hinnar tilgreindu póstkröfu, eða ef innheimta hefir verið framkvæmd á sviksamlegan hátt.

Skaðabæturnar geta undir engum kringumstæðum orðið hærri en upphæð póstkröfunnar.

2. — Nú eru skaðabætur greiddar að fullu og öðlast þá póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, rjettindi sendanda að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda eða þriðja manni.

63. grein.

Reglulega innheimtar upphæðir. Skaðabætur. Greiðsla og aðgangur til endurgreiðslu.

Skyldan til útborgunar á reglulega innheimtum upphæðum, svo og á skaðabótum þeim, sem nefndar eru í næstu grein á undan, hvílir á þeirri póststjórn, sem sendipósthús sendingarinnar heyrir undir, með þeim fyrirvara, að því er áskilin rjettur til aðgangs til endurgreiðslu á hendur þeirri póststjórn, sem ábyrgðin hvílir á.

64. grein.

Greiðslufrestur.

Ákvæðin í 54. grein um frest skaðabótagreiðslu fyrir glataða ábyrgðarsendingu ná einnig til greiðslu á hinum innheimtu upphæðum eða á skaðabótum fyrir póstkröfusendingar.

65. grein.

Um hver ber ábyrgðina.

Greiðsla hinna reglulegu innheimtu úpphæða svo og greiðsla á skaðabótum samkvæmt 62. grein, sem framkvæmdar eru af sendipóststjórninni, fara fram fyrir reikning ákvörðunarpóststjórnar. Á henni hvílir ábyrgðin nema hún geti sannað, að yfirsjónin stafi af því, að sendipóststjórnin hafi ekki fylgt einhverjum hinna fyrirskipuðu ákvæða.

Ef um er að ræða sviksamlega innheimtu að undangengnu hvarfi í póstþjónustunni á póstkröfusendingu, er ábyrgð þeirra póststjórna, er hlut eiga að máli, ákveðin með ákvæðum 55. greinar, um glataða venjulega ábyrgðarsendingu.

66. grein.

Endurgreiðsla á lánuðum upphæðum.

Póststjórn ákvörðunarlandsins er skyld að endurgreiða póststjórn sendilandsins upphæðir þær sem greiddar hafa verið fyrir hennar reikning fyrirfram, samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í 56. grein.

67. grein.

Póstkröfuávísanir.

Upphæð póstkröfuávísunar, sem einhverra orsaka vegna hefir ekki orðið útborguð viðtakanda, er ekki endurgreidd póststjórninni, sem gaf hana út. Henni er haldið til reiðu fyrir viðtakanda af sendipóststjórn póstkröfusendingarinnar og fellur algerlega í hlut þeirrar póststjórnar, þegar hið löglega tímabil, sem hún gildir, er útrunnið.

Að öllu öðru leyti, og með þeim fyrirvara sem starfsreglugjörðin getur um, eru póstkröfuávísanir háðar ákvæðum póstávísanasamningsins.

68. grein.

Skifting á burðar- og póstkröfugjöldum.

Gjöld þau, sem nefnd eru í síðustu málsgrein 1. liðs 58. greinar skiftast til helminga milli póststjórna uppruna- og ákvörðunarlands samkvæmt fyrirmælum starfsreglugjörðarinnar.

Taki tvær póststjórnir ekki jafn hátt fastagjald, skal reikna hluta þann, sem ber að greiða viðskiftapóststjórninni, eftir lægra gjaldinu.

IV. KAFLI. 56

Um hver fái burðargjöldin. Transít- og geymslugjöld.

69. grein.

Um hver fái burðargjöldin.

Sjerhver póststjórn heldur að fullu upphæðum þeim, sem hún hefur krafið, nema þar sem annað er greinilega tekið fram í alþjóðapóstsamningnum.

70. grein.

Transítgjöld.

1. — Fyrir sendingar þær, sem sendar eru í lokuðum póstpokum milli tveggja póststjórna í sambandinu, með tilstyrk einnar eða fleiri annara póststjórna (aðstoð þriðja lands) skal greiða hverju landi, sem flutningurinn hefir farið yfir, eða hefir tekið þátt í flutningnum, transítgjald það sem greint er í eftirfarandi töflu.

	fyrir hvert kg.	
	af brjefum og brjefspjöldum	af öðrum sendingum
	Fr.	Fr.
1° Landflutningur:		
alt að 1000 km.	0.75	0.10
yfir 1000 alt að 2000 km.	1.00	0.15
— 2000 — — 3000 —	1.50	0.20
— 3000 — — 6000 —	2.50	0.30
— 6000 — — 9000 —	3.50	0.40
— 9000 km.	4.50	0.50
2° Sjóflutningur:		
alt að 300 sjómílum	0.75	0.10
yfir 300 alt að 1500 sjómílum	2.00	0.25
Milli Evrópu og Norður-Ameríku	3.00	0.40
yfir 1500 alt að 6000 sjómílum	4.00	0.50
— 6000 sjómílur	6.00	0.75

2. — Transít-gjöld fyrir sjóflutning á leið, sem er undir 300 sjómílum er ákveðin einn þriðji af upphæðunum, sem nefndar eru í liðnum á undan, ef póststjórn sú, sem í hlut á, fær þóknun þá, sem ákveðin er sem landtransít fyrir hina fluttu póstpoka.

3. — Þegar tvær eða fleiri póststjórnir framkvæma sjóflutninginn, má alt flutningsgjaldið ekki fara fram úr 6 frönkum fyrir hvert kg. af brjefum og brjefspjöldum, og 0,75 frönkum fyrir hvert kg. af öðrum sendingum. Þegar

56 upphæð þessara gjaldaliða, hvors um sig, fer fram úr 6 frönkum eða 0,75 frönkum, skiftist hún á milli póststjórnanna, sem taka þátt í flutningnum, hlutfallslega eftir vegalengdinni, þó án þess að koma í bága við samninga, er mæla á móti þessu og kynnu að verða gerðir milli hlutaðeigandi aðila.

4. — Sje enginn annar samningur fyrir hendi, er sjóflutningur beint á milli tveggja landa með skipum, sem eru í þjónustu annars landsins, álitinn póststarf þriðju póststjórnar, sem og aðrir flutningar milli tveggja pósthúsa sama lands, er framkvæmdir eru með fargögnum, sem annað land á.

5. — Fyrir sendingar, sem tvær póststjórnir í sambandinu skiftast á, í stykkjatali, skal án tillits til þyngdar eða ákvörðunarstaðar greiða transítgjald það, er hjer segir:

brjef	6	sentíma	fyrir	stykkið
brjefspjöld	2½	—	—	—
aðrar sendingar	2½	—	—	—

Þó hafa póststjórnirnar rjett til þess að álíta sendingar, sem sendar eru í stykkjatali, og vega yfir 250 grömm, sem lokaðan póstflutning.

6. — Sem aðrar sendingar álítast, að því er transít-gjöldin snertir, blöð og blaðapakkar og tímarit, sem flutt eru samkvæmt samningnum um áskrift á blöðum og tímaritum, svo og öskjur með tilgreindu verði, sem sendar eru samkvæmt samningnum um brjef og öskjur með tilgreindu verði.

7. — Heimilt er póststjórn að leggja undir úrskurð gerðardómsnefndar niðurstöðu talningartímabils, sem, að hennar áliti, er of fjærri sanni. Gerðardómur þessi er samansettur eins og segir í 10. grein.

71. grein.

Geymslugjald.

Fyrir geymslu í höfn á lokuðum póstpokum, sem fluttir hafa verið með póstskipi og ætlaðir þaðan til flutnings með öðru póstskipi, má greiða þóknun, sem ákveðin er 50 sentímar á poka, til póststjórnar geymslustaðarins, þó með því skilyrði, að póststjórn þess fái ekki borgun fyrir land- eða sjótransít.

72. grein.

Undanþága frá transít-gjöldum.

Undanþegnar öllum transít-gjöldum, bæði á sjó og landi, eru hinar burðargjaldsfrjálsu sendingar, sem nefndar eru í 43. grein, svarbrjefspjöld send til baka til upprunalandsins, áframsendar sendingar, óskilasendingar, móttökukvittanir, póstávísanir og öll önnur skjöl, er snerta póstþjónustuna, einkanlega brjef viðvíkjandi póstgíro.

Að því er snertir transít- og geymslugjald fyrir skakkt sendar sendingar, þá skal skoða þær, í því efni, sem þær hefðu farið rjetta leið. 56

73. grein.

Sjerstök þjónusta.

Transít-gjöld þau, sem um ræðir í grein þessari, ná ekki til flutninga innan sambandsins, sem framkvæmdir eru með sjerstakri þjónustu, sem eingöngu er stofnað til eða haldið við af einni póststjórn eftir ósk annarar eða fleiri póststjórna. Skilyrðin fyrir þess konar flutningum eru ákveðin eftir samningi milli hlutaðeigandi póststjórna.

74. grein.

Loftflutningur.

1. — Transít-gjöld þau, sem nefnd eru í 70. grein, ná ekki til loftflutninga á brjefasendingum milli tveggja eða fleiri landa.

2. — Flutningsgjöld yfir hvert svæði, sem farið er loftleiðis, eru samskonar fyrir allar póststjórnir, sem nota þessar ferðir, án þess að taka þátt í starfrækslukostnaðinum.

3. — Póststjórnir þeirra landa, sem hafa beint samband með loftflutningum, ákveða, ásamt hlutaðeigandi fjelögum, flutningsgjöld á pósti, sem settur er í lofthafnir landsvæða þeirra til flutnings með vjelum nefndra fjelaga. Þó er hverri póststjórn, sem loftflutningur heyrir undir, heimilt, að því er snertir alt flugsvæðið, að taka flutningsgjaldið fyrir þessa þjónustu beint frá hverri póststjórn, sem notar það.

4. — Umskipun á leiðinni á póstflutningi, sem notar margar sjerstakar loftþjónustur hverja á eftir annari, er framkvæmd sem skyldukvöð af póststjórn þess lands þar sem umskipunin fer fram. Þessi regla gildir ekki þegar umskipunin fer fram milli loftfara, sem eru notuð hvert á eftir öðru, yfir flugsvæði sömu póstþjónustu. Þurfi að taka póstflutninginn til geymslu, áður en hann er áframsendur með flugferðum annarar póstþjónustu, á hlutaðeigandi póststjórn rjett á geymslugjaldi samkvæmt skilyrðum 71. greinar.

Að fráskildu þessu geymslugjaldi, ef svo ber undir, eiga póststjórnir landanna, sem flogið er yfir, engan rjett á neinni þóknun fyrir póstflutning, sem fluttur er loftleiðis yfir landsvæði þeirra.

75. grein.

Greiðslur og reikningar.

1. — Transit- og geymslugjöld greiðir póststjórn sendilandsins.

2. — Aðalreikningur yfir þessi gjöld skal saminn þannig að lögð sje til

56 grundvallar niðurstaðan af talningarskýrslum þeim, sem gerðar eru einu sinni fimta hvert ár um 28 daga tímabil, sem nánar er ákveðið í starfsreglugerðinni.

3. — Þegar árlegur reikningsmunur á transít- og geymslugjöldum milli tveggja landa fer ekki yfir 1000 franka er hin skuldugu póststjórn laus við alla greiðslu í þessu efni.

76. grein.

Transítgjöld í viðskiftum við lönd, er standa utan sambandsins.

1. — Þær póststjórnir sambandsins, sem hafa viðskifti við lönd, er standa utan póstsambandsins, eru skyldar að veita öllum öðrum póststjórnum sambandsins aðstoð til þess að sendingarnar, jafnt utan sem innan svæðis póstsambandsins sjeu háðar transítgjöldum þeim, sem ákveðin eru í 70. grein.

2. — Hin samanlögðu sjótransítgjöld innan póstsambandsins og utan þess, mega ekki fara fram úr 15 frönkum fyrir hvert kg. af brjefum og brjefspjöldum og 1 franka fyrir hvert kg. af öðrum sendingum. Þegar því er að skifta, skal gjöldum þessum skift milli póststjórnanna er taka þátt í flutningnum, hlutfallslega eftir vegalengdinni.

3. — Land- eða sjótransítgjöld, jafnt innan sem utan sambandsins, fyrir sendingar þær, sem grein þessi fjallar um, skulu reiknuð út á sama hátt og transítgjöld fyrir sendingar, sem skiftst er á milli landa sambandsins fyrir milligöngu annara landa sambandsins.

77. grein.

Skifti á lokuðum póstpokum við herskip.

1. — Með því að nota lands- eða sjávarflutningsgögn annara landa má skiftast á lokuðum póstpokum milli pósthúsa einhvers lands í sambandinu og yfirforinga yfir flotadeildum eða herskipum sama lands, sem hafa varðstöðu í útlöndum, eða milli yfirforingja einnar flotadeildar eða herskips, og yfirforingja annarar flotadeildar eða herskips, er hvorttveggja tilheyrir sama landi.

2. — Sendingar þær, hverju nafni sem nefnast, sem eru í póstpokum þessum, skulu eingöngu vera til eða frá yfirmönnum og skipshöfnum ákvörðunar- eða sendiskipa póstsins; taxtar og sendingarskilyrði, sem póstflutningur þessi er háður, skulu ákveðin af póststjórn þess lands, sem skipin tilheyra, eftir innanríkisreglum hennar.

3. — Nema öðruvísi sje ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skal sendi- eða ákvörðunarpóststjórn umrædds póstflutnings greiða milliliggjandi póststjórnum transítgjöld, sem reiknast samkvæmt ákvæðunum í 70. grein.

Ýms ákvæði.

78. grein.

Óhlýðni á móti ákvæðinu um transítheimild.

Þegar eitthvert land fylgir ekki ákvæðum 25. greinar um transítheimild, hafa póststjórnirnar rjett til þess, að hætta póstviðskiftum við það. Þeim ber fyrst að tilkynna þessa ráðstöfun símleiðis hlutaðeigandi póststjórnum.

79. grein.

Skuldbindingar.

Samningslöndin skuldbinda sig til þess að gera, eða leggja fyrir löggjafarvöld sín að gera nauðsynlegar ráðstafanir:

a. til þess að refsa fyrir fölsun og sviksamlega notkun á alþjóðasvarmerkjum, sem og fyrir sviksamlega notkun, til frímerkingar á póstsendingum, á fölsuðum eða áður notuðum frímerkjum og fölsuðum eða áður notuðum stimplum frímerkingarvjela;
b. til þess að banna og bæla niður tilbúning, sölu, útbreiðslu eða afhendingu í sviksamlegum tilgangi á fölsuðum eða stældum miðum og merkjum, sem notuð eru í póstþjónustunni, þannig að hægt sje að ruglast á þeim og miðum og merkjum sem póststjórn einhvers samningslandsins gefur út;
c. til þess að refsa fyrir tilbúning og útbreiðslu, í sviksamlegum tilgangi, á skilríkisspjöldum, sem notuð eru í póstþjónustunni, sem og fyrir sviksamlega notkun nefndra spjalda.
d. til þess að hindra og refsa fyrir, ef svo ber undir, að ópíum, morfín, cócaín og önnur deyfilyf sjeu látin í póstsendingar, sem ekki er skýrt og greinilega tekið fram um í aðalsamningi og aukasamningum póstsambandsins að megi innihalda slík lyf.

Niðurlagsatriði.

80. grein.

Um hvenær alþjóðasamningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. október 1925 og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar framangreindra landa undirskrifað þenna samning í einu eintaki, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku stjórnar, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Stokkhólmi þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

56 Loka-ákvæði alþjóðapóstsamningsins.

Í því að undiritaðir fulltrúar ætluðu að fara að undirskrifa alþjóðapóstsamninginn, sem samþyktur var í dag, komu þeir sjer saman um það, sem hjer segir:

I.

Afturköllun sendinga.

Ákvæðin í 45. grein alþjóðapóstsamningsins ná ekki til Stóra-Bretlands eða breskra lýðríkja, nýlenda og verndaðra landa, þar sem innanlandslöggjöfin leyfir ekki afturköllun sendinga eftir ósk sendanda.

II.

Jafngildi. Hámarks- og lágmarkstakmörk.

1. — Sjerhvert land hefur rjett til þess að hækka burðargjöld þau, sem nefnd eru í 34. grein 1. lið, um alt að 60% eða lækka þau um alt að 20% samkvæmt því, sem segir í þessari töflu:

	Neðri takmörk (gullgildi)	Efri takmörk (gullgildi)
	sentimar	sentimar
Brjef { 1. þyngdarmark	20	40
Brjef { hvert þyngdarmark að auki	12	24
Brjefspjöld { einföld	12	24
Brjefspjöld { með fyrirfram borguðu svari	24	48
Prent (fyrir 50 grömm)	4	8
Blindraprent með upphleyptu letri (fyrir 1000 gr.)	4	8
Verslunarskjöl (fyrir 50 grömm)	4	8
Verslunarskjöl, minsta gjald	20	—
Sýnishorn af vörum (fyrir 50 grömm)	4	8
Sýnishorn af vörum, minsta gjald	8	—

Burðargjöld þau, sem valin eru, skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, vera í sama hlutfalli innbyrðis eins og grundvallargjöldin, en sjerhver póststjórn hefir rjett til að hækka eða lækka burðargjöld sín í samræmi við myntkerfi sitt.

2. — Hverju landi er leyfilegt að lækka burðargjaldið fyrir einfalt brjefspjald niður í 10 sentíma og burðargjaldið fyrir brjefspjald með fyrirfram borguðu svari niður í 20 sentíma.

3. — Sem undantekningu má lækka burðargjald undir prent niður í 3 sentíma fyrir hver 50 grömm.

4. — Leyfilegt er hverju landi, að fastákveða eftir eigin geðþótta skaða- 56
bótagreiðslur þær sem nefndar eru í 50. grein, að því er snertir borgun til þeirra, sem heyra undir það.

Reikningsskil milli hlutaðeigandi póststjórna fara þó fram þannig, að 50 franka upphæðin er lögð til grundvallar.

5. — Burðargjaldsskrá sú sem eitthvert land notar, nær einnig til þess burðargjalds, sem taka ber af van- eða ófrímerktum sendingum við komu.

III.

Rjettur til þess að krefjast skyldufrímerkingar.

Þegar eitthvert land lætur burðargjald sitt fara niður fyrir 20 sentíma fyrir 1. þyngdarmark brjefa og niður fyrir hina hlutfallslegu upphæð fyrir brjefspjöld og aðrar sendingar, er hinum löndunum heimilt að krefjast skyldufrímerkingar frá sjer, og mega þau bera út van- eða ófrímerktar sendingar frá þessu landi, án þess að setja á þær burðargjald

Að sjálfsögðu hefir þetta land einnig rjett til þess að heimta skyldufrímerkingu.

Ennfremur er hverju landi heimilt að leyfa ekki brjefspjöld með fyrirfram borguðu svari í viðskiftum sínum við annað land, þegar burðargjaldsmunur beggja landanna er svo mikill, að notkun þessara brjefspjalda gæti gefið almenningi átyllu til misbrúkunar.

IV.

Póstun brjefasendinga í útlöndum.

Sjerhvert land hefir rjett til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að brjefasendingar frá sínu umdæmi sjeu fluttar yfir landamærin og settar á póst í útlöndum. Sjerstaklega hefir það rjett til þess að endursenda til upprunastaðar, eða beita sínu eigin burðargjaldi, við þær sendingar, sem einstakir menn eða verslunarhús, búsett í landinu, setja eða láta setja á póst í útlöndum, til þess að hafa hag af lægra burðargjaldi, en eiga að fara til einstakra manna eða verslunarhúsa í því sama landi. Hvernig landið tekur burðargjöldin, er því í sjálfsvald sett.

V.

Unsa avoirdupois.

Sem undantekningarráðstöfun hefir verið leyft, að þau lönd, sem sakir innanlandsfyrirkomulags síns ekki geta tekið upp hið metriska þyngdarmál sem gildandi mál, megi í staðinn setja únsuna „avoirdupois“ (28,3465 grömm)

56 þannig að 1 únsa teljist 20 grömm fyrir brjef, og 2 únsur 50 grömm fyrir prent, verslunarskjöl og sýnishorn af vöru.

VI.

Svarmerki.

Póststjórnirnar hafa rjett til þess að taka ekki að sjer sölu á svarmerkjum.

Þær hafa rjett til þess að takmarka tölu svarmerkja til sölu eða skifta við sama mann á einum degi. Í því efni senda þær alþjóðaskrifstofunni tilkynningu, sem síðan birtir hana póststjórnum sambandsins.

Póststjórnir Persíu og Uruguay hafa rjett til þess fyrst um sinn að taka ekki að sjer sölu eða skifti á svarmerkjum.

VII.

Ábyrgðargjald.

Lönd þau, sem ekki geta sett ábyrgðargjaldið, sem nefnt er í 48. grein, 2. lið, 40 sentíma, mega taka alt að 50 sentíma gjald mest.

VIII.

Geymslugjald.

Hin portúgalska póststjórn má, sem undantekning, taka fyrir allan póst, sem umskipað er í Lissabonshöfn, geymslugjaldið, sem nefnt er í 71. grein.

IX.

Loka-ákvæðin opin fyrir lönd, sem hafa ekki mætt.

Loka-ákvæðin standa opin fyrir Ecuador, Guatémala, lýðveldið Honduras, Nicaragua og Salvador, sem öll eru í alþjóðapóstsambandinu, en hafa ekki látið mæta á póstþinginu, til þess að ganga að alþjóðapóstsamningnum og aukasamningunum, sem þar hafa verið samþyktir, eða aðeins einhverjum þeirra. Sömuleiðis standa loka-ákvæðin opin í sama tilgangi fyrir hið ástralska samveldi, þar eð fulltrúi þess varð að fara þegar átti að skrifa undir.

X.

Loka-ákvæðin opin til undirskriftar og aðgangs fyrir lönd, sem hafa mætt.

Loka-ákvæðin standa opin fyrir löndin, þó að fulltrúar þeirra hafi í dag aðeins undirskrifað alþjóðapóstsamninginn eða nokkra af aukasamning-

um þeim, sem þingið hefir samþykt, þannig að þeim leyfist að ganga að öllum hinum samningunum eða einstökum þeirra, sem hafa verið undirskrifaðir í dag. 56

XI.

Frestur til tilkynningar um aðgang þeirra landa í póstsambandinu, sem hafa ekki mætt.

Aðgang þann, sem nefndur er í IX. grein hjer á undan, ber að tilkynna stjórn hins sænska konungsríkis af hlutaðeigandi stjórnum, gegnum sendiherra, en hún tilkynnir aftur ríkjum sambandsins. Frestur sá, sem veittur er til þessarar tilkynningar, rennur út 1. september 1925.

XII.

Undirbúningsnefnd.

Nefnd, sem fulltrúar 14 póststjórna eiga sæti í, skal falið að athuga og rannsaka leiðir og ráð til þess að gera störf póstþinganna óbrotnari og flýta fyrir þeim.

Niðurstaðan af þessum rannsóknum skal lögð fyrir póststjórnirnar til úrskurðar, með hæfilegum fresti, um hvort hún skuli lögð til grundvallar á næsta póstþingi.

Í þessu efni hefir ofangreind nefnd heimild til þess að gera allar þær uppástungur, sem hún álítur nytsamar og öðlast þær gildi, ef þær fá meiri hluta greiddra atkvæða.

Alþjóðaskrifstofan annast skrifstofustörf þannig skipaðrar nefndar, og tekur forstjóri hennar þátt í umræðunum.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi loka-ákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi eins og þó þau hefðu verið sett í sjálfan texta aðþjóðapóstsamningsins, sem þau eiga við, og hafa þeir undirskrifað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku stjórnar, og skal hver aðili fá afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

56

Starfsreglugjörð

alþjóðapóstsamningsins.

Efnisyfirlit.

Fyrsti bálkur.

Almenn ákvæði.

EINASTI KAFLI.

1. grein. Transít í lokuðum og opnum pósti.
2. — Skifti á lokuðum póstpokum.
3. — Hvernig senda skal póstinn.
4. — Ákvæði um jafngildið.
5. — Póstfrímerki og merki með frímerkingarstimpli.

Annar bálkur.

Skilyrði fyrir móttöku á brjefasendingum.

I. KAFLI.

Ákvæði, er gilda um allar tegundir sendinga.

6. grein. Utanáskrift. Álíming frímerkja og annara merkja.
7. — Poste-restante sendingar.
8. — Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu.

II. KAFLI.

Sjerstök ákvæði um hverja tegund sendinga.

9. grein. Brjef
10. — Brjefspjöld.
11. — Brjefspjöld með fyrirfram borguðu svari.
12. — Verslunarskjöl.
13. — Sýnishorn af vöru.
14. — Sýnishorn. Áþekkir hlutir.

15. grein. Sýnishorn. Leyfðar athugasemdir.
16. — Sýnishorn. Sjerstakar umbúðir.
17. — Prent.
18. — Prent. Áþekkir hlutir.
19. — Prent. Leyfðar athugasemdir.
20. — Prent. Útbúnaður sendinga.
21. — Samanblandaðar sendingar.

Þriðji bálkur.

Ábyrgðarsendingar. — Móttökukvittun.

EINASTI KAFLI.

22. grein. Ábyrgðarsendingar.
23. — Móttökukvittun.
24. — Móttökukvittun umbeðin eftir á.

Fjórði bálkur.

Póstkröfusendingar.

EINASTI KAFLI.

25. grein. Upplýsingar utan á sendinguna.
26. — Merki.
27. — Póstkröfuávísun.
28. — Myntbreyting póstkröfuupphæðar.
29. — Greiðslufrestur.
30. — Lækkun eða afnám á póstkröfuupphæð.
31. — Áframsending.
32. — Útgáfa póstkröfuávísunar.
33. — Ógilding póstkröfuávísanaeyðublaða eða skifti á þeim.
34. — Óafhentar eða óinnheimtar póstkröfuávísanir.
35. — Reikningsskil póstkröfuávísana.

Fimti bálkur.

Meðferð sendinga við burtför og komu.

EINASTI KAFLI.

36. grein. Stimplun með dagstimpli.
37. — Hraðboðasendingar.
38. — Ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar.

56 39. grein. Áframsendar sendingar.
40. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila.
41. — Afturköllun á póstsendingum og breytingar á utanáskrift.
42. — Einföld leiðrjetting á utanáskrift.
43. — Fyrirspurnir. — Almennar sendingar.
44. — Fyrirspurnir. — Ábyrgðarsendingar.
45. — Notkun á frímerkjum, sem álítast fölsuð, og eftirgjörðum stimplum frímerkingarvjela.

Sjötti bálkur.

Skifti á sendingum.

EINASTI KAFLI.

46. grein. Brjefaskrár.
47. — Flutningur ábyrgðarsendinga.
48 — Flutningur á hraðboðasendingum.
49. — Útbúnaður á póstflutningnum.
50. — Afhending póstflutningsins.
51. — Athugun á póstflutningnum.
52. — Endursending tómra poka.

Sjöundi bálkur.

Ákvæði um transít- og geymslugjöld.

I. KAFLI.

Talningartímabil.

53. grein. Sendingatalning til útreiknings á transítgjöldum.
54. — Útbúnaður á lokuðum póstflutningi á talningatímabilinu.
55. — Sannreynd á þyngd lokaðs póstflutnings.
56. — Útbúnaður yfirlitsskýrslna M. yfir lokaðan póstflutning.
57. — Lokaður póstflutningur í skiftum við lönd utan sambandsins.
58. — Listi yfir lokaðan póstflutning í transít.
59. — Lokaður póstflutningur, sem skifst er á við herskip.
60. — Transitseðill.
61. — Talning sendinga í stykkjatali.
62. — Talning á póstflutningi í geymslu.
63. — Sjerstakir flutningar.

II. KAFLI. 56

Reikningsfærlsa. — Reikningsskil.

64. grein. Reikningur yfir transítgjöldin.
65. — Árlegur aðallokareikningur. Milliganga alþjóðaskrifstofunnar.
66. — Borgun á transítgjöldunum.

Áttundi bálkur.

Ýms ákvæði.

EINASTI KAFLI.

67. grein. Svarmerki.
68. — Skilríkisspjöld.
69. — Skifti á póstflutningi við herskip.
70. — Eyðublöð til afnota fyrir almenning.
71. — Geymslufrestur skjala.

Níundi bálkur.

Alþjóðaskrifstofan.

EINASTI KAFLI.

72. grein. Póstþing og póstfundir.
73. — Upplýsingar. Óskir um breytingar á samningnum.
74. — Útgáfur.
75. — Árleg skýrsla.
76. — Mál alþjóðaskrifstofunnar.
77. — Svarmerki. Skilríkisspjöld. Jafngildistafla.
78. — Reiknings- og greiðslujöfnuður reikninga.
79 — Reikningsgerð.
80. — Aðaljafnaðarreikningur.
81. — Greiðsla.
82. — Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.
83. — Skrá yfir lönd utan sambandsins.
84. — Almenn talning sendinga.
85. — Útgjöld alþjóðaskrifstofunnar.

Niðurlagsatriði.

86. grein. Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

56 *Loka-ákvæði starfsreglugjörðarinnar.*

I. grein. Sjerstök transíttalning fyrir tyrkneska lýðveldið.
II. — Sjerstök transíttalning fyrir samband hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja.
III. — Borgun á transítgjöldunum.

Starfsreglugjörð

56

alþjóðapóstsamningsins.

Samkvæmt 4. grein alþjóðapóstsamningsins, sem gerður var í Stokkhólmi þann 28. ágúst, hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á nefndum alþjóðapóstsamningi.

Fyrsti bálkur.

Almenn ákvæði.

EINASTI KAFLI.

1. grein.

Transít í lokuðum og opnum pósti.

Póststjórnirnar geta sent hver annari, fyrir milligöngu einnar eða fleiri póststjórna innan sambandsins, brjefasendingar hvort heldur í lokuðum póstpokum eða í stykkjatali, eftir samgönguþörfum og tilhögun póststarfsins.

2. grein.

Skifti á lokuðum póstpokum.

1. — Skifti á sendingum í lokuðum póstpokum eru ákveðin í sameiningu milli hlutaðeigandi póststjórna.

Það er skylda að senda póstinn í lokuðum póstpokum, þegar einhver hinna milliliggjandi póststjórna krefst þess, vegna þess að fjöldi sendinga í stykkjatali sje svo mikill, að hann bagi störf hennar.

2. — Sje um skifti að ræða yfir eitt land eða fleiri, sem í milli liggja, skal póststjórnum þessum gert aðvart með nægum fyrirvara.

3. — Þegar breyting verður á skiftunum á lokuðum póstpokum milli tveggja póststjórna yfir milliliggjandi land eða lönd, skal sú póststjórnin, sem gerir breytinguna, tilkynna hana póststjórnum hinna landanna.

3. grein.

Hvernig senda skal póstinn.

1. — Sjerhver póststjórn er skyld að senda póst í lokuðum póstpokum eða stykkjatali, sem önnur póststjórn afhendir henni, eftir þeirri fljótustu leið, sem hún sjálf notar fyrir sinn eigin póstflutning.

Þegar margir póstpokar eru í einni sendingu, skal, að svo miklu leyti sem hægt er, hafa þá saman og flytja þá með sömu póstferð.

Allskonar skakt sendar sendingar skulu tafarlaust sendar stystu leið til ákvörðunarstaðarins.

2. — Póststjórn sendilandsins hefir rjett til þess að taka fram leiðina, sem fara ber með lokaða póstpoka, sem hún sendir, með því skilyrði, að þessi leið baki ekki milliliggjandi póststjórn neinn aukakostnað.

3. — Póststjórnum þeim, sem nota rjettinn til þess að taka aukaburðargjald upp í aukakostnað við vissar leiðir, er í sjálfs vald sett að flytja ekki vanfrímerktar sendingar eftir þessum leiðum.

4. grein.

Ákvæði um jafngildið.

1. — Póststjórnirnar fastákveða jafngildin fyrir burðargjöld og aðrar greiðslur, sem nefnd eru í alþjóðapóstsamningnum og aukasamningunum í samráði við hina svissnesku póststjórn, og ber henni að tilkynna þá um alþjóðaskrifstofuna.

Sjerhver póststjórn tilkynnir alþjóðaskrifstofunni beina leið upphæð skaðabótagreiðslunnar, sem nefnd er í 50. grein alþjóðapóstsamningsins.

Jafngildin geta aðeins gengið í gildi þann 1. hvers mánaðar og í fyrsta lagi hálfum mánuði eftir að alþjóðaskrifstofan hefir tilkynt þau.

Skrifstofa þessi býr út töflu, sem skýrir frá jafngildi hvers lands á burðargjöldum þeim og greiðslum, sem nefnd eru í 1. málsgrein að ofan.

2. — Þegar breyting á jafngildinu álítst nauðsynleg, ber póststjórn hlutaðeigandi lands að haga sjer eftir því sem segir í 1. lið.

Hin nýju jafngildi geta sömuleiðis aðeins gengið í gildi þann 1. hvers mánaðar og í fyrsta lagi hálfum mánuði eftir að alþjóðaskrifstofan hefir tilkynt þau.

3. — Þær póststjórnir, sem burðargjaldið taka, mega hækka upp brot, sem kunna að koma fram, annaðhvort við aukagjald það, sem tekið er fyrir vanfrímerktar sendingar, eða þegar ákveðið er burðargjald á sendingum til landa utan sambandsins, eða við samlagningu á burðargjaldi sambandsins og aukaburðargjaldi því, sem getur um í 38. grein alþjóðapóstsamningsins. En viðbótarupphæð þessi, sem þannig kemur fram, má aldrei fara fram úr $^1/_{20}$ úr franka (fimm sentímum).

5. grein. 56

Póstfrímerki og merki með frímerkingarstimpli.

1. — Frímerki þau, sem svara til hinna venjulegu burðargjaldstaxta sambandsins eða jafngildis þeirra í peningum hvers lands, skulu gerð í þeim lit, er hjer segir:

í dimmbláum lit, frímerki er svarar til burðargjalds undir einfalt brjef,

í rauðum lit, frímerki er svarar til burðargjalds undir spjaldbrjef,

í grænum lit, frímerki er svarar til einfalds burðargjalds undir aðrar sendingar.

Merki, sem eru framleidd með frímerkingarvjelum, skulu vera hárauð að lit, hvaða gildi sem þau hafa.

2. — Á póstfrímerkjum og merkjum með frímerkingarstimpli skal, að svo miklu leyti, sem hægt er, standa nafn upprunalandsins, svo og getið um frímerkingargildi þeirra eftir jafngildistöflunni, sem ákveðin hefir verið.

Tala og brot mynteininga, sem notaðar eru til að sýna þetta gildi, skulu prentuð með aröbskum tölum.

3. — Minningar- eða góðgerðapóstfrímerki, sem aukagjald er tekið fyrir, óháð frímerkingargildi þeirra, skulu vera þannig úr garði gerð, að enginn efi leiki á frímerkingargildinu.

4. — Frímerkin mega vera merkt með greinilegri gegnumstungu (perforation) með þeim skilyrðum, er póststjórnin setur, sem gefur þau út.

Annar bálkur.

Skilyrði fyrir móttöku á brjefasendingum.

I. KAFLI.

Ákvæði, er gilda um allar tegundir sendinga.

6. grein.

Utanáskrift. Álíming frímerkja og annara merkja.

Póststjórnirnar skulu brýna fyrir almenningi:

1° að skrifa utanáskriftina með latneskum bókstöfum og setja hana utanáskriftarmegin á neðri hluta umslagsins eftir lengd þess;

2° að tilgreina utanáskriftina nægilega skýrt, svo að afhending til viðtakanda geti farið fram án þess að leita þurfi;

3° að líma frímerkin í efra hægra horn utanáskriftarmegin.

56 Merki frímerkingarvjelanna skulu sömuleiðis sett á þann stað, sem ætlaður er frímerkjunum.

4° Að tilgreina utanáskrift sendanda.

Góðgerðamerki og önnur merki, utan póstþjónustunnar, sem hægt væri að villast á og póstfrímerkjum, má ekki líma á utanáskriftarmegin. Sama gildir um stimplamerki, sem hægt væri að villast á og merkjum með frímerkingarstimplun.

7. grein.

Poste-restante sendingar.

Utanáskrift „poste restante" sendinga skal greina fult nafn viðtakanda; að nota fangamark, tölur, fornöfn eingöngu, gerfinöfn eða nokkur merki, sem menn hafa komið sjer saman um, er ekki leyfilegt á þessum sendingum.

8. grein.

Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu.

1. — Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu eru háðar þessum skilyrðum:

a. hin gagnsæja rúða skal vera þannig löguð, að lengd hennar sje jafnhliða lengd umslagsins, þannig að utanáskrift viðtakanda sjáist í sömu stefnu, og að hún komi ekki í bága við dagstimpilinn;

b. rúðan skal vera svo skær, að auðvelt sje að lesa utanáskriftina, eins í tilbúnu ljósi, og hún má heldur ekki hindra það að hægt sje að skrifa í viðbót.

Rúðuumslög þau, er með hinum glerkenda hluta mynda geislakast í tilbúnu ljósi, eru útilokuð frá póstflutningi.

2. — Sendingar í algerlega gagnsæu umslagi eða í umslagi með opinni rúðu, eru ekki leyfðar.

II. KAFLI.

Sjerstök ákvæði um hverja tegund sendinga.

9. grein.

Brjef.

Að undanteknu því, er segir í 8. grein, er engra skilyrða krafist fyrir lögun eða lokun brjefa.

Þó skulu þau brjef, er innihalda tollskylda hluti, bera utanáskrifarmegin grænan miða eins og meðfylgjandi fyrirmynd D^{ter} segir.

Á þessar sendingar má einnig líma grænan miða eins og fyrirmynd

Dquater, með því skilyrði, að þeim fylgi þá sjerstök tollskrá, er sje krossbundin 56
með seglgarni við sendinguna eða brotin innan í.

Póststjórnirnar taka enga ábyrgð á sig að því er tollskýrslurnar snertir.

10. grein.

Einföld brjefspjöld.

1. — Brjefspjöld skulu búin til úr pappa eða pappír, er sje úr svo þykku efni, að það hamli ekki póstmeðferð brjefspjaldanna.

Þau skulu efst á framhliðinni hafa áletrað „Carte postale" á frönsku, eða samskonar þýðingu á öðru máli. Brjefspjöld, sem tilbúin eru af einstökum mönnum þurfa ekki að bera þessa yfirskrift.

2. — Brjefspjöld skulu send opin, þ. e. a. s. án krossbands eða umslags.

3. — Hægri helmingur framhliðar að minsta kosti skal geymdur utanáskrift viðtakanda og upplýsingum í þarfir póstþjónustunnar. Sendandi hefir ráð yfir bakhlið brjefspjaldsins og vinstra helming framhliðar, þó með þeim skilyrðum, er tekin eru fram í næsta lið hjer á eftir.

Brjefspjöld, þar sem hægri framhliðinni hefir verið skift í reiti til þess að setja í utanáskriftir hverja á eftir annari, eru fyrirboðin.

4. — Öllum er bannað að sameina eða festa sýnishorn af vöru eða líkum hlutum við brjefspjald. Þó má festa við þau vignettur (skrautmyndir), ljósmyndir, allskonar merki, pappírsræmur eða samanbrotin blöð fyrir utanáskrift, miða og allskonar smáseðla, með þeim skilyrðum, að hlutir þessir sjeu þess eðlis, að þeir breyti ekki útliti brjefspjaldsins, og að þeir sjeu úr pappír eða öðru mjög þunnu efni, og sjeu algerlega áfastir við brjefspjaldið. Að undanteknum utanáskriftarræmunum eða miðunum, sem mega ná yfir alla framhliðina, má ekki líma hluti þessa annarsstaðar á brjefspjaldið en á bakhliðina eða vinstri helming framhliðar. Að því er allskonar merki snertir, sem hægt væri að villast á og frímerkjum, þá má aðeins líma þau á bakhlið.

5. — Brjefspjöld þau, sem ekki uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um slíka tegund sendinga, skal farið með sem brjef.

11. grein.

Brjefspjöld með fyrirfram borguðu svari.

1. — Brjefspjöld með fyrirfram borguðu svari skulu á framhliðinni bera á frönsku þessa áletrun: á fremra brjefspjaldinu: „Carte postale avec réponse payée", og á því aftara: „Carte postale réponse". Bæði brjefspjöldin skulu að öðru leyti hvort um sig, uppfylla þau skilyrði, sem sett eru um einföld brjefspjöld, þau skulu brotin saman, hvort að öðru, og má á engan hátt vera hægt að loka þeim.

56 2. — Utanáskriftarhlið svarbrjefspjaldsins skal snúa inn, þegar þau eru brotin saman. Leyfilegt er sendanda brjefspjalds með borguðu svari, að setja nafn sitt og heimilisfang á framhlið spjaldsins „Reponse", hvort heldur skrifað eða með því að líma nafnmiða á það.

3. — Frímerking spjaldsins „Réponse" með póstfrímerkjum þess lands, sem hefir gefið út brjefspjaldið, er því aðeins gild, að báðir hlutir brjefspjaldsins með borguðu svari hafi komið samfastir frá sendilandinu og að svarbrjefspjaldið „Réponse" sje sent frá því landi, sem það hefir komið til með póstinum, til sendilandsins sem ákvörðunarlands. Sje þessum skilyrðum ekki fullnægt, skal farið með það sem ófrímerkt brjefspjald.

12. grein.

Verslunarskjöl.

1. — Sem verslunarskjöl skulu skoðast öll skjöl, sem eru skrifuð eða teiknuð með hendinni að öllu eða nokkru leyti og geta ekki álitist að vera hreinar persónulegar brjefaskriftir, svo sem opin brjef og brjefspjöld með gamalli dagsetningu, sem þegar hafa náð sínum uprunalega ákvörðunarstað, málsskjöl og allskonar skjöl, sem útbúin eru af opinberum starfsmönnum, hleðslu- eða farmskírteini, vöruskrár, viss skjöl vátryggingarfjelaga, afrit eða útskriftir af skjölum búin til af einstökum mönnum og ritað á stimplaðan pappír, handrituð partitúr eða nótur, handrit að bókum eða blöðum, þegar þau eru send einstök, óleiðrjett og leiðrjett verkefni frá lærisveinum án nokkurra upplýsinga, sem ekki beinlínis eiga við vinnuna á verkinu.

Skjölum þessum mega fylgja yfirlitslistar eða sendiskrár með þessum eða líkum athugasemdum: Upptalning á því, sem sendingin inniheldur, tilvísanir til brjefaskrifta milli sendanda og viðtakanda, svo sem:

„Fylgiskjal með brjefi voru dags. ..... til hr. .....
Upplýsingar um oss .....
Upplýsingar um viðskiftavini ....."

2. — Um lögun og útbúnað verslunarskjala fer eins og ákveðið er í skilyrðum fyrir prentað mál (20. gr. hjer á eftir).

13. grein.

Sýnishorn af vöru.

Sýnishorn af vöru skulu send í pokum, öskjum eða lausum umslögum.

Umbúða er ekki krafist um sendingar í einu heilu stykki, svo sem muni út trje, málmum o. s. frv., sem ekki er verslunarvani að setja í umbúðir, með því skilyrði, ef svo ber undir, að utanáskrift og frímerki sjeu á áföstum miða. Þó skal utanáskriftin ætíð líka sett á hlutinn sjálfan og sje þess eigi gætt, má krefjast umbúða.

14. grein. 56

Sýnishorn. Ápekkir hlutir.

Fyrir sama gjald og fyrir sýnishorn af vöru er einnig leyfður flutningur á prentmyndamótum (clichés), einstökum lyklum, nýjum afskornum blómum, hlutum er lúta að náttúrufræði (þurkuðum og prepareruðum jurtum og dýrum, jarðfræðilegum sýnishornum o. s. frv.), serumhylkjum og líffræðilegum hlutum, sem gerðir hafa verið óskaðlegir á þann hátt, sem þeir eru prepareraðir og umbúnir. Hluti þessa má ekki senda í verslunaraugnamiði, að undanskildum serumhylkjum, sem send eru vegna almenningsheilla af rannsóknarstofum eða stofnunum, sem hlotið hafa opinbera viðurkenningu. Umbúðir þessara hluta skulu svara til hinna almennu fyrirmæla um sýnishorn af vörum.

15. grein.

Sýnishorn. Leyfðar athugasemdir.

Það er leyfilegt að skrifa, með hendinni eða á annan hátt, utan eða innan á sendinguna nafn, titil, starf, firmanafn og heimilisfang sendanda eða viðtakanda,, svo og dagsetningu þegar hluturinn er sendur, undirskrift, símanúmer, símnefni og kóda, póst- eða bankahlaupareikning sendanda, merki verksmiðjunnar eða kaupmannsins, hlaupanúmer, verð og upplýsingar, er snerta þyngd, mál eða stærð, og hversu mikið sje til af vörunni, og nauðsynlegar upplýsingar, sem ákveða nánar, hvaðan varan sje og hverrar tegundar.

16. grein.

Sýnishorn. Sjerstakar umbúðir.

Hlutar úr gleri, sendingar er innihalda fljótandi efni, olíur, fituefni, þur duft með litarefni eða ekki, svo og sendingar, er innihalda lifandi býflugur og silkiormaegg, skulu teknar til flutnings sem sýnishorn af vöru gegn því að þau sjeu útbúin sem nú skal greina:

a. Hlutir úr gleri skulu vera vandlega útbúnir (í málmöskjum, öskjum úr trje eða bárupappa úr sterku efni) þannig, að af þeim stafi engin hætta, hvorki fyrir póstsendingarnar nje starfsmennina.
b. Fljótandi efni, olíur og efni, sem auðveldlega verða fljótandi, skulu látin í glerflöskur lofthelt lokaðar með töppum. Skal hver flaska látin í sjerstaka öskju úr málmi, trje eða bárupappa úr sterku efni og stoppuð með trjesagi, baðmull eða svampkendu efni, nægilega miklu til þess að drekka í sig vökvann, ef flaskan skyldi brotna. Sjálf skal askjan síðan, ef hún er úr veiku trje, vera í öðru hylki úr málmi, trje með skrúfuðu loki, bárupappa úr sterku efni eða sterku og þjettu leðri.

56 Þegar notuð er askja sem búin er til úr heilum trjekubb, sem er holaður innan og minst 2½ millimetri á þykt, þar sem hann er þynstur, og með loki yfir, þá þarf ekki að láta kubb þenna í annað hylki.

c. Fituefni, sem verða síður fljótandi, svo sem áburðir, blaut sápa, harpiks o. s. frv. svo og silkiormaegg, sem minni óþægindi stafa af við flutninginn, skulu fyrst látin í hylki (öskju, ljereftspoka, pergament o. s. frv.), er síðan skal látið í aðra öskju úr trje, málmi eða sterku og þjettu leðri.

d. Litarefni, svo sem anilín o. s. frv., er ekki leyft að flytja nema í sterkum járndósum,, er aftur skulu settar í trjeöskjur með sagi á milli; þur duft, sem ekki hafa litarefni í sjer, skal láta í málm-, trje- eða pappaöskjur. Þessar öskjur skal síðan aftur láta í ljerefts- eða pergamentspoka.

e. Sýnishorn af fljótandi efnum, fituefnum, svo og þau, sem eru í ósterkari ljerefts- eða pappírsumbúðum, skulu bera miða, helst úr pergamenti, er sje á utanáskrift viðtakanda, frímerki og dagstimpill. Utanáskriftin skal og sett á sendinguna sjálfa.

f. Lifandi býflugur skulu látnar í öskjur, er sje þannig gerðar, að engin hætta stafi af.

g. Alla hluti, svo sem dósamat, er kynnu að skemmast, ef þeir væru útbúnir á fyrirskipaðan hátt, má, sem undantekningu, leyfa flutning á í loftheldum umbúðum. Ef slíkt kemur fyrir, geta hlutaðeigandi póststjórnir krafist þess, að sendandi eða viðtakandi ljetti undir við rannsóknina á innihaldinu, annaðhvort með því að opna einhverjar sendingarnar, sem þær tiltaka, eða á einhvern annan fullnægjandi hátt.

17. grein.

Prent.

Sem prent skal skoðast blöð og tímarit, heftar bækur og bundnar, smárit, nótur, að undanteknum gegnumstungnum nótum í sjálfspilandi hljóðfæri, nafnspjöld og adressuspjöld, prófarkir með eða án tilheyrandi handrita, stungur, ljósmyndir og albúm með ljósmyndum, myndir, teikningar, grunnteikningar, landabrjef, vöruskrár (katalog), áskriftartilboð, auglýsingar og allskonar tilkynningar, prentaðar, stungnar, litógraferaðar eða autógraferaðar, og, yfir höfuð, alt prent á pappír, pergament eða pappa, með prentun, stungu, litógrafi og autógrafi, eða með hverjum öðrum hætti, sem auðvelt er að ákveða hvernig það er gert, nema kalkeringu, ritvjel og stimplun með lausu letri.

Spjöld með áletrun „Carte postale", eða tilsvarandi áletrun á einhverju öðru tungumáli, skulu tekin fyrir sama burðargjald og prent, svo framarlega sem þau uppfylla öll skilyrðin, sem sett eru fyrir prent. Þau, sem ekki uppfylla skilyrðin, skal farið með sem brjefspjöld, eða ef svo ber undir, sem brjef, með því að nota ákvæði 5. liðs 10. greinar í starfsreglugjörðinni.

2. — Með lægra burðargjaldi verður ekki flutt prent með merkjum, er

ætla má, að tákni aftalað mál, nje heldur, nema með þeim undantekningum, sem leyfðar eru í 19. grein, prent, sem breytt hefir verið eftir að það kom úr prentun. 56

3. — Undanskilin burðargjaldslækkun eru frímerki og önnur merki til lúkningar á póstgjöldum, stimpluð og óstimpluð, svo og alt prent, sem notað er til þess að tákna verð.

Sama gildir og um eiginlegar pappírsvörur jafnskjótt og augljóst er, að textinn er ekki höfuðeinkenni sendingarinnar.

18. grein.

Prent. Áþekkir hlutir.

Sem prent skoðast einnig margfaldanir af hand- eða vjelrituðum texta, þegar þær eru gerðar með fjölritunarvjel, chromografi o .s. frv.; en til þess að afrit þessi geti notið ívilnunar í burðargjaldi, verður að skila þeim á sjálf pósthúsin og minst 20 sendingum í einu, er í sjeu nákvæmlega eins útlítandi eintök.

Á þessar margfaldanir má setja athugasemdir þær, sem leyfðar eru fyrir prent.

19. grein.

Prent. Leyfðar athugasemdir.

1. — Bæði utan og innan á allar prentsendingar er leyfilegt:

a) að skrifa með hendinni eða á annan hátt nafn, titil, stöðu, firmanafn og heimilisfang sendanda og viðtakanda, svo og dagsetningu, þegar hluturinn er sendur, undirskrift, símanúmer, símnefni og kóda, og póst- eða bankahlaupareikning sendanda;

b) að leiðrjetta prentvillur;

c) að útstrika, undirstrika eða umstrika viss orð eða vissa staði í hinum prentaða texta, nema það sje gert í þeim tilgangi að búa til persónulegar brjefaskriftir.

2. — Auk þess er leyft að bæta við með hendinni, eða á annan hátt:

a) á auglýsingar um burtför og komu skipa:
dagsetningu og stund þegar skipin fara og koma, svo og nöfnum skipanna og nöfnum burtfarar- viðkomu- og komuhafna;

b) á ferðaauglýsingar:
nafni þess, sem ferðast, dagsetningu, stund og stað, sem hann ætlar um, sem og staðinn þar sem hann lendir.

c) á pöntunar- eða áskriftarskrár, er snerta bókaverslunarvörur, bækur, blöð, kopar- og stálstungur og sönglög:
hinum umbeðnu eða útboðnu verkum og verði þeirra;

56 d) á myndaspjöld, prentuð nafnspjöld, svo og jóla- og nýárskort:
óskum, heillaóskum, þakklæti, samhrygðarvottun eða öðrum kurteisiskveðjum, er sje látið í ljós með fimm orðum eða fimm algengum skammstöfunum mest;
e) á prófarkir:
breytingum og viðbótum, sem snerta prófarkalesturinn, brotið eða prentunina, svo sem „Má prenta", „Sjeð, má prenta" eða öðrum því líkum athugasemdum, er lúta að tilbúningi verksins. Vanti pláss má setja viðbæturnar á sjerstök blöð;
f) á tískumyndir og landabrjef:
litunum;
g) á verðlista, auglýsingatilboð, gengisákvæði kauphalla og markaða, verslunarumburðarskjöl og áskriftartilboð:
tölum og öðrum athugasemdum, sem tákna verðið;
h) á bækur, smárit, blöð, ljósmyndir, kopar- og stálstungur, nótur og yfir höfuð á öll bókfræðirit og listarit, prentuð, stungin, litograferuð eða autógraferuð:
einfaldri tileinkun;
i) á úrklippur úr blöðum og tímaritum:
titli, dagsetningu, tölublaði og heimilisfangi blaðsins eða tímaritsins, sem greinin er tekin úr.

3. — Ennfremur er leyft að láta fylgja:
a) leiðrjettum eða óleiðrjettum próförkum:
handritið;
b) sendingum þeirra tegunda, sem nefndar eru í 2. lið undir bókstafnum h.:
vöruskrá, er snertir sjálfan hlutinn, sem sendur er.

20. grein.

Prent. Útbúnaður sendinga.

1. — Prentið skal vera annaðhvort í krossbandi, í sívalning, milli pappaspjalda, í hylki, sem opið sje til beggja hliða, eða í báða enda, eða í opnu umslagi, eða þá vafið með seglgarni, sem auðvelt sje að leysa, eða blátt áfram brotið saman, en þó þannig, að aðrar sendingar geti ekki runnið inn í brotin.

2. — Adressuspjöld og alt prent, sem er í lagi og að efni til eins og óbrotið spjald eða brotið samkvæmt skilyrðum 1. liðs, má senda án krossbands, umslags eða utanumbindingar.

21. grein.

Samanblandaðar sendingar.

Leyfilegt er að sameina verslunarskjöl, sýnishorn af vöru og prent, að

undanteknu blindraprenti með upphleyptu letri, í sömu sendingu, með því skilyrði: 56

a) að hver tegund út af fyrir sig fari ekki fram úr takmörkum þeim, sem ákveðin eru fyrir hana, um þyngd og ummál;
b) að þyngdin samanlögð fari ekki fram úr 2 kg. á sendingu;
c) að minsta burðargjald sje lágmarksburðargjald fyrir verslunarskjöl, ef í sendingunni eru verslunarskjöl, en lágmarksburðargjald fyrir sýnishorn þegar í henni er prent og sýnishorn af vörum.

Þriðji bálkur.

Ábyrgðarsendingar. Móttökukvittun.

EINASTI KAFLI.

22. grein.

Ábyrgðarsendingar.

1. — Ábyrgðarsendingar skulu bera á framhliðinni greinilega yfirskrift „Recommandé" eða tilsvarandi orð á máli sendilandsins. Sje um ábyrgðarbrjef að ræða, mega þau ekki bera neinn vott um, að þau hafi verið opnuð á ný og svo lokað aftur áður en þau eru sett á póst. Annars er ekki krafist neinna sjerstakra skilyrða um lögun, lokun eða gerð utanáskriftar þessara sendinga, að því undanteknu er hjer segir.

2. — Brjefasendingar með fangamarki sem utanáskrift, og sendingar, sem skrifað er utan á með blýanti, nema blekblýanti, verða ekki teknar sem ábyrgðarsendingar.

3. — Sendingar í gagnsæju umslagi eru ekki leyfðar nema rúðan sje heildarhluti af umslaginu.

4. — Ó- eða vanfrímerktar ábyrgðarsendingar, sem af vangá komast þannig á póst, skal farið með sem vanalegar sendingar, að því er hið vangoldna burðargjald snertir.

5. — Ábyrgðarsendingar skulu í efra vinstra horni utanáskriftarmegin bera miða eins eða líkan og meðfylgjandi fyrirmynd B, og skal á honum tilgreint með latneskum bókstöfum stafurinn R, nafn sendipósthússins og hlaupanúmer það sem sendingin er innfærð undir í bókum þess.

Þó skal póststjórnum þeim, sem vegna innanlandsákvæða sinna geta ekki notað slíka miða, heimilt að fresta framkvæmd þessa ákvæðis og leyft að merkja ábyrgðarsendingar með því að stimpla „Recommandé" eða „R" og

56 skal þar við hliðina á standa nafn sendipósthúss og hlaupanúmer. Stimpla þessa skal einnig setja í efra vinstra horn utanáskriftarmegin.

Á framhlið ábyrgðarsendinga mega milliliggjandi pósthús ekki rita neitt hlaupanúmer, transítnúmer o. s. frv., til þess að pósthúsin ruglist ekki og tákni sendingarnar í þjónustuskjölunum með öðrum númerum en þeim upphaflegu.

23. grein.

Móttökukvittun.

1. — Þær sendingar, sem sendandi óskar móttökukvittunar fyrir, skulu bera á sjer greinlega skrifað „Avis de réception" eða stiplaða stafina A. R.

2. — Þeim skal fylgja eyðublað að þjettleik eins og brjefspjald og eins og eða líkt fyrirmynd C, er hjer með fylgir; eyðublað þetta útbýr sendipósthúsið, eða eitthvert annað pósthús, sem sendipóststjórnin tiltekur, og festir það vandlega utan á sendinguna, sem það tilheyrir. Komi það ekki fram á ákvörðunarpósthúsinu, á það pósthús sjálft að gefa út nýja móttökukvittun.

3. — Þegar ákvörðunarpósthúsið hefir fylt út eyðublað C, eins og vera ber, sendir það það í vanalegum pósti, opið og burðargjaldsfrítt til sendanda sendingarinnar.

4. — Þegar sendandi spyrst fyrir um móttökukvittun, sem er ekki komin til baka til hans á rjettum tíma, skal farið eftir reglum þeim, sem settar eru í næstu grein á eftir. Þá skal ekki taka aftur burðargjald og sendipósthúsið skal skrifa á hausinn á eyðublaði C „Duplicata de l'avis de réception, etc."

24. grein.

Móttökukvittun umbeðin eftir á.

1. — Þegar sendandi óskar móttökukvittunar fyrir ábyrgðarsendingu, eftir að hún hefir verið látin á póst, skal sendipósthúsið skrifa á eyðublað C viðeigandi athugasemdir.

Þetta eyðublað er svo fest við fyrirspurnareyðublað eftir fyrirmynd I og er á það límt frímerki, er svarar til gjaldsins sem á að greiða, og er farið með það eftir fyrirmælum 44. greinar hjer á eftir, að því undanteknu, að sje um rjetta afhendingu að ræða á sendingunni, sem móttökukvittunin á við, heldur ákvörðunarpósthúsið eftir eyðublaðinu I, en sendir eyðublaðið C til baka, þegar búið er að fylla út aftari síðuna, eins og vera ber, eins og fyrir er mælt í 3. lið næstu greinar hjer á undan.

2. — Hinum sjerstöku ákvæðum, sem póststjórnirnar hafa samþykt, samkvæmt 44. grein hjer á eftir, viðvíkjandi sendingu á fyrirspurnum um ábyrgðarsendingar, má einnig beita, þegar óskað er móttökukvittunar fyrir ábyrgðarsendingar eftir að þær hafa verið látnar í póst.

Fjórði bálkur. 56

Póstkröfusendingar.

EINASTI KAFLI.

25. grein.

Upplýsingar utan á sendinguna.

1. — Ábyrgðarsendingar með póstkröfu skulu efst framan á bera áletranina „Remboursement" skrifað eða prentað mjög greinilega, og þar næst tilgreind upphæð póstkröfunnar með latneskum bókstöfum, fullum stöfum og aröbskum tölum án yfirstrikana eða leiðrjettinga, jafnvel þótt þær sjeu samþyktar.

2. — Auk þess skal sendandi, framan eða aftan á sendingunni tilgreina nafn sitt og heimilisfang með latneskum bókstöfum.

26. grein.

Merki.

Póstkröfusendingar skulu á framhliðinni bera appelsínugulan miða í laginu eins og meðfylgjandi fyrirmynd D.

27. grein.

Póstkröfuávísun.

Hverri póstkröfusendingu fylgir eyðublað undir póstkröfuávísun, ljósgrænt að lit og eins eða líkt og meðfylgjandi fyrirmynd D^{bis}. Á eyðublaði þessu skal tilgreina upphæð póstkröfunnar í mynt upprunalandsins, og vanalega tilgreina sendanda sendingarinnar sem viðtakanda ávísunarinnar. Þó er hverri póststjórn heimilt að láta stíla ávísanir, er tilheyra sendingum úr hennar þjónustu, til sendipósthúsa sendinganna eða annara pósthúsa sinna.

Ávísunina skal festa vandlega við sendingu þá, sem hún á við.

28. grein.

Myntbreyting póstkröfuupphæðar.

Nema öðruvísi sje um samið, skal póstkröfunum breytt í mynt ákvörðunarlandsins af póststjórn þess eftir sama gengi og hún notar fyrir póstávísanir til upprunalands sendingarinnar.

29. grein.

Greiðslufrestur.

Upphæð póstkröfunnar skal greidd innan 7 daga, að telja frá næsta degi eftir þeim, sem sendingin kemur á ákvörðunarstað. Frest þenna má lengja upp í 28 daga mest hjá þeim póststjórnum, sem neyðast til þess vegna löggjafar sinnar. Þegar geymslufresturinn er útrunninn er sendingin send aftur til sendipósthússins. Samt sem áður getur sendandi gert athugasemd á sendinguna og krafist þess, að hún sje tafarlaust endursend, ef viðtakandi neitar að greiða póstkröfuupphæðina við fyrstu tilkynningu.

30. grein.

Lækkun eða afnám á póstkröfuupphæð.

Beiðnir um afnám eða lækkun á póstkröfuupphæð skal fara með samkvæmt reglum og fyrirmælum þeim, sem nefnd eru í 41. grein hjer á eftir.

Hverri beiðni um lækkun á póstkröfuupphæð, verður að fylgja nýtt póstkröfuávísanaeyðublað er tilgreinir hina leiðrjettu upphæð.

31. grein.

Áframsending.

Ábyrgðarsendingar, sem póstkrafa hvílir á, má áframsenda, ef hið nýja ákvörðunarland, ásamt upprunalandinu, starfrækir þessa þjónustugrein. Þó fylgja póstkröfuávísanaeyðublöðin sendingunum, útfylt af póststjórn upprunalandsins. Póststjórn hins nýja ákvörðunarstaðar annast greiðslu póstkrafanna eins og sendingarnar hefðu verið sendar beint til hennar.

32. grein.

Útgáfa póstkröfuávísunar.

Jafnskjótt og búið er að innheimta póstkröfuupphæðina fyllir ákvörðunarpósthúsið, eða eitthvert annað pósthús, sem ákvörðunarpóststjórnin tiltekur, út hlutann „Indications de service“ af póstkröfuávísuninni, stimplar hana með dagstimpli sínum og sendir hana burðargjaldsfrítt eins og utanáskriftin segir til.

Póstkröfuávísanirnar eru útborgaðar sendendum sendinganna eftir reglum, sem hver póststjórn tiltekur.

33. grein.

Ógilding póstkröfuávísanaeyðublaða eða skifti á þeim.

1. — Póstkröfuávísanaeyðublöð, sem eru afnumin, eða önnur hafa komið í staðinn fyrir, skulu ónýtt af ákvörðunarpóststjórn póstkröfusendinganna.

2. — Eyðublöð, sem tilheyra póstkröfusendingum, sem af einhverjum ástæðum eru endursendar til upprunastaðar, skulu ógilt af póststjórn þeirri, sem endursendir.

3. — Þegar eyðublöð, sem tilheyra póstkröfusendingum, eru send skakt, tapast eða eyðileggjast áður en póstkrafan hefir verið innheimt, býr ákvörðunarpósthúsið út eftirrit á eyðublaði D^{bis}, og setur á það athugasemdir þær, sem sendipósthúsið mundi hafa sett.

34. grein.

Óafhentar eða óinnheimtar póstkröfuávísanir.

Póstkröfuávísanir, sem ekki hefir verið hægt að afhenda viðtakendum, skulu, eftir að búið er að setja á þær endurnýjunaráteiknun, ef svo ber undir, kvittaðar af sendipóststjórn sendinganna, sem þær eiga við, og færðar í reikning við póststjórnina, sem hefir gefið þær út.

Sama gildir og um póstkröfuávísanir, sem hafa verið afhentar rjettum hlutaðeigendum, en upphæðin ekki verið innheimt. Í stað þessara ávísana skulu þó fyrst koma útborgunarheimildir, útbúnar af sendipóststjórn ávísananna.

2. — Endurnýjunaráteiknanir og útborgunarheimildir póstkröfuávísana, eru veittar samkvæmt skilyrðum póstávísanasamningsins.

35. grein.

Reikningsskil póstkröfuávísana.

1. — Nema öðruvísi sje um samið, skulu reikningsskil fyrir póstkröfuávísanir, sem greiddar eru af hverri póststjórn fyrir reikning annarar, fara fram með viðaukum við mánaðarreikninga póstávísananna (meðfylgjandi fyrirmynd Q^{bis}).

2. — Viðaukum þessum skulu hinar útborguðu og kvittuðu póstkröfuávísanir fylgja, og eru þær færðar á þá eftir stafrófsröð útgáfupósthúsanna og eftir hlaupanúmerum þeim, sem þær eru innfærðar með í bækur þeirra. Póststjórn sú, sem útbýr reikninginn, dregur frá aðalupphæð inneignar sinnar ¼% að viðbættum hinum fasta burðargjaldshluta, sem hlutaðeigandi póststjórn fær samkvæmt 68. grein alþjóðapóstsamningsins.

3. — Reikningsjöfnuði reikningsins Q^{bis} er, að svo miklu leyti sem hægt er, bætt við á ávísanareikning fyrir sama tímabil. Um endurskoðun og greiðslu þessara reikninga, fer samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í starfsreglugjörð póstávísanasamningsins.

56

Fimti bálkur.

Meðferð sendinga við burtför og komu.

EINASTI KAFLI.

36. grein.

Stimplun með dagstimpli.

1. — Sendingar frá sambandslöndunum skulu vera stimplaðar á framhlið með stimpli, er greini, með latnesku letri, ef unt er, sendistað og dagsetningu þegar sendingin er látin í póst.

Á stöðum, þar sem mörg eru pósthús, skulu ógildingarstimplarnir sýna, hvert pósthúsið það sje, sem sendingin hefir verið látin á.

2. — Öll gildandi frímerki skulu ónýtt.

Frímerki, sem ekki hafa verið ónýtt, annaðhvort af athugaleysi eða gleymsku á sendipósthúsinu, skulu ónýtt af því pósthúsi, sem verður misfellnanna vart.

3. — Skakkt sendar sendingar skulu stimplaðar með dagstimpli pósthúss þess, sem þær hafa komið ranglega til. Þessi skylda hvílir ekki eingöngu á hinum föstu pósthúsum, heldur einnig á hreyfanlegum pósthúsum, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

4. — Stimplun á sendingum, sem á póstskipum eru látnar á póst í lausa brjefakassa, eða fengnar í hendur póstmönnum á skipinu eða yfirmönnum skipsins, hvílir, í þeim tilfellum, sem ræðir um í 3. lið 42. greinar alþjóðapóstsamningsins, á póstmanninum á skipinu, eða ef hann er enginn, þá á pósthúsinu, sem sendingar þessar eru afhentar á. Þetta pósthús stimplar þá sendingarnar með hinum vanalega dagstimpli sínum, og bætir við orðinu „skipsbrjef“ (paquebot) annaðhvort skriflega eða með stimpli.

5. — Sendingar frá löndum utan sambandsins skulu stimplaðar á framhlið af þeirri póststjórn, sem tekur við þeim, með stimpli, er greinir á hvaða stað og degi þær sjeu komnar í hendur þessarar póststjórnar.

37. grein.

Hraðboðasendingar.

1. — Hraðboðasendingar skulu hafa álímdan prentaðan miða, dökkrauðan að lit, með orðinu „Exprès“ með stóru letri. Þó mega póststjórnirnar í stað þessa miða brúka stimpil eða setja á þær frímerki, er á standi orðið „Exprès“.

2. — Sendingar, sem bera áletrað „Exprès“, og sem sendipósthúsið

hefir farið með samkvæmt ákvæðum 48. greinar, skulu bornar á heimili við- 56
takanda af sjerstökum brjefbera, jafnvel þótt þær sjeu ófrímerktar eða vanfrímerktar. Ef slíkt kemur fyrir, skal farið með þessar sendingar eins og almennar sendingar, að því er snertir hið vanborgaða burðargjald.

38. grein.

Ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar.

1. — Sendingar, sem taka skal eitthvað gjald fyrir, eftir að þær hafa verið settar á póst, annaðhvort af viðtakanda eða af sendanda, ef um endursendar sendingar er að ræða, skulu stimplaðar með T-stimpli (taxe à payer).

Upphæðina, sem taka ber, skal auk þess setja á sendingarnar með stimpli eða á annan hátt, í frönkum og sentímum, með vel læsilegum tölum í efra hornið utanáskriftarmegin.

2. — Stimplun með T-stimpli og tilgreining þeirrar upphæðar, sem taka ber, hvílir á sendipóststjórninni, eða, ef um áframsendar eða endursendar sendingar er að ræða, á þeirri póststjórn, sem áframsendir.

Upphæð sú, sem taka ber, skal þó tilgreind af pósthúsinu, sem ber sendingarnar út, ef þær eru frá löndum, sem nota lægra burðargjald í viðskiftum sínum við póststjórn þá, sem áframsendir.

3. — Að því er snertir tilgreiningu burðargjalds á sendingum frá löndum utan sambandsins, skulu framangreind atriði framkvæmd af póststjórn þess sambandslands, sem þær koma fyrst inn í.

4. — T-stimpil skal einnig setja á áframsendar hraðboðasendingar, sem aukagjald á að taka fyrir samkvæmt 40. grein alþjóðapóstsamningsins. Upphæð þessa gjalds skal einnig setja á nefndar sendingar.

5. — Pósthúsið sem afhendir, innheimtir gjaldið, sem taka ber fyrir sendinguna.

6. — Sjerhver sending, sem ekki er T-stimpluð, skal álitin fullfrímerkt og farið með hana samkvæmt því, nema sje um augsýnilegt athugaleysi að ræða.

7. — Ekkert tillit er tekið til frímerkja, sem eru ógild til frímerkingar. Þegar slíkt kemur fyrir, skal setja töluna núll (0) við hlið þessara frímerkja.

39. grein.

Áframsendar sendingar.

1. — Póstsendingar, sem innan póstsambandsins eru sendar viðtakendum, er skift hafa um heimilisfang, skal fara með eins og skrifað hefði verið utan á þær frá sendistaðnum beina leið til hins nýja ákvörðunarstaðar.

2. — Fyrir sendingar, sem eru ófrímerktar eða vanfrímerktar yfir fyrsta svæði, skal tekið gjald það, sem tekið er fyrir samskonar sendingar, sendar beint frá upprunastað og til hins nýja ákvörðunarstaðar.

56 3. — Fyrir sendingar, sem eru nægilega frímerktar yfir fyrsta svæði, en viðbótargjald hefir ekki verið greitt fyrir svæði þar yfir áður en þær voru áframsendar, skal taka gjald, er sje jafnt mismuninum á því gjaldi, sem búið er að frímerkja þær fyrir, og því, sem tekið hefði verið, ef sendingarnar hefðu upprunalega verið sendar til hins nýja ákvörðunarstaðar.

4. — Sendingar, sem upprunalega er skrifað utaná til innanlandsstaðar og nægilega frímerktar eftir innanlandsákvæðum, skulu álitnar sem fullfrímerktar sendingar yfir fyrsta svæði.

5. — Fyrir sendingar, sem upprunalega hafa gengið innanlands burðargjaldsfrítt, skal taka burðargjald eins og fyrir frímerktar samskonar sendingar, sendar frá upprunastað til hins nýja ákvörðunarstaðar.

6. — Strax við áframsendingu setur ákvörðunarpósthúsið dagstimpil sinn framan á brjef og spjaldbrjef.

7. — Sendingar, sem hafa ófullnægjandi eða skakka utanáskrift og eru þar af leiðandi endursendar sendendum til uppfyllingar eða leiðrjettingar á utanáskriftinni, skulu ekki, þegar þeim er skilað á póst aftur með fullnægjandi eða leiðrjettri utanáskrift, skoðast sem áframsendar sendingar, heldur eins og nýjar sendingar, og skal þar af leiðandi taka burðargjald fyrir þær að nýju.

40. grein.

Sendingar, sem ekki verður komið til skila.

1. — Áður en sendingar, sem einhverra hluta vegna ekki verður komið til skila, eru endursendar til sendipósthússins, skal ákvörðunarpósthúsið tilgreina stutt og skýrt á frönsku framan á sendingarnar, ástæðurnar fyrir því, að þeim hafi ekki orðið komið til skila, á þennan hátt: inconnu (þekkist ekki), refusé (neitað móttöku), en voyage (á ferðalagi), parti (farinn), non réclamé (ekki sótt), décédé (dáinn), eða með líkum orðum. Skal þessi athugasemd sett á með stimpli eða miða. Heimilt er sjerhverju pósthúsi að bæta við í þýðingu á sínu eigin máli ástæðunni fyrir því, að sendingunni varð ekki komið til skila, ásamt öðrum athugasemdum, sem það kann að álíta heppilegar.

Ákvörðunarpósthúsið skal því næst strika yfir hinn fyrsta ákvörðunarstað, og setja athugasemdina „retour“ við hliðina á dagstimpli sendipósthússins. Auk þess skal það setja dagstimpil sinn aftan á brjef en framan á brjefspjöld.

2. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila, endursendast annaðhvort einstakar eða í sjerstöku bundini merktu „Rebuts“.

Ábyrgðarsendingar, sem ekki verður komið til skila, skal senda til viðskiftapósthúss sendilandsins, eins og væri um að ræða ábyrgðarsendingar til nefnds lands.

Sem undantekningu geta tvær póststjórnir, sem eru í sambandi hvor

við aðra, eftir samkomulagi sín á milli, haft annað fyrirkomulag á endur- 56
sendingu sendinga, sem ekki verður komið til skila.

3. — Ef sendingar eru látnar í póst í einhverju landi og eiga að fara til staða innan takmarka sama lands, en sendendur eru búsettir í öðru landi, og þær verða því, ef þeim verður ekki komið til skila, að fara til útlanda, til þess að komast í hendur sendenda, þá skulu þær skoðast sem útlendar sendingar, og farið með þær eftir ákvæðunum um áframsendingu.

4. — Sendingar til sjómanna og annara, sem sendar eru til ræðismanns og af honum aftur settar á pósthúsið á staðnum, vegna þess að þær hafi ekki verið sóttar, skal farið með eins og fyrir er mælt um sendingar yfir höfuð, sem ekki verður komið til skila. Gjöld þau, sem ræðismaðurinn kann að hafa verið krafinn um fyrir þessar sendingar, skulu samtímis endurgreidd honum af pósthúsinu á staðnum.

41. grein.

Afturköllun á póstsendingum og breytingar á utanáskrift.

1. — Beiðnir um afturköllun póstsendinga, eða breytingu á utanáskrift þeirra, skulu stílaðar á eyðublað eins og fyrirmynd J, er fylgir hjer með. Um leið og sendandi afhendir þessa beiðni á pósthúsið, skal hann færa þar fullgilda sönnun á, hver hann sje, og sýna póstkvittun, ef um hana er að ræða. Þegar hann er búinn að færa þessa sönnun, sem póststjórn sendilandsins ber ábyrgð á, skal farið að eins og hjer segir:

a) Eigi beiðnin að sendast með pósti, skal eyðublaðið, ásamt fullkominni líkingu af umslagi eða utanáskrift sendingarinnar, sent beina leið sem ábyrgðarbrjef til ákvörðunarpósthússins.
b) Eigi beiðnin að sendast símleiðis, skal afhenda eyðublaðið á símastöðina, sem svo símar innihald þess til ákvörðunarpósthússins. Símskeytið skal skrifað á frönsku.

2. — Sje um leiðrjettingu á utanáskrift að ræða, skal beiðnin, er send er símleiðis, staðfest með fyrsta pósti með beiðni og meðfylgjandi ofangreindri líkingu af umslaginu eða utanáskrift.

3. — Þegar ákvörðunarpósthúsið fær eyðublaðið J, eða símskeyti í þess stað, leitar það uppi hina tilteknu sendingu og framkvæmir það, sem beðið hefir verið um.

Sje um að ræða breytingu á utanáskrift og beðið um það símleiðis, lætur þó ákvörðunarpósthúsið sjer nægja að halda brjefinu eftir og bíða með að framkvæma beiðnina, þangað til hin nauðsynlega líking af utanáskriftinni er komin.

Ef rannsóknin er árangurslaus, ef búið er að afhenda viðtakanda sendinguna eða ef beiðnin, sem send er símleiðis, er ekki nógu greinileg, til þess að hægt sje með vissu að þekkja sendinguna, skal það þegar í stað tilkynt sendipósthúsinu, sem svo gerir fyrirspyrjanda aðvart.

56 4. — Sjerhver póststjórn getur krafist þess, með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar, að skiftin á þeim beiðnum, sem hana snerta, sjeu framkvæmd af sjálfri aðalpóststjórninni, eða pósthúsi, sem hún sjerstaklega tiltekur.

Ef skiftin á beiðnunum eiga sjer stað frá aðalpóststjórnunum, skal tekið tillit til beiðna, sem sendar eru beina leið frá sendipósthúsi til ákvörðunarpósthúss, að því leyti, að hlutaðeigandi sendingar skulu útilokaðar frá afhendingu, þangað til beiðnin kemur frá aðalpóststjórninni.

Póststjórnir þær, sem nota sjer rjett þann, sem getur um í 1. málsgr. þessa liðs, bera sjálfar kostnaðinn, sem leiðir af flutningnum innanlands á upplýsingum, sem skifst er á við ákvörðunarpósthúsið, hvort heldur símleiðis eða með pósti.

Skylt er að nota síma, þegar sendandi hefir sjálfur gert það, og ekki hægt að aðvara ákvörðunarpósthúsið í tíma með því að nota póstleiðina.

42. grein.

Einföld leiðrjetting á utanáskrift.

Þegar um einfalda leiðrjettingu á utanáskriftinni er að ræða (án breytingar á nafni eða titli viðtakanda) getur sendandi sent beiðnina beint til ákvörðunarpósthússins, þ. e. a. s. án þess að uppfylla skilyrði þau, sem sett eru, þegar um reglulega breytingu á utanáskriftinni er að ræða.

43. grein.

Fyrirspurnir. Almennar sendingar.

1. — Með hverja fyrirspurn um almennar sendingar, skal farið eins og hjer segir:

a) Fyrirspyrjandi á að útfylla þann hluta, sem honum kemur við, af eyðublaði, eins og meðfylgjandi fyrirmynd H.

b) Pósthúsið, sem tekur við fyrirspurninni, sendir hana beina leið til hlutaðeigandi pósthúss. Sendingin fer sem þjónustusending án brjefs.

c) Hlutaðeigandi pósthús leggur eyðublaðið fyrir viðtakanda eða sendanda, eftir því sem við á, til þess að fá upplýsingar í málinu.

d) Þegar eyðublaðið er fylt út eins og vera ber, er það síðan sent aftur sem þjónustusending til pósthússins, sem hefir sent það út.

e) Sje fyrirspurnin á rökum bygð, sendist hún til aðalpóststjórnarinnar sem gagn til frekari rannsóknar.

2. — Sjerhver póststjórn getur krafist þess, með tilkynningu, er sendist alþjóðaskrifstofunni, að fyrirspurnir viðvíkjandi hennar póstþjónustu, sjeu sendar til aðalpóststjórnarinnar eða pósthúss, sem hún sjerstaklega tiltekur.

44. grein.

Fyrirspurnir. Ábyrgðarsendingar.

1. — Sjerhver fyrirspurn um ábyrgðarsendingu skal stíluð á eyðublað eins og eða líkt fyrirmynd I, er fylgir hjer með, og skal það vanalega sent af sendipósthúsinu beina leið til ákvörðunarpósthússins.

2. — Þó geta póststjórnir sendi- og ákvörðunarlandsins, eftir innbyrðis samkomulagi, látið senda fyrirspurnina frá pósthúsi til pósthúss og látið hana fylgja sömu leið og sendingin hefir farið.

3. — Í tilfelli, eins og í 1. lið að ofan, sendir ákvörðunarpósthúsið, þegar það getur gefið upplýsingar um hin endanlegu afdrif sendingarinnar, eyðublaðið útfylt til baka til sendipósthússins.

Þegar ákvörðunarpósthúsið getur ekki þegar í stað komist fyrir afdrif sendingar, gerir það athugasemd þar um á eyðublaðið og áframsendir það til sendipósthússins með yfirlýsing viðtakanda þess efnis, að hann hafi ekki móttekið sendinguna. Í því tilfelli útfyllir sendipósthúsið eyðublaðið og tilgreinir flutningaleiðina til fyrsta milliliggjandi pósthúss. Síðan sendir það þessu pósthúsi eyðublaðið, sem skrifar á það sínar athugasemdir, og sendir það, ef svo ber undir, til næsta pósthúss. Þannig gengur fyrirspurnin frá pósthúsi til pósthúss, þangað til upplýst er orðið um afdrif sendingarinnar. Pósthús það, sem hefir afhent sendinguna til viðtakanda, eða sem hvorki getur sannað afhendingu sendingarinnar nje regluleg skil á henni til annarar póststjórnar, gerir um það athugasemd á eyðublaðið, og sendir það til sendipósthússins.

4. — Í tilfelli, eins og í 2. lið að ofan, halda rannsóknirnar áfram frá sendipósthúsi alla leið til ákvörðunarpósthúss. Sjerhvert pósthús skrifar á eyðublaðið upplýsingar um flutninginn til næsta pósthúss og sendir því síðan eyðublaðið. Það pósthús, sem hefir afhent sendinguna til viðtakanda, eða sem getur hvorki sannað afhendingu sendingarinnar nje regluleg skil á henni til annarar póststjórnar, gerir sömuleiðis athugasemd um það á eyðublaðið og sendir það aftur til sendipósthússins.

5. — Eyðublaðið I skal tilgreina fullkomna utanáskrift viðtakanda og skal fylgja því, svo framarlega sem hægt er, líking af umslaginu eða utanáskrift sendingarinnar. Það er sent sem þjónustusending í lokuðu umslagi án brjefs.

6. — Heimilt er hverri póststjórn að krefjast þess, með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar, að fyrirspurnir viðvíkjandi hennar póstþjónustu sjeu sendar annaðhvort til aðalpóststjórnarinnar eða til pósthúss, sem hún sjerstaklega tiltekur, eða, ef hún aðeins á hlut að máli sem milliliggjandi póststjórn, til viðskiftapósthússins, sem sendingin hefir verið send til.

Eyðublaðið I og tilheyrandi skjöl skulu undir öllum kringumstæðum vera komin aftur til sendipósthúss sendingarinnar innan sex mánaða frests

56 í hæsta lagi að telja frá dagsetningu fyrirspurnarinnar. Frest þennan má lengja upp í níu mánuði í viðskiftum við lönd utan Evrópu.

7. — Ofangreind ákvæði koma ekki til framkvæmda, þegar um er að ræða rán á póstpokum eða vöntun eða önnur lík tilfelli, sem hafa í för með sjer mikil brjefaskifti milli póststjórnanna.

45. grein.

Notkun á frímerkjum, sem álítast fölsuð, og eftirgjörðum stimplum frímerkingarvjela.

Með tilliti til ákvæðanna í löggjöf sjerhvers lands, og jafnvel þar sem þetta er ekki tekið skýrt fram í ákvæðum þessarar greinar, skal aðferð sú, sem hjer segir, viðhöfð við rannsókn á, hvort fölsuð frímerki eða eftirgerðir stimplar frímerkingarvjela hafi verið notaðir til frímerkingar.

a) Þegar uppvíst verður, að falsað frímerki (eftirgert eða áður notað) eða eftirgerðir stimplar frímerkingarvjela sje á einhverri sendingu, við burtför hennar frá pósthúsi, þar sem sjerstök löggjöf heimilar ekki, að sendingin sje gerð upptæk þegar í stað, má ekki breyta merkinu með neinu móti, en sendingin skal látin í umslag með utanáskrift til ákvörðunarpósthússins og send sem þjónustusending.

b) Þetta er síðan tafarlaust tilkynt póststjórnunum í sendi- og ákvörðunarlandinu með tilkynningu eins og meðfylgjandi fyrirmynd K. Þar að auki skal eitt eintak af þessari tilkynningu sent ákvörðunarpósthúsinu í umslaginu, sem sendingin með þessu falsaða frímerki eru í.

c) Viðtakandi er tilkvaddur til þess að athuga brotið.

Afhending sendingarinnar fæst ekki nema með því móti, að viðtakandi borgi hið vangreidda burðargjald og samþykki að segja til nafns og heimilis sendanda og fá póststjórninni til umráða, þegar hann hefir kynt sjer innihaldið, sendinguna alla, ef hún verður ekki fráskilin sakargagninu (corpus delicti), eða þá hluta af henni (umslag, band, brjefhluta o. s. frv.) þar sem utanáskriftin er og stimpillinn eða frímerkið, sem álitið er falsað.

d) Það, sem fram kemur við kvaðningu viðtakanda, er síðan fært inn í gerðabók eins og fyrirmynd L, er fylgir hjermeð, og skal þar tekið fram það, sem fyrir hefir komið, svo sem, ef viðkomandi hefir ekki mætt, neitað að taka við sendingunni, neitað að opna hana eða gefa upp nafn sendanda o. s. frv. Þetta skjal er síðan undirritað af póstmanni og viðtakanda sendingarinnar; neiti hann að skrifa undir, skal neitunin tilfærð í stað undirskriftarinnar og á sama stað.

Gerðabókin með fylgiskjölum skal síðan send sem þjónustusending með ábyrgð til póststjórnar sendilandsins, er svo getur, með þessi skjöl í

höndum, látið framfylgja málssókn útaf lagabrotinu samkvæmt löggjöf sinni. 56

Sjötti bálkur.

Skifti á sendingum.

EINASTI KAFLI.

46. grein.

Brjefaskrár.

1. — Skrár þær, sem fylgja póstflutningnum, sem skifst er á milli tveggja pósthúsa, skulu vera eins og fyrirmynd E, er fylgir hjermeð. Þær skulu látnar í umslag, blátt að lit, er beri með stóru letri utanáskriftina „Feuille d'avis".

2. — Efst á brjefaskránni skal standa:
sendiland og ákvörðunarland,
nafn viðskiftapósthúss ákvörðunarlands,
dagsetning þegar póstflutningurinn er sendur.
Dagstimpill skal settur á sinn ákveðna stað.

3. — Ef sendingar eru með, sem bera á út með hraðboða, skal það tilgreint með því að stimpla „Exprès" á töfluna nr. I.

4. — Tafla nr. II er til þess að greina hlaupanúmer póstflutningsins, nafn póstskipsins, leiðina sem sent er eftir og tölu pokanna í flutningnum.
Nema öðruvísi sje ákveðið, tölusetja sendipósthúsin brjefaskrárnar með áframhaldandi töluröð fyrir hvert ákvörðunarpósthús. Sjerhver póstflutningur fær sjerstakt númer, jafnvel þótt um sje að ræða aukapóstflutning, sem notar sömu leið eða sama skip og hinn vanalegi póstflutningur.
Í byrjun hvers árs skal við fyrsta póstflutninginn tilfæra á skránni auk númersins sem hann hefir, númer síðasta póstflutnings á árinu á undan.
Nafn skipsins sem tekur póstflutninginn er tilgreint þegar sendipósthúsið getur fengið vitneskju um það.
Í tölu pokanna í flutningnum ber einnig að tilfæra þá poka, sem innihalda tóma endursenda poka.

5. — Tafla nr. III skal tilgreina:

a) Aðaltölu ábyrgðarsendinga, sem innfærðar eru á töflu nr. V og, ef svo ber undir, á aukalistum. Nota má einn eða fleiri aukalista, eins og fyrirmynd E^{bis}, sem hjer með fylgir, annað hvort í stað töflunnar nr. V eða sem aukabrjefaskrá.
Þegar margir listar eru notaðir, skal tölusetja þá.
Tala ábyrgðarsendinga, sem færa má á einn og sama lista, er ákveðin 60.

56 b) Tölu sendinga með tilgreindu verði, sem innfærðar eru á verðbrjefaskrá.
c) Tölu poka og pakka, sem innihalda ábyrgðarsendingar, og tölu poka og pakka, sem innihalda sendingar með tilgreindu verði; Þetta tilgreint hvert fyrir sig.

6. — Á töflu nr. IV er innfærð hver út af fyrir sig, tala endursendra poka tilheyrandi póststjórn ákvörðunarlandsins, svo og tala þeirra poka, sem notaðir eru undir póstflutninginn og tilheyra sendipóststjórninni, þar með taldir pokar undir ábyrgðarpóst. Tala tómra poka, sem tilheyra annari póststjórn en þeirri, sem flutningurinn er til, skal tilgreind sjer, og þar getið nafns póststjórnarinnar.

Þar að auki skal á þesari töflu tilgreina opin þjónustubrjef og ýmsar athugasemdir eða leiðbeiningar frá sendipósthúsinu, er snerta póststarfið.

7. — Tafla nr. V er ætluð til innfærslu á ábyrgðarsendingum þegar aukalistar eru ekki eingöngu notaðir.

Ábyrgðarsendingar eru skráðar hver um sig, og tilgreint nafn sendipósthússins og innritunarnúmer sendingarinnar á því.

Sjeu engar ábyrgðarsendingar í póstflutningnum skal setja athugasemdina „Néant" í tilsvarandi dálk á brjefaskránni.

8. — Á töflu nr. VI er innfærður, eins og taflan segir til, lokaður póstur, sem settur er með hinum beina póstflutningi, sem sendiskráin á við.

9. — Póststjórnirnar geta komið sjer saman um að búa til nýjar töflur eða dálka á sendiskránni, þegar þær álíta það nauðsynlegt. Sjerstaklega geta þær notað töflurnar V og VI eins og þeim þykir hentast.

10. — Hafi viðskiftapósthús engan hlut að senda til pósthúss, sem það er í sambandi við, skal það engu að síður senda póstflutning á vanalegan hátt, sem þá er ekki annað en auð skrá.

11. — Þegar lokaðir póstpokar úr einu landi eru fengnir í hendur öðru landi til flutnings með kaupskipum, skal tala eða þyngd brjefa og annara sendinga tilfærð á skrána og á utanáskrift pokanna, þegar póststjórn sú, sem á að sjá um útskipun póstflutnings, krefst þess.

47. grein.

Flutningur ábyrgðarsendinga.

1. — Ábyrgðarsendingar og, ef þörf krefur, hinir sjerstöku listar, sem getur um í 5. lið næstu greinar á undan, skulu settir saman í einn eða fleiri sjerstaka pakka eða poka, og skulu þeir vera hæfilega lokaðir og innsiglaðir, eða lokaðir með plombum, þannig að innihaldinu sje óhætt. Ábyrgðarsendingunum skal raðað í sjerhvern pakka eftir töluröð sinni. Þegar notaðir eru margir lausir listar, skal hver þeirra bundinn með þeim ábyrgðarsendingum, sem hann tilheyrir. Undir engum kringumstæðum má blanda saman ábyrgðarsendingum og almennum sendingum.

2. — Utan á pakkann, sem ábyrgðarsendingarnar eru í, skal festa með 56
seglgarnskrossbandi, hið sjerstaka umslag með brjefaskránni; þegar ábyrgðarsendingar eru látnar í poka, skal umslagið fest við pokaopið, en þá skulu sendingar þær, sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugjörðar eiga að vera í umslaginu, sem brjefaskráin er í, settar í pokann sjálfan.

Sjeu fleiri en einn pakki eða poki með ábyrgðarsendingum, skal á sjerhvern pakka eða poka setja miða, er gefi upplýsingar um innihaldið.

3. — Framangreind aðferð við útbúnað og flutning á ábyrgðarsendingum gildir aðeins við vanaleg póstsambönd. Sje um mikilsverð póstsambönd að ræða, ber hlutaðeigandi póststjórnum sín á milli og eftir samkomulagi að leggja fyrir sjerstök ákvæði. Í hvorutveggja tilfelli, ber viðskiftapósthúsunum að gera sjerstakar ráðstafanir þegar þau eiga að sjá um flutning á ábyrgðarsendingum, sem að fjölda til, eðli sínu, lögun og ummáli ekki kynnu að álítast hentugar til flutnings innan um annan póst.

48. grein.

Flutningur á hraðboðasendingum.

1. — Almennar hraðboðasendingar eru bundnar saman í sjerstök bundin, og láta viðskiftapósthúsin bundinin í umslag brjefaskrárinnar, sem fylgir póstflutningnum.

Ef ástæða er fyrir hendi, skal á þetta bundin festur miði er tilkynni, að í póstflutningnum finnist slíkar sendingar, sem sakir fjölda, lögunar eða ummáls ekki hefir verið hægt að setja með brjefaskránni. Þessar sendingar skulu bundnar saman í eitt eða fleiri bundin og festur við þau seðill með orðinu „Exprès“ með stóru letri, og síðan settar í pokann, sem skráin er í.

2. — Hraðboðasendingar, sem mælt er með, skulu settar í sinni röð meðal annara ábyrgðarsendinga á skrána, og athugasemdinni „Exprès“ bætt í dálkinn „Observations“ út undan hverri sendingu.

49. grein.

Útbúnaður á póstflutningnum.

1. — Sem höfuðregla gildir, að sendingarnar skulu aðgreindar og bundnar saman eftir því, hverrar tegundar þær eru, brjef og brjefspjöld í sama bundini og blöð og tímarit í sjerstökum bundinum aðgreind frá vanalegu prenti. Brjefum, brjefspjöldum og smáprenti skal raðað þannig að utanáskriftin beri rjett við þegar lesið er í sundur. Fullfrímerktar sendingar eru aðgreindar frá ófrímerktum eða vanfrímerktum sendingum og skulu miðarnir á þeim bundinum sem slíkar sendingar eru í, stimpaðar með T-stimpli að svo miklu leyti sem hægt er.

Á brjef, sem bera með sjer, að þau hafi opnast, skemst eða skaddast,

56 skal gera athugasemd um það og stimpla þau með dagstimpli þess pósthúss, sem verður vart við þetta.

Póstávísanir, sem sendar eru opnar, eru settar saman í sjerstakan pakka.

2. — Póstflutningurinn skal látinn niður í poka, er sjeu sæmilega lokaðir, innsiglaðir með lakki eða blýi og merktir. Merkimiðar póstflutningsins skulu vera úr ljerefti, eða sterkum pappa eða pergamenti, eða pappír límdum á trjespjald. Skulu þeir með læsilegu letri tilgreina sendi- og ákvörðunarpósthús, og í viðskiftum við lönd utan Evrópu, dagsetningu, þegar flutningurinn er sendur, númer hans og, þegar hlutaðeigandi póststjórnir krefjast þess, uppskipunarhöfn. Í viðskiftum milli pósthúsa sitt hvoru megin landamæra má nota merkimiða úr sterkum pappír.

Pokarnir skulu bera nafn sendipósthúss eða sendilands með vel læsilegu letri og númer, að svo miklu leyti, sem það er hægt.

3. — Þegar póstflutningur er lítill fyrirferðar eða aðeins auðar skrár, skal hann, nema öðruvísi sje umsamið, aðeins vafinn í sterkan pappír til þess að forða innihaldinu frá skemdum, því næst reyrður utan með seglgarni og lakkaður eða lokaður með blýi. Skal síðan sett á hann prentuð utanáskrift, er greini nafn sendipósthússins með smáu letri og nafn ákvörðunarpósthússins með stærra letri: „de ..... pour“ (frá ..... til).

4. — Þegar fjöldi eða ummál sendinga krefst að notað sje meira en einn poki, skal, að svo miklu leyti sem hægt er, nota sjerstaka poka:

a) undir brjef og brjefspjöld;

b) undir aðrar sendingar.

Án tillits til fjölda eða ummáls sendinga, skulu og notaðir sjerstakir pokar, að svo miklu leyti sem unt er, þegar póststjórn einhvers milliliggjandi lands eða póststjórn ákvörðunarlandsins æskja þess.

Þegar notaðir eru sjerstakir pokar, skal á hverjum tilgreint innihald hans.

Pakkinn eða pokinn með ábyrgðarsendingunum í, skal látinn í einhvern brjefapokanna eða í poka með merkimiða er líkist merkimiðum brjefapokanna.

Poki sá, sem brjefaskráin er í, skal merktur bókstafnum F, er sje dreginn á merkimiðann þannig að hann sje augsýnilegur.

5. — Þyngd hvers poka má ekki fara fram yfir 30 kílógrömm.

50. grein.

Afhending póstflutningsins.

1. — Afhending á póstflutningi, milli tveggja viðskiftapósthúsa, fer fram eftir ákvæðum þeim, sem hlutaðeigandi póststjórnir setja.

2. — Póstflutningnum ber að skila í góðu ásigkomulagi.

Póstflutningi er þó ekki hægt að neita vegna þess að hann sje illa til reika.

3. — Þegar milligöngu pósthús tekur við póstflutningi í slæmu ásig-

komulagi, ber því að búa um hann á ný, en halda þó hinum upprunalegu umbúðum. 56

Pósthús það, sem býr um póstflutninginn á ný, skal setja dagstimpil sinn á merkimiðann, og þessa athugasemd framan við á hann „Remballé à ....“

51. grein.

Athuganir á póstflutningnum.

1. — Þegar milliliggjandi pósthús þarf að búa á ný um póstflutning, athugar það innihald hans, ef ætla má að það sje ekki óhreyft.

Það býr út leiðrjettingarskýrslu eins og fyrirmynd G, sem fylgir hjer með, og hagar sjer eftir ákvæðum 3. liðs hjer á eftir. Leiðrjettingarskýrsla þessi er send viðskiftapósthúsi því, frá hverju póstflutningurinn hefir verið móttekinn; afrit af henni er sent til upprunapósthússins, og annað afrit látið í póstflutninginn, sem búið hefir verið um á ný.

2. — Ákvörðunarpósthúsið athugar hvort póstflutningurinn sje heill og hvort það, sem ritað er á brjefaskrána og, ef svo ber undir, á aukalista ábyrgðarsendinganna sje nákvæmlega rjett. Vanti í póstflutninginn poka, brjefaskrá, aukalista ábyrgðarsendinga eða sje eitthvað athugavert við hann yfir höfuð, skal það sannreynt þegar í stað af tveim póstmönnum. Þeir gera nauðsynlegar leiðrjettingar á skránum eða listunum og gæta þess að strika út það sem skakt er tilgreint, en þó svo, að hægt sje að lesa það sem upprunalega hefir verið skrifað. Leiðrjettingarnar gilda frekar en hinar upprunalegu tilgreiningar, nema um bersýnilega villu sje að ræða.

3. — Það sem athugavert finst er tilkynt sendipósthúsi póstflutningsins og, ef svo ber undir, síðasta milliliggjandi pósthúsi, með leiðrjettingarskýrslu er sendist með fyrsta pósti. Upplýsingarnar á þessari leiðrjettingarskýrslu, skulu tilgreina eins nákvæmlega og unt er, hvaða poka, pakka eða sendingu sje átt við.

Afrit af leiðrjettingarskýrslunni skal senda, með sömu skilyrðum og frumritið, til póststjórnarinnar, sem sendipósthús flutningsins heyrir undir, þegar hún krefst þess.

Pokinn eða umbúðirnar, innsiglið eða blýið af pakkanum eða pokanum, sem ábyrgðarsendingarnar voru í og, ef pakkinn eða pokinn hefir ekki fundist, brjefapokinn með fyrirbandi, merkimiða, innsigli eða blýi skulu fylgja leiðrjettingarskýrslunni. Í viðskiftum við þær póststjórnir, sem krefjast afrits, skulu framangreind sönnunargögn fylgja afritinu.

Leiðrjettingarskýrslurnar og afrit þeirra, skulu send með ábyrgð.

Í tilfellum eins og getur um í 1. og 2. lið þessarar greinar má gera sendipósthúsinu, og, ef svo ber undir, milliliggjandi pósthúsi aðvart með símskeyti á kostnað þeirrar póststjórnar, sem sendir það.

4. — Þegar póstflutning vantar sakir þess að póstarnir hafa ekki náð

56 hver í annan, eða það er nægilega skýrt frá, hvers vegna hann vanti, á afhendingarskránni, er ekki nauðsynlegt að senda leiðrjettingarskýrsluna, sem nefnd er í 1. og 2. lið, ef póstflutningurinn kemur til ákvörðunarpósthússins með næsta pósti á eftir.

Fresta má að senda afrit það, sem nefnt er í 3. lið, ef líkur eru til þess, að vöntun í póstflutninginn stafi af seinkun eða skakkri sendingarleið.

Undir eins og póstflutningur, sem búið er að tilkynna sendipósthúsi eða, ef svo ber undir, milliliggjandi pósthúsi, að hafi vantað, er kominn fram, skal þessum pósthúsum send önnur leiðrjettingarskýrsla um að búið sje að taka við flutningnum.

5. — Pósthús þau, sem fá skýrslur þær, sem um ræðir í þessari grein, endursenda þær eins fljótt og auðið er, eftir að þau hafa rannsakað þær og sett á þær sínar athugasemdir, ef þörf er á.

6. — Þegar móttökupósthús, sem á að athuga póstflutninginn, hefir ekki sent sendipósthúsinu og, ef svo ber undir, milliliggjandi pósthúsi, með fyrsta pósti eftir athugunina, leiðrjettingarskýrslu um villur og afbrigði, sem fyrir kunna að koma, skal álíta, að það hafi tekið við póstflutningnum og innihaldi hans, þangað til hið gagnstæða sannast. Sama gildir og um afbrigði þau, sem gleymst hefir að geta um á leiðrjettingarskýrslunni, eða er aðeins getið á ófullnægjandi hátt.

52. grein.

Endursending tómra poka.

1. — Pokarnir skulu sendir tómir aftur til sendilandsins með næsta pósti, nema öðruvísi sje ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, og skal tala endursendra poka í hverjum póstflutningi tilgreind á brjefaskránni í töflunni „Indications de service".

Endursending tómra póstpoka skal framkvæmd af viðskiftapósthúsum þeim, sem ákveðin eru til þess.

Hinir tómu pokar skulu vafðir saman og bundnir í hæfilega stór bundin; trjeplöturnar með merkjunum skulu, ef svo ber undir, látnar innan í pokana. Á pakkana skal festur miði, er tilgreini nafn viðskiftapósthússins, sem þeir hafa verið mótteknir frá, í hvert skifti sem þeir eru sendir fyrir milligöngu annars viðskiftapósthúss.

Ef hinir tómu, endursendu pokar eru ekki of margir, má láta þá í poka, sem póstsendingar eru í; annars skulu þeir látnir í sjerstaka, innsiglaða poka, er sjeu merktir með nafni hlutaðeigandi viðskiftapósthúsa. Á miðanum skal standa athugasemdin „Sacs vides".

2. — Með því að styðjast við athugasemdir þær, sem settar eru á töfluna „Indications de service" á brjefaskránni, getur sjerhver póststjórn haft í sinni þjónustu eftirlit með endursendingu á pokum þeim, sem henni tilheyra.

Sýni eftirlitið, að 10% af pokafjölda þeim, sem notaður hefir verið yfir 56
árið undir póstflutning, hafi ekki verið endursend innan loka sama árs, er sú póststjórn, sem ekki getur sýnt fram á endursendingu tómra poka, skyldug að greiða sendipóststjórninni andvirði hinna týndu poka. Borgun skal einnig fara fram, þó tala poka, sem vantar, nái ekki 10%, ef hún er yfir 50 stykki.

Með vissu millibili fastákveður sjerhver póststjórn meðalverð í frönkum á pokum þeim, sem notaðir eru af viðskiftapósthúsum hennar, og eins fyrir allar pokategundir, og tilkynnir það hlutaðeigandi póststjórnum um aðalskrifstofuna.

Sjöundi bálkur.

Ákvæði um transít- og geymslugjöld.

I. KAFLI.

Talningartímabil.

53. grein.

Sendingatalning til útreiknings á transítgjöldum.

1. — Transítgjöldin, sem taka á samkvæmt 70. grein og næstu greinum á eftir í alþjóðapóstsamningnum, eru reiknuð út eftir talningu á sendingum, sem framkvæmd er einu sinni fimta hvert ár, 28 fyrstu dagana af maí og 28 dagana eftir 14. október, á víxl.

Talningin okt.—nóv. 1924 gildir fyrir árin 1924—1928, að því ári meðtöldu, þannig, að sú undantekning er gerð, að til 1. október 1925, þegar þessi alþjóðapóstsamningur gengur í gildi, skulu gjöld þau, sem nefnd eru í 4. grein aðalsamningsins frá Madrid, vera í gildi.

Talningin í maí 1929 gildir fyrir árin 1929—1933 að því meðtöldu, og þannig áfram.

2. — Ef eitthvert land með miklum póstviðskiftum skyldi ganga í sambandið, hafa þau lönd sambandsins, þar sem borgun á transítgjöldum kynni að breytast vegna þessa atviks, rjett til þess að heimta, að sjerstök talning fari fram eingöngu fyrir hið nýja land í sambandinu.

3. — Komi mikil breyting á póstviðskiftamagnið, og taki yfir eitt eða fleiri tímabil, er öll sjeu að minsta kosti 12 mánuðir, geta hlutaðeigandi póststjórnir komið sjer saman um að endurskoða transítreikninga sína. Í þessu efni eru upphæðir þær, sem sendipóststjórnirnar eiga að borga, annaðhvort hækkaðar, lækkaðar eða þeim skift hlutfallslega eftir þeim milliliggjandi þjónustum eða flutningatækjum, sem hafa verið notuð í raun og veru, en þyngdin alls, sem lögð er til grundvallar fyrir hinum nýju reikningum, skal vanalega vera sú

56 sama og þyngd á pósti, sem fluttur er á talningatímabilinu, sem getið er um í 1. lið. Ef þörf krefur má nota sjerstaka talningu við skiftinguna á þyngdinni milli hinna ýmsu flutningatækja, sem fengin hafa verið. Engin breyting á póstviðskiftamagninu er álitin mikilvæg, ef hún ekki hefir í för með sjer meira en 5000 franka breytingu á ári á reikningum milli tveggja póststjórna, og sjerhvert transít land tekið sjerstaklega.

Sem undantekning má krefjast sjerstakrar talningar til þess að sannreyna hina nýju þyngd alls, er lögð er til grundvallar fyrir hinum nýju reikningum þegar þyngdin alls á reikningnum eykst um 100% eða minkar að minsta kosti um 50% og hinir nýju reikningar þar af leiðandi verða fyrir breytingu, er nemur meir en 5000 frönkum á ári.

54. grein.

Útbúnaður á lokuðum póstflutningi á talingartímabilinu.

1. — Á hverju talningartímabili skulu undir sendingar, sem skiftst er á í lokuðum póstpokum, milli tveggja póststjórna innan sambandsins, eða milli póststjórnar innan og utan sambandsins, yfir svæði eða með flutningatækjum einnar eða fleiri annara póststjórna, notaðir sjerstakir pokar eða pakkar undir „brjef og brjefspjöld“ og undir „aðrar sendingar“. Skulu pokar þessir eða pakkar með rjettri tilvísun bera merkin „L. C.“ (brjef og brjefspjöld) og „A. O.“ (aðrar sendingar). Þegar rúmmál póstsins leyfir, má setja hina sjerstöku poka eða pakka saman í safnpoka og skal hann merktur „S. C“.

2. — Sem undanþágu frá ákvæðunum í 47. og 48. grein hjer að framan, hefir sjerhver póststjórn leyfi, á talningartímabilinu, til þess að senda ábyrgðarsendingar og hraðboðasendingar, aðrar en brjef og brjefspjöld, í einhverjum þeirra poka eða pakka, sem ætlaður er undir aðrar sendingar, með því að gera athugasemd um þetta á brjefskrána; en sjeu sendingar þessar, samkv. 47. og 48. grein sendar í brjefapoka eða pakka, skulu þær, hvað þyngdartalningu snertir, taldar sem hluti af brjefapóstinum.

3. — Á talningatímabilinu skulu merkimiðar póstflutnings, sem flytjast á sjóleiðis, bera greinilega áletrað „Statistique“.

55. grein.

Sannreynd á þyngd lokaðs póstflutnings.

1. — Hvað snertir póstflutning frá einu landi í sambandinu til annars lands, sem líka er í sambandinu, þá færir viðskiftapósthús sendilandsins á brjefaskrána til viðskiftapósthúss ákvörðunarlandsins brúttóþyngd brjefa og brjefspjalda og annara sendinga, án þess að hirða um, hvaðan þær sjeu, eða hvert þær eigi að fara.

Með brúttóþyng reiknast þyngd umbúða en ekki:

a) þyngd tómra poka, sem pakkaðir eru í sjerstaka poka; 56
b) þyngd þeirra poka, sem aðeins innihalda sendingar, sem eru undanþegnar öllu transítgjaldi (72. grein alþjóðapóstsamningsins);
c) póstflutningur, sem eingöngu eru auðar brjefaskrár (10. liður 46. greinar hjer að framan);
d) þyngd safnpokanna, sem nefndir eru í næstu grein á undan.

2. — Ekki skal reikna með þyngdarbrot undir og að 500 grömmum meðtöldum, en þyngdarbrot yfir 500 grömm skulu hækkuð upp í kg.

3. — Ef hvorki brúttóþyngd brjefa og brjefspjalda nje annara sendinga fer hvor um sig, fram úr 500 grömmum, skal bæta framan á brjefaskrána athugasemdinni „Poids brut ne dépasse pas 500 grammes".

4. — Viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins athugar svo hvort þetta sje rjett. Ef pósthúsið finnur að hin sanna þyngd brjefasendinga fer 600 gr. fram yfir þyngdina á brjefaskránni, leiðrjettir það skrána og gerir viðskiftapósthúsi sendilandsins þegar í stað aðvart um skekkjuna með leiðrjettingarskýrslu. Ef munurinn á hinni sannreyndu þyngd er innan ofangreindra takmarka, skal ekki breyta upplýsingum sendipósthússins og ekki senda neina leiðrjettingarskýrslu.

56. grein.

Útbúnaður yfirlitsskýrslna M. yfir lokaðan póstflutning.

1. — Eins fljótt og auðið er, þegar talningartímabilinu er lokið, búa ákvörðunarpósthúsin út í eins mörgum eintökum og hlutaðeigandi póststjórnir eru margar, þar með talin póststjórn sendistaðarins, yfirlitsskýrslur eins og meðfylgjandi fyrirmynd M. og senda yfirlitsskýrslurnar svo viðskiftapósthúsum sendipóststjórnarinnar til skriflegrar viðurkenningar. Þegar þessi pósthús svo hafa viðurkent þær, senda þau þær til aðalpóststjórnar sinnar, til þess að útbýta þeim milli hlutaðeigandi póststjórna.

2. — Ef yfirlitsskýrslurnar M. eru ekki komnar til viðskiftapósthúsa sendipóststjórnarinnar, eða ekki komnar þangað í nægilega mörgum eintökum, eftir 4 mánuði (6 mánuði í viðskiftum við lönd utan Evrópu), að telja frá þeim degi er síðasti póstur á talningartímabilinu er sendur af stað, búa þessi pósthús sjálf til skýrsluna, í nægilega mörgum eintökum og eftir sínum upplýsingum og bæta við athugasemdinni „Les relevés M du bureau destinataire ne sont pas parvenus dans le délai réglementaire", (yfirlitsskýrslur M ákvörðunarpósthússins komu ekki á tilteknum tíma), og senda þær svo aðalpóststjórn sinni, til þess að útbýta þeim milli hlutaðeigandi póststjórna.

57. grein.

Lokaður póstflutningur í skiftum við lönd utan sambandsins.

Hvað snertir skifti á lokuðum póstpokum milli lands innan og lands

56 utan sambandsins með milligöngu einnar eða fleiri póststjórna í sambandinu, þá skulu viðskiftapósthús hins fyrnefnda lands búa út fyrir sendan og meðtekinn póst, yfirlitsskýrslu M, sem þau svo senda til póststjórnar útgöngu- eða inngöngulandsins, en hún býr svo til í lok talningartímabilsins, aðalyfirlitsskýrslu í jafnmörgum eintökum og hlutaðeigandi póststjórnir í sambandinu eru margar, þar með talin hún sjálf og póststjórn sú, sem á að borga. Eitt eintak af þessari skýrslu skal sent póststjórninni, sem á að borga, svo og sjerhverri póststjórn, sem tekið hefir þátt í flutningnum.

58. grein.

Listi yfir lokaðan póstflutning í transít.

1. — Eins fljótt og auðið er, og undir öllum kringumstæðum ekki seinna en 6 mánuðum eftir að talningartímabilinu er lokið, skulu póststjórnir þær, sem sent hafa póstflutning í transít, senda lista yfir flutning þenna til hinna ýmsu póststjórna, er þær hafa notað sem milliliði.

Greini listi þessi frá póstflutningi í transít, sem eftir ákvæðum 55. greinar hjer á undan gefur ekki ástæðu til skýrslu M, skal bæta á hann, til skýringar, athugasemd svo sem „Sacs vides“ (tómir pokar) „Dépêches se composent uniquement d'une feuille d'avis négative“ (Póstflutningurinn er aðeins auð skrá), „Rebuts“ (endursent) eða „Poids ne dépasse pas 500 grammes“ (þyngdin eigi yfir 500 gr.).

Lokaður póstflutningur er kemur frá löndum hinumegin við, og er áframsendur í transítflutningnum og færður inn á töflu VI á brjefaskránni, skal tilgreindur á sjerstökum stað á listanum.

59. grein.

Lokaður póstflutningur, sem skiftst er á við herskip.

Það hvílir á póststjórnum þeirra landa, sem herskip eiga, að búa út yfirlitsskýrslur M viðvíkjandi póstflutningi, er herskip þessi senda eða taka á móti. Póstflutningur, sem sendur er á talningartímabilinu til herskipa skal bera á merkiseðlunum, dagsetninguna, þegar hann er sendur.

Ef þessi póstflutningur er áframsendur, skal póststjórnin, sem áframsendir, tilkynna það póststjórn landsins, sem á skipið.

60. grein.

Transítseðill.

Þegar leiðin, sem fara á, og flutningatækin, sem nota ber, fyrir póst, sem sendur er á talningartímabilinu, eru ókunn eða óviss, skal sendipóststjórnin eftir kröfu ákvörðunarpóststjórnar, útbúa fyrir hvern einstakan flutning seðil

eins og meðfylgjandi fyrirmynd T. Seðill þessi skal svo tafarlaust sendur hinum ýmsu póststjórnum, hverri á eftir annari, sem taka þátt í póstflutningnum og skrifa þær svo, hver á eftir annari, upplýsingar um transítina á hann. Síðasta transítpósthúsið skal senda T-seðilinn til ákvörðunarpósthússins. Seðill þessi er svo sendur af ákvörðunarpóststjórn til sendipóststjórnar sem fylgiskjal með M skýrslunni. 56

61. grein.

Talning sendinga í stykkjatali.

1. — Almennar sendingar og ábyrgðarsendingar, sem og brjef og öskjur með tilgreindu verði, er koma frá sjálfu landinu eða löndum hinumegin við og send eru í stykkjatali á talningartímabilinu, skulu færðar á brjefaskrána af viðskiftapósthúsi sendilandsins eins og hjer segir:

Correspondances à découvert.	Nombre.
Lettres	
Cartes postales	
Autres objets	

Sendingar, sem eru undanþegnar öllu transítgjaldi, samkv. ákvæðum 72. greinar alþjóðapóstsamningsins, skulu ekki tilfærðar í tölum þessum.

Til þess að gera athugunina auðveldari, skal viðskiftapósthúsið, sem sendir, setja vanalegar brjefasendingar, sem innritaðar eru á brjefaskrána, í sjerstök bundin með utanáskriftinni: „Correspondances à découvert". Ef nauðsyn krefur, skulu brjef, brjefspjöld og aðrar sendingar sett hvert í sitt sjerstaka bundin.

2. — Sjeu engar sendingar í stykkjatali, skrifar sendipósthúsið efst á brjefaskrána:

„Pas de correspondances à découvert".

3. — Upplýsingarnar á brjefaskránni skulu athugaðar af viðskiftapósthúsi ákvörðunarlandsins. Verði þetta pósthús vart við, fyrir hverja tegund sendinga um sig, að muni meiru en 5 sendingum, leiðrjettir það upplýsingarnar á brjefaskránni og tilkynnir þegar í stað sendipósthúsinu skekkjuna með leiðrjettingarskýrslu. Sje mismunurinn innan þessara takmarka, standa upplýsingar sendipósthússins óbreyttar.

4. — Þegar talningunni er lokið, býr viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins út í einu eintaki yfirlitsskýrslur (fyrirmynd O), sem það sendir tafarlaust til aðalpóststjórnarinnar, sem það heyrir undir.

62. grein.

Talning á póstflutningi í geymslu.

Viðvíkjandi póstflutningi, er sakir geymslu í höfn gefur ástæðu til þóknunar til þeirrar póststjórnar, sem geymir, samkvæmt fyrirmælum 71. greinar alþjóðapóstsamningsins, þá skal þessi póststjórn búa út, eftir sendilöndum, daglega yfirlitsskýrslu eins og fyrirmynd P^{bis}, er fylgir hjermeð, og sjeu þar upplýsingar viðvíkjandi póstflutningi, sem tekið er við til geymslu frá hlutaðeigandi landi á hinu 28 daga talningar-tímabili, án tillits til dagsetningar, þegar hinn umræddi flutningur hefir verið sendur eða áframsendur.

Upplýsingarnar á hinum daglegu skýrslum skulu endurteknar fyrir hvert sendiland, á skýrslu eins og fyrirmynd P^{ter}, er fylgir hjermeð, og skal hún síðan send aðalpóststjórn nefnds lands ásamt tilheyrandi yfirlitsskýrslum, fyrirmynd P^{bis}.

Endurtekningarskýrslan P^{ter} með áritaðri viðurkenningu póststjórnarinnar í landinu, sem sendi, skal síðan send ásamt yfirlitsskýrslunum, fyrirmynd P^{bis}, til aðalpóststjórnarinnar, sem geymslan heyrir undir.

63. grein.

Sjerstakir flutningar.

Auk loftflutninganna, er hinn svokallaði indverski póstur, sem fluttur er hraðleiðis yfir land, einn álitinn sem sjerstakur flutningur, er gefur ástæðu til aukatransítgjalds.

II. KAFLI.

Reikningsfærsla. Reikningsskil.

64. grein.

Reikningur yfir transítgjöldin.

1. — Þyngdin á lokuðum póstflutningi, talan á sendingum sendum í stykkjatali og, ef svo ber undir, talan á pokum geymdum í höfn, er alt margfaldað með 13, og útkoman sem þannig fæst er lögð til grundvallar fyrir sjerstökum reikningum, er greina í frönkum og sentímum hina árlegu transítupphæð, sem hverri póststjórn ber. Útbúningur reikninganna hvílir á þeirri póststjórninni, sem á inni, og sendir hún þá til póststjórnarinnar, sem á að borga. Ef margfaldarinn 13 fullnægir ekki póstviðskiftamagninu, eða ef um er að ræða óvenju miklar sendingar á talningartímabilinu, koma hlutaðeigandi póststjórnir sjer saman um annan margfaldara, sem skal gilda fyrir alt tímabilið, sem talningin á við.

2. — Vegna þyngdarinnar á pokunum og umbúðunum og þyngdar þeirra tegunda sendinga, sem eru undanþegnar öllu transítgjaldi, samkv. 72. grein alþjóðapóstsamningsins, skal aðalupphæðin á reikningunum yfir lokaðan póstflutning lækkuð um 10%. 56

3. — Hinir sjerstöku reikningar skulu búnir til eftir yfirlitsskýrslunum M, O og P^{bis} í 2 eintökum á eyðublöðin N, P og P^{ter}. Þeir skulu síðan sendir eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi 12 mánuðum eftir talningartímabilið, til sendipóststjórnarinnar.

4. — Ef póststjórnin, sem sendi reikninginn, fær enga leiðrjettingar-athugasemd á 6 mánuðum að telja frá því reikningurinn er sendur, skal hann álitinn rjettilega viðurkendur.

65. grein.

Árlegur aðallokareikningur. Milliganga alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Sje ekki öðruvísi ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skal alþjóðaskrifstofan búa út árlega aðallokareikning, sem innihaldi bæði transít- og geymslugjöld.

2. — Jafnskjótt og hinir sjerstöku reikningar milli tveggja póststjórna hafa verið viðurkendir eða álitnir rjettilega viðurkendir (4. liður næstu greinar á undan), skal hvor póststjórnin um sig tafarlaust senda alþjóðaskrifstofunni yfirlitsskýrslu (meðfylgjandi fyrirmynd Q), er greini aðalupphæðina á reikningum hennar. Þegar alþjóðaskrifstofan hefir móttekið þessa yfirlitsskýrslu frá einhverri póststjórn, gerir hún hinni póststjórninni, sem í hlut á, aðvart.

Sje ósamræmi milli tveggja samstæðra skilagreina frá tveimur póststjórnum, skal alþjóðaskrifstofan skora á þær að koma sjer saman og tilkynna sjer hina endanlegu upphæð, er þær verði ásáttar um.

Ef aðeins önnur póststjórnin skyldi senda yfirlitsskýrslu Q, þá skulu upplýsingar hennar teknar gildar, nema hin samstæða yfirlitsskýrsla hinnar póststjórnarinnar, sem á eftir er, nái til alþjóðaskrifstofunnar í tæka tíð fyrir næstu aðal-ársreikningsskil.

Fari um yfirlitsskýrslurnar eins og segir í 4. lið næstu greinar á undan, skal skrifa á þær athugasemdina: „Aucune observation de l'Office débiteur n'est parvenue dans le délai réglementaire". (Engin athugasemd kom frá hinni skuldugu póststjórn innan tiltekins tíma).

Ef tvær póststjórnir koma sjer saman um að gera sjerstakan millireikning, skal á Q-skýrslur þeirra skrifa athugasemdina: „Compte règlé à part — à titre d'information" (sjerstök reikningsskil — til upplýsingar), og eru þær ekki teknar með í hinum árlega aðal-lokareikningi.

Þessari athugasemd skal slept, þegar um er að ræða það, sem stendur í 3. lið 75. greinar alþjóðapóstsamningsins.

56 Í því tilfelli framkvæmir alþjóðaskrifstofan hinar nauðsynlegu undanþágur, og tilkynnir það hlutaðeigandi póststjórnum.

3. — Í lok hvers árs býr alþjóðaskrifstofan út, eftir yfirlitsskýrslum þeim, sem hafa komið til hennar til þess tíma og álitnar eru rjettilega viðurkendar, árs-aðallokareikning yfir transítgjöldin. Þessi lokareikningur inniheldur:

a) skuld og inneign hverrar póststjórnar um sig;
b) jafnaðarupphæðir þær, sem hver póststjórn skuldar eða á inni, og sýni þær mismuninn á milli skuldar og innieignar;
c) upphæðir þær, sem hinar skuldugu póststjórnir eiga að borga;
d) upphæðir þær, sem póststjórnirnar, er eiga inni, eiga að fá.

Alþjóðaskrifstofan sjer um, að tölu útborgana hinna skuldugu póststjórna sje fækkað eins og frekast er unt.

4. — Hinir árlegu aðal-lokareikningar skulu sendir póststjórnum sambandsins frá alþjóðaskrifstofunni eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan loka fyrsta ársfjórðungs næsta árs á eftir að þeir hafa verið gerðir upp.

66. grein.

Borgun á transítgjöldum.

1. — Nema öðruvísi sje ákveðið, skal reikningsjöfnuður sá, sem kemur fram á hinum árlega lokareikningi alþjóðaskrifstofunnar eða á hinum sjerstöku millireikningum, greiddur af hinni skuldugu póststjórn til þeirrar, sem á inni, í gulli eða víxlum, er borgist við sýningu í höfuðstað eða verslunarborg landsins, sem á inni.

Sje borgað með víxlum, skulu þeir skrifaðir í mynt landsins, sem á inni, og með upphæð, er á kaupdegi jafngildir upphæð þeirri, sem reikningsjöfnuðurinn hljóðar á, í gullfrönkum. Greiðslukostnaðinn ber póststjórn sú, sem skuldar.

Víxla þessa má einnig gefa út á annað land, með því skilyrði, að þeir hafi sama jafngildi, og að hin skulduga póststjórn greiði kostnaðinn.

2. — Borgun á ofangreindum reikningsjöfnuði skal framkvæmd eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi fyrir Evrópu-lönd innan fjögra mánaða frests, og fyrir önnur lönd 5 mánaða frests, að telja frá þeim degi, er lokareikningurinn er sendur frá alþjóðaskrifstofunni, eða beiðni um borgun er send frá póststjórninni, sem á inni, til póststjórnarinnar, sem skuldar, þegar um er að ræða sjerstök reikningsskil.

Þegar þessir frestir eru liðnir, skal af upphæðum þeim, sem skuldast, reikna 7% ársvexti, að telja frá þeim degi, er ofannefndir frestir renna út.

Áttundi bálkur. 56

Ýms ákvæði.

EINASTI KAFLI.

67. grein.

Svarmerki.

1. — Svarmerkin eru að gerð eins og meðfylgjandi fyrirmynd A sýnir, og lætur alþjóðaskrifstofan prenta þau á pappír með þessum orðum í vatnsmerki:

40 c. Union postale universelle 40 c.

2. — Sjerhver póststjórn hefir leyfi til:

a) að setja greinilega gegnumstungu (perforation) á svarmerkin, sem ekki skaðar lesmálið nje er þannig, að hún valdi örðugleikum við athugun þessara verðmiða;

b) að breyta, annaðhvort með hendinni eða með prentun, söluverði því, sem stendur á merkjunum.

3. — Alþjóðaskrifstofan útvegar merkin með innkaupsverði.

4. — Sje ekki öðruvísi ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skulu svarmerki þau, sem skiftst hefir verið á, send á ársfresti til póststjórnanna, sem hafa gefið þau út, með upplýsingum um tölu þeirra og verðgildi.

5. — Jafnskjótt og tvær póststjórnir eru orðnar á eitt sáttar um töluna á svarmerkjum þeim, sem skiftst hefir verið á, þeirra á milli, skal hver póststjórnanna um sig búa til yfirlitsskýrslu (meðfylgjandi fyrirmynd U), er segi til um inneign eða skuldarupphæð, og senda þær svo alþjóðaskrifstofunni. Komi póststjórnirnar sjer ekki saman innan sex mánaða, býr sú póststjórnin, sem inni á, út lokareikning sinn og sendir hann alþjóðaskrifstofunni. Við útbúning þessara yfirlitsskýrslna skal verð hvers svarmerkis reiknað reiknað 40 sentímar. Alþjóðaskrifstofan tekur svo reikningsupphæðina inn í árslokareikning.

Ef aðeins önnur póststjórnanna sendir yfirlitsskýrslu (fyrirmynd U), skulu upplýsingar hennar teknar trúanlegar.

6. — Þegar ársupphæðin í viðskiftum milli tveggja póststjórna fer ekki fram úr 25 frönkum, er sú póststjórnin, sem skuldar, laus við alla borgun í þessu efni, og yfirlitsskýrsla er ekki gerð.

7. — Hafi tvær póststjórnir orðið ásáttar um að gera sjerstök reikningsskil sín á milli, senda þær enga yfirlitsskýrslu til alþjóðaskrifstofunnar.

8. — Greiðsla á reikningsjöfnuðum fer fram samkvæmt skilyrðunum, sem nefnd eru í 66. grein.

68. grein.

Skilríkisspjöld.

1. — Póststjórnirnar ákveða, hvaða pósthús eða póststaðir skuli afhenda skilríkisspjöld.

2. — Skilríkisspjöldin skulu gefin út á eyðublöðum, eins og meðfylgjandi fyrirmynd F. Eyðublöð þessi eru látin í tje af alþjóðaskrifstofunni með innkaupsverði.

3. — Þegar beðið er um skilríkisspjald, skal umsækjandi láta fylgja mynd af sjer og sanna, að hann sje sá, er hann segist vera. Póststjórnirnar setja reglur þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að skilríkisspjöld sjeu ekki afhent fyr en eftir að búið er að rannsaka nákvæmlega, að umsækjandinn sje sá, sem hann segist vera.

Póstmaðurinn færir beiðnina inn á skrá, útfyllir skilríkisspjaldið með bleki og latneskri skrift eins og eyðublaðið segir fyrir, límir ljósmyndina á það á sinn tiltekna stað, límir frímerki fyrir gjaldinu, hálft á myndina og hálft á spjaldið, og ónýtir svo frímerkið með dagstimplinum, þannig að stimpillinn sje mjög greinilegur.

Þessu næst stimplar hann spjaldið á ný með dagstimplinum eða embættisinnsigli sínu, þannig að það nái bæði yfir myndina ofantil og spjaldið, setur síðan sama stimpil á framhlið spjaldsins, og afhendir það hlutaðeiganda, eftir að hann hefir fengið undirskrift hans.

4. — Þegar útlit eiganda hefir breytst svo, að það svari eigi lengur til ljósmyndarinnar eða lýsingarinnar á honum, skal endurnýja spjaldið.

5. — Sjerhvert land hefir rjett til þess að afhenda skilríkisspjöld við alþjóðapóstþjónustu, samkvæmt reglum þeim, sem hún notar í innanlandsþjónustu sinni.

69. grein.

Skifti á póstflutningi við herskip.

1. — Skifti á lokuðum póstpokum milli einnar póststjórnar í sambandinu og flotadeilda eða herskipa af sama þjóðerni, eða milli einnar flotadeildar og herskips og annarar flotadeildar og herskips af sama þjóðerni, skulu tilkynt milliliggjandi póststjórnum fyrirfram, eins fljótt og auðið er.

2. — Utanáskrift þessara póstpoka skal vera þannig:

Du bureau de .....

Pour { la division navale (þjóðerni) ..... de (nafn flotadeildarinnar) ..... à .....

Pour { le bâtiment (þjóðerni) ..... le (nafn skipsins) ..... à .....

(Nafn ákvörðunarlands).

56

eða:

De la division navale ..... (þjóðerni) ..... de (nafn flotadeildarinnar) ..... à .....
Du bâtiment ..... (þjóðerni) ..... le ..... (nafn skipsins)
..... à .....
Pour le bureau de .....
(Nafn ákvörðunarlands).

eða:

De la division navale ..... (þjóðerni) ..... de (nafn flotadeildarinnar) ..... à .....
Du bâtiment ..... (þjóðerni) ..... le ..... (nafn skipsins)
..... à .....
Pour { la division navale (þjóðerni) ..... de (nafn flotadeildarinnar)
..... à .....
le bâtiment (þjóðerni) ..... le (nafn skipsins)
..... à .....
(Nafn ákvörðunarlands).

3. — Póstpokar til eða frá flotadeildum eða herskipum, skulu fluttir, þegar engin sjerstök leið er tilgreind á utanáskriftinni, fljótustu leið og með sömu skilyrðum og póstflutningur, sem skiftst er á milli pósthúsa.

Skipstjóri póstskips, sem flytur póstsendingar til flotadeildar eða herskipa, geymir þær til afhendingar yfirmanni flotadeildarinnar eða herskipsins, sem þær eiga að fara til, ef hann kynni að biðja um þær á leiðinni.

4. — Ef skipin eru ekki á ákvörðunarstað þegar póstflutningur til þeirra kemur þangað, skal flutningurinn geymdur á pósthúsinu þangað til hann verður sóttur af viðtakanda eða áframsendur. Áframsendingar getur annaðhvort sendipóststjórnin krafist eða yfirmaður flotadeildarinnar eða herskipsins, sem pósturinn á að fara til, eða þá ræðismaður sömu þjóðar.

5. — Þær af póstsendingum þeim, sem hjer um ræðir, er bera athugasemdina „Aux soins du Consul de .....“, skulu afhentar ræðismanni sendilandsins. Eftir beiðni ræðismannsins má svo taka þær til póstflutnings á ný og áframsenda til hins upprunalega staðar eða á annan ákvörðunarstað.

6. — Póstflutningur til herskips skal álitinn að vera í transít þangað til hann er afhentur yfirmanni herskipsins, jafnvel þótt upprunalega hafi verið skrifað utan á hann til pósthúss eða ræðismanns, sem milliliðs; skal flutningurinn þar af leiðandi ekki álitinn kominn á ákvörðunarstað á meðan hann hefir ekki verið afhentur hlutaðeigandi herskipi.

70. grein.

Eyðublöð til afnota fyrir almenning.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 31. greinar alþjóðapóstsamningsins, skulu þessi eyðublöð álitin til afnota fyrir almenning:

C (Móttökukvittun); D^{bis} (Alþjóðapóstkröfuávísun); D^{ter} og D^{quater} (Tollmiðar); F (Skilríkisspjald); H (Upplýsingar viðvíkjandi fyrirspurn um almenna sendingu); I (Fyrirspurn um ábyrgðarsendingu) og J (Beiðni um afturköllun sendingar eða breytingu á utanáskrift).

71. grein.

Geymslufrestur skjala.

Skjöl þau, er snerta alþjóðapóststarfið, skulu geymd um tveggja ára tíma minst.

Níundi bálkur.

Alþjóðaskrifstofan.

EINASTI KAFLI.

72. grein.

Póstþing og póstfundir.

Alþjóðaskrifstofan undirbýr störf póstþinga og póstfunda. Hún sjer um prentun og útbýtingu á hinum nauðsynlegu skjölum.

Forstjóri skrifstofunnar er viðstaddur á fundum póstþinganna og póstfundanna og tekur þátt í umræðum, án þess að hafa atkvæðisrjett.

73. grein.

Upplýsingar. Óskir um breytingar á samningunum.

Alþjóðaskrifstofan skal ætíð vera reiðubúin til þess að láta meðlimum sambandsins í tje allar þær upplýsingar, er þeir kynnu að þurfa viðvíkjandi atriðum, er snerta alþjóðapóststarfið.

Hún leggur fyrir allar óskir, sem fram koma um breytingar eða skilning á ákvæðum þeim, sem gilda fyrir póstsambandið, og tilkynnir úrslitin, þegar álits er leitað.

74. grein.

Útgáfur.

1. — Alþjóðaskrifstofan gefur út, eftir skýrslum þeim, sem henni eru látnar í tje, sjerstakt blað á þýsku, ensku, spönsku og frönsku.

2. — Hún birtir, eftir upplýsingum þeim, sem gefnar eru samkvæmt fyrirmælum 82. greinar hjer á eftir, opinbert safn af öllum þeim upplýsingum, er almenning varða, og snerta framkvæmd á alþjóðapóstsamningnum og þessari reglugjörð, í sjerhverju sambandslandanna. Áorðnar breytingar seinna, birtast í viðbótarsafni á hálfs árs fresti. En þegar það er sjerstaklega áríðandi, og einhver póststjórn biður ákveðið um það, eru breytingarnar tilkyntar með sjerstöku umburðarbrjefi.

Tilsvarandi söfn, er snerta framkvæmdir á hinum sjerstöku samningum sambandsins, getur alþjóðaskrifstofan birt, þegar póststjórnir þær, sem taka þátt í þessum samningum, fara fram á það.

3. — Öll skjöl, sem alþjóðaskrifstofan gefur út, skulu send póststjórnum sambandsins í eins mörgum eintökum og útgjaldaeiningarnar eru, sem ákveðnar eru fyrir hverja póststjórn í 24. grein alþjóðapóstsamningsins.

Öll eintök og skjöl, sem póststjórnirnar kynnu að biðja um, fram yfir þessa tölu, skulu þær borga sjerstaklega með innkaupsverði.

4 — Alþjóðaskrifstofan er skyld að gefa út nafnabók yfir öll pósthús heimsins, raðað í stafrófsröð, og með sjerstakri athugasemd við þau pósthús, er hafa á hendi póststörf, sem eru ekki enn þá sameiginleg fyrir öll pósthús. Þessari nafnabók skal haldið við sem nothæfri, með viðbótarheftum eða á annan hátt, sem skrifstofan álítur heppilegan.

Nafnabók þessi er send póststjórnum sambandsins í 10 eintökum fyrir hverja útgjaldaeiningu, sem ákveðin er fyrir þær með 24. grein alþjóðapóstsamningsins.

Öll eintök framyfir, sem póststjórnirnar kynnu að biðja um, skulu þær borga sjerstaklega með innkaupsverði.

75. grein.

Árleg skýrsla.

Alþjóðaskrifstofan gefur út árlega skýrslu um starfsemi sína, og er hún send öllum sambandslöndunum.

76. grein.

Mál alþjóðaskrifstofunnar.

Hið opinbera mál alþjóðaskrifstofunnar er franska.

77. grein.

Svarmerki. Skilríkisspjöld. Jafngildistafla.

Alþjóðaskrifstofan er skyld að sjá um:

a) tilbúning og afhendingu á svarmerkjum, svo og greiðslujöfnuð reikninga þeirra, er tilheyra þessari þjónustu;

b) tilbúning og útbýtingu á skilríkisspjöldum, svo og tilbúning og útbýtingu á jafngildistöflunni, sem nefnd er í 4. grein hjer að framan.

78. grein.

Reiknings- og greiðslujöfnuður reikninga.

1. — Skrifstofa alþjóðapóstsambandsins er skyld að sjá um reiknings- og greiðslujöfnuð á hverskonar reikningum, sem snerta alþjóðapóststarfið milli póststjórna sambandsins, sem ætla að nota aðstoð hennar. Þær koma sjer í þessu efni saman sín á milli og við skrifstofuna.

2. — Eftir beiðni hlutaðeigandi póststjórna má einnig láta alþjóðaskrifstofunni í tje símalokareikninga, til þess að takast upp í greiðslujöfnuðinn.

3. — Sjerhver póststjórn hefir rjett til, eftir því sem henni sýnist, að gera upp sjerstaka reikninga fyrir ýmsar greinar póststarfsins og gera út um þá, eins og hún vill, við hlutaðeigandi póststjórn, án þess að nota hjálp aðalskrifstofunnar, og skal hún þá aðeins tilkynna skrifstofunni, við hvaða greinar póststarfsins og við hvaða lönd hún óskar aðstoðar hennar.

4. — Þær póststjórnir, sem nota aðstoð alþjóðaskrifstofunnar við reiknings- og greiðslujöfnuð lokareikninganna, geta hætt að nota þessa aðstoð 3 mánuðum eftir að þær hafa sent tilkynningu um það.

79. grein.

Reikningsgerð.

1. — Þegar búið er að endurskoða og viðurkenna hina sjerstöku reikninga eftir samkomulagi, skulu hinar skuldugu póststjórnir senda póststjórnunum, sem eiga inni, fyrir hverja sjerstaka tegund viðskifta, viðurkenning fyrir upphæð reikningsjafnaðarins milli hinna tveggja sjerstöku reikninga, í frönkum og sentímum, með upplýsingum um, fyrir hvað inneignin sje og við hvaða tímabil hún eigi.

Sje eigi öðruvísi ákveðið, skal sú póststjórn, sem sakir reikningsfærslu sinnar innanlands, kynni að óska eftir að fá aðalreikninga, sjálf búa þá til og leggja þá síðan fyrir hinn aðilann til viðurkenningar.

Póststjórnirnar geta komið sjer saman um að innleiða annað fyrirkomulag í viðskiftum sínum.

2. — Sjerhver póststjórn sendir alþjóðaskrifstofunni mánaðarlega eða

ársfjórðungslega, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, skýrslu um inneign 56
sína samkvæmt hinum sjerstöku reikningum, svo og summu þeirra upphæða, sem hún á inni hjá sjerhverri póststjórn í sambandinu; sjerhver inneign, sem stendur í þessari skýrslu, skal vera samþykt með viðurkenningu frá hinni skuldugu póststjórn.

Þessi skýrsla skal vera komin alþjóðaskrifstofunni í hendur í síðasta lagi þann 19. hvers mánaðar eða í fyrsta mánuði hvers ársfjórðungs; að öðrum kosti verður hún ekki tekin fyr en í greiðslujöfnuð næsta mánaðar eða næsta ársfjórðungs á eftir.

3. — Alþjóðaskrifstofan ber síðan viðurkenningarnar saman og rannsakar, hvort skýrslurnar sjeu nákvæmlega rjettar. Allar nauðsynlegar leiðrjettingar skulu tilkyntar hlutaðeigandi póststjórnum.

Skuld sjerhverrar póststjórnar til annarar er síðan færð í yfirlitsreikning; til þess að fastákveða aðalupphæðina, sem sjerhver póststjórn skuldar, er nóg að leggja saman hina ýmsu dálka í þessum yfirlitsreikningi.

80. grein.

Aðaljafnaðarreikningur.

1. — Alþjóðaskrifstofan safnar skýrslunum og yfirlitsreikningunum saman í aðaljafnaðarreikning, sem sýni:

a) aðalupphæð skuldar og inneignar hjá hverri póststjórn;
b) skuldar- eða inneignarsaldo sjerhverrar póststjórnar, er sýni mismuninn milli skuldarinnar og inneignarinnar;
c) upphæðir þær, sem einn hluti meðlima póstsambandsins á að greiða einni póststjórn, eða gagnkvæmt þær upphæðir, sem þessi póststjórn á að greiða.

Að svo miklu leyti sem hægt er, skal hún sjá um það, að hver póststjórn þurfi ekki að framkvæma meira en eina eða tvær útborganir, til þess að losna við skuldir sínar.

Þó á sú póststjórn, er að jafnaði á yfir 50.000 franka til góða hjá annari póststjórn, rjett á að heimta fyrirfram borganir (à conto-borganir).

Þessar fyrirfram borganir skulu, bæði af hinni skuldugu póststjórn og þeirri, sem á til góða, ritaðar neðst á skýrsluna, sem send er til alþjóðaskrifstofunnar.

2. — Viðurkenningum þeim, sem sendar eru til alþjóðaskrifstofunnar með skýrslunum, skal raðað eftir póststjórnum.

Þær skulu lagðar til grundvallar fyrir reikningsuppgerð hverrar hlutaðeigandi póststjórnar um sig. Þessar reikningsuppgerðir skulu sýna:

a) upphæðir sjerreikninganna yfir hin ýmsu viðskifti;
b) aðalupphæð allra sjerreikninga samanlagðra fyrir hverja hlutaðeigandi póststjórn um sig;
c) aðalupphæðir þeirra upphæða, sem skuldast öllum póststjórnunum, sem

56 inneign eiga fyrir hverja grein póststarfsins um sig, svo og höfuðupphæð þessara aðalupphæða.

Þessi höfuðupphæð er jöfn aðalupphæð skuldarinnar á yfirlitsreikningnum. Neðst á reikningsuppgerðinni er gerður upp mismunurinn á milli skuldar og inneignar, sem sýndar eru á skýrslunum, er póststjórnirnar senda alþjóðaskrifstofunni. Nettóupphæð skuldar og inneignar skal vera jöfn skuldar og inneignar saldo, sem færð er í aðaljafnaðarreikningi. Ennfremur skýrir reikningsuppgerðin frá, hverjum hinar skuldugu póststjórnir eigi að borga.

Þessar reikningsuppgerðir skal alþjóðaskrifstofan hafa sent hlutaðeigandi póststjórnum í síðasta lagi þann 22. dag í hverjum mánuði.

81. grein.

Greiðsla.

Greiðsla á upphæðum þeim, sem ein póststjórn er annari skuldug, samkvæmt reikningsuppgerð, skal fara fram eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi hálfum mánuði eftir að reikningsuppgerðin er komin í hendur þeirri póststjórn, sem á að borga. Að því er aðra borgunarskilmála snertir, skulu ákvæðin í 1. lið 66. greinar hjer á undan gilda um þá. Ákvæðunum í 2. lið sömu greinar má beita, ef þörf krefur, þegar saldóin hefir ekki verið greidd innan hins tiltekna tíma.

Skuldar- eða inneignarsaldó, sem fer ekki fram úr 500 frönkum, má færa til reikningsjafnaðar í næsta mánuði á eftir, en þó því aðeins, að hlutaðeigandi póststjórnir hafi samband við alþjóðaskrifstofuna á hverjum mánuði. Athugasemd um þessa yfirfærslu er gerð á yfirlitsreikningana og reikningsuppgerðirnar handa hinum skuldugu póststjórnum og þeim, sem eiga inni. Hin skulduga pststjórn sendir þeirri póststjórn, sem inni á, viðurkenningu á upphæðinni, sem hún skuldar, til yfirfærslu í næstu skýrslu.

82. grein.

Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Póststjórnirnar skulu sjerstaklega tilkynna hver annari um alþjóðaskrifstofuna:

a) upplýsingar um aukaburðargjöld þau, sem þær kunna að taka samkvæmt 38. og 73. grein alþjóðapóstsamningsins, fyrir sjerstaka flutninga, svo og lista yfir nöfn þeirra landa, sem aukaburðargjaldið er tekið í viðskiftum við, og, ef svo ber undir, tilgreina póstþjónustur þær, er valda því, að aukaburðargjöldin eru tekin;

b) þrjú stykki af öllum póstfrímerkjum þeirra og stimpilmerkjum frímerkingarvjela þeirra, sem eru opinberlega viðurkendar, ásamt upplýsingum,

ef þörf krefur, um frá hvaða degi eldri frímerkjaútgáfur hætti að vera í gildi; 56

c) ákvörðun sína viðvíkjandi leyfi því, sem póststjórnunum er veitt til þess að beita eða beita ekki vissum almennum ákvæðum í alþjóðapóstsamningnum og reglugjörðinni;

d) burðargjaldslækkanir þær, sem þær hafa samþykt samkvæmt 5. grein alþjóðapóstsamningsins, svo og tilkynningu um, í hvaða viðskiftum þetta lækkaða burðargjald er notað;

e) skrá yfir pósthús þau, sem þær hafa í löndum utan sambandsins;

f) lista yfir þá hluti, sem bannaðir eru til innflutnings eða í transít, svo og þá hluti, sem fluttir verða í póstþjónustu hverrar um sig með vissum skilyrðum;

g) lista yfir öll útgerðarfjelög póstskipa, sem sigla úr höfnum þeirra og eru notuð undir póstflutning, ásamt upplýsingum um siglingaleiðir, fjarlægðir og tímalengd siglinga milli viðkomuhafna, hversu ferðirnar eru tíðar og hvaða löndum eigi að greiða sjótransít, ef póstskipin eru notuð;

h) símnefni sín;

i) upplýsingar um, að þær leyfi tollskylda hluti í sendingum, sem frímerktar eru eftir brjefataxta.

2. — Sjerhver breyting, sem seinna kann að vera gerð á einhverju ofangreindra atriða, skal tilkynt tafarlaust.

3. — Póststjórnirnar skulu senda alþjóðaskrifstofunni 2 eintök af skjölum þeim, sem þær gefa út og snerta póststarfið, jafnt innanlands sem utan.

83. grein.

Skrá yfir lönd utan sambandsins.

Póststjórnir þær í sambandinu, sem hafa viðskifti við lönd utan sambandsins, láta hinum póststjórnunum í sambandinu í tje skrá yfir þessi lönd. Skrá þessi skal hafa eftirfarandi upplýsingar:

a) sjó- og landtransítgjöld, sem reiknuð eru við flutninginn fyrir utan takmörk sambandsins;

b) hvaða tegundir sendinga sjeu leyfðar;

c) hvort frímerking sje skyldugt að viðhafa eða ekki;

d) hve langa leið burðargjaldið, sem tekið er, gildir fyrir hverja tegund sendinga (til ákvörðunarstaðar, uppskipunarhafnar, o. s. frv.);

e) hve mikil hin peningalega ábyrgð er, þegar um ábyrgðarsendingar er að ræða;

f) hvort móttökukvittanir sjeu leyfðar eða ekki leyfðar;

g) burðargjaldstaxta landsins utan sambandsins, sem gildir í viðskiftum þess við lönd innan sambandsins.

84. grein.

Almenn talning sendinga.

1. — Alþjóðaskrifstofan býr til almenna statistik fyrir hvert ár. Til þess senda póststjórnirnar henni eins fullkomið safn og hægt er af statistiskum upplýsingum í skýrsluformi, er skal fylla út eins og meðfylgjandi fyrirmyndir R og S sýna. Skýrsluna R skal senda í lok júlímánaðar hvert ár, en upplýsingar þær, sem getur um í I., II. og IV. kafla skýrslunnar, skal aðeins gefa þriðja hvert ár. Skýrslan S skal sömuleiðis send þriðja hvert ár á sama tíma. Upplýsingar þær, sem gefnar eru, eiga ætíð við árið á undan.

2. — Þær greinar póststarfsins, sem gefa tilefni til sjerstakrar innfærslu í bækur, skulu teknar á tímabundnar (periodiskar) skýrslur, eftir því, sem bækurnar sýna.

3. — Viðvíkjandi öðrum greinum póststarfsins, þá skal árlega framkvæmd heildartalning á allskonar sendingum, án þess að greina milli brjefa, spjaldbrjefa, prents, verslunarskjala og sýnishorna af vöru, og þriðja hvert ár að minsta kosti talning á hinum ýmsu tegundum sendinga.

4. — Talningin fer fram í viku, þegar um dagleg póstviðskifti er að ræða, en í 4 vikur, þar sem ekki eru dagleg póstviðskifti. Sjerhverri póststjórn er heimilt að framkvæma þessa statistisku talningu á þeim tíma, sem sýnir best meðaltalið af póstviðskiftum hennar.

5. — Á tímabilinu milli hinna sjerstöku talninga, skal framkvæma talninguna á hinum ýmsu tegundum sendinga eftir hlutfallstölum, sem fást úr hinni sjerstöku talningu á undan.

6. — Alþjóðaskrifstofan lætur prenta og útbýtir eyðublöðum þeim, sem sjerhver póststjórn á að útfylla. Hún veitir þeim póststjórnum, sem kynnu að æskja þess, allar nauðsynlegar upplýsingar viðvíkjandi reglum þeim, sem fylgja ber, til þess að talningin verði eins samræmd og hægt er.

85. grein.

Útgjöld alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Hin vanalegu útgjöld við alþjóðaskrifstofuna mega ekki á ári fara fram úr 300.000 svissneskum frönkum.

2. — Hin svissneska póststjórn hefir eftirlit með útgjöldum alþjóðaskrifstofunnar, lætur henni í tje nauðsynlegar fyrirframgreiðslur og býr út hinn árlega reikning, sem síðan er sendur hinum póststjórnunum.

3. — Fyrirframgreiðslur þær, sem hin svissneska póststjórn lætur í tje samkvæmt 2. lið þessarar greinar, skulu endurgreiddar af hinum skuldugu póststjórnum þannig, að sem allra styst sje umliðið, og í síðasta lagi fyrir 31. desember þess árs, sem reikningurinn er sendur. Þegar þessi frestur er

liðinn, falla vextir til nefndar póststjórnar á upphæðirnar, sem skuldast, 7% á ári, að telja frá þeim degi, er fresturinn rennur út. 56

4. — Löndum sambandsins er flokkað þannig niður, að því er snertir niðurjöfnun útgjaldanna:

1. flokkur: Suður-Afríku-sambandið, Þýskaland, Bandaríki Ameríku, Argentína (lýðveldi), Ástralska samveldið (Commonwealth of Australia), Canada, Kína, Frakkland, Stóra-Bretland, Breska Indland, Fríríkið Írland, Ítalía, Japan, Nýja-Sjáland, Tyrkland, Samband hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja.

2. flokkur: Spánn, Mexíkó.

3. flokkur: Belgía, Brasilía, Egyptaland, Grikkland, Ungverjaland, Holland, Pólland, Rúmenía, Konungsríki Serba, Króata og Slóvena, Svíþjóð, Sviss, Tjekkoslóvakía, Algérie, Franskar nýlendur og vernduð lönd í Indókína, Allar aðrar franskar nýlendur, Allar eyjaeignir Bandaríkja Ameríku nema Filippseyjar, Hollenska Indland.

4. flokkur: Chosen, Danmörk, Finnland, Noregur, Portúgal, Portúgalskar nýlendur í Afríku, Portúgalskar nýlendur í Asíu og Eyjaálfunni.

5. flokkur: Búlgaría, Chili, Colombía, Estland, Lettland, Marokkó (ekki spanski hlutinn), Marokkó (spanski hlutinn), Perú, Tunis.

6. flokkur: Albanía, Bolivía, Costa-Rica, Cuba, Fríborgin Danzig, Dominikanska lýðveldið, Equator, Ethiopia, Guatemala, Haïti, Lýðveldið Hondúras, Lithauen, Lúxemburg, Lýðveldið Nicaragua, Lýðveldið Panama, Paraguay, Persía, Lýðveldið Salvador, Saar-hjeraðið, Konungsríkið Síam, Uruguay, Venezuela, Hollenskar nýlendur í Ameríku.

7. flokkur: Austurríki, Belgiska Congo, Spánskar lendur við Guineaflóann, Ísland, Allar ítalskar nýlendur, Allar japanskar eignir aðrar en Chosen, Líbería, Filippseyjar, Lýðveldið San Marino.

Niðurlagsatriði.

86. grein.

Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og alþjóðapóstsamningurinn gengur í gildi. Hún skal og gilda jafnlengi og þessi alþjóðapóstsamningur, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðila.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

56 # Loka-ákvæði starfsreglugjörðarinnar.

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að rita undir starfsreglugjörð alþjóðasamningsins, sem samþykt var á póstþinginu í Stokkhólmi, komu þeir sjer saman um það, sem hjer segir:

I.

Sjerstök transíttalning fyrir tyrkneska lýðveldið.

Hin tyrkneska póststjórn hefir rjett til þess að láta sjerstaka talningu fara fram í október—nóvember árið 1925 á póstflutningi frá og til Persíu og landanna, sem liggja sunnan við Tyrkland í Asíu. Hún skal lögð til grundvallar við reikninga fyrir transítgjöldin yfir alt tímabilið, sem nefnt er í alþjóðapóstsamningnum og reglugjörðinni.

II.

Sjerstök transíttalning fyrir samband hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja.

Sambandi hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja er leyfilegt að láta sjerstaka talningu fara fram í október—nóvember árið 1925 á brjefasendingum í transít með Síberíubrautinni. Talning þessi skal lögð til grundvallar við reikninga fyrir transítgjöldin yfir tímabilið 1924—1928.

III.

Borgun á transítgjöldunum.

1. — Þegar reikningsjöfnuðurinn, sem ræðir um í 66. grein, er borgaður með víxlum, skulu þeir skrifaðir í mynt lands, þar sem seðlar eru innleysanlegir við sýningu með gulli, og þar sem inn- og útflutningur á gulli er frjáls. Sje um mörg lönd að ræða, þar sem myntin uppfyllir þessi skilyrði, á inneignarlandið að ákveða þá mynt, sem því hentar. Myntbreytingin er gerð eftir gullpeninga verði.

2. — Víxlana má einnig skrifa í mynt inneignarlandsins, ef bæði löndin hafa orðið ásátt í því efni. Í því tilfelli er reikningsjöfnuðinum breytt eftir gullpeninga verði í mynt einhvers lands, þar sem seðlar eru innleysanlegir með gulli og inn- og útflutningur á gulli er frjáls. Því, sem þannig fæst út, er síðan breytt í mynt landsins, sem skuldar, og þeirri útkomu í mynt inneignarlandsins eftir kauphallargengi höfuðborgar eða einhverrar verslunarborgar landsins, sem skuldar, þann dag, sem beðið er um víxilkaup.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi loka-ákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi eins og þótt þau hefðu verið sett í sjálfan texta regjugjörðarinnar, sem þau eiga við, og hafa þeir undirskrifað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku stjórnar, og skal hver aðili fá afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein. Svið samningsins.
2. — Hámark hins tilgreinda verðs.
3. — Burðargjöld.
4. — Almenn skilyrði.
5. — Póstkvittun.
6. — Gjald fyrir útburð og aftollun. Poste-restante gjald.
7. — Tollgjöld og önnur ekki-póstgjöld. Umboðsgjöld.
8. — Útburður með hraðboða.
9. — Sviksamleg tilgreining verðs.
10. — Forboð.
11. — Engin frímerking.
12. — Afturköllun. Breyting á utanáskrift.
13. — Móttökukvittun.
14. — Áframsending. Óskilasendingar.
15. — Fyrirspurnir.

II. KAFLI.

Ábyrgð.

16. grein. Víðtæki ábyrgðar.
17. — Undantekning ábyrgðar.
18. — Hvenær ábyrgð hættir.
19. — Greiðsla skaðabóta. Greiðslufrestur.
20. — Um hver ber ábyrgðina.
21. — Takmörkun ábyrgðar.
22. — Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

III. KAFLI.

Póstkröfusendingar.

23. grein. Burðargjald og skilyrði.
24. — Afnám eða breyting póstkröfuupphæðar.
25. — Ábyrgð ef sending glatast, er rænd eða skemmist.
26. — Skaðabætur fyrir vanrækslu, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.
27. — Ábyrgð á hinum innheimtu upphæðum. — Útborgunarskylda. — Frestur og aðgangur til endurgreiðslu. — Skifting á burðargjaldinu.

IV. KAFLI.

Um hver fær burðargjöldin. — Transítgjöld.

28. grein. Um hver fær burðargjöldin.
29. — Transít- og geymslugjöld.

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

30. grein. Breyting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
31. — Pósthús, sem taka þátt í starfinu.
32. — Samþykt á frumvörpum milli póstþinga.

Niðurlagsatriði.

33. grein. Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann gildir.

Loka-ákvæði.

Einasta grein. Hámark hins tilgreinda verðs.

Alþjóðapóstsambandið. 56

Samningur

um

skifti á brjefum og öskjum með tilgreindu verði

gerður milli

Albaníu; Þýskalands; Lýðveldisins Argentínu; Austurríkis; Belgíu; Belgisku Congo; Bolivíu; Brasilíu; Búlgaríu; Chili; Kína; Lýðveldisins Columbíu; Lýðveldisins Cúba; Danmerkur; Fríborgarinnar Danzig; Egyptalands; Spánar; Spánskra nýlenda; Estlands; Etiópíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlenda og verndaðu landa í Indókína; Allra annara franskra nýlenda; Stórabretlands og ýmsra breskra nýlenda og verndaðra landa; Grikklands; Guatemala; Lýðveldisins Haïti; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Breska Indlands; Fríríkisins Írlands; Íslands; Ítalíu; Allra ítalskra nýlenda; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lettlands; Lýðveldisins Líberíu; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spanska hlutanum); Marokkó (spanski hlutinn); Nicaragua; Noregs; Nýja Sjálands; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenskra Indía; Hollenskra nýlenda í Ameríku; Perú; Persíu; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlenda í Afríku; Hinna portúgölsku nýlenda í Asíu og í Eyjaálfunni; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Salvador; Saarhjeraðsins; Konungsríkis Serba; Króata og Slóvena; Konungsríkisins Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tjekkoslovakíu; Tunis; Tyrklands; Sambands hinna sosialistisku ráðstjórnarríkja og Bandaríkja Venezuela.

Samkvæmt 3. grein alþjóðapóstsamningsins hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofannefndum löndum í sameiningu og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttir um eftirfarandi samning:

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein.

Svið samningsins.

Milli samningslandanna má senda, undir nafninu brjef eða öskjur með tilgreindu verði, brjef sem innihalda verðbrjef og verðmæt skjöl, svo og öskjur, sem innihalda gimsteina og dýrgripi, með ábyrgð á innihaldinu fyrir hinni tilgreindu upphæð.

Í viðskiftum milli landa, sem koma sjer saman í því efni, mega brjefin með tilgreindu verði einnig innihalda tollskylda hluti.

Þátttakan í viðskiftunum á öskjum með tilgreindu verði nær aðeins til þeirra samningslanda, þar sem póststjórnirnar hafa orðið ásáttar um þessi viðskifti sín á milli.

2. grein.

Hámark hins tilgreinda verðs.

Hinar ýmsu póststjórnir hafa, hver fyrir sitt leyti rjett til þess að ákveða hámark fyrir hið tilgreinda verð, sem undir engum kringumstæðum má vera lægra en 10000 frankar á sendingu.

3. grein

Burðargjöld.

Burðargjald undir brjef og öskjur með tilgreindu verði skal fullgreitt fyrirfram.

Burðargjaldið er samsett þannig:

a) fyrir brjef: sama burðar- og meðmælingargjald og fyrir ábyrgðarbrjef af sömu þyngd og til sama ákvörðunarstaðar;

b) fyrir öskjur: 20 sentíma burðargjald fyrir hver 50 grömm, minsta gjald 1 franki og hið venjulega meðmælingargjald að auki;

c) fyrir brjef og öskjur: ábyrgðargjald, sem ekki má fara fram úr 50 sentímum fyrir hverja 300 franka eða brot úr 300 frönkum af hinni tilgreindu upphæð, hvert svo sem ákvörðunarlandið er, og eins í þeim löndum, sem taka á sig ábyrgð gagnvart ofurefli (vis major).

4. grein.

Almenn skilyrði.

1. — Brjef og öskjur með tilgreindu verði mega ekki innihalda nein brjef, miða eða skjöl til annara en viðtakanda eða fólks, sem hjá honum býr,

2. — Öskjur með tilgreindu verði mega ekki fara fram úr 1 kg. að þyngd, nje vera stærri á neinn veg en sem svarar 30 sentimetrum á lengd, 10 sentimetrum á breidd og 10 sentímetrum á hæð. 56

5. grein.

Póstkvittun.

Þegar sendandi skilar sendingu með tilgreindu verði á póst, fær hann ókeypis póstkvittun fyrir sendingunni.

6. grein.

Gjald fyrir útburð og aftollun. Poste restante gjald.

Fyrir útburð og aftollun á öskjum með tilgreindu verði má ákvörðunarlandið taka 50 sentíma gjald á sendingu mest. Megi það samkvæmt löggjöf sinni afhenda verðbrjef er innihalda tollskylda hluti, má það taka fyrir aftollun slíkra brjefa, sjerstakt gjald er nemi 50 sentímum mest fyrir hverja sendingu.

Ennfremur er því heimilt, að taka sjerstakt gjald samkvæmt löggjöf sinni fyrir sendingar með tilgreindu verði, sendar poste restante.

7. grein.

Tollgjöld og önnur ekki-póstgjöld. Umboðsgjald.

1. — Með öskjur með tilgreindu verði skal farið eftir löggjöf sendi- eða ákvörðunarlands í öllu því er snertir endurgreiðslu á stimilgjaldi, þegar um útflutning er að ræða, og póststimplun og tollmeðferð, þegar um innflutning er að ræða.

2. — Gjöld til ríkissjóðs og prófunarkostnaður, sem eiga að greiðast við innflutning, skulu heimt af viðtakendum við afhendingu. Sje askja með tilgreindu verði áframsend til annars lands, sem tekur þátt í þessum viðskiftum, eða endursend til upprunalandsins, vegna þess að viðtakandi hafi flutst búferlum, neitað móttöku, eða af einhverjum öðrum ástæðum, þá skulu þau af gjöldum þessum, sem ekki verða eftirgefin við áframsendingu, heimt af viðtakanda eða sendanda.

3. — Í viðskiftum milli póststjórna, sem hafa komið sjer saman um slíkt, geta sendendur askja með tilgreindu verði, tekið að sjer að greiða tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld og kunna að hvíla á sendingunni í ákvörðunarlandinu, með því að tilkynna það áður á sendipósthúsinu. Skuldbinda þeir sig þá til þess að greiða upphæðir þær, sem ákvörðunarpósthúsið kann að heimta.

Sú póststjórn, sem leggur út fyrir reikning sendanda, hefir leyfi til þess að taka fyrir það sjerstakt gjald, sem ekki má fara fram úr 25 sentím-

56 um fyrir öskjuna. Þetta gjald er alveg óháð gjaldi því, sem nefnt er í næstu grein á undan fyrir aftollunina.

8. grein.

Útburður með hraðboða.

Sendandi getur krafist þess, að sendingin sje borin á heimili viðtakanda af sjerstökum brjefbera, jafnskjótt og hún kemur, samkvæmt skilyrðum þeim, sem ákveðin eru í 40. grein alþjóðapóstsamningsins.

Póststjórn ákvörðunarlandsins er þó heimilt að senda aðeins hraðboða með tilkynningu um komu sendingarinnar í staðinn fyrir sendinguna sjálfa, þegar innanlandsákvæði hennar leyfa það.

9. grein.

Sviksamleg tilgreining verðs.

Tilgreining verðsins má ekki fara fram úr hinu raunverulega verði sendingarinnar, en leyfilegt er að tilgreina aðeins nokkurn hluta þess. Sje tilgreint verð á skjölum, sem hafa verðgildi vegna kostnaðarins við tilbúning þeirra, má upphæð hins tilgreinda verðs ekki fara fram úr endurnýjunarkostnaði skjalanna, ef þau tapast.

Sjerhver sviksamleg tilgreining á hærra verði en hinu raunverulega verði sendingarinnar, hefir í för með sjer lagalega aðför eftir því sem löggjöf sendilandsins ákveður.

10. grein.

Forboð.

1. — Bannað er að láta í brjef með tilgreindu verði:

a) hluti þá, sem nefndir eru í 1. lið 41. greinar alþjóðapóstsamningsins undir stafliðunum a, b, e, f og g;
b) lifandi dýr;
c) málmpeninga;
d) tollskylda hluti, að undanskildum verðskjölum, en þó með þeim fyrirvara, sem felst í ákvæðum 1. greinar;
e) gull og silfur, unnið eða óunnið, dýra steina, gimsteina og aðra dýrgripi.

2. — Bannað er að láta í öskjur með tilgreindu verði:

a) hluti þá, sem nefndir eru í 1. lið 41. greinar alþjóðapóstsamningsins undir stafliðunum a, b, f, g, og í 1. lið þessarar greinar undir staflið b;
b) brjef eða miða, sem álíta má, að sjeu hreinar persónulegar brjefaskriftir; láta má þó í sendinguna opna vöruskrá, er aðeins inniheldur þær upplýsingar, er standa mega í vöruskrá, svo og einfalt eftirrit af utanáskrift öskjunnar með athugasemd um utanáskrift sendanda;

c) gjaldgenga peninga; 56
d) bankaseðla og hverskonar verðskjöl á handhafa, skuldabrjef eða aðra hluti, sem heyra undir tegundina verslunarskjöl;
e) ópíum, marfín, kókaín og önnur deyfandi meðul. Bannið nær þó eigi til slíkra sendinga, þegar þær eru sendar í lækningaskyni, að því er þau lönd snertir, er leyfa þær með þessum skilyrðum.

3. — Ákvæðin í annari málsgrein næstu greinar á undan eiga við, ef brjef eða öskjur með tilgreindu verði innihalda hluti, sem bannað er að láta í þau.

4. — Ákvæðin í 2. lið 41. greinar alþjóðapóstsamningsins eiga við um hluti, sem ranglega hefir verið leyft að senda, en sem falla mundu undir bannákvæðin í 1. lið þessarar greinar, undir stafliðina a, b, e, f og 1. lið staflið b hjer að ofan.

Aðra hluti skal endursenda til upprunastaðar, nema póststjórn ákvörðunarlandsins sje heimilt, samkvæmt löggjöf sinni, að afhenda þá viðtakendum.

Sjeu sendingar, sem ranglega hefir verið leyft að senda, hvorki endursendar til upprunastaðar nje afhentar viðtakanda, ber að gefa sendipóststjórninni ýtarlegar upplýsingar um, hvernig með þesshátt sendingar hafi verið farið.

11. grein.

Engin frímerking.

1. — Brjef með tilgreindu verði, er snerta póstþjónustuna, og send eru milli póststjórnanna innbyrðis eða milli póststjórnanna og alþjóðaskrifstofunnar, eru undanþegin öllum póstgjöldum.

2. — Sama gildir og um brjef og öskjur með tilgreindu verði, sem engin póstkrafa hvílir á, og send eru eða meðtekin af herföngum og upplýsingaskrifstofum þeim, sem nefndar eru í 2. lið 43. greinar alþjóðapóstsamningsins.

12. grein.

Afturköllun. Breyting á utanáskrift.

Sendandi sendingar með tilgreindu verði getur látið kalla hana aftur úr póstþjónustunni, eða breyta utanáskriftinni, til þess að áframsenda sendinguna annaðhvort lengra inn í hið upphaflega ákvörðunarland eða til einhvers samningslandanna, samkvæmt ákvæðum 45. greinar alþjóðapóstsamningsins.

13. grein.

Móttökukvittun.

Sendandi getur fengið móttökukvittun með sömu skilyrðum og nefnd eru í 49. grein alþjóðapóstsamningsins.

14. grein.

Áframsending. Óskilasendingar.

Ákvæði 46. greinar alþjóðapóstsamningsins gilda um sendingar með tilgreindu verði, sem eru áframsendar eða lenda í óskilum.

15. grein.

Fyrirspurnir.

Að því er snertir fyrirspurnir um brjef og öskjur með tilgreindu verði, haga póststjórnirnar sjer samkvæmt fyrirmælum 47. greinar alþjóðapóstsamningsins.

II. KAFLI.

Ábyrgð.

16. grein.

Viðtæki ábyrgðar.

1. — Með þeim undantekningum, er segir í næstu grein hjer á eftir, svara póststjórnirnar til taps, ráns eða skemda á sendingum með tilgreindu verði.

Ábyrgð þeirra nær jafnt til sendinga, sem fluttar eru í stykkjatali, sem og til þeirra, sem fluttar eru í lokuðum pósti.

Sendandi á heimtingu á skaðabótum, er svari hinum raunverulega skaða, er hann bíður við tapið, ránið eða skemdirnar, án þess þó að skaðabæturnar megi undir nokkrum kringumstæðum fara fram úr upphæð hins tilgreinda verðs.

Skaðabæturnar greiðast viðtakanda þegar hann krefst þeirra, annaðhvort ef hann gerir athugasemd um leið og hann tekur við sendingu, sem rænt hefir verið úr eða hefir skemst, eða sýnir skilríki fyrir því, að sendandi falli frá rjetti sínum honum til handa.

2. — Óbeinn skaði eða hagnaður, sem ekki er kominn fram, kemur ekki til greina.

3. — Ef sending tapast eða ef innihald hennar eyðilegst með öllu og endurgreiðsla fer fram til sendanda, þá á hann einnig heimting á að fá bættan upp sendingarkostnaðinn.

Hafi fyrirspurn orsakast vegna vangár af póstmanna hálfu, skal sendingarkostnaðurinn sömuleiðis bættur upp.

4. — Ábyrgðargjaldið fellur þó undir öllum kringumstæðum til póststjórnanna.

17. grein.

Undantekning ábyrgðar.

Póststjórnirnar eru undanþegnar allri ábyrgð:

a) ef um ofurefli (vis major) er að ræða; ábyrgðarskylda hvílir þó á þeirri sendipóststjórn, sem hefir gengist undir að taka á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major) (3. grein, stafliður c);
b) þegar þær geta ekki gert grein fyrir sendingunum vegna þess, að þjónustuskjölin hafa eyðilagst af völdum ofureflis (vis major);
c) þegar skaðinn hefir orsakast af hirðuleysi sendanda, eða stafar af eðli sendingarinnar;
d) þegar um er að ræða sendingar, sem falla undir eitthvað af forboðum þeim, sem nefnd eru í 10. grein;
e) þegar um er að ræða sendingar, sem verðið á er ranglega tilgreint hærra en hið raunverulega verð innihaldsins;
f) þegar um er að ræða sendingar, sem engin kvörtun hefir komið um innan eins árs, eins og segir í 47. grein alþjóðapóstsamningsins;
g) ef um sjóflutning er að ræða og póststjórnir samningslandanna hafa tilkynt, að þær sjái sjer ekki fært að taka á sig ábyrgð á verðsendingum um borð í skipum þeim, sem þær nota.

18. grein.

Hvenær ábyrgð hættir.

Ábyrgð póststjórnanna á sendingum með tilgreindu verði er lokið, þegar þær eru afhentar samkvæmt fyrirmælum innanlandsreglugjörða þeirra, og rjettir hlutaðeigendur hafa tekið við þeim án þess að gera athugasemdir, eins og nefnt er í 16. grein hjer að framan.

Ábyrgðin helst þó alt að einu, ef viðtakandi þegar í stað setur fram kæru, enda þótt regluleg afhending hafi farið fram.

19. grein.

Greiðsla skaðabóta. Greiðslufrestur.

Um greiðslu skaðabóta og frest á henni gilda ákvæði 53. og 54. greinar alþjóðapóstsamningsins einnig um verðsendingar.

20. grein.

Um hver beri ábyrgðina.

1. — Ábyrgðin hvílir á þeirri póststjórn, sem hefir tekið við sendingunni athugasemdalaust og fengið í hendur öll regluleg gögn til rannsókna,

56 en getur hvorki sýnt fram á, að sendingunni hafi verið skilað til viðtakanda, nje, ef svo ber undir, send á lögformlegan hátt til næstu póststjórnar.

Þangað til hið gagnstæða verður sannað, er póststjórn sú, sem sent hefir annari póststjórn brjef eða öskju með tilgreindu verði, undanþegin allri ábyrgð, að því er þessar verðsendingar snertir, ef viðskiftapósthúsið, sem brjefið eða askjan hefir verið afhent til, hefir ekki með fyrsta pósti eftir athugun á póstinum, sent póststjórn sendilandsins skýrslu, er staðfesti vöntun eða skemdir, annaðhvort á öllum pakkanum með verðsendingunum eða á sjálfu brjefinu eða öskjunni.

2. — Hafi týnslan, ránið eða skemdirnar orðið á meðan á flutningi stóð, án þess að hægt sje að sýna fram á, á hvaða landssvæði eða í þjónustu hvaða lands það hafi komið fyrir, skulu hlutaðeigandi póststjórnir bæta skaðann að jöfnu. En hafi ránið eða skemdirnar komið í ljós í ákvörðunarlandinu, ber póststjórn þess lands að sanna, að hvorki umbúnaði sendingarinnar nje hvernig henni var lokað, hafi í nokkru verið ábótavant, að því er sjeð varð, og að þyngdin hafi ekki verið önnur en sú, sem reyndist þegar sendingin var látin á póst.

3. — Ef týnslan, ránið eða skemdirnar hafa farið fram á landssvæði eða í þjónustu milliliggjandi póststjórnar, sem ekki er með í samningi þessum, skulu hinar póststjórnirnar bera skaðann að jöfnu. Í þessu tilfelli skal sendandi sanna á órækan hátt, að innihald sendingarinnar hafi verið heilt, óskaddað og vandlega um það búið.

Sama gildir og ef um sjóflutning er að ræða og týnslan, ránið eða skemdirnar hafa orðið í þjónustu einhverrar samningspóststjórnar, sem ekki tekur á sig ábyrgðina (17. grein, stafliður g).

4. — Nú eru skaðabætur greiddar að fullu og öðlast þá póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, rjettindi þess, sem við þeim hefir tekið, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að sendanda, viðtakanda eða þriðja manni.

Þó skal, ef sending, sem álitin er glötuð, kemur seinna fram öll eða nokkuð af henni, þeim sem skaðabæturnar voru greiddar, gefinn kostur á að taka við henni gegn því, að endurgreiða upphæð hinna greiddu skaðabóta.

21. grein.

Takmörkun ábyrgðar.

1. — Ábyrgð sjerhverrar póststjórnar gagnvart hinum póststjórnunum er undir öllum kringumstæðum aðeins bundin við þá hámarksupphæð, sem hún hefir sjálf ákveðið fyrir sendingar með tilgreindu verði.

2. — Ef brjef eða askja með tilgreindu verði hefir glatast, verið rænd eða skemst, vegna ofureflis (vis major), skal sú póststjórn, sem týnslan, ránið eða skemdirnar hafa orðið hjá, meðan sendingin fór yfir hennar svæði

eða var í hennar vörslum, því aðeins bera ábyrgð gagnvart sendipóststjórninni, að bæði löndin taki að sjer ábyrgð gegn ofurefli (vis major). 56

22. grein.

Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

Póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, eða ber kostnaðinn við greiðsluna, er skyld að greiða póststjórn sendilandsins skaðabótaupphæð þá, sem hún hefir borgað, innan þriggja mánaða eftir tilkynningu um greiðsluna. Þessi greiðsla fer fram án kostnaðar fyrir póststjórnina, sem á inni, annaðhvort með póstávísun eða víxli, sem greiðist við sýningu í höfuðstað eða verslunarborg landsins, sem á inni, eða peningum, sem hafa gangverð þar. Þegar þriggja mánaða fresturinn er útrunninn, falla vextir á upphæð þá, sem skuldast, 7% á ári, frá þeim degi að telja, er fresturinn er útrunninn.

Sú póststjórn, sem rjettilega hefir sannast á, að ábyrgðina beri, og neitar þó að greiða skaðabæturnar, skal, auk þeirra, bera allan aukakostnað, sem kann að leiða af hinum órjettmæta drætti á greiðslunni.

III. KAFLI.

Póstkröfusendingar.

23. grein.

Burðargjöld og skilyrði.

Á brjef og öskjur með tilgreindu verði má leggja póstkröfur eftir reglum þeim, sem settar eru í 58. grein alþjóðapóstsamningsins. Slíkar sendingar skal farið með, og á þær sett burðargjald, eins og sendingar með tilgreindu verði af sömu tegund.

24. grein.

Afnám eða breyting póstkröfuupphæðar.

Sendandi sendingar með tilgreindu verði, sem póstkrafa hvílir á, getur heimtað afnám póstkröfuupphæðarinnar að öllu eða nokkru leyti.

Með slíkar beiðnir skal farið eftir ákvæðum þeim, sem gilda um beiðni um afturköllun eða breyting á utanskrift (45. grein alþjóðapóstsamningsins).

25. grein.

Ábyrgð ef sending glatast, er rænd eða skemmist.

Tapist brjef eða askja með tilgreindu verði, sem póstkrafa hvílir á,

56 eða sje rænt úr henni eða hún skemmist, hefir það í för með sjer ábyrgð á hendur póstþjónustunni, samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í næsta kafla hjer á undan.

26. grein.

Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.

Hafi sendingin verið afhent viðtakanda án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, á sendandi rjett á skaðabótum, þó með þeim skilyrðum, að krafa hafi verið sett fram innan þess tímabils, sem tiltekið er í 2. lið 47. greinar alþjóðapóstsamningsins, og að vanræksla á innheimtunni sje ekki að kenna yfirsjón hans sjálfs eða hirðuleysi, og ennfremur að innihald sendingarinnar falli ekki undir eitthvert af forboðum þeim, sem nefnd eru í 9. og 10. grein. Sama gildir og, ef upphæð sú, sem heimt er inn af viðtakanda, reynist lægri en upphæð hinnar tilgreindu póstkröfu, eða ef innheimtan hefir verið framkvæmd á sviksamlegan hátt.

Skaðabæturnar geta undir engum kringumstæðum orðið hærri en upphæð póstkröfunnar.

Nú eru skaðabætur greiddar að fullu og öðlast þá póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, rjettindi sendanda, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda eða þriðja manni.

27. grein.

Ábyrgð á hinum innheimtu upphæðum. — Útborgunarskylda. — Frestur og aðgangur til endurgreiðslu. — Skifting á burðargjaldinu.

Ákvæðin í 61., 63., 64., 65., 66., 67. og 68. grein alþjóðapóstsamningsins gilda einnig um sendingar með tilgreindu verði, sem póstkrafa hvílir á.

IV. KAFLI.

Um hver fær burðargjöldin. — Transítgjöld.

28. grein.

Um hver fær burðargjöldin.

Að undanteknu því, sem ákveðið er í 68. grein alþjóðapóstsamningsins, heldur sú póststjórn að öllu leyti burðargjöldum þeim og póstgreiðslum, sem samningur þessi getur um, og hún hefir heimt inn.

29. grein. 56

Transít- og geymslugjöld.

Brjef og öskjur með tilgreindu verði eru háð sama transít- og geymslugjaldi og nefnt er í alþjóðapóstsamningnum.

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

30. grein.

Beiting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Ákvæði alþjóðapóstsamningsins og starfsreglugjörðar hans gilda um sendingar með tilgreindu verði í öllu því, sem ekki er skýrt tekið fram í þessum samningi eða starfsreglugjörð hans.

Ákvæði þau, sem felast í öðrum bálki alþjóðasamningsins gilda þó aðeins með þessum fyrirvara:

a) sendingar með tilgreindu verði geta farið í transít í lokuðum pósti yfir svæði lands sem tekur ekki þátt í samningnum um slíkar sendingar, sömuleiðis með sjóflutningatækjum samningslanda eða annara, sem taka ekki á sig ábyrgð á sendingum með tilgreindu verði; ábyrgð þessara landa er þá sú sama og gildir um ábyrgðarsendingar;

b) ábyrgðargjald fyrir brjef og öskjur með tilgreindu verði er tekið eftir gengi sem löndin fastákveða og til kynna alþjóðaskrifstofunni með milligöngu hinnar svissnesku póststjórnar.

31. grein.

Pósthús, sem taka þátt í starfinu.

Póststjórnirnar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að svo miklu leyti, sem það er hægt, að öll pósthús taki þátt í skiftunum á brjefum og öskjum með tilgreindu verði.

Póststjórnir landa utan Evrópu og tyrkneska póststjórnin hafa þó rjett til þess að binda skiftin á brjefum og öskjum með tilgreindu verði við nánar tiltekin pósthús.

32. grein.

Samþykt á frumvörpum milli póstþinga.

Til þess að öðlast gildi, þurfa frumvörp þau sem koma fram milli póstþinga (18. og 19. grein alþjóðapóstsamningsins) að fá:

56 a) öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót nýrra ákvæða eða breytingu á ákvæðum þessarar greinar eða 1. til 6, 8., 11., 12., 13., 15. til 30. og 33. greinar samningsins eða 17. greinar starfsreglugjörðarinnar;

b) tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingu á öðrum ákvæðum þessa samnings en þeim, sem nefnd eru í greinunum að ofan, eða 3., 4., 5., 7., 8., 9., 11. og 16. grein starfsreglugjörðarinnar.

c) einfaldan meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða breytingar á öðrum greinum starfsreglugjörðarinnar eða skilning á ákvæðum samnings þessa og starfsreglugjörðar hans, að undan teknu atriðinu um ágreining og nefnt er í 10. grein alþjóðapóstsamningsins.

Niðurlagsatriði.

33. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. október 1925 og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar framangreindra landa undirskrifað þenna samning í einu eintaki, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku póststjórnar, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

Loka-ákvæði. 56

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að skrifa undir samninginn um brjef og öskjur með tilgreindu verði, sem samþyktur var í dag, komu þeir sjer saman um það, sem hjer segir:

Einasta grein.

Hámark hins tilgreinda verðs.

Sem undantekning frá 2. grein samningsins, sem ákveður 10,000 franka sem hámark fyrir tilgreindu verði, sem á engan hátt má fara undir, hafa menn komið sjer saman um að sjerhvert land megi lækka þetta hámark niður í 5,000 franka, eða niður í tölu þá, sem það notar í innanríkisþjónustu sinni, ef sú tala er lægri en 5,000 frankar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi loka-ákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi eins og þó að ákvæði þau, sem þau innihalda, hefðu verið sett í sjálfan samninginn, sem þau eiga við, og hafa þeir undirskrifað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku stjórnar, og skal hver aðili fá afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

56

Starfsreglugjörð

verðbrjefasamningsins.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein. Upplýsingar til póststjórnanna.
2. — Flutningsleiðir.
3. — Hvernig flutning sendinga skal hagað.

II. KAFLI.

Skilyrði fyrir móttöku.

4. grein. Ytri frágangur sendinga.
5. — Tilgreining á verði. — Tollskrár.
6. — Sviksamleg tilgreining verðs.

III. KAFLI.

Meðferð sendinga við burtför og komu.

7. grein. Tilgreining á þyngd sendinga. — Dagstimpill. — Gjaldfrjálsar öskjur.
8. — Verðbrjefaskrár. — Meðferð brjefapakka. — Hvar verðsendingar skuli settar í póstinn.
9. — Athugun á pökkunum. — Ýmiskonar ónákvæmni.
10 — Áframsending. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila.

IV. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Reikningsskil.

11. grein. Transít og geymslugjöld.
12. — Reikningsskil.
13. — Gjaldfrjálsar öskjur. — Greiðsla á reikningunum.

V. KAFLI. 56

Ýms ákvæði.

14. grein. Móttökukvittun. — Póstkröfusendingar. — Hraðboðasendingar. — Afturköllun. — Breyting á utanáskrift. — Fyrirspurnir.
15. — Eyðublöð.
16. — Tilkynningar og upplýsingar.

Niðurlagsatriði.

17. grein. Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

56

Starfsreglugjörð

fyrir

samninginn um skifti á brjefum og öskjum með tilgreindu verði.

Samkvæmt 4. grein alþjóðapóstsamningsins sem gerður var í Stokkhólmi þann 28. ágúst 1924 hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á samningnum um skifti á brjefum og öskjum með tilgreindu verði.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein.

Upplýsingar til póststjórnanna.

1. — Póststjórnir þær, sem halda uppi reglubundnum samböndum sjóleiðis, sem notuð eru til flutnings á almennum pósti innan svæðis póstsambandsins, skulu gefa öðrum póststjórnum upplýsingar um, hvað af þessum samböndum sje hægt að nota til flutnings með skaðabótaskyldu á brjefum og öskjum með tilgreindu verði.

2. — Þær póststjórnir samningslandanna, sem halda uppi beinum viðskiftum, tilkynna hver annari með töflum eins og meðfylgjandi fyrirmynd A sýnir:

a) nafnaskrá yfir þau lönd, sem þær geta, hver um sig, verið milliliðir fyrir við flutning á brjefum og öskjum með tilgreindu verði;
b) leiðir þær, sem eru opnar til flutnings á þess háttar sendingum, þegar þær eru komnar inn á landsvæði þeirra eða í þjónustu þeirra;
c) hámarksupphæð þá, sem þær leyfa á sendingum með tilgreindu verði;
d) tölu tollskráa, sem eiga að fylgja öskjum með tilgreindu verði.

2. grein.

Flutningsleiðir.

Með hliðsjón til A-taflanna, sem hver póststjórn fær frá hinum, er við hana skifta, ákveður hún flutningsleiðirnar fyrir sínar verðsendingar.

3. grein.

Hvernig flutning sendinganna skal hagað.

1. — Flutningur á verðsendingum milli nágrannalanda eða landa, sem hafa bein viðskifti sjóleiðis, er framkvæmdur af þeim af viðskiftapósthúsunum, sem hlutaðeigandi póststjórnir útnefna til þess sameiginlega.

2. — Í viðskiftum milli landa, sem eru aðskilin af einni eða fleirum milliliggjandi póststjórnum, skulu brjef og öskjur með tilgreindu verði ávalt fylgja beinustu leið og afhent í stykkjatali til fyrstu milliliggjandi póststjórnar, svo framarlega, sem sú póststjórn sjer sjer fært, að ábyrgjast flutninginn, samkvæmt skilyrðum þeim, sem eru ákveðin í 1. og 2. grein hjer að framan.

3. — Sendi- og ákvörðunarpóststjórn hafa þó heimild til þess að koma sjer saman innbyrðis um að senda sendingar með tilgreindu verði í lokuðum póstpokum með tilstyrk eins eða fleiri milliliggjandi landa, hvort sem þau taka þátt í samningnum eða ekki. Þær geta einnig komið sjer saman innbyrðis og við milliliggjandi póststjórnir að ábyrgjast flutninginn í stykkjatali eftir lengri leið, þegar svona lagaður flutningur eftir beinni leið hefir ekki í för með sjer skaðabótaskyldu fyrir alla leiðina.

II. KAFLI.

Skilyrði fyrir móttöku.

4. grein.

Ytri frágangur sendinga.

1. — Brjef með tilgreindu verði eru því aðeins tekin til flutnings, að þau sjeu í umslagi, sem lokað sje með nákvæmlega eins lakkinnsiglum, úr góðu lakki, með millibili og sýni sjerstakt merki, og sjeu nægilega mörg til þess að halda broti umslagsins saman. Umslögin skulu vera sterk og búin til úr einum og sama heilum hlut og efnið þannig að lakkinnsiglin festist algerlega við þau. Bannað er að nota algerlega gagnsæ umslög eða með lituðum röndum svo og umslög með gagnsærri rúðu.

2. — Sjerhvert brjef skal vera þannig útbúið, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki um skemdir sjáist á umslaginu að utan eða á innsiglunum.

3. — Frímerkin, sem notuð eru til frímerkingar á brjefinu og miðar er snerta póstþjónustuna, skulu sett á brjefið með bili á milli, svo að þau verði ekki höfð til að hylja skemdir á umslaginu. Heldur ekki má beygja þau yfir hliðar þess, þannig að þau hylji röndina. Bannað er að líma á verðbrjef aðra miða en þá, sem koma póstþjónustunni við.

56 4. — Gimsteinar og dýrgripir skulu látnir í nægilega sterkar öskjur úr trje eða málmi; sje askjan úr trje skulu hliðar hennar vera 8 millimetrar að þvermáli minst.

5. — Öskjuhliðarnar, sem vita up og niður (lokið og botninn) skulu klæddar hvítum pappír fyrir utanáskrift til viðtakanda, tilgreining á verðinu og þjónustustimpla. Utan um öskjurnar skal bundið sterku seglgarni, óhnýttu, og skal yfir báða endana setja haldgott lakkinnsigli með sjerstöku merki. Á alla 4 hliðarfleti öskjunnar skal þar að auki setja lakkinnsigli, er sjeu nákvæmlega eins.

6. — Brjef og öskjur með tilgreindu verði, sem skrifað er utan á með fangamarki eingöngu eða með blýanti, svo og þær öskjur, er hafa eitthvað útskafið eða yfirstrikað í utanáskriftinni, verða ekki teknar til flutnings. Hafi slíkar sendingar ranglega verið teknar til flutnings, er skylda að endursenda þær til upprunapósthússins.

5. grein.

Tilgreining á verði. — Tollskrár.

1. — Tilgreining verðsins skal sett í mynt sendilandsins og skrifuð af sendanda á utanáskriftarhlið sendingarinnar með latnesku letri, í bókstöfum og aröbskum tölum án útþurkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þótt staðfest sje.

2. — Upphæð hins tilgreinda verðs skal þar að auki breytt í gullfranka af sendanda eða póststjórn sendilandsins. Það sem útkemur skal svo tilgreint með nýjum tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er tákna upphæð hins tilgreinda verðs í mynt sendilandsins. Þessu ákvæði skal ekki beitt í beinum viðskiftum milli landa, er hafa sameiginlega mynt.

Undir upphæð gullfrankanna skal setja feitt strik með litblýanti.

3. — Öskjum með tilgreindu verði skulu fylgja tollskrár eins eða líkar meðfylgjandi fyrirmynd B, í þeim viðskiftum, þar sem slíkra tollskráa er krafist.

4. — Póststjórnirnar bera enga ábyrgð á því er tollskrárnar snertir.

6. grein.

Sviksamleg tilgreining verðs.

Verði einhver atvik eða fyrirspurnir frá hlutaðeigendum, til þess að leiða í ljós, að það hafi verið á sviksamlegan hátt tilgreint hærra verð, en í raun og veru hefir verið látið í brjef eða öskju, skal upprunapóststjórninni gert aðvart um það, eins fljótt og auðið er, og rannsóknarskjölin, ef nokkur eru, send með tilkynningunni.

III. KAFLI. 56

Meðferð sendinga við burtför og komu.

7. grein.

Tilgreing á þyngd sendinga. — Dagstimpill. — Gjaldfrjálsar öskjur.

1. — Sendipóststjórnin skrifar þyngd hvers brjefs eða öskju með tilgreindu verði nákvæmlega í grömmum efst í vinstra horn sendingarinnar utanáskriftarmegin.

2. — Sendipósthúsið stimplar sendinguna utanáskriftarmegin með stimpli, er tilgreinir stað og dagsetningu, þegar sendingin er látin á póst.

Þar að auki skal á hverja sendingu límdur miði, sem sýni með latnesku letri nafn viðtökupósthússins og númer það sem sendingin er innrituð undir í bókum þess, sömuleiðis, ef svo ber undir, rauður miði, sem á standi með feitu letri athugasemdin: „Valeur déclarée".

Þó skal þeim póststjórnum, sem vegna löggjafar sinnar er óheimilt, eins og sakir standa, að nota slíka miða, vera leyfilegt að fresta framkvæmdum þessa ákvæðis og mega þær halda áfram, ef svo ber undir, að nota sjerstaka stimpla, sem brúkaðir eru í þeirra þjónustu til þess að merkja með brjef og öskjur með tilgreindu verði.

Samt sem áður er það skylda póststjórnanna, sem hafa ekki tekið miðana upp, að merkja hvert brjef og öskju með tilgreindu verði með áframhaldandi númeri. Númer þetta skal skrifa í efra vinstra horn utanáskriftarmegin. Það er skylda þeirra póststjórna, sem áframsenda, að tilgreina sendinguna með hinu upprunalega númeri.

3. — Ákvörðunarpósthúsið stimplar bakhlið sendingarinnar með sínum stimpli, er sýnir komudaginn.

4. — Ákvæði 10. og 32. greina starfsreglugjörðar póstbögglasamningsins skulu einnig gilda um öskjur, sem eiga að afhendast gjaldfrítt, með þeirri einu undantekningu að tollfrankóseðillinn skal vandlega heftur við tollskrána.

8. grein.

Verðbrjefaskrár. — Meðferð brjefapakka. — Hvar verðsendingar skuli settar í póstinn.

1. — Brjef og öskjur með tilgreindu verði skulu færð, hvort um sig af sendipósthúsinu á sjerstakar verðbrjefaskrár eins og meðfylgjandi fyrirmynd C sýnir, og með öllum þeim sjerstöku athugasemdum, sem formið gefur tilefni til.

Að því er snertir innritun sendinga, sem bera á út með hraðboða, skal í dálkinn „Observations" skrifa athugasemdina „Exprès".

56 2. — Brjef og öskjur með tilgreindu verði skulu ásamt verðbrjefaskránni eða skránum tekin saman í einn eða fleiri sjerstaka pakka, sem fyrst eru reyrðir saman með seglgarni og sveiptir sterkum pappír, síðan vafðir með seglgarni að utan og lakkaðir á öllum brotum með innsigli sendipósthússins úr haldgóðu lakki. Á pökkum þessum skal standa utanáskriftin: „valeurs déclarées“ eða „lettres de valeur declarée og boîtes de valeur déclarée“.

Í stað þess að setja brjef með tilgreindu verði í eiginlegan pakka, má einnig setja þau í sterkt umslag, og skal því lokað með lakkinnsiglum.

Ef tala eða stærð brjefa eða askja með tilgreindu verði er mjög mikil, má láta sendingarnar í sjerstakan poka, og skal hann vera lokaður eins og vera ber og sett fyrir innsigli úr lakki eða blýi.

3. — Hvort slíkir pakkar eða pokar sjeu í pósti skal tilgreint með því að setja tölu þeirra í dálkinn sem ætlaður er til þess á brjefaskránni. Ef engir pakkar eða pokar með verðsendingum eru í póstinum skal setja orðið „Néant“ í þenna dálk.

4. — Pakkarnir eða pokarnir með verðsendingunum eru síðan settir í pakkana eða pokana með ábyrgðarpóstinum.

5. — Hvenær sem önnurhvor póststjórnanna, er skiftast á verðsendingum, heimtar, skulu öskjur með tilgreindu verði aðgreindar og færðar á sjerstök eyðublöð C, og búið um þær sjerstaklega.

9. grein.

Athugun á pökkunum. — Ýmiskonar ónákvæmni.

1. — Þegar viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins hefir tekið móti pakka með verðsendingum, athugar það fyrst hvort hann sje eins og vera ber að útliti og ytra frágangi, og hvort fylgt hefir verið öllum fyrirmælum, sem flutningurinn er háður, samkvæmt næstu grein á undan.

2. — Þarnæst fer pósthúsið að athuga sjerstaklega sendingarnar með tilgreindu verði og aðgæta hvort nokkuð vanti eða sje skakt á annan hátt, og, ef svo ber undir leiðrjetta verðbrjefaskrárnar og fer það að í þessu efni eins og fyrir er mælt í reglum um ábyrgðarsendingar í 51. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

3. — Komi í ljós annaðhvort að eitthvað vanti, eða hafi skemst, eða þá einhver önnur óregla, er sje þannig vaxin, að ábyrgð hlutaðeigandi póststjórna komi þar til mála, skal þar um taka skýrslu er, ásamt umbúðum, seglgarni og innsiglum pakkans, svo og pokanum, sem hann var fluttur í, sendist í ábyrgðarbrjefi sem þjónustusending til aðalpóststjórnar þess lands, sem sendipósthúsið heyrir undir, alveg óháð leiðrjettingarskýrslu þeirri, sem þegar í stað skal send til sendipósthússins. Afrit af skýrslunni sendist samtímis til aðalpóststjórnar þeirrar, sem ákvörðunarpósthúsið heyrir undir, eða einhverrar annarar skrifstofu, sem hún ákveður.

4. — Alveg óháð ákvæðunum í 3. lið og beitingu á þeim, skal það við- 56
skiftapósthús, sem tekur á móti sendingu, sem ekki er nægilega búið um, eða er skemd, flytja sendinguna áfram eftir að hafa látið hana í nýjar umbúðir, ef þörf er á, en þó þannig að hinum upprunalegu umbúðum sje haldið að svo miklu leyti sem hægt er. Sjeu skemdirnar þannig vaxnar, að hægt hafi verið að taka innihaldið burtu, skal pósthúsið byrja á því að opna sendinguna í embættisnafni og rannsaka innihald hennar.

Í báðum tilfellum skal vega sendinguna áður og eftir að búið er að búa um hana á ný, og hvortveggja þyngdin tilgreind á umslaginu. Þar á eftir skal skrifa „Remballé à .....“ (Búið um á ný á .....) og síðan setja dagstimpilinn og undirskriftir póstmanna þeirra, sem hafa búið um sendinguna á ný.

Um rannsóknina á innihaldinu skal gera skýrslu og festa afrit af henni við sendinguna.

5. — Sendingar, sem sendar eru undir fangamarki eða skrifað utaná með blýanti, skal endursenda til upprunapósthúss.

6. — Sendingar með tilgreindu verði, sem eru ófrímerktar eða aðeins frímerktar að nokkru leyti, skal afhenda viðtakendum án gjalds.

10. grein.

Áframsending. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila.

1. — Ef á öskjum með tilgreindu verði, sem eru áframsendar til annars lands sakir þess að viðtakandi hefir skift um bústað, eða ekki verður komið til skila, hvíla aukagjöld (gjald til ríkissjóðs, prófunarkostnaður, gjald fyrir athugun á sendingu o. s. frv.), sem fást ekki gefin eftir við áframsendinguna; skal upphæð þeirra færð póststjórninni, sem skifst er á við, til reiknings í 6. dálki C-skrárinnar, og útundan í 7. dálki skal tilgreina í einu lagi hverskonar gjöld þetta sjeu (stimpilgjald, prófunargjald o. s. frv.), sem á að heimta inn hjá viðtakanda eða sendanda.

2. — Nú er viðtakandi brjefs eða öskju með tilgreindu verði farinn til lands, sem ekki hefir skrifað undir þennan samning, og skal þá sendingin þegar í stað endursend sem óskilasending til upprunalandsins til afhendingar sendanda, nema fyrsta ákvörðunarland sjái sjer fært að senda hana áfram.

3. — Sendingar með tilgreindu verði, sem einhverra orsaka vegna ekki hefir orðið komið til skila, skulu endursendar eins fljótt og unt er, og í síðasta lagi innan þess tíma, sem tiltekinn er í alþjóðapóstsamningnum (46. grein). Sendingar þessar skulu tilfærðar á hina sjerstöku skrá C, og teknar með í pakkann, sem skrifað er utan á „Valeurs déclarées“.

IV. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Reikningsskil.

11. grein.

Transít- og geymslugjöld.

Transít- og geymslugjöld þau, sem greiða ber milliliggjandi póststjórnum, skulu reiknuð út á þann hátt, sem segir í alþjóðapóstsamningnum.

12. grein.

Reikningsskil.

Sjerhver póststjórn, sem tekur þátt í skiftum á öskjum með tilgreindu verði, býr út í árslok yfirlitsskrá, eins og meðfylgjandi eyðublað D, yfir upphæðir þær, sem henni eru færðar til skuldar í 9. dálki verðbrjefaskránna fyrir ekki-póstgjöld, sem á að innheimta hjá viðtakendum eða sendendum askjanna.

Yfirlitsskrá þessi ásamt tilheyrandi sönnunargögnum skal síðan, í fyrsta mánuði ársins á eftir því, sem hún á við, send hlutaðeigandi póststjórn til athugunar, sem síðan endursendir hana innan mánaðar.

Nema öðruvísi sje ákveðið, skal yfirlitsskrá þessi þarnæst tekin upp í næsta lokareikning yfir póstbögglaviðskifti, annaðhvort beint eða gegnum aðra póststjórn. Póststjórnir þær, sem hafa ekki beinlínis póstbögglaviðskifti, hafa rjett til þess að krefjast þess, að reikningar þessir sjeu greiddir upp samkvæmt ákvæðum 66. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

13. grein.

Gjaldfrjálsar öskjur. — Greiðsla á reikningunum.

Ákvæði 46. greinar starfsreglugjörðar póstbögglasamningsins gilda einnig um greiðslu reikninga fyrir öskjur, sem eiga að afhendast gjaldfrítt.

Þó skulu þær póststjórnir, sem lýsa því yfir, að þær geti ekki gengið að þeirri aðferð á reikningsskilunum, sem nefnd eru í þessari grein, skyldar að skýra frá, hvaða ákvæði þær vilja hafa í þessu efni.

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

14. grein.

Móttökukvittun. — Póstkröfusendingar. — Hraðboðasendingar. — Afturköllun. Breyting á utanáskrift. — Fyrirspurnir.

Eftirfarandi ákvæði starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda:

a) um móttökukvittanir, 23. og 24. grein;
b) um póstkröfusendingar, 25. til 35. grein;
c) um hraðboðasendingar, 37. og 48. grein;
d) um afturköllun eða breytingar á utanáskrift, 41. og 42. grein;
e) um fyrirspurnir, 44. grein.

15. grein.

Eyðublöð.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 31. greinar alþjóðapóstsamningsins, skal eyðublað B (Tollskrá) álitið til afnota fyrir almenning.

16. grein.

Tilkynningar og upplýsingar.

1. — Fyrir milligöngu alþjóðaskrifstofunnar og 3 mánuðum áður en samningurinn gengur í gildi, skulu póststjórnirnar tilkynna öðrum póststjórnum:

a) ábyrgðargjaldstaxtann, sem þær nota í sinni þjónustu, við brjef og öskjur með tilgreindu verði samkvæmt 3. grein samningsins;
b) mynd af hinum sjerstaka stimpli, sem þær nota í þjónustu sinni við verðsendingar, ef þær annars nota nokkurn;
c) hámark það, sem þær hafa fastákveðið fyrir verðsendingar;
d) tölu tollskráa, sem eiga að fylgja öskjum með tilgreindu verði;
e) ef svo ber undir, skrá yfir þau pósthús þeirra, sem senda má til sendingar með tilgreindu verði (31. grein samningsins).

2. — Sjerhver breyting, sem seinna kann að verða á einhverju ofangreindra atriða, skal þegar í stað tilkynt á sama hátt.

56

Niðurlagsatriði.

17. grein.

Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og samningurinn um skifti á brjefum og öskjum með tilgreindu verði gengur í gildi.

Hún skal gilda jafnlengi og samningurinn, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðila.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

Póstávísanasamningurinn.

56

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Byrjunarákvæði.

1. grein. Skilyrði fyrir skiftum á ávísunum.

II. KAFLI.

Útgáfa póstávísana.

2. grein. Innborgun. — Kvittun.
3. — Tilgreining upphæðar. Verðhlutfall.
4. — Hámarksupphæð við útgáfu.
5. — Burðargjald.
6. — Undanþága frá burðargjaldi.
7. — Símapóstávísanir.
8. — Útborgunarkvittun.
9. — Beiðni um afhendingu með hraðboða.

III. KAFLI.

Útborgun póstávísana.

10. grein. Útborgun.
11. — Hámarksupphæð við útborgun.
12. — Greiðsla í pósthlaupareikning.
13. — Útburðargjald.
14. — Poste restante ávísanir.
15. — Útburður með hraðboða. — Afhending símaávísana.
16. — Gildi ávísana.
17. — Ábeking ávísana.

IV. KAFLI.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift. — Áframsending. — Óskilaávísanir. Fyrirspurnir.

18. grein. Afturköllun ávísana. — Breyting á utanáskrift.
19. — Áframsending póstávísana.
20. — Óskilaávísanir.
21. — Fyrirspurnir.

V. KAFLI.

Ábyrgð.

22. grein. Viðtæki ábyrgðar.
23. — Útborgun á upphæðum, sem spurst er fyrir um.
24. — Frestur á útborgun.
25 — Endurgreiðsla á útlögðum upphæðum til póststjórnar upprunalandsins.

VI. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Fyrntar ávísanir.

26. grein. Um hver fær burðargjöldin.
27. — Reikningsskil.
28. — Greiðsla.
29. — Fyrntar ávísanir.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

30. grein. Pósthús, sem taka þátt í viðskiftunum.
31. — Þátttaka annara framkvæmdarstjórna.
32. — Beiting á hinum almennu ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
33. — Gjöld til ríkissjóðs eða önnur gjöld bönnuð.
34. — Samþykt á frumvörpum, er koma fram milli póstþinga.

Niðurlagsatriði.

35. grein. Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann gildir.

Alþjóðapóstsambandið. 56

Samningur

um

póstávísanaviðskifti.

gerður milli

Albaníu; Þýskalands; Lýðveldisins Argentínu; Austurríkis; Belgíu; Bolivíu; Fríborgarinnar Danzig; Búlgaríu; Chili; Kína; Lýðveldisins Columbíu; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Egyptalands; Spánar; Spanskra nýlenda; Estlands; Etiópíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlenda og verndaðu landa í Indókína; Allra annara franskra nýlenda; Grikklands; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Íslands; Ítalíu; Ítalskra nýlenda; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lettlands; Lýðveldisins Líberíu; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spanska hlutanum); Marokkó (spanski hlutinn); Nicaragua; Noregs; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenskra Indía; Hollenskra nýlenda í Ameríku; Perú; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlenda í Afríku; Hinna portúgölsku nýlenda í Asíu og í Eyjaálfunni; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Saarhjeraðsins; Konungsríkis Serba, Króata og Slóvena; Konungsríkisins Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tjekkoslóvakíu; Tunis; Tyrklands; Sambands hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja; Uruguay og Bandaríkja Venezuela.

Samkvæmt 3. grein alþjóðapóstsamningsins hafa undirritaðir fulltrúar ofannefndra landa í sameiningu, og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttir um eftirfarandi samning:

I. KAFLI.

Byrjunarákvæði.

1. grein.

Skilyrði fyrir skiftum á ávísunum.

Skifti á póstávísunum milli þeirra samningslanda, þar sem póststjórnirnar koma sjer saman um að hafa þau, skulu framkvæmd eftir ákvæðum þessa samnings.

II. KAFLI.

Útgáfa póstávísana.

2. grein.

Innborgun. — Kvittun.

Ávísanirnar skulu innborgaðar af sendendum í reiðupeningum, en sjerhver póststjórn hefir rjett til að taka á móti öllum pappírspeningum, sem eru löglega gjaldgengir í landi hennar gegn því að taka tillit til gengismunarins, ef hann er nokkur.

Kvittun skal láta sendanda í tje.

3. grein.

Tilgreining upphæðar. — Verðhlutfall.

1. — Nema öðruvísi sje ákveðið skal upphæð hverrar póstávísunar tilgreind í mynt þess lands, sem ávísunin á að greiðast í.

2. — Póststjórn sendilandsins ákveður sjálf verðhlutfallið milli sinnar myntar og myntar ákvörðunarlandsins. Hún ákveður sömuleiðis innborgunargengið, þegar sendi- og ákvörðunarland hafa sömu mynteiningu.

4. grein.

Hámarksupphæð við útgáfu.

Sjerhver póststjórn hefir rjett til þess að ákveða hámarksupphæð þeirra ávísana, sem hún gefur út, með því skilyrði, að hámarkið fari ekki fram úr 1000 frönkum.

Þó mega ávísanir, sem snerta póstþjónustuna sjálfa og gefnar eru út burðargjaldsfrítt samkvæmt ákvæðum 6. greinar, fara fram úr hámarki því, sem hver póststjórn ákveður.

5. grein.

Burðargjald.

1. — Burðargjald það, sem sendandi á að greiða fyrir hverja ávísun, er samsett af fastagjaldi, sem eigi má vera yfir 30 sentíma, og, að auki, af hlutfallsgjaldi, ½% af hinni innborguðu upphæð.

Sjerhver póststjórn hefir rjett til þess að taka þann gjaldstiga fyrir hlutfallsgjaldið, sem best hentar mynt hennar.

2. — Fyrir ávísanir, sem skifst er á fyrir milligöngu einhvers samningslands, milli annars samningslands og lands utan samningsins, má taka handa hinni milliliggjandi póststjórn, aukagjald, er dregst frá upphæð ávísunarinnar.

6. grein.

Undanþága frá burðargjaldi.

Undanþegnar öllu burðargjaldi eru ávísanir, er snerta póstþjónustuna og sendar eru milli póststjórnanna eða milli pósthúsa þeirra, svo og ávísanir frá póststjórnunum til alþjóðaskrifstofu póstsambandsins og gagnkvæmt.

Sama gildir einnig um ávísanir til herfanga og herskyldra manna í vörslu eða frá þeim; svo og ávísanir, sem skifst er á milli upplýsingarskrifstofa, sem settar eru á stofn til hjálpar herföngum eða herskyldum mönnum í vörslu, í ófriðarlöndunum eða í hlutlausum löndum.

7. grein.

Símapóstávísanir.

1. — Póstávísanir má senda símleiðis í viðskiftum milli þeirra landa, sem hafa samband við ríkisritsíma eða samþykkja að nota til þess einkaritsíma; þær heita þá símapóstávísanir.

2. — Um símapóstávísanir gildir sama og um venjuleg símskeyti, enda með sömu skilyrðum og fyrir þau, að þær má senda sem hraðskeyti, með fyrirfram greiddu svari, heimta á þeim endursímun til samanburðar og fyrir þær móttökukvittanir, svo og senda þær póstleiðis eða afhenda þær með hraðboða, ef heimili viðtakanda liggur fyrir utan svæði það, sem ókeypis útburður fer fram á.

Ef ávísunin á að fara á stað, sem liggur fyrir utan svæði það, sem ókeypis útburður fer fram á frá ákvörðunarsímastöð, skal sendandi geta þess, hvernig skeytið skuli flutt (póstleiðis eða með hraðboða).

3. — Sendandi símapóstávísunar má bæta við á eyðublaðið orðsendingu til viðtakanda, með því að borga fyrir það eftir taxtanum.

4. — Sendandi símapóstávísunar á að greiða vanalegt póstávísanagjald og símskeytisgjaldið.

8. grein.

Útborgunarkvittun.

Samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 49. grein alþjóðapóstsamningsins um móttökukvittanir fyrir brjefsendingum, og áður en frestur sá, sem ákveðinn er í 2. lið 21. greinar þessa samnings er útrunninn, getur sendandi almennrar ávísunar eða símaávísunar fengið útborgunarkvittun fyrir ávísuninni, en eingöngu póstleiðis.

9. grein.

Beiðni um afhendingu með hraðboða.

Samkvæmt skilyrðum þeim, sem ákveðin eru fyrir brjefasendingar í 40. grein alþjóðapóstsamningsins, getur sendandi einnig heimtað, að upphæðin sje afhent á heimili viðtakanda af sjerstökum burðarmanni, undireins og ávísunin er komin.

III. KAFLI.

Útborgun póstávísana.

10. grein.

Útborgun.

Upphæðir póstávísana skulu greiddar viðtakendum annaðhvort í reiðupeningum eða pappírspeningum, samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

11. grein.

Hámarksupphæð við útborgun.

Nema öðruvísi sje ákveðið, skal hámarksupphæð póstávísana, sem eiga að borgast í einhverju landi, vera hin sama og sú, er þetta land hefir ákveðið fyrir þær ávísanir, sem það gefur út.

Þegar sami sendandi lætur gefa út margar ávísanir sama dag, á sama stað og til sama viðtakanda, og upphæð þeirra samanlögð fer yfir hámarksupphæð þá, sem ákvörðunarlandið hefir fastákveðið, má ákvörðunarpósthúsið láta greiðsluna fara fram í afborgunum, þannig, að upphæð sú, sem greidd er yfir daginn, fari ekki fram úr hámarksupphæðinni.

12. grein.

Greiðsla í pósthlaupareikning.

Sjerhver póststjórn getur tekið að sjer að greiða upphæð póstávísana

í pósthlaupareikning, samkvæmt reglum þeim, er hjá henni gilda um póst- 56
tjekkastarfið, og skulu ávísanirnar í því efni álitnar löglega útborgaðar.

13. grein.

Útburðargjald.

Taka má af viðtakanda póstávísunar útburðargjald, þegar greiðslan fer fram á heimili hans.

14. grein.

Poste restante ávísanir.

Sje skrifað utan á póstávísun poste restante, má taka af viðtakanda hið sjerstaka gjald, sem nefnt er í 39. grein alþjóðapóstsamningsins. Gjald þetta hvílir þó ekki á ávísuninni, sje hún áframsend eða verði henni ekki komið til skila.

15. grein.

Útburður með hraðboða. — Afhending símaávísana.

1. — Þegar sendandi almennrar póstávísunar krefst þess, að upphæðin sje borin á heimili viðtakanda af sjerstökum burðarmanni, hefir póststjórn ákvörðunarlandsins heimild til þess að senda aðeins tilkynningu um komu ávísunarinnar eða ávísunina sjálfa með hraðboða, í staðinn fyrir upphæðina, að svo miklu leyti sem það er í samræmi við innanlandsákvæði hennar.

2. — Viðtakanda símapóstávísunar skal þegar í stað gert aðvart um komu hennar, honum að kostnaðarlausu; þó má, þegar heimili viðtakanda liggur utan svæðis þess, sem ókeypis útburður fer fram á, taka af honum gjald fyrir afhendingu á tilkynningunni með hraðboða, ef sendandi hefir ekki greitt það.

Þegar póststjórn sendilandsins lætur afhenda peningana á heimili viðtakanda, í staðinn fyrir tilkynninguna, er henni heimilt að taka þar fyrir sjerstakt gjald með því að draga frá, ef svo ber undir, hraðboðagjaldið, sem sendandi hefir borgað.

16. grein.

Gildi ávísana.

1. — Ávísanirnar gilda til loka næsta mánaðar á eftir þeim mánuði, sem þær eru gefnar út í. Þessi frestur er lengdur með fjórum mánuðum í viðskiftum við lönd utan Evrópu, eða í innbyrðisviðskiftum þeirra, nema öðruvísi sje ákveðið. Þegar þessi frestur er liðinn, er ekki lengur hægt að borga ávís-

56 anirnar út, nema eftir endurnýjunaráteiknun frá póststjórninni, sem hefir gefið þær út, og eftir beiðni póststjórnar ákvörðunarlandsins.

2. — Endurnýjunaráteiknunin veitir ávísuninni nýtt gildi, jafnlangt og það, sem nefnt er í 1. lið þessarar greinar.

3. — Sje gildi ávísunar útrunnið, og ekki sje um að kenna vangá af póstmanna hálfu, má taka gjald fyrir endurnýjunaráteiknunina, er sje jafnt gjaldi því, sem greitt er fyrir fyrirspurn um almenna brjefasendingu.

17. grein.

Ábeking ávísana.

Sjerhvert land hefir, á sínu svæði, rjett til þess að lýsa eignarrjett á póstávísunum frá einhverju öðru samningslandi framseljanlegan með ábekingu (endossement).

IV. KAFLI.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift. — Áframsending. — Óskilaávísanir. — Fyrirspurnir.

18. grein.

Afturköllun ávísana. — Breyting á utanáskrift.

Sendandi almennrar póstávísunar eða símapóstávísunar getur látið afturkalla hana úr þjónustunni eða látið breyta utanáskrift hennar með þeim skilyrðum, sem eru ákveðin fyrir almennar sendingar, samkvæmt 45. grein alþjóðapóstsamningsins, svo framarlega sem viðtakandi hefir hvorki fengið ávísunina sjálfa í hendur nje upphæð hennar.

19. grein.

Áframsending póstávísana.

1. — Hafi viðtakandi flutst búferlum, má áframsenda póstávísanirnar til annars samningslands, annaðhvort eftir beiðni sendanda eða viðtakanda.

2. — Fari áframsending almennra póstávísana eða símapóstávísana fram póstleiðis, og hið nýja ákvörðunarland hafi póstávísanaviðskifti á grundvelli þessa samnings við upprunalandið, skal ekkert aukagjald tekið í þessu tilefni. En hafi hið nýja ákvörðunarland engin slík viðskifti við upprunalandið, fer áframsendingin fram á þann hátt, að ný ávísun er gefin út og burðargjald undir hana dregið frá upphæðinni, sem á að senda.

3. — Áframsending er leyfð símleiðis á almennum ávísunum og síma-

ávísunum, ef hið nýja ákvörðunarland hefir símaávísanaviðskifti við hið upprunalega ákvörðunarland. 56

Í slíkum tilfellum er gefin út símapóstávísun fyrir upphæðinni, sem eftir er, þegar búið er að draga frá póst- og símagjöld fyrir hina nýju leið.

4. — Almennar ávísanir og símaávísanir, sem sendar eru frá landi, sem ekki tekur þátt í þessum samningi, en hefir ávísanaviðskifti við eitthvert samningsland, má áframsenda póstleiðis eða símleiðis, frá þessu landi til þriðja lands, sem hefir undirskrifað samninginn, ef hinir sjerstöku samningar eru því ekki til fyrirstöðu. Áframsending þessi fer þannig fram, að ný ávísun er gefin út, og burðargjald undir hana dregið frá upphæðinni, sem á að senda.

Með sömu skilyrðum má áframsenda almennar ávísanir og símaávísanir frá samningslandi til lands, sem tekur ekki þátt í samningnum.

20. grein.

Óskilaávísanir.

1. — Póstávísanir, sem neitað er að taka við, svo og þær, sem viðtakendur að eru óþektir, farnir án þess að hafa gefið upp heimilisfang, eða farnir til landa, sem ekki er hægt að áframsenda til, skulu þegar í stað endursendar til upprunapósthússins.

Ávísanir, sem ekki hefir verið beiðst útborgunar á, áður en þær ganga úr gildi, skulu sendar upprunapóststjórninni af póststjórninni, sem hefir þær með höndum.

2. — Ávísanir, sem einhverra orsaka vegna hefir reynst ókleift að greiða viðtakendum, skulu endurgreiddar sendendum.

21. grein.

Fyrirspurnir.

1. — Fyrir fyrirspurn um póstávísun má taka sama gjald og fyrir fyrirspurn um brjefasendingu. Ekkert gjald skal tekið, hafi sendandi áður greitt sjerstakt gjald fyrir útborgunarkvittun.

Fyrirspurnargjaldið skal borga til baka, hafi ávísunin ekki komist áfram vegna vangár póstmanna, og verði því að endurgreiðast sendanda.

2. — Krafa um útborgun á ávísun til óviðkomandi manns er aðeins tekin til greina innan eins árs, að telja frá deginum næst á eftir þeim, er peningarnir voru innborgaðir.

V. KAFLI.

Ábyrgð.

22. grein.

Viðtæki ábyrgðar.

Upphæðir þær, sem eru innborgaðar til þess að breytast í póstávísanir, eru, meðan þær eru í gildi, ábyrgstar sendendum þangað til ávísanirnar hafa verið borgaðar út samkvæmt settum reglum.

Ábyrgðin hvílir á póststjórn upprunalandsins, nema þegar útborgunarpósthúsið getur ekki sýnt fram á, að útborgun hafi farið fram samkvæmt gildandi reglum hjá því.

Þegar ársfrestur sá er liðinn, sem nefndur er í 21. grein um fyrirspurnir, bera póststjórnirnar ekki lengur ábyrgð á útborgunum gegn fölskum kvittunum.

23. grein.

Útborgun á upphæðum, sem spurst er fyrir um.

Rísi ágreiningur útaf póstávísun, og að svo miklu leyti sem kemur til ábyrgðar í póstþjónustunni, hvílir skyldan til þess að bæta fyrirspyrjanda skaðann á útborgunarpóststjórn, ef á að afhenda hinum raunverulega viðtakanda peningana, en á innborgunarpóststjórn, ef á að endurgreiða þá sendanda.

Póststjórn sú, sem fullnægir fyrirspyrjanda, öðlast endurgreiðslurjett gagnvart póststjórn þeirri, sem ábyrgðina ber á hinni ólöglegu útborgun.

24. grein.

Frestur á útborgun.

1. — Fyrirspyrjanda skal bættur skaðinn eins fljótt og unt er, og í síðasta lagi innan sex mánaða, að telja frá deginum næst á eftir þeim, sem krafan er sett fram. Frestur þessi er lengdur upp í níu mánuði í viðskiftum við lönd handan hafs.

2. — Póststjórn sendilandsins hefir rjett til þess að fullnægja fyrirspyrjanda fyrir reikning póststjórnar útborgunarlandsins, þegar hún, eftir löglega aðvörun, hefir látið líða sex mánuði, án þess að fullnægja kröfunni; frestur þessi er lengdur upp í níu mánuði í viðskiftum við lönd handan hafs.

Sendipóststjórnin getur, sem undantekningu, frestað endurgreiðslunni fram yfir tíma þann, sem nefndur er í næsta lið á undan, þegar að, þrátt fyrir alla árvekni frá póststjórnanna hálfu við rannsókn málsins, fresturinn hefir ekki verið nægur til þess að að ákveða ábyrgðina.

25. grein. 56

Endurgreiðsla á útlögðum upphæðum til póststjórnar upprunalandsins.

Póststjórn útborgunarpósthússins, sem borgun hefir verið framkvæmd fyrir, til fyrirspyrjanda af sendipóststjórninni, er skylt að endurgreiða hinni síðarnefndu upphæðina, sem lögð hefir verið út, innan þriggja mánaða frá því hún tekur við tilkynningunni um borgunina. Endurgreiðslan skal framkvæmd póststjórninni sem inni á, að kostnaðarlausu, annaðhvort með ávísun eða víxli eða peningum, sem eru gjaldgengir í landinu, sem á inni, eða þá eftir samkomulagi, með innskrift til tekna fyrir þetta land í ávísanareikningnum.

Þegar þriggja mánaða fresturinn er liðinn, falla vextir á upphæðina, sem skuldast póststjórn sendilandsins, 7% á ári, að telja frá þeim degi, er fresturinn rennur út.

VI. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Fyrntar ávísanir.

26. grein.

Um hver fær burðargjöldin.

1. — Póststjórn sú, sem hefir gefið út póstávísanir, færir þeirri póststjórn, sem útborgar þær, ¼% til tekna af samanlagðri upphæð allra ávísananna, þó ekki af burðargjaldsfrjálsum ávísunum.

2. — Aukagjaldið, sem milliliggjandi póststjórn tekur af ávísun, sem skifst er á milli samningslands og lands utan samningsins (2. liður 5. greinar), er burðargjaldshluti hins síðarnefnda.

3. — Þegar áframsending fer fram á ávísun, fær hið nýja ákvörðunarland, hvaða burðargjald sem upprunalandið kann að hafa tekið, burðargjaldshluta þann, sem því hefir borið, hefði ávísunin upprunalega haft utanáskrift þangað.

Gjald fyrir útborgunarkvittanir og hraðboðagjald falla til póststjórnar sendilandsins.

27. grein.

Reikningsskil.

Póststjórnir samningslandanna búa út mánaðarlega reikninga, og eru teknir í þá allar upphæðir, sem borgaðar hafa verið út við pósthús hverra um sig. Þegar ávísanirnar hafa verið útborgaðar í mismunandi mynt, skal lægri inneign, nema öðruvísi sje um samið, breytt í sömu mynt og hærri inneign, og er breyting gerð með því, að taka hið opinbera meðalgengi í landinu, sem skuldar, á tímabilinu, sem reikningurinn á við.

Reikningarnir skulu jafnaðir af þeirri póststjórn, sem skuldar hinni, innan tiltekins tíma, sem ákveðinn er í reglugjörðinni.

28. grein.

Greiðsla.

Nema öðruvísi sje um samið, skal greiðslan á reikningsjöfnuðinum fara fram í þeirri mynt, sem landið, er inni á, notar við greiðslu á póstávísunum.

Sje jöfnuður einhvers reiknings ekki greiddur innan hins ákveðna tíma, falla vextir á upphæðina, frá þeim degi að telja, er fresturinn rennur út og þangað til greiðslan fer fram. Vextir þessir eru 7% á ári.

29. grein.

Fyrntar ávísanir.

Peningar þeir, sem breytt er í póstávísanir, sem ekki er búið að krefjast greiðslu á innan þess tíma að þær fyrnist, falla að fullu og öllu til póststjórnar sendilandsins.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

30. grein.

Pósthús, sem taka þátt í viðskiftunum.

Póststjórnirnar gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að svo miklu leyti sem hægt er, útborganir á ávísunum á öllum stöðum í landi sínu.

31. grein.

Þátttaka annara framkvæmdarstjórna.

Þau lönd, þar sem póstávísanaviðskiftin heyra undir aðrar framkvæmdarstjórnir en póststjórnina, geta tekið þátt í póstávísanaviðskiftum þeim, sem ákveðin eru með ákvæðum þessa samnings.

Framkvæmdarstjórnum þeim, sem hafa póstávísanaviðskiftin með höndum í þessum löndum, ber að ná samkomulagi við póststjórnina í landi sínu, til þess að tryggja fullkomnar framkvæmdir á öllum ákvæðum samningsins. Hin síðarnefnda stjórn er milliliður fyrir þær í öllum viðskiftum við póststjórnir hinna samningslandanna, svo og við alþjóðaskrifstofuna.

32. grein.

Beiting á hinum almennu ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Hin almennu ákvæði, sem nefnd eru í I. og II. bálki alþjóðapóstsamn-

ingsins, eiga einnig við um þenna samning, að undanskyldu því, sem 7. grein 56
fjallar um.

33. grein.

Gjöld til ríkissjóðs eða önnur gjöld bönnuð.

Óháð banninu, sem nefnt er í 27. grein alþjóðapóstsamningsins, gildir einnig, að fyrir póstávísanir, póstkvittanir til sendanda og kvittanir á ávísanirnar má ekki taka neinskonar þóknun eða gjald.

Á símaávísanir má ekki leggja neinn símakostnað fram yfir þann, sem nefndur er í alþjóðasímareglugjörðum.

34. grein.

Samþykt á frumvörpum, er koma fram milli póstþinga.

Til þess að öðlast gildi, verða frumvörpin sem koma fram milli póstþinga (18. og 19. grein alþjóðapóstsamningsins), að fá:

a) öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót nýrra ákvæða eða breytingu á ákvæðum 1. til 11., 13. til 18., 21., 26., 27., 28., 33., 34. og 35. greinar samningsins, og 1., 2., 4., 10., 18. og 19. greinar starfsreglugjörðar hans.
b) tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingu á ákvæðum í öðrum greinum samningsins en þeim, sem nefndar eru hjer á undan og 3., 5., 6., 8., 11. og 12. grein starfsreglugjörðar hans.
c) einfaldan meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða breytingu á öðrum greinum starfsreglugjörðarinnar eða skilning á ákvæðum samningsins og starfsreglugjörðar hans, að undanteknu atriðinu um ágreining, sem lagt skal í gerðardóm.

Niðurlagsatriði.

35. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. október 1925 og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar framangreindra landa undirskrifað þenna samning í einu eintaki, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku póststjórnar, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

56

Starfsreglugjörð

póstávísanasamningsins.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Útgáfa. — Flutningur. — Útborgun.

1. grein. Ávísanaeyðublöð.
2. — Áritun á eyðublöðin. Sjerstakar orðsendingar.
3. — Flutningur ávísananna.
4. — Símapóstávísanir.
5. — Útborgunarkvittun.
6. — Hraðboða-ávísanir.

II. KAFLI.

Ýmsar reglur.

7. grein. Óreglulegar ávísanir.
8. — Tapaðar, týndar eða eyðilagðar ávísanir.
9. — Endurnýjunaráteiknun.
10. — Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.
11. — Áframsending.
12. — Ávísanir, sem ekki verður komið til skila.
13. — Fyrirspurnir.

III. KAFLI.

Reikningsfærsla.

14. grein. Mánaðarreikningar.
15. — Aðalreikningar.
16. — Greiðsla á reikningsjöfnuði. — Fyrirframgreiðslur.

IV. KAFLI.

Upplýsingar og tilkynningar. — Mál.

17. grein. Upplýsingar og tilkynningar.
18. — Eyðublöð. — Tunga.

Niðurlagsatriði.

19. grein. Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

56

Starfsreglugjörð

fyrir

samninginn um póstávísanaviðskiftin.

Samkvæmt 4. grein alþjóðapóstsamningsins, sem gerður var í Stokkhólmi 28. ágúst 1925 hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á samningnum um póstávísanaviðskiftin.

I. KAFLI.

Útgáfa. — Flutningur. — Útborgun. —

1. grein.

Ávísanaeyðublöð.

Ávísanirnar skulu útfyltar á eyðublað úr haldgóðum línpappa (karton) eins og meðfylgjandi fyrirmynd A.

2. grein.

Áritun á eyðublöðin. Sjerstakar orðsendingar.

1. — Hið ritaða mál, sem sett er á ávísanirnar skal skrifað með aröbskum tölum og latnesku letri, án útþurkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þótt staðfest sje.

Tilgreining á upphæðum, sem eru brot úr mynteiningu, má skrifa í tölum, en þó skal fyrir framan töluna, sem táknar eininguna, setja núll, þegar engir tugir eru.

Skrifað mál með blýanti er ekki leyfilegt. Þó mega þjónustuupplýsingarnar vera skrifaðar með blekblýanti.

2. — Utanáskriftin á ávísununum skal greina viðtakanda þannig, að auðvelt sje að ákveða persónu hins rjetta hlutaðeiganda. Nafnstyttingar og símnefni eru ekki leyfð.

3. — Bannað er að skrifa á ávísanirnar annað en það, sem texti eyðublaðanna segir til um. Sendandi hefir þó leyfi til þess, að bæta orðsendingum til viðtakanda ávísunarinnar við á afklippinginn.

4. — Ávísanir, sem eru gefnar út burðargjaldsfrítt, skulu efst bera yfirskriftina „En franchise de taxe“ (burðargjaldsfrítt), og aftan á afklippingnum skal þess getið, af hvaða ástæðu ávísunin sje send. 56

3. grein.

Flutningur ávísananna.

Ávísanirnar eru fluttar opnar og settar í póstinn á þann hátt, sem segir í 1. lið 49. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

4. grein.

Símapóstávísanir.

1. — Símapóstávísanir eru útbúnar af sendipósthúsinu, og sendar til ákvörðunarpósthússins. Nema öðruvísi sje ákveðið eru þær útfyltar á frönsku og útbúnar sem hjer segir:

(Þjónustu upplýsingar, ef ástæða er til).
Mandat (númer póstávísunarinnar).
Poste (nafn ákvörðunarpósthússins).
(Ef svo ber undir, útborgunarkvittun).
(Nafn sendanda).
(Upphæðin, sem send er).
(Nákvæmt nafn viðtakanda, aðsetursstaðar hans og, ef hægt er, heimilis hans).

Tilgreiningar skeytisins skulu ætíð standa í sömu röð og að ofan segir.

2. — Þjónustuupplýsingar skulu skrifast í fullum bókstöfum eða með styttingum þeim, sem símastjórnin leyfir.

3. — Þegar símapóstávísanir eru útgefnar annaðhvort af pósthúsum á stöðum, þar sem engin ritsímastöð er eða frá stöðum, þar sem eru mörg pósthús, en sendipósthúsið hefir ekki neina símaþjónustu, skal útgáfustaður ávísananna tilgreindur á skeytunum, næst á eftir númeri ávísunarinnar, þannig:

„Mandat 404 de .....“

4. — Upphæðin, sem send er, skal tilgreind í tölum, og að því er snertir mynteiningarnar (franki, mark o. s. frv.) í fullum bókstöfum í mynt ákvörðunarlandsins.

5. — Sje viðtakandi kvenmaður, er skylda að tilfæra orðin „madame“ eða „mademoiselle“ við ættarnafn hennar, jafnvel þótt fornafnið sje með, nema þegar það er óþarfa endurtekning á stöðu, titli, starfi eða atvinnu, er segir greinilega til um persónu viðtakanda.

Þó má sleppa því að tilgreina nafn aðsetursstaðar viðtakanda, þegar það er sama og nafn ákvörðunarpósthússins.

56 Sendanda eða viðtakanda má hvorki tilgreina með skammstöfun eða sjerstöku orði, sem þeir hafa komið sjer saman um.

6. — Endurtekning að nokkru leyti er skylda, (endurtekning frá einni stöð til annarar á eiginnöfnum og tölum).

7. — Sendipósthúsið sendir ákvörðunarpósthúsinu sem staðfestingu, tilkynningu um útgáfu símapóstávísunarinnar, með næsta pósti á eftir og í umslagi, og skal hún vera eins í laginu eða lík og meðfylgjandi fyrirmynd B.

8. — Ákvörðunarpósthúsið skal framkvæma borgunina án þess að bíða eftir tilkynningunni. Það heftir hana, að svo miklu leyti sem hægt er, við ávísunina, þegar viðtakandi hefir kvittað hana.

9. — Póststjórnirnar geta heimilað ritsímastöðvum á stöðum, þar sem eru eitt eða fleiri pósthús, að taka við símapóstávísanafje af sendanda og borga það á ákvörðunarstaðnum.

5. grein.

Útborgunarkvittun.

1. — Þegar sendandi almennrar póstávísunar biður um að fá kvittun fyrir útborgun ávísunarinnar, límir sendipósthúsið á hana frímerki, er svarar til gjaldsins sem tekið er fyrir þetta. Það eyðileggur því næst frímerkið, með því að skrifa á það með greinilegu letri orðin: „Avis de payement“ (útborgunarkvittun). Sje um símapóstávísun að ræða, er frímerkið sett á tilkynningu ávísunarinnar.

2. — Sama dag og útborgunin fer fram, sendir pósthúsið, sem á að annast hana, sendanda ávísunarinnar kvittun, eins eða líka og fyrirmynd C, er fylgir starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins, opna og burðargjaldsfrítt.

3. — Þegar sendandi biður um kvittun fyrir útborgun, eftir að búið er að gefa póstávísunina út, skrifar sendipósthúsið nákvæma lýsingu á ávísuninni á eyðublaðið C, sem áður er útbúið með frímerkjum, er svarar til gjaldsins, sem tekið er, og sendir það síðan í umslagi, sem þjónustusendingu, til ákvörðunarpósthússins. Þegar þetta pósthús hefir útfylt eyðublaðið, sendir það það til baka á sama hátt og segir í 2. lið hjer að ofan.

Póststjórn sendilands ávísananna hefir heimild til þess að leggja fyrir pósthús sín að senda sjer fyrst um sinn beiðnir um útborgunarkvittanir, sem koma til þeirra meir en mánuði eftir að ávísunin er gefin út.

6. grein.

Hraðboðaávísanir.

Ákvæðin í 37. grein og 4. lið 38. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda um almennar ávísanir, sem bera á út með hraðboða.

II. KAFLI. 56

Ýmsar reglur.

7. grein.

Óreglulegar ávísanir.

1. — Ávísanir, sem ekki hefir verið hægt að borga út af einhverjum eftirgreindum ástæðum:

a) ónákvæm, ónóg eða efasöm tilgreining á nafni eða heimili viðtakenda,
b) ósamkvæmni eða úrfelling á nöfnum eða upphæðum,
c) yfirstrikanir eða leiðrjettingar á upphæðunum,
d) vöntun á stimplun, undirskrift eða öðrum þjónustuupplýsingum,
e) tilgreining upphæðarinnar, sem á að borga, í annari mynt en þeirri, sem hlutaðeigandi lönd hafa komið sjer saman um,
f) notkun eyðublaða, sem ekki eru samkvæmt hinum fyrirskipuðu reglum,

eru endursendar eins fljótt og hægt er, í umslagi til sendipósthússins til leiðrjettingar, nema sendandi, eftir að honum hefir verið tilkynt það, heimti að beitt sje ákvæðunum í 2. lið hjer á eftir.

Í viðskiftum við lönd handan hafs, má þó póststjórn ákvörðunarlandsins láta borga út ávísanir, þar sem upphæðin er tilgreind í annari mynt en þeirri, sem leyfð er, þegar hún getur gert breytinguna með því gengi, sem útgáfupóststjórnin notar, og með því skilyrði, að gera póststjórninni, sem hefir gefið ávísunina út, aðvart þegar í stað. Áhætta við ranga myntbreytingu, hvílir á þeirri póststjórninni, sem gerir breytinguna.

2. — Ef viðtakandi almennrar póstávísunar óskar og býðst til þess að greiða kostnaðinn, má leiðrjetta skekkjuna, sem er til hindrunar fyrir útborgun ávísunarinnar, símleiðis með þjónustutilkynningu, sem burðargjald er greitt fyrir. Ávísunin er þá geymd á ákvörðunarpósthúsinu, sem leiðrjettir hana, þegar það fær leiðrjettingarskeytið frá sendipósthúsinu, og leggur skeytið með ávísuninni.

Hafi leiðrjettingarskeytið orsakast af skekkju, sem stafar af vangá póstmanna, skal gjaldið fyrir það endurgreitt rjettum hlutaðeiganda.

3. — Þegar ekki er hægt að útborga símaávísanir sakir ófullkominnar eða ónógrar utanáskriftar, eða sakir einhvers annars, sem ekki verður heimfært upp á viðtakanda, skal sendipósthúsinu send þjónustutilkynning, er tilgreini ástæðuna til þess að útborgun hefir ekki farið fram. Sendipósthúsið rannsakar hvort skekkjan stafi af vangá frá þjónustunnar hálfu. Sje svo, leiðrjettir það skekkjuna þegar í stað með þjónustutilkynningu. Annars gerir það sendanda aðvart, og getur hann þá leiðrjett skekkjuna með þjónustutilkynningu, sem burðargjald er borgað fyrir.

Þegar skekkja á símapóstávísunum hefir ekki verið leiðrjett innan hæfi-

56 legs frests með þjónustutilkynningu, skal hún leiðrjett á sama hátt og segir fyrir um almennar póstávísanir.

4. — Þegar aðeins er komin tilkynning um símapóstávísun, en sjálft skeytið vantar, má ekki borga ávísunina út við sýningu á tilkynningunni. Fyrst og fremst ber að gera fyrirspurn um símskeytið með símaþjónustutilkynningu. Þær símaávísanatilkynningar, sem ekki eru komnar með fyrsta pósti eftir dagsetningu ávísunarinnar, skulu krafðar með leiðrjettingarskýrslu, er sje eins eða lík og fyrirmynd G, er fylgir starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins

8. grein.

Tapaðar, týndar eða eyðilagðar ávísanir.

1. — Í stað ávísana, sem hafa tapast, týnst eða eyðilagst, má, eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, búa út umboð til útborgunar, og lætur póststjórn sendilandsins þau af hendi, eftir að hún í samráðum við póststjórn ákvörðunarlandsins, hefir komist að raun um, að ávísunin hafi hvorki verið útborguð, endurgreidd nje áframsend.

Útborgunarumboðin eru látin án nokkurs burðargjalds. Þau hafa jafnlangt gildi og ávísanirnar.

2. — Ef samtímis er krafist endurgreiðslu af sendanda og útborgunar af viðtakanda fyrir ávísun, sem hefir tapast, týnst eða eyðilagst, skal útborgunarumboðið látið þeim fyrnefnda í tje.

3. — Þegar sendandi gerir kröfu til endurgreiðslu á ávísun, sem hefir tapast, týnst eða eyðilagst, verður hann til styrktar kröfu sinni að leggja fram kvittun. Póststjórn sendilandsins leyfir endurgreiðsluna, þegar hún er búin að fullvissa sig um, að póststjórn ákvörðunarlandsins hafi hvorki borgað nje muni borga ávísunina út.

Þegar póststjórn ákvörðunarlandsins svarar því, að ávísunin hafi ekki komið sjer í hendur, getur póststjórn sendilandsins útbúið útborgunarumboð, með þeim fyrirvara, að ávísunin sje ekki talin í neinum þeirra mánaðarreikninga, sem búnir hafa verið til fram að því að hún verður ógild.

Hafi aftur á móti ekkert svar fengist hjá póststjórn ákvörðunarlandsins innan þess tíma, sem nefndur er í 24. grein samningsins um endurgreiðslu á upphæð póstávísana, sem borgaðar eru gegn fölskum kvittunum, og ef ávísunin er ekki talin í neinum mánaðarreikningi, sem komið hefir fram að því að fresturinn rennur út, þá hefir póststjórn sendilandsins rjett til þess að ganga lengra og láta endurgreiðslu á upphæðinni fara fram. Tilkynningu um þessa endurgreiðslu ber að senda í ábyrgðarbrjefi til póststjórnar ákvörðunarlandsins, og er ekki ætlast til, að ávísunin, sem nú skoðast algerlega glötuð, komi frekar til reiknings.

9. grein. 56

Endurnýjunaráteiknun.

Endurnýjunaráteiknun sú, sem nefnd er í 16. grein samningsins, skal vera rituð á sjálfa ávísunina.

10. grein.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.

1. — Ákvæðin í 41. og 42. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda ef beðið er um afturköllun eða breytingu á utanáskriftinni á almennri ávísun eða símaávísun. Þó skal engin líking (fac-similé) af ávísuninni fylgja beiðninni um afturköllun eða breytingu á utanáskrift. Í beiðninni skal ætíð tilgreina númer, útgáfudag og upphæð ávísunarinnar, sem átt er við.

2. — Sje beðið símleiðis um utanáskriftarbreytingu á almennri ávísun eða símaávísun, bíður ákvörðunarpósthúsið með að framkvæma það, þangað til beiðnin kemur póstleiðis.

3. — Ákvörðunarpósthús símapóstávísunar á, þar að auki, að hafa tilkynninguna um útgáfuna á höndum áður en það verður við beiðninni um að breyta utanáskriftinni.

Sje um einfalda leiðrjettingu á utanáskriftinni að ræða, sem nefnd er í 42. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins, má taka leiðrjettinguna til greina, án þess að bíða þangað til tilkynning um útgáfuna kemur.

4. — Póststjórn ákvörðunarlandsins getur þó, upp á eigin ábyrgð, tekið símabeiðni um breytingu á utanáskrift til greina, án þess að bíða eftir því, að hún komi póstleiðis, eða, ef svo ber undir, án þess að bíða eftir tilkynningunni um útgáfuna.

11. grein.

Áframsending.

1. — Pósthúsið, sem áframsendir, strikar út, ef með þarf, með penna áteiknunina um upphæð ávísunarinnar, þannig, að hægt sje þó að lesa hina upprunalegu skrift. Upplýsingarnar í dálkinum „somme versée" skulu látnar halda sjer. Þegar pósthúsið er búið að breyta upphæð ávísunarinnar eftir gengi því, sem landið, sem áframsendir, notar við póstávísanir, í mynt hins nýja ákvörðunarlands, skrifar það hana í fullum bókstöfum á hæfilegan stað á eyðublaði ávísunarinnar, en, að svo miklu leyti sem hægt er, rjett fyrir ofan hina upprunalegu áteiknun upphæðarinnar í bókstöfum. Hin nýja áteiknun ávísunarinnar er undirskrifuð af póstmanninum. Á sama hátt skal farið að við frekari áframsendingu.

Sje um áframsendingu að ræða til fyrsta ákvörðunarlands eða sendi-

56 landsins, skrifar þó pósthúsið, sem áframsendir, hina upprunalegu upphæð á ávísunina eða setur í hennar stað upphæðina, sem skrifuð er í þjónustudálkinum, í mynt sendilandsins.

2. — Áframsending símapóstávísana póstleiðis er framkvæmd á sama hátt, og án þess að bíða þurfi eftir tilkynningu um útgáfuna.

Ávísunin er send í umslagi til hins nýja ákvörðunarpósthúss.

Sama gildir og um tilkynninguna, þegar hún er komin til pósthússins, sem áframsendir.

3. — Sje um símleiðis áframsendingu að ræða á almennri ávísun, útbýr fyrsta ákvörðunarpósthús símapóstávísun fyrir upphæð þeirri, sem eftir er, þegar búið er að draga frá henni símskeytisgjaldið og póstgjaldið. Póstgjaldið er reiknað af upphæð hinnar upprunalegu ávísunar, að frádregnu símskeytisgjaldinu.

Myntbreytingin, til hins nýja ákvörðunarlands, er framkvæmd eins og sagt er í 1. lið að ofan. Hin upprunalega ávísun er kvittuð af fyrsta ákvörðunarpósthúsi, og færð til reiknings sem útborguð ávísun, eftir að skrifað hefir verið á hana þessi athugasemd:

„Réexpédié le montant de .... à ...., sous déduction de la taxe de ....“

(Áframsend upphæðin .... til .... að frádregnu burðargjaldi ....).

Afklippingur almennrar ávísunar er heftur við símaávísunartilkynninguna til afhendingar viðtakanda.

4. — Áframsending símleiðis á símaávísun fer fram samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 3. lið, og án þess að bíða þurfi eftir tilkynningu ávísunarinnar.

5. — Ákvæðin í 3. og 4. lið gilda einnig um áframsendingu á almennum ávísunum og símaávísunum frá einu samningslandi til annars samningslands, sem upprunalandið hefir ekki póstávísanaskifti við, eða til lands, sem tekur ekki þátt í samningnum. Sama gildir einnig um áframsendingu á ávísunum frá landi, sem tekur ekki þátt í samningunum, til samningslands.

6. — Beiðnir um áframsendingu skulu innritaðar til athugunar af fyrsta ákvörðunarpósthúsi, og, ef svo ber undir, af öðrum ákvörðunarpósthúsum. Pósthús, sem framkvæmir endursendingu á póstávísun á þann hátt, sem að ofan greinir, sendir útgáfupósthúsinu tilkynningu um það.

12. grein.

Ávísanir, sem ekki verður komið til skila.

1. — Áður en ávísanir, sem ekki hefir verið hægt að greiða viðtakendum af einhverjum ástæðum, eru endursendar til upprunastaðar síns, skal ákvörðunarpósthúsið innrita þær til minnis og stimpla þær eða merkja með merki því, sem nefnt er í 1. lið 40. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins að brúka skuli við sendingar, sem ekki verður komið til skila.

Endursendar símaávísanir skulu látnar í umslag og eiga útgáfutilkynn- 56
ingar þeirra að fylgja þeim.

Þó skulu ávísanir þær, sem eru áframsendar með skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 3., 4. og 5. lið 11. greinar, sendar upprunapóststjórninni af þeirri póststjórn, sem ávísanirnar vor ætlaðar í fyrstunni, svo að hún geti breytt þeim í nýja þjónustuávísun.

2. — Endurgreiðsla óútborgaðra ávísana til sendenda skal framkvæmd jafnskjótt sem sendipóststjórnin er búin að fá ávísanirnar í sínar hendur og, ef um símaávísanir er að ræða, útgáfutilkynningarnar.

13. grein.

Fyrirspurnir.

1. — Sjerhver fyrirspurn um almenna ávísun eða símaávísun, skal skrifuð á eyðublað eins eða líkt og meðfylgjandi eðublað C. Um flutning á þessu eyðublaði fer eins og segir í reglunum í 3. lið 5. greinar um útborgunarkvittanir, sem beðið er um eftir að ávísanirnar hafa verið gefnar út.

2. — Þegar ákvörðunarpósthúsið getur gefið fullnægjandi upplýsingar um afdrif ávísunarinnar, sem spurst er fyrir um, endursendir það eyðublaðið, útfylt samkvæmt því, sem rannsóknin hefir leitt í ljós, til pósthússins, sem hefir tekið á móti fyrirspurninni. Sje um árangurslausa rannsókn að ræða eða vafasama útborgun, er eyðublaðið sent til póststjórnar sendilandsins, fyrir milligöngu póststjórnar ákvörðunarlandsins.

3. — Sjerhver póststjórn getur krafist þess, með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar, að fyrirspurnir, er snerta þjónustu hennar, sjeu sendar, annaðhvort til aðalskrifstofu hennar eða einhvers pósthúss, sem hún sjerstaklega tiltekur.

III. KAFLI.

Reikningsfærsla.

14. grein.

Mánaðarreikningar.

1. — Í lok hvers mánaðar útbýr hver póststjórn handa sjerhverri hinna póststjórnanna mánaðarreikning, eins og meðfylgjandi fyrirmynd D, þar sem upp eru teknar — að svo miklu leyti sem hægt er í tímatalsröð og stafrófsröð yfir útgáfupósthúsin — allar ávísanir, sem hafa verið útborgaðar á pósthúsum hennar, fyrir reikning hlutaðeigandi póststjórnar, í næsta mánuði á undan.

Hún færir sömuleiðis á reikninginn upphæð þeirrar þóknunar, sem

56 henni ber, samkvæmt 1. lið 26. greinar samningsins, fyrir útborgaðar ávísanir á pósthúsum hennar, og ennfremur, ef svo ber undir, upphæðir endurgreiðslna þeirra og vaxta, sem nefnd eru í 25. og 28. grein samningsins.

2. — Mánaðarreikningurinn er sendur póststjórninni, sem skuldar, í síðasta lagi í lok mánaðarins næst á eftir þeim, sem hann á við, ásamt tilheyrandi kvittuðum póstávísunum og símapóstávísunum með tilkynningum þeirra, að svo miklu leyti, sem hægt er.

Símapóstávísanatilkynningar, sem koma til póststjórnar ákvörðunarlandsins, eftir að búið er að senda reikninginn, sem ávísanirnar eru í, er þær tilheyra, skulu heftar við einhvern næstu reikninga, og sendar póststjórn sendilandsins.

3. — Sjeu engar útborgaðar ávísanir, skal senda hlutaðeigandi póststjórn auðan mánaðarreikning.

15. grein.

Aðalreikningar.

1. — Strax eftir móttöku mánaðarreikninganna, og án þess að bíða eftir nánari rannsókn á hverjum einstökum lið þeirra, er reikningsjöfnuðurinn gerður upp í aðalreikningi, sem póststjórnin, er á inni, býr út, nema öðruvísi sje ákveðið.

Mismunur, sem seinna kynni að koma fyrir, skal tekinn upp í næsta mánaðarreikning á eftir. Honum skal slept, ef upphæðin alls nemur ekki 50 sentímum á reikningi.

2. — Aðalreikningur skal vera viðurkendur innan tveggja mánaða eftir lok þess mánaðar, sem hann á við. Frestur þessi er lengdur upp í fjóra mánuði í viðskiftum við lönd utan Evrópu, eða í viðskiftum milli þessara landa innbyrðis.

Póststjórnirnar geta komið sjer saman um að útbúa ársfjórðungs-, hálfs árs eða árs aðalreikning.

16. grein.

Greiðsla á reikningsjöfnuði. Fyrirframgreiðslur.

1. — Nema öðruvísi sje ákveðið, skal reikningsjöfnuðurinn afgerður með víxlum, er borgist við sýningu, á höfuðborg eða einhverja verslunarborg landsins, sem inni á, í mynt þess lands, og án nokkurs taps fyrir það, þareð hin skuldaga póststjórn ber allan kostnað við greiðsluna.

2. — Borgun skal framkvæmd í síðasta lagi hálfum mánuði eftir móttöku aðalreikningsins, með viðurkendum rjettum upphæðum. Frestur þessi er einn mánuður fyrir löndin í Suður-Ameríku.

3. — Sjerhver póststjórn, sem á yfir 30000 gull-franka inni hjá annari póststjórn, hefir heimild til þess að krefjast à conto borgunar eða afborgun-

ar, að nokkru leyti, alt að ¾ af inneign sinni, jafnvel áður en reikningnum 56
er lokið. Skal þá krafa hennar uppfylt innan viku. Fari à conto borgunin ekki fram innan þess tíma, gilda fyrirmæli 28. greinar samningsins.

IV. KAFLI.

Upplýsingar og tilkynningar. — Mál.

17. grein.

Upplýsingar og tilkynningar.

1. — Sjerhver póststjórn skal að minsta kosti þrem mánuðum áður en samningurinn kemur til framkvæmda, tilkynna öðrum póststjórnum um alþjóðaskrifstofuna:

a) lista yfir þau lönd, sem hún hefir póstávísanaviðskifti við, á grundvelli samningsins;
b) lista yfir þau pósthús, sem hún heimilar að gefa út og borga út ávísanir, eða tilkynningu um, að öll pósthús hennar taki þátt í þessu starfi;
c) tilkynningu um þátttöku sína í símaávísana viðskiftum, ef svo ber undir;
d) hámark það, sem hún setur fyrir útgáfu og útborgun ávísana;
e) mynt þá, sem ávísanirnar eiga að stílast í;
f) taxtana, sem hún notar;
g) eftir hve langan tíma upphæðir þeirra ávísana, sem ekki hefir verið krafist útborgunar á, falla til ríkisins, samkvæmt löggjöf hennar;
h) eitt eintak af póstávísaneyðublaði því, sem hún notar;
i) stafsetninguna á ríkismáli hennar á töluorðunum 1—1000, sem á að setja á ávísanirnar;
k) lista yfir þau lönd, sem taka ekki þátt í samningnum, og hún getur verið milliliður fyrir í ávísanaviðskiftum.

2. — Sjerhver breyting, sem síðar kann að verða, skal tafarlaust tilkynt á sama hátt. Það er tilskilið, að breytingar á verðhlutfallinu sjeu tilkyntar hlutaðeigandi póststjórn þegar í stað.

18. grein.

Eyðublöð. Tunga.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 31. greinar alþjóðapóstsamningsins skulu þessi eyðublöð álitin til afnota fyrir almenning: A (póstávísanir) og C (fyrirspurnir).

56

Niðurlagsatriði.

19. grein.

Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og samningurinn um póstávísanir gengur í gildi.

Hún skal gilda jafnlengi og sá samningur, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðila.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

Póstbögglasamningur. 56

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

1. grein. Efni samningsins.

II. KAFLI.

Ákvæði, sem gilda um alla böggla.

2. grein. Frímerkingarskylda. — Burðargjöld.
3. — Landburðargjald.
4. — Sjóburðargjald.
5. — Lækkun eða hækkun á landburðargjaldi.
6. — Lækkun eða hækkun á sjóburðargjaldi.
7. — Rúmfrekir bögglar. — Viðbótargjald.
8. — Aukaburðargjald.
9. — Gjald fyrir útburð og aftollun.
10. — Borgun á tollgjöldum og öðrum gjöldum.
11. — Borgun á tollgjöldum eða öðrum gjöldum af sendanda. — Veðtaka. — Umboðsgjald.
12. — Geymslugjald.
13. — Útburður með hraðboða.
14. — Forboð.
15. — Bögglar til herfanga.
16. — Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.
17. — Móttökukvittun.
18. — Áframsending.
19. — Óskilabögglar.
20. — Afnám tollgjalda.
21. — Sala. — Eyðilegging.
22. — Afsalaðir bögglar.
23. — Endurgreiðsla sendanda á kostnaði.
24. — Fyrirspurnir.

III. KAFLI.

Póstkröfubögglar.

25. grein. Burðargjöld og skilyrði. — Reikningsskil.
26. — Afnám eða breyting á upphæð póstkröfu.
27. — Ábyrgð á týnslu, ráni eða skemdum.
28. — Ábyrgð á upphæðum þeim, sem hafa verið innheimtar reglulega.
29. — Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.
30. — Um hver ber ábyrgðina.
31. — Beiting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins um skaðabætur og upphæðir, sem á að greiða. — Greiðslufrestur og endurgreiðsla á lánuðum upphæðum.
32. — Póstkröfuávísanir.

IV. KAFLI.

Bögglar með tilgreindu verði.

33. grein. Burðargjöld og skilyrði.
34. — Sviksamleg tilgreining verðs.

V. KAFLI.

Skyndibögglar.

35. grein. Burðargjöld og skilyrði.

VI. KAFLI.

Ábyrgð.

36. grein. Víðtæki ábyrgðar.
37. — Undantekning ábyrgðar.
38. — Hvenær ábyrgð hættir.
39. — Greiðslan á skaðabótunum.
40. — Frestur á greiðslunni.
41. — Póststjórnin, sem ábyrgðina ber.
42. — Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

VII. KAFLI.

Um hver fær burðargjöldin.

43. grein. Þóknanir fyrir flutninginn.
44. — Reikningsfærsla fyrir áframsenda eða endursenda böggla.

45. grein. Hraðboðagjald, sjerstakt og auka. 56
46. — Gjald fyrir áframsendingu í ákvörðunarlandinu.
47. — Ýms gjöld.
48. — Póstkröfugjald.
49. — Ábyrgðargjald.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

50. grein. Beiting á almennum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
51. — Samþykt á frumvörpum milli póstþinga.

Niðurlagsatriði.

52. grein. Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Loka-ákvæði.

I. grein. Framkvæmd flutningafjelaga á starfinu.
II. — Transít.
III. — Auka-transítgjöld.
IV. — Viðbótargjöld endastöðva.
V. — Sjerstök aukagjöld.
VI. — Sjerstakir taxtar.
VII. — Bögglar með tilgreindu verði.
VIII. — Ummál og rúmmál.
IX. — Undantekning frá ákvæðunum, um að taka póstkröfugjaldið og
— búa út reikninga.

56

Alþjóðapóstsambandið.

Samningur

um

póstböggla.

gerður milli

Albaníu; Þýskalands; Lýðveldisins Argentínu; Austurríkis; Belgíu; Belgisku Congo; Bolivíu; Brasilíu; Búlgaríu; Chili; Kína; Lýðveldisins Columbíu; Lýðveldisins Costa-Rica; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Fríborgarinnar Danzig; Hins dominikanska lýðveldis; Egyptalands; Equator; Spánar; Spánskra nýlenda; Estlands; Etiópíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlenda og vernduðu landa í Indókína; Allra annara franskra nýlenda; Grikklands; Guatemala; Lýðveldisins Haïti; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Breska Indlands; Íslands; Ítalíu; Ítalskra nýlenda; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lettlands; Lýðveldisins Líberíu; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spánska hlutanum); Marokkó (spánski hlutinn); Nicaragua; Noregs; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenskra Indía; Hollenskra nýlenda í Ameríku; Perú; Persíu; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlenda í Afríku; Hinna portúgölsku nýlenda í Asíu og í Eyjaálfunni; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Salvador; Saarhjeraðsins; Konungsríkis Serba, Króata og Slovena; Konungsríkisins Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tjekkoslóvakíu; Tunis; Tyrklands; Sambands hinna sósialistisku ráðstjórnarríkja; Uruguay og Bandaríkja Venezuela.

Samkvæmt 3. grein alþjóðapóstsamningsins, hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofangreindum löndum, í sameiningu og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttir um eftirfarandi samning:

I. KAFLI.

1. grein.

Efni samningsins.

1. — Milli samningslandanna má senda undir nafninu „póstbögglar", annaðhvort beina leið eða um eitt eða fleiri samningslönd, böggla alt að 10 kílógrömmum að þyngd, með þyngdarmörkum eins og hjer segir:

1° alt að 1 kílógrammi;
2° yfir 1 kílógramm alt að 5 kílógrömmum;
3° yfir 5 kílógrömm alt að 10 kílógrömmum.

Sem undantekning gildir, að sjerhvert land hefir heimild til þess að leyfa ekki böggla yfir 5 kílógrömm.

2. — Póststjórnirnar geta komið sjer saman um að taka á móti böggl-um, sem eru þyngri en 10 kg., mót hækkun á burðargjaldinu og á ábyrgðinni, ef glötun, rán eða skaða ber að höndum.

II. KAFLI.

Ákvæði, sem gilda um alla böggla.

2. grein.

Frímerkingarskylda. Burðargjöld.

1. — Undir póstböggla skal vera borgað að fullu fyrirfram.

2. — Burðargjaldið er samsett af þóknunum til allra póststjórna, sem taka þátt í land- eða sjóflutningi. Það nær einnig, ef svo ber undir, yfir þóknanir þær og aukagjöld, sem nefnd eru í 5., 6., 7. og 8. grein hjer á eftir.

3. grein.

Landburðargjald.

Burðargjaldið fyrir flutning á landi er ákveðið handa hverju landi sem hjer segir:

30	sentímar	fyrir	böggul	alt að	1 kg.
50	—	—	—	— —	5 —
90	—	—	—	— —	10 —

4. grein.

Sjóburðargjald.

Ef um sjóflutning er að ræða, er tekið handa hverri þjónustu, sem tek-ur þátt í flutningnum, þóknun, sem er ákveðin eins og hjer segir:

56

VEGALENGD	Böggull alt að 1 kg.	Böggull alt að 5 kg.	Böggull frá 5 til 10 kg.
	fr.	fr.	fr.
Alt að 500 sjómílum	0.15	0.25	0.45
frá 501— 1000 sjómílum	0.25	0.40	0 75
» 1001— 2000 —	0.40	0.60	1.10
» 2001— 3000 —	0 50	0 80	1.45
» 3001— 4000 —	0.60	1.00	1 80
« 4001— 5000 —	0.70	1.20	2.15
» 5001— 6000 —	0.80	1.40	2.50
» 6001— 7000 —	0.90	1.60	2.85
» 7001— 8000 —	1.00	1.80	3.20
« 8001— 9000 —	1.00	2.00	3.55
» 9001—10000 —	1.00	2.20	3.90
og þannig áfram með því að bæta við fyrir hverjar 1000 mílur eða brot úr 1000 mílum		0.20	0.35

Þessar vegalengdir reiknast, ef svo ber undir, eftir meðalfjarlægð milli hlutaðeigandi hafna tveggja samningslandanna.

Sjóflutningur milli tveggja hafna sama lands veitir ekki ástæðu til þóknunarinnar í 1. málsgrein, ef póststjórn landsins fær fyrir hina fluttu böggla þóknun þá, sem greidd er fyrir flutning þeirra á landi.

Fyrir böggul alt að 1 kg., má þóknunin þó aldrei fara fram úr 1 franka.

5. grein.

Lækkun eða hækkun á landburðargjaldi.

Lönd þau, sem skrifa undir samning þennan, hafa rjett til þess að lækka eða hækka samtímis landburðargjald sitt við burtför eða komu, með þeim fyrirvara, að þau tilkynni það svissnesku póststjórninni, að minsta kosti þrem mánuðum á undan. Breytingarnar á þessu gjaldi ganga í gildi þessa daga: 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október. Lækkunin eða hækkunin skal gilda um 6 mánaða tímabil minst. Hækkunin má, hvernig sem á stendur, ekki fara fram úr þóknun þeirri, sem nefnd er í 3. grein hjer að framan, fyrir hvert þyngdarmark.

6. grein.

Lækkun eða hækkun á sjóburðargjaldi.

Rjetturinn til lækkunar eða hækkunar um 100% mest, sem nefndur

er í næstu grein á undan, er sömuleiðis heimilaður samningslöndunum, að því er snertir þóknunina fyrir sjóflutninginn, og nefnd er í 4. grein að framan.

Breytingar á þessari þóknun skulu tilkyntar þrem mánuðum áður, að minsta kosti, og ganga þær í gildi þessa daga: 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október.

Sjerhver hækkun skal einnig gilda fyrir böggla frá því landi, sem tækin heyra undir, er sjóflutningurinn er framkvæmdur með, að undantekn-um samböndunum milli landsins sjálfs og nýlenda þess.

7. grein.

Rúmfrekir bögglar. — Viðbótargjald.

1. — Bögglar, sem álítast rúmfrekir, annaðhvort sakir ummáls, lög-unar eða rúmmáls eða sakir tegundar innihaldsins, eru eingöngu leyfðir í við-skiftum þeirra landa, sem samþykkja flutning á þeim.

2. — Fyrir slíka böggla er burðargjald almenns bögguls hækkað um 50%. Ef ástæða er til, má hækka það upp í næsta hálftug.

8. grein.

Aukaburðargjald.

Til bráðabirgða er hverju samningslandi heimilt að krefjast auka-burðargjalds fyrir póstböggla, er koma til eða frá pósthúsa þeirra, og nemi 25 sentímum á böggul.

9. grein.

Gjald fyrir útburð og aftollun.

Póststjórn ákvörðunarlandsins má taka fyrir útburð og aftollun 50 sentíma þóknun á böggul. Nema öðruvísi sje um samið, skal gjald þetta tekið við afhendingu. Sama gjald má einnig taka fyrir hvern útburð sendingar á heimili viðtakanda, nema í fyrsta sinn.

10. grein.

Borgun á tollgjöldum og öðrum gjöldum.

Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld, skulu greidd af við-takendum bögglanna.

11. grein.

Borgun á tollgjöldum eða öðrum gjöldum af sendanda. — Veðtaka. Umboðsgjald.

Með því að tilkynna áður á burtfararpósthúsinu, geta sendendur tekið að

56 sjer að greiða, annaðhvort öll gjöld, sem á bögglinum hvíla við afhendingu hans, eða tollgjöldin eingöngu.

Í báðum tilfellum skulu sendendur undirgangast að greiða upphæðir þær, sem ákvörðunarpósthúsið heimtar, og að setja nægilegt veð fyrir þeim, ef þurfa þykir.

Póststjórn sú, sem leggur út fyrir þessum þóknunum vegna sendanda, má fyrir það taka umboðsgjald, sem má ekki fara fram úr 25 sentímum á böggul. Gjald þetta er alveg óháð gjaldi því, sem nefnt er í 9. grein hjer á undan, fyrir aftollun.

12. grein.

Geymslugjald.

Ákvörðunarlandið hefir rjett til þess að taka geymslugjald, sem það ákveður í löggjöf sinni, fyrir böggla, sem sendir eru poste restante eða hafa ekki verið sóttir innan ákveðins tíma.

Gjaldið má þó ekki fara fram úr 5 frönkum.

13. grein.

Útburður með hraðboða.

1. — Ef sendendur æskja þess, verða bögglarnir bornir á heimili viðtakenda af sjerstökum burðarmanni undir eins og þeir koma, ef póststjórn ákvörðunarlandsins hefir lýst því yfir, að hún taki þetta starf að sjer.

Fyrir sendingar þessar, sem kallast hraðboðasendingar (exprès), skal auk hins almenna burðargjalds greiða sjerstakt gjald, 80 sentíma, og skal það vera algerlega greitt fyrirfram af sendanda, hvort sem hægt er að afhenda viðtakanda böggulinn eða ekki, eða aðeins senda honum hraðboðatilkynningu.

2. — Þegar heimili viðtakanda liggur utan svæðis þess, sem ókeypis útburður fer fram á frá ákvörðunarpósthúsinu, má það taka viðbótargjald, er nemi alt að þeirri upphæð, sem ákveðin er sem hraðboðagjald í innanlandsþjónustunni, eftir að dregið hefir verið frá hið ákveðna gjald, sem sendandi borgar eða jafngildi þess í peningum landsins, sem tekur þetta viðbótargjald.

Útburður með hraðboða út fyrir svæði ákvörðunarpósthússins er engin skylda.

3. — Þegar hraðboðaböggull er áframsendur eða honum verður ekki komið til skila, ber að taka viðbótargjaldið samkvæmt ákvæðum 2. liðs 45. greinar.

4. — Útburður eða sendiför með hraðboðatilkynningu um komu til viðtakanda, skeður aðeins einu sinni. Hafi það orðið árangurslaust, er böggullinn ekki lengur álitinn hraðboðasending, og fer þá um útburð hans eftir sömu reglum og fyrir almenna böggla.

14. grein. 56

Forboð.

1. — Nema öðruvísi sje ákveðið, er bannað að láta í póstböggla:

a) sprenghætta, eldfima eða hættulega hluti.

Póstsstjórnirnar hafa þó rjett til þess að koma sjer saman um flutning á hvellhettum og hlöðnum málmskothylkjum í handskotvopn, ósprenghættum hlutum af tundurpípum og eldspýtum.

b) Ópíum, morfín, cócaín og önnur deyfandi meðul. Þó nær forboð þetta ekki til slíkra sendinga, þegar þær eru sendar til lækninga til þeirra landa, sem leyfa þær með þessum skilyrðum;

c) hluti, sem bannaður er innflutningur á með tolllögum eða reglugjörðum, eða öðrum lögum;

d) brjef eða miða, er bera með sjer, að þau sjeu ný og persónuleg svo og allar brjefategundir, er hafa aðra utanáskrift, en til viðtakanda böggulsins.

Þó er leyfilegt að láta í sendinguna opna vöruskrá, er aðeins innihaldi þær upplýsingar, er mega standa í vöruskrá, svo og einfalt eftirrit af utanáskrift böggulsins með tilkynningu um utanáskrift sendanda.

2. — Lifandi dýr eru ekki leyfð nema flutningur á þeim sje heimilaður samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi landa, og farið sje nákvæmlega eftir hinum sjerstöku fyrirmælum í starfsreglugjörðinni um þetta efni.

3. — Bannað er að senda mótaða peninga, gull eða silfur unnið eða óunnið, og aðra dýrgripi í bögglum án tilgreinds verðs, til landa, sem leyfa tilgreiningu á verði.

4. — Böggla, sem ranglega hefir verið leyft að senda, skal endursenda til sendipóststjórnar, nema póststjórn ákvörðunarlandsins sje heimilt, eftir löggjöf sinni eða reglugjörðum, að ráðstafa þeim öðruvísi. Sje svo, skal sendipóststjórn skýrt nákvæmlega frá, hvað gert hafi verið við böggulinn.

En þótt böggull innihaldi brjef eða miða, sem bera með sjer, að þau sjeu ný og persónuleg, þá skal undir engum kringumstæðum endursenda böggulinn fyrir það til sendanda.

5. — Sprenghættir, eldfimir og hættulegir hlutir, sem ekki er leyfður flutningur á samkv. því, sem sjerstaklega er umsamið í 1. bókstafalið 2. málsgr. hjer á undan, og klámfengir og ósæmilegir hlutir skulu ekki endursendir til upprunapóststjórnar; þeir eru eyðilagðir á staðnum af þeirri póststjórn, sem verður þeirra vör.

15. grein.

Bögglar til herfanga.

Póstbögglar til eða frá herföngum eru, að undanteknum póstkröfubögglum, undanþegnir öllum gjöldum, sem nefnd eru í þessum samningi, jafnt í

56 sendi- og ákvörðunarlandi, sem milliliggjandi löndum. Fyrir þessa böggla skal hvorki greiða þóknanir, nje skaðabætur fyrir glötun, rán eða skemdir á þeim.

Sama gildir og um böggla, er snerta herfanga, og sendir eru eða móttteknir annaðhvort beint eða gegnum upplýsingaskrifstofur, sem kynnu að verða settar á stofn, til hjálpar þessum mönnum, í ófriðarlöndunum eða hlutlausum löndum, sem hafa tekið við herskyldum mönnum á sitt svæði.

Herskyldir menn, sem teknir hafa verið og vistaðir í hlutlausu landi, skoðast sem eiginlegir herfangar, að því er snertir beitingu á framangreindum ákvæðum.

16. grein.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.

Sendandi bögguls getur afturkallað hann eða látið breyta á honum utanáskriftinni með þeim skilyrðum og fyrirvara, sem ákveðin eru fyrir brjefasendingar samkvæmt 45. grein alþjóðapóstsamningsins, með þeirri viðbót, að ef sendandi heimtar endursendingu eða áframsendingu á böggli, þá sje hann skyldur að ábyrgjast fyrirfram borgun á því burðargjaldi, sem fellur á vegna hins nýja flutnings.

17. grein.

Móttökukvittun.

Sendandi getur fengið móttökukvittun samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 49. grein alþjóðapóstsamningsins.

18. grein.

Áframsending.

1. — Áframsending á böggli innan svæðis ákvörðunarlandsins vegna þess að viðtakandi er fluttur búferlum, getur farið fram annaðhvort eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, eða án þess að bein beiðni liggi fyrir ef reglugjörðir ákvörðunarlandsins leyfa.

Áframsending á böggli, frá einu landi til annars, á sjer ekki stað nema eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, og að því tilskyldu, að böggulinn fullnægi þeim skilyrðum sem heimtuð eru til flutnings á ný.

Sendanda er heimilt að banna sjerhverja áframsendingu með athugasemd á fylgibrjefi og á böggli.

2. — Fyrir áframsendingu böggla til annars lands, sakir þess að viðtakendur hafa skift um dvalarstaði, má taka viðbótargjald við gjöld þau, sem ákveðin eru í 3., 8. og 33. grein.

Sje böggull áframsendur innan svæðis ákvörðunarlandsins, má póststjórn

þess taka gjald fyrir þá áframsendingu eftir því sem innanlandsákvæði hennar 56
segja til. Gjöld þessi, sem ber að greiða fyrir frekari áframsendingu eða endursendingu til upprunastaðar, eru tekin af viðtakendum eða, ef svo ber undir, af sendendum, án þess þó að greiðsla á tollgjöldum og öðrum sjerstökum gjöldum, sem ákvörðunarlandið leyfir ekki að afnema, falli þar með niður.

Á sama hátt er farið með böggla þá, sem falla undir eitthvað af forboðum þeim, sem nefnd eru í 14. grein samningsins.

3. — Áframsending böggla, sem hafa verið sendir skakka leið, eða ranglega hefir verið tekið við til flutnings, fer fram samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. liðs 33. greinar starfsreglugjörðarinnar.

19. grein.

Óskilabögglar.

1. — Sendendur eru skyldir til þess að segja, á bakhlið fylgibrjefsins og á bögglinum, hvernig ráðstafa skuli sendingum þeirra ef ekki er hægt að afhenda þær.

Sje þessu fyrirmæli eigi hlýtt, skulu óskilabögglar endursendir til upprunapósthússins eftir hálfan mánuð eða í síðasta lagi eftir mánuð að telja frá deginum næst á eftir þeim, er þeir eru til ráðstöfunar sendendum.

2. — Endursending óskilabögguls skal fara fram þegar í stað hafi ekki verið hægt að afhenda hann samkvæmt fyrirsögn sendanda á fylgibrjefinu og bögglinum sjálfum. Sama gildir einnig þegar ekki hefir verið hægt að verða við óskum sendanda í svari hans við tilkynningu um óskilaböggla, sem nefnd er í 34. grein starfsreglugjörðarinnar. Hafi sendandi látið uppi margar beiðnir í senn, skal böggullinn ekki endursendur fyr en þær hafa allar reynst árangurslausar.

3. — Þegar sendandi þarf að fylla út tilkynningu þá um óskilaböggla, sem nefnd er í 34. grein starfsreglugjörðarinnar, má taka af honum gjald fyrir það, er fari ekki fram úr tvöföldu burðargjaldi undir einfalt brjef.

Ef ákvörðunarpósthúsið hefir ekki fengið fullnægjandi upplýsingar innan eins mánaðar að telja frá því, er tilkynningin er send, skal endursenda böggulinn til upprunapósthússins. Frestur þessi er lengdur upp í fjóra mánuði í viðskiftum við lönd handan hafs.

4. — Bögglar, sem geymdir eru til frekari ráðstafana frá viðtakanda hálfu eða sendir „poste restante“, álítast óskilabögglar, eftir að geymslufresturinn, eins og hann er ákveðinn í reglugjörðum ákvörðunarlandsins, er runninn út, án þess þó að tjeður frestur megi fara fram úr fjórum mánuðum í viðskiftum við lönd handan hafs, og einum mánuði í öðrum viðskiftum.

Þó skal endursendingin fara fram innan styttri tíma hafi sendandi beðið um það með áritun á fylgibrjefið og böggulinn.

56 5. — Fyrir endursendingu óskilaböggla má taka gjöld þau, sem nefnd eru í 2. lið 18. greinar hjer á undan.

20. grein.

Afnám tollgjalda.

Póststjórnir samningslandanna skuldbinda sig til þess að reyna, með því að snúa sjer til hlutaðeigandi tollstjórna, að fá því til leiðar komið, að tollgjöld verði afnumin á póstbögglum, sem eru endursendir til sendilandsins, yfirgefnir af sendanda, eyðilagðir vegna algerðra skemda á innihaldinu eða áframsendir til þriðja lands.

Þeim ber að gera hið sama gagnvart bögglum, sem hafa týnst, verið rænt úr eða skemst í þjónustu þeirra, með þeim fyrirvara, sem nefndur er í 4. lið 41. greinar hjer á eftir.

21. grein.

Sala. Eyðilegging.

Hluti, sem hætt er við að gangi úr sjer, eða skemmist, má selja þegar í stað, jafnvel á leiðinni fram eða aftur, án undangenginnar tilkynningar til sendanda, og án lögformlegra aðfara, til ágóða fyrir rjettan hlutaðeiganda. Sje einhverra orsaka vegna ekki hægt að framkvæma söluna, skulu hinir skemdu eða úr sjer gengnu hlutir eyðilagðir.

22. grein.

Afsalaðir bögglar.

Póstböggla þá, sem hefir ekki verið hægt að afhenda viðtakendum, og sendendur hafa afsalað sjer, skal ákvörðunarpóststjórnin ekki endursenda, heldur fer hún með þá eins og löggjöf hennar segir.

23. grein.

Endurgreiðsla sendanda á kostnaði.

Sendendur eru skyldir að borga flutningskostnað og annan kostnað, sem póststjórnirnar eiga ófenginn og stafar af því að ekki hefir verið hægt að koma bögglunum til skila, jafnvel þótt bögglarnir hafi verið yfirgefnir, seldir eða eyðilagðir. Kostnaður þessi er innheimtur hjá sendipóststjórninni.

24. grein.

Fyrirspurnir.

1. — Fyrir sjerhverja fyrirspurn um böggul eða póstkröfuávísun má taka vist gjald, 1 franka mest.

Ekkert gjald skal tekið hafi sendandi þegar borgað sjerstakt gjald fyrir móttökukvittun. 56

2. — Fyrirspurnir eru aðeins leyfðar innan eins árs, að telja frá deginum næst á eftir þeim að sendingin er látin á póst. Þó er sjerhver póststjórn skyld að taka fyrirspurnir til greina, sem hún fær frá öðrum póststjórnum og snerta sendingar, sem eru sendar áður en full tvö ár eru liðin. Skjöl þau, er snerta póstbögglastarfið, skulu því geymd í tvö ár.

3. — Sje fyrirspurn komin fram vegna vangár af póstmanna hálfu, skal fyrirspurnargjaldið endurborgað.

III. KAFLI.

Póstkröfubögglar.

25. grein.

Burðargjöld og skilyrði. Reikningsskil.

1. — Böggla má senda með póstkröfu milli þeirra landa, þar sem póststjórnirnar koma sjer saman um þessi skifti.

Nema öðruvísi sje ákveðið, skal upphæð póstkröfunnar stíluð í mynt upprunalands böggulsins.

Hámark póstkröfuupphæðar er jafnt og hámark póstávísana til upprunalands böggulsins.

Sjerhver póststjórn er skyld að tryggja transít á póstkröfubögglum, eins þótt hún leyfi ekki slíkar sendingar í sinni þjónustu. Milliliggjandi lönd skulu á sama hátt tryggja transít böggla, þótt póstkrafan á þeim fari fram úr hámarksupphæð þeirri, sem þau leyfa í sinni þjónustu.

2. — Póstkröfuböggla skal farið með og borgað undir sem almenna böggla, eða, ef svo ber undir, sem böggla með tilgreindu verði. Auk þess greiðir sendandi fast gjald ekki lægra en 20 sentíma nje hærra en 50 sentíma, og þar að auki gjald er sje í hlutfallinu ½ af hundraði af póstkröfuupphæðinni. Sendipóststjórnin hefir rjett til þess að hækka eða lækka þessi gjöld eftir því, sem haganlegast þykir fyrir myntkerfi hennar.

3. — Greiðsla hinna innheimtu póstkröfuupphæða fer fram með póstkröfuávísunum, sem eru látnar í tje ókeypis.

Póststjórnirnar geta orðið ásáttar um aðra aðferð við reikningsskil hinna innheimtu upphæða. Sjerstaklega geta þær, með skilyrðum er þær verða ásáttar um, tekið að sjer að greiða þær inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandi böggulsins.

56

26. grein.

Afnám eða breyting á upphæð póstkröfu.

Sendandi póstkröfubögguls getur beðið um algert afnám á póstkröfuupphæðinni, eða afnám að nokkru leyti. Slíkar beiðnir eru háðar sömu ákvæðum og beiðnir um afturköllun eða breytingu á utanáskrift (45. grein alþjóðapóstsamningsins).

27. grein.

Ábyrgð á týnslu, ráni eða skemdum.

Týnsla, rán eða skemdir á póstkröfuböggli, baka póstþjónustunni ábyrgð samkvæmt ákvörðun VI. kafla hjer á eftir.

28. grein.

Ábyrgð á upphæðum þeim, sem hafa verið innheimtar reglulega.

Hinar reglulega innheimtu upphæðir, hjá viðtakanda, eru ábyrgstar sendanda samkvæmt skilyrðum þeim, sem ákveðin eru í samningnum um póstávísanaviðskiftin, um upphæðir sem breytt er í póstávísanir.

29. grein.

Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.

Hafi böggull verið afhentur viðtakanda án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, á sendandi rjett á skaðabótum, þó því aðeins, að krafa hafi verið sett fram innan þess tímabils, sem tiltekið er í 24. grein, og að vanrækslan á innheimtunni sje ekki að kenna yfirsjón hans sjálfs eða hirðuleysi.

Sama gildir og, ef upphæð sú, sem heimt er inn hjá viðtakanda er lægri en upphæð hinnar tilgreindu póstkröfu, eða ef innheimta hefir verið framkvæmd á sviksamlegan hátt. Skaðabæturnar geta undir engum kringumstæðum orðið hærri en upphæð póstkröfunnar.

Nú eru skaðabætur greiddar að fullu og öðlast þá póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, rjettindi sendanda að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda eða þriðja manni.

30. grein.

Um hver ber ábyrgðina.

Greiðsla hinna reglulega innheimtu upphæða og greiðsla á skaðabótum samkvæmt 29. grein næst á undan, sem framkvæmdar eru af sendipóststjórninni, fara fram fyrir reikning ákvörðunarpóststjórnar. Á henni hvílir ábyrgð-

in, nema hún geti sannað, að yfirsjónin stafi af því, að sendipóststjórnin hafi ekki fylgt einhverjum hinna fyrirskipuðu ákvæða, eða geti fært rök að því, að böggullinn og fylgibrjefið hafi ekki, þegar þau voru afhent í hennar þjónustu, verið með þeim áritunum eða merkjum, sem fyrirskipuð eru í starfsreglugjörðinni við póstkröfuböggla. 56

31. grein.

Beiting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins um skaðabætur og upphæðir sem á að greiða. — Greiðslufrestur og endurgreiðsla á lánuðum upphæðum.

Ákvæði 63. og 66. greinar alþjóðapóstsamningsins gilda um póstkröfuböggla.

32. grein.

Póstkröfuávísanir.

Upphæð póstkröfuávísunar, sem einhverra orsaka vegna hefir ekki orðið útborguð viðtakanda, er ekki endurgreidd póststjórninni, sem gaf hana út. Henni er haldið til reiðu fyrir viðtakanda af sendipóststjórn póstkröfuböggulsins, og fellur algerlega í hlut þeirrar póststjórnar, þegar hið löglega tímabil, sem hún gildir, er útrunnið.

Að öllu öðru leyti, og með þeim fyrirvara, sem starfsreglugjörðin getur um, eru póstkröfuávísanir háðar ákvæðum póstávísanasamningsins.

IV. KAFLI.

Bögglar með tilgreindu verði.

33. grein.

Burðargjöld og skilyrði.

1. — Bögglar mega vera með tilgreindu verði í viðskiftum milli þeirra landa, þar sem póststjórnirnar leyfa slíkt starf.

2. — Sjerhvert land ákveður fyrir sig hámarkið fyrir hið tilgreinda verð, og má það undir engum kringumstæðum vera lægra en 1000 frankar.

Í viðskiftum milli tveggja eða fleiri landa, er hafa ákveðið mismunandi hámark, skal lægsta takmarkið lagt til grundvallar fyrir viðskiftunum á báðar hliðar.

3. — Fyrir hverja heila upphæð af 300 frönkum af hinu tilgreinda verði er tekið auk hins almenna burðargjalds bögglanna, ábyrgðargjald:

a) 5 sentímar fyrir hverja póststjórn, er tekur þátt í landflutningnum,

b) 10 sentímar fyrir hvern notaðan sjóflutning.

56

4. — Til bráðabirgða er þó sendipóststjórninni heimilt að taka ósundurliðað ábyrgðargjald, fari það ekki fram úr 50 sentímum fyrir hverja 300 franka af hinni tilgreindu upphæð.

5. — Þau lönd, sem kunna að vilja taka á sig áhættu, sem stafar af ofurefli (vis major), vegna verðböggla, hafa heimild til þess, að taka fyrir það sjerstakt gjald, án þess þó að samanlögð upphæð þessa gjalds og hins almenna ábyrgðargjalds megi fara fram úr því gjaldi, sem nefnt er í 4. lið hjer á undan.

6. — Sendilandið hefir heimild til þess að taka afgreiðslugjald, er eigi nemi meira en 50 sentímum fyrir hvern böggul.

7. — Sendandi bögguls með tilgreindu verði, fær ókeypis póstkvittun fyrir sendingu sinni um leið og hann lætur hana á póst.

34. grein.

Sviksamleg tilgreining verðs.

Tilgreining verðsins má ekki fara fram úr hinu raunverulega verði sendingarinnar, en leyfilegt er að tilgreina aðeins nokkurn hluta þess.

Sjerhver sviksamleg tilgreining á hærra verði en hinu raunverulega verði sendingarinnar, hefir í för með sjer lagalega aðför eftir því sem löggjöf sendilandsins ákveður.

V. KAFLI.

Skyndibögglar.

35. grein.

Burðargjöld og skilyrði.

1. — Sendandi getur krafist, að böggull sje fluttur, svo framarlega sem það er hægt, með hröðum flutningatækjum, sem notuð eru til flutnings á brjefapósti, en aðeins í viðskiftum milli þeirra landa, er orðið hafa ásátt um slíkt. Bögglar þessir, er kallast skyndibögglar (colis urgents), eru sendir með hraðboða á heimili sendanda, nema á þeim standi „poste restante".

2. — Fyrir skyndiböggla eru gjöld þau og hækkanir, sem nefnd eru í 3.—8. grein hjer á undan, þrefölduð.

Gjöldin sem ákveðin eru í 33. grein, hraðboðagjaldið og önnur aukagjöld eru þó lögð á án hækkunar.

VI. KAFLI. 56

Ábyrgð.

36. grein.

Viðtæki ábyrgðar.

1. — Með þeim undantekningum er segir í næstu grein á eftir, svara póststjórnirnar til taps, ráns eða skemda á póstbögglum.

Sendandi á í þessu efni rjett á skaðabótum er svari hinni raunverulegu upphæð skaðans, sem hann bíður við tapið, ránið eða skemdirnar. Fyrir almenna böggla mega skaðabæturnar ekki fara fram úr: 10 frönkum fyrir böggul alt að 1 kílógrammi að þyngd, 25 frönkum fyrir böggul frá 1 að 5 kílógrömmum að þyngd og 40 frönkum fyrir böggul frá 5 að 10 kílógrömmum að þyngd. Fyrir böggla með tilgreindu verði mega skaðabæturnar ekki fara fram úr upphæð hins tilgreinda verðs.

Skaðabæturnar greiðast viðtakanda þegar hann krefst þeirra, annaðhvort ef hann gerir athugasemd um leið og hann tekur við böggli, sem rænt hefir verið úr eða hefir skemst, eða þá sýnir skilríki fyrir því, að sendandi falli frá rjetti sínum honum til handa.

2. — Óbeinn skaði, eða hagnaður, sem ekki er kominn fram, kemur ekki til greina.

3. — Skaðabæturnar eru reiknaðar eftir gangverði vara af sömu tegund eins og það var á staðnum, á þeim tíma, þar sem varan var tekin til flutnings. Vanti gangverð eru skaðabæturnar reiknaðar eftir vanalegu verðmæti vörunnar, sem er virt á sama grundvelli.

4. — Þegar greiða ber skaðabætur fyrir algerða týnslu, skemdir eða rán á böggli, á sendandi ennfremur heimtingu á, að fá endurgreiddan sendingarkostnaðinn. Sama gildir einnig, að því er snertir sendingar, sem viðtakendur neita að taka á móti vegna ills ásigkomulags, þó því aðeins, að það sje póstþjónustunni að kenna, og hún eigi þar af leiðandi að sæta ábyrgð.

5. — Ábyrgðargjaldið fellur undir öllum kringumstæðum til póststjórnanna.

37. grein.

Undantekning ábyrgðar.

Póststjórnirnar eru undanþegnar allri ábyrgð:

a) ef um ofurefli (vis major) er að ræða; ábyrgðarskyldan hvílir þó á sendipóststjórninni, sem hefir gengist undir að taka á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major) (5. liður 33. greinar);

b) þegar þær geta ekki gert grein fyrir bögglinum vegna þess að þjónustuskjölin hafa eyðilagst af völdum ofureflis (vis major);

56 c) þegar skaðinn hefir orsakast af hirðuleysi sendanda, eða stafar af eðli sendingarinnar;
d) þegar um er að ræða sendingar, sem falla undir eitthvað af forboðum þeim, sem nefnd eru í 14. grein;
e) Þegar um er að ræða böggla, sem verðið á er ranglega tilgreint hærra en hið raunverulega verð innihaldsins;
f) á bögglum, sem engin kvörtun hefir komið um innan eins árs, eins og segir í 24. grein.

38. grein.

Hvenær ábyrgð hættir.

Ábyrgð póststjórnanna á bögglum er lokið þegar þeir eru afhentir samkvæmt fyrirmælum innanlandsreglugjörða þeirra, og rjettir hlutaðeigendur hafa tekið við þeim án þess að gera athugasemdir eins og nefnt er í 36. grein hjer að framan.

39. grein.

Greiðslan á skaðabótunum.

Skyldan til skaðabótagreiðslu hvílir á sendipóststjórninni nema í því tilfelli, sem nefnt er í 1. lið 36. greinar, er ákvörðunarpóststjórn á að greiða skaðabæturnar. Póststjórn sú sem borgar, hefir endurgreiðslurjett gagnvart þeirri póststjórn, sem ábyrgðina ber.

40. grein.

Frestur á greiðslunni.

1. — Greiðsla á skaðabótum skal fara fram eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan árs að telja frá deginum eftir að krafan var sett fram.

2. — Póststjórnin, sem á að greiða skaðabæturnar samkvæmt 39. grein, má bæta sendanda skaðann á kostnað þeirrar póststjórnar, sem eftir löglega aðvörun, hefir látið líða sex mánuði án þess að hafa leitt málið til lykta. Í viðskiftum við lönd handan hafs er þessi frestur lengdur upp í 9 mánuði.

3. — Þegar sjerstaklega stendur á getur sendipóststjórnin frestað reikningsskilum á skaðabótum fram yfir hinn tiltekna tíma eitt ár, þegar eigi hefir orðið útkljáð um ábyrgðina að því er snertir atriði, sem póstþjónustunni eru óviðkomandi (t. d. ofurefli).

41. grein.

Póststjórnin, sem ábyrgðina ber.

1. — Þangað til hið gagnstæða verður sannað, hvílir ábyrgðin á þeirri póststjórn, sem hefir tekið við bögglinum frá annari póststjórn athugasemda-

láust og hefir fengið öll lögleg gögn til rannsóknar í hendur, en getur hvorki sýnt fram á, að bögglinum hafi verið skilað til viðtakanda nje, ef svo ber undir, sendur á lögformlegan hátt til næstu póststjórnar. 56

2. — Hafi týnslan, ránið eða skemdirnar orðið á meðan á flutningi stóð, án þess að hægt sje að sýna fram á, á hvaða landsvæði eða í hvaða þjónustu það hafi komið fyrir, eða ef um er að ræða flutning á almennum bögglum, sem skráðir eru í einu lagi, og ekki er hægt að sýna fram á, á hvaða landssvæði eða í hvaða þjónustu böggull hefir glatast, verið rænt úr eða skemst, þá skulu hlutaðeigandi póststjórnir bæta skaðann að jöfnu.

3. — Þegar böggull með tilgreindu verði hefir glatast, verið rænt úr honum eða skemst vegna óviðráðanlegra atvika (vis major), skal sú póststjórn, sem týnslan, ránið eða skemdirnar hafa orðið hjá, meðan böggullinn fór yfir hennar svæði eða var í hennar vörslum, því aðeins bera ábyrgð gagnvart sendipóststjórninni, að bæði löndin taki að sjer ábyrgð á verðbögglum gegn óviðráðanlegum atvikum (vis major).

4. — Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki fást afnumin skulu greidd af þeim flytjendum, sem bera ábyrgðina á týnslunni, ráninu eða skemdunum.

5. — Nú eru skaðabætur greiddar að fullu, og öðlast þá póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, rjettindi þess, er við þeim hefir tekið að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda, sendanda eða þriðja manni.

Ef bögglar, sem álitnir eru glataðir, koma fram heilir eða hlutar af þeim, þá skal þeim, sem skaðabæturnar voru greiddar, gefinn kostur á að taka við sendingu sinni, gegn því að endurborga upphæð hinna greiddu skaðabóta.

42. grein.

Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

Póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, eða ber kostnaðinn við greiðsluna samkvæmt 40. grein, er skyld að endurgreiða skaðabótaupphæðina innan þriggja mánaða eftir tilkynningu um greiðsluna. Þessi endurgreiðsla fer fram án kostnaðar fyrir póststjórnina, sem á inni, annaðhvort með póstávísun eða víxli, sem greiðist við sýningu, á höfuðborg eða verslunarborg í landinu sem á inni eða þá með peningum, er hafa gangverð þar. Skaðabótaupphæðina má líka taka þjónustulega í afreikningi við landið, sem ábyrgðin hvílir á, annaðhvort beint eða þá fyrir milligöngu fyrstu transítpóststjórnar, er svo dregur upphæðina frá á reikningnum til næstu póststjórnar, og þannig áfram, þangað til hin greidda upphæð hefir verið færð til skuldar hjá þeirri póststjórn, sem ber ábyrgðina. Þegar 3ja mánaða fresturinn er útrunninn, falla vextir á upphæð þá, sem skuldast póststjórn sendilandsins, 7% á ári, frá þeim degi að telja, er fresturinn er útrunninn.

Póststjórn, sem rjettilega hefir sannast á að ábyrgðina beri, og neitar

56 þó að greiða skaðabæturnar, skal auk þeirra, bera allan aukakostnað, sem kann að leiða af hinum órjettmæta drætti af greiðslunni.

VII. KAFLI.

Um hver fær burðargjöldin.

43. grein.

Þóknanir fyrir flutninginn.

Fyrir hvern böggul greiðir póststjórn sendilandsins:

a) til póststjórnar ákvörðunarlandsins þóknanir þær, sem henni ber samkvæmt ákvæðum 3. til 8. og 35. greinar;

b) ef til kemur, sjerhverri milliliggjandi póststjórn, þóknanir þær, sem ákveðnar eru í 3., 4., 6., 7. og 35. grein.

44. grein.

Reikningsfærsla fyrir áframsenda eða endursenda böggla.

Sje um áframsendingu að ræða, eða endursendingu á böggli til upprunastaðar, færir póststjórnin sem áframsendir til reiknings hjá næstu póststjórn burðargjaldshluta sinn, og, ef til kemur:

a) þóknun fyrir útburð og aftollun, sem nefnd er í 9. grein;

b) upphæð geymslugjaldsins, sem nefnt er í 12. grein;

c) gjaldið fyrir áframsendingu, sem nefnt er í 2. lið 18. greinar;

d) gjöld þau, sem hún á útistandandi.

Sama aðferð skal viðhöfð af sjerhverri milliliggjandi póststjórn, eins og segir í 33. grein starfsreglugjörðarinnar.

45. grein.

Hraðboðagjald, sjerstakt og auka.

1. — Hið ákveðna hraðboðagjald, sem nefnt er í 1. lið 13. greinar telst til þeirra þóknana, sem falla til póststjórnar ákvörðunarlandsins.

Þegar hraðboðaböggull er áframsendur til annars lands, án þess að reynt hafi verið að afhenda hann, fellur gjaldið til hins nýja ákvörðunarlands. Taki það ekki að sjer útburð með hraðboða, fellur gjaldið til póststjórnar fyrsta ákvörðunarlands; sama gildir og þegar hraðboðaböggli verður ekki komið til skila.

2. — Sje um áframsendingu að ræða eða endursendingu á böggli til upprunastaðar, er viðbótargjald það, sem nefnt er í 2. og 3. lið 13. greinar fært til reiknings hjá hlutaðeigandi póststjórn af þeirri póststjórn, sem hefir

gert tilraun til útburðarins, nema gjaldið sje henni greitt þegar við útburð á heimili viðtakanda. 56

46. grein.

Gjald fyrir áframsendingu í ákvörðunarlandinu.

Gjaldið fyrir áframsendingu, sem nefnt er í 2. lið 18. greinar fellur, ef um frekari áframsendingu er að ræða eða endursendingu til upprunastaðar, til þess lands, sem hefir framkvæmt áframsendinguna innan landsvæðis síns.

47. grein.

Ýms gjöld.

1. — Eftirfarandi gjöld falla óskert til þeirrar póststjórnar sem innheimtir þau:

a) hið fastákveðna gjald fyrir móttökukvittun (17. grein);
b) gjaldið, sem tekið er fyrir böggul, sem ekki verður komið til skila (3. liður 19. greinar);
c) fyrirspurnargjaldið (1. liður 24. greinar);
d) afgreiðslugjaldið fyrir böggla með tilgreindu verði (6. liður 33. greinar).

2. — Gjaldið fyrir útburð og aftollun (9. grein) fellur til póststjórnar ákvörðunarlandsins.

Umboðsgjaldið (11. grein) er tekið af sömu póststjórn.

48. grein.

Póstkröfugjald.

Gjöld þau, sem nefnd eru í 2. lið 25. greinar skiftast til helminga milli póststjórnar sendilandsins og póststjórnar ákvörðunarlandsins, á þann hátt sem segir fyrir í starfsreglugjörðinni.

49. grein.

Ábyrgðargjald.

Póststjórn sendilandsins skuldar, sem ábyrgðargjald fyrir böggla með tilgreindu verði, sjerhverri póststjórn, sem tekur þátt í flutningnum og ef svo ber undir, fyrir hverja sjerstaka póstþjónustu, hlut af ábyrgðargjaldinu, sem er ákveðinn fyrir hverja 300 franka eða brot úr 300 frönkum, fr. 0,05 fyrir landflutning og fr. 0,10 fyrir sjóflutning.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

50. grein.

Beiting á almennum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Hin almennu ákvæði, sem nefnd eru í I. og II. bálki alþjóðapóstsamnings, eiga einnig við um skifti á póstbögglum með þessum undantekningum:

Póststjórnir þeirra landa, sem aðhyllast samning þenna og hafa póstbögglaviðskifti við lönd, sem ekki eru með í samningnum, skulu leyfa öllum öðrum samningspóststjórnum að nota þessi sambönd til póstbögglaviðskifta við hin síðarnefndu lönd.

Nú óskar land að ganga að þessum samningi, og gerir kröfu til þess að taka hærra aukagjald en 25 sentíma fyrir böggulinn, og skal þá stjórn hins svissneska sambandsríkis leggja beiðnina um aðgöngu að samningnum fyrir öll samningslöndin. Ef meira en þriðjungur samningspóststjórna hreyfir engum mótmælum innan sex mánaða, gegn þessari beiðni, skoðast hún samþykt.

51. grein.

Samþykt á frumvörpum milli póstþinga.

Til þess að öðlast gildi þurfa frumvörp þau, sem koma fram milli póstþinga (18. og 19. grein alþjóðapóstsamningsins) að fá:

a) öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót á nýjum ákvæðum eða breytingu á ákvæðum í 1. til 19., 24. til 47., 48., 49., 51., og 52 grein samningsins og 49. grein starfsreglugjörðar hans;

b) tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingar á ákvæðum í öðrum greinum samningsins en þeim, sem taldar eru í málsgreininni á undan;

c) einfaldan meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða skilning á ákvæðum samningsins og starfsreglugjörðar hans, að undanteknu atriðinu um deilumál, sem leggja skal í gerðardóm og nefnt er í 10. grein alþjóðapóstsamningsins.

Niðurlagsatriði.

52. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. október 1925, og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar ofangreindra landa undirskrifað samning þenna í einu eintaki, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku póststjórnar, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

Loka-ákvæði.

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að undirskrifa samning þann, um póstböggla, sem gerður var í dag, urðu þeir ásáttir um það, sem hjer segir:

I.

Framkvæmd flutningafjelaga á starfinu.

Sjerhvert land, sem ekki annast flutning á póstbögglum með pósti sem stendur, og gengur að ofangreindum samningi, skal hafa heimild til þess að láta járnbrautar- og útgerðarfjelög framkvæma ákvæði hans. Jafnframt getur það takmarkað starfið, svo að það nái aðeins til böggla frá eða til staða, sem liggja innan starfssvæðis þessara fjelaga.

Póststjórnin í slíku landi verður að gera samninga við járnbrautar- og útgerðarfjelögin, til þess að tryggja sjer, að þau framkvæmi algerlega öll ákvæði samningsins, og sjerstaklega komi skipulagi á viðskiftaþjónustuna.

Hlutaðeigandi póststjórn er milliliður þessara fjelaga í viðskiftum þeirra við póststjórnir annara samningslanda og alþjóðaskrifstofuna.

II.

Transít.

Leyfi til þess að ábyrgjast ekki flutning á póstbögglum í transít yfir landsvæði sín, er veitt til bráðabirgða: Persíu, Hinum portúgölsku nýlendum í Afríku og Belgisku Congo.

Ákvæði þetta nær þó ekki til böggla frá eða til frönsku nýlendanna Tchad, Oubangui-Chari og Mið-Congo.

III.

Auka-transítgjöld.

Sem undantekning frá 3. grein samningsins,

a) má hækka landburðargjaldið fyrst um sinn:

upp í 1 franka fyrir Brasilíu, lýðveldið Colombíu, Equator, Perú og Bandaríki Venezuela;

upp í 1 fr. 25 fyrir Kína;

upp í 2 fr. 50 fyrir Tyrkland í Asíu; þetta aukagjald má hækka upp í 4 franka á böggul frá og til Persíu, eftir leiðinni Trapezunt—Erzerum—Bayezid;

56 b) má lýðveldið Panama taka 50 sentíma aukagjald fyrir böggul í flutningi yfir eyðið;

c) má argentiska póststjórnin taka 3 fr. 60 aukagjald á böggul, sem landburðargjald fyrir böggla, sem eiga að flytjast eftir Transandesbrautinni;

d) hefir Egyptaland (að því er snertir Sudan) rjett til þess að hækka landburðargjald á bögglum frá og til Belgisku Congo, í transít yfir Sudan, upp í 1 fr. 20 fyrir böggla alt að 1 kg., og upp í 4 fr. 40 fyrir böggla alt að 5 kg.;

e) hefir Belgiska Congo heimild til þess að hækka landburðargjald á bögglum til og frá frönsku nýlendunum Tchad, Oubangui-Chari og Mið-Congo upp í 60 sentíma, 2 franka og 4 franka, með rjettri tilvísun til þyngdarmarkanna.

Gjald þetta getur þó breytst eftir samkomulagi beggja póststjórnanna, sem hlut eiga að máli;

f) hefir samband hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja heimild til þess að hækka transítgjaldið upp í 2 franka á böggul, fyrir flutning yfir landsvæði sitt í Evrópu, og upp í 2 franka á böggul fyrir flutning yfir landsvæði sitt í Asíu;

g) má póststjórnin í Chili taka sem landburðargjald, aukagjald, er nemi 1 fr. 25 á böggul, fyrir þá böggla, sem eiga að flytjast eftir Transandesbrautinni.

IV.

Viðbótargjöld endastöðva.

Viðbótargjald það, sem nefnt er í 8. grein, má til bráðabirgða, og sem undantekningu hækka upp í:

40 sentíma fyrir dominikanska lýðveldið;

50 sentíma fyrir Búlgaríu, lýðveldið Haïti og Ísland;

75 sentíma mest fyrir eftirgreindar póststjórnir: Lýðveldið Argentínu, Austurríki, Chili, Kína, Finnland, Grikkland, Guatémala, Indókína (ýms pósthús langt úr leið), Breska Indland, Nicaragua, Noreg, lýðveldið Panama, Pólland, Salvador, Síam, Svíþjóð, Tyrkland í Asíu, Uruguay; viðbótargjaldið 0 fr. 75, sem Tyrklandi í Asíu er leyft, má hækka upp í 2 franka fyrir böggla, sem sendir eru til pósthúsa, er liggja langt frá járnbraut og sjó, svo að flutningurinn er framkvæmdur með landpóstum;

1 franka fyrir Egyptaland (að því er snertir pósthúsin í Sudan), og fyrir hið evropeiska og asíatiska landsvæði hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja, hvort svæðið fyrir sig;

1 fr. 25 fyrir Brasilíu, Equator, Perú, Bandaríki Venezuela og argentínsk pósthús í Costa del Sur, Tierra del Fuego og aðliggjandi eyjum;

1 fr. 50 fyrir Hollenskar nýlendur.

Bolivía hefir heimild til þess fyrst um sinn að nota þrennskonar viðbótar-

argjald: 3, 7 og 14 franka, með rjettri tilvísun til hinna 3ja þyngdarmarka, fyrir böggla frá eða til annara staða en La Paz og Oruro. 56

Lýðveldið Colombía hefir heimild til þess fyrst um sinn að taka þessi viðbótargjöld: 1 fr. 25 fyrir hvern böggul til hafnarstaða og 1 franka á kílógramm eða brot úr kílógrammi fyrir böggla til annara staða.

Etiopía hefir heimild til, fyrst um sinn, að taka í viðbótargjald 40 sentíma, 1 fr. 25 og 1 fr. 70 fyrir böggla, með rjettri tilvísun til hinna 3ja þyngdarmarka.

Nýlendan belgiska Congo, Persía og portúgölsku nýlendurnar Angola og Mozambík hafa heimild til þess að leggja á póstböggla fyrir flutning lengri veg en til viðskiftapósthúsa þeirra, aukagjald, sem ekki má fara fram úr taxta þeim, sem notaður er við póstböggla í innanlandsþjónustu þeirra.

V.

Sjerstök aukagjöld.

1. — Fyrir flutning milli Frakklands annarsvegar, Algier og Korsíku hinsvegar, má taka viðbótargjald, sem sje jafnmikið og gjald það, sem tekið er fyrir sjóflutning, þegar vegalengdin fer ekki fram úr 500 sjómílum.

2. — Hinni spönsku póststjórn er leyfilegt að taka viðbótargjald, 25 sentíma, fyrir flutning milli Spánar annarsvegar, Balearisku eyjanna, spanskra nýlenda í Norður-Afríku og pósthúsanna á spanska svæðinu af Marokkó hinsvegar, svo og 50 sentíma fyrir flutning milli Spánar og Kanaríeyja.

3. — Hinni portúgölsku póststjórn er heimilt að taka í viðbótargjald 1 fr. 50 fyrir böggul alt að 5 kílógr. í flutningum milli Portúgal og eyjanna Madeira og Açores.

4. — Fyrir flutning milli Indokína annarsvegar, Kouang-Tchéou-Wan hjeraðsins hinsvegar, má taka viðbótargjald, sem sje jafnmikið og gjald það, sem tekið er fyrir sjóflutning, þegar vegalengdin fer ekki fram úr 500 sjómílum.

VI.

Sjerstakir taxtar.

Breska Indland hefir heimild til þess að leggja á böggla þaðan og til annara landa hækkandi (progressiv) taxta, er svari til mismunandi þyngdarflokka, en þó með því skilyrði, að meðaltaxtinn fari ekki fram úr almenna taxtanum, og þar í innifalið aukagjald það, sem það kann að mega taka.

Þessi heimild veitist einnig þeim löndum, sem ganga inn í samninginn á tímabilinu til næsta póstþings.

VII.

Bögglar með tilgreindu verði.

Sem undantekningu frá ákvæðum 33. greinar;

56 a) má nýlendan Belgiska Congo takmarka upphæð hins tilgreinda verðs á bögglum við 500 franka;

b) má argentínska póststjórnin taka í viðbótargjald 10 sentíma fyrir 300 franka eða brot úr 300 frönkum, fyrir böggla með tilgreindu verði frá eða til pósthúsanna í Costa del Sur, Tierra del Fuego og aðliggjandi eyjum;

c) má fyrir flutning milli Frakklands annarsvegar, Algier og Korsíku hinsvegar, taka af sendanda fyrir böggla með tilgreindu verði í aukaábyrgðargjald 10 sentíma fyrir hverja 300 franka eða minna;

d) má indokínverska póststjórnin taka í aukaábyrgðargjald 10 sentíma fyrir 300 franka eða brot úr 300 frönkum, fyrir böggla með tilgreindu verði frá eða til pósthúsanna í Kouang-Tchéou-Wan hjeraðinu;

e) má samband hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja taka af sendanda í aukaábyrgðargjald 15 sentíma fyrir 300 franka eða brot úr 300 frönkum, fyrir böggla með tilgreindu verði til landsvæðis sambandsins í Asíu.

Fyrir hvern böggul með tilgreindu verði frá eða til Korsíku og Algier, skal taka af sendanda, sem korsikanskt eða algieriskt landburðargjald, aukaábyrgðargjald 5 sentíma fyrir hverja 300 franka eða minna.

VIII.

Ummál og rúmmál.

Grikkland, Túnis og Tyrkland í Asíu hafa heimild til þess að leyfa ekki fyrst um sinn böggla, sem að ummáli og rúmmáli fara fram úr hámarki því, sem leyft er í starfsreglugjörðinni, fyrir sjóflutning.

IX.

Undantekning frá ákvæðunum um að taka póstkröfugjaldið og búa út reikninga.

Sem bráðabirgðaráðstöfun gildir, að í viðskiftum við lönd, þar sem póstbögglastarfið er ekki framkvæmt af póststjórnunum, má beita ákvæðum póstbögglasamningsins frá Madrid við innheimtu póstkröfugjaldsins og útbúnað reikninga.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi loka-ákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi, eins og þó að ákvæði þau, sem þau innihalda, hefðu verið sett í sjálfan samninginn, sem þau eiga við, og hafa þeir undirskrifað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku stjórnar, og skal hver aðili fá afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

56

Starfsreglugjörð

póstbögglasamningsins.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein. Flutningsleið.
2. — Hvernig flutningi skal hagað.
3. — Upplýsingar til póststjórnanna.
4. — Flutningsleiðir og taxtar.
5. — Ákveðið jafngildi.

II. KAFLI.

Ákvæði, sem gilda um alla böggla.

6. grein. Rúmfrekir bögglar.
7. — Ytri frágangur bögglanna.
8. — Sjerstakar umbúðir.
9. — Fylgibrjef og tollskrár.
10. — Gjaldfrjálsir bögglar.
11. — Móttökukvittun.
12. — Móttökukvittun, sem beðið er um, eftir að böggullinn hefir verið látinn á póst.

III. KAFLI.

Póstkröfubögglar.

13. grein. Tilgreining póstkröfu.
14. — Lágmiði.
15. — Póstkröfuávísun (Eyðublað H).
16. — Myntbreyting póstkröfuupphæðar.
17. — Greiðslufrestur.
18. — Lækkun eða afnám póstkröfu.
19. — Áframsending.

56

20. grein. Útgáfa póstkröfuávísunar.
21. — Ógilding eða skifti á póstkröfueyðublöðum.
22. — Póstkröfuávísanir sendar öfugt, glataðar, eyðilagðar, ekki spurst fyrir um þær nje þær afhentar viðtakendum.

IV. KAFLI.

Bögglar með tilgreindu verði.

23. grein. Tilgreining verðs.
24. — Límmiðar og frímerki.
25. — Mót af innsigli.
26. — Tilgreining á þyngd.

V. KAFLI.

Skyndibögglar.

27. grein. Límmiði.
28. — Flutningur og reikningsfærsla.

VI. KAFLI.

Meðferð böggla við burtför og komu.

29. grein. Innritunarnúmer og viðtökustaður.
30. — Notkun dagstimpils og þyngdarmark.
31. — Hraðboðabögglar.
32. — Endursending frankóseðla. — Endurheimta á útlögðum upphæðum.
33. — Áframsending.
34. — Óskilabögglar. — Tilkynningar um óskilaböggla.
35. — Óskilabögglar. — Fyrirmæli sendanda.
36. — Endursending óskilaböggla.
37. — Sala. — Eyðilegging.
38. — Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.
39. — Fyrirspurnir um böggla eða póstkröfuávísanir.

VII. KAFLI.

Skifti á bögglum.

40. grein. Bögglapóstskrá.
41. — Athugun í viðskiftapósthúsunum. — Ónákvæmni, sem hefir ekki ábyrgð í för með sjer fyrir póststjórnirnar.
42. — Ónákvæmni, sem hefir ábyrgð í för með sjer fyrir póststjórnirnar,

VIII. KAFLI. 56

Reikningsfærla. — Reikningsskil.

43. grein. Reikningar yfir þóknanirnar.
44. — Reikningsskil.
45. — Reikningar póstkröfuávísana.
46. — Frankóseðlar. — Reikningar yfir tollgjöld o. s. frv.

Ýms ákvæði.

47. grein. Eyðublöð. — Tunga.
48. — Upplýsingar og tilkynningar.

Niðurlagsatriði.

49. grein. Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Loka-ákvæði.

Einasta grein. Rúmfrekir bögglar. Undantekningar.

56

Starfsreglugjörð

póstbögglasamningsins.

Samkvæmt 4. grein alþjóðapóstsamningsins, sem gerður var í Stokkhólmi þann 28. ágúst 1924 hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á póstbögglasamningnum.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein.

Flutningsleið.

1. — Sjerhver póststjórn er skyld að senda póstböggla þá, sem önnur póststjórn hefir trúað henni fyrir til flutnings í transít gegnum landsvæði hennar, eftir sömu leið og með sömu tækjum og hún notar við flutning á sínum eigin bögglum.

2. — Bögglar, sem eru skakt sendir, skulu áframsendir beinustu leið sem póststjórnin, er áframsendir, ræður yfir.

2. grein.

Hvernig flutningi skal hagað.

1 — Skifti á bögglum milli nágrannalanda, eða landa, sem standa í beinu sambandi hvort við annað með sjóferðum, skulu framkvæmd af þeim pósthúsum og á þeim stöðum, sem hlutaðeigandi póststjórnir ákveða til þess starfa.

2. — Sje ekki öðruvísi ákveðið, skulu bögglar í viðskiftum við lönd, er ekki liggja saman, sendast í stykkjatali.

Hlutaðeigandi póststjórnir geta orðið ásáttar um að skiftast á póstbögglum í lokuðum pokum, körfum eða kössum, skráðum beina leið. Í því efni gera umræddar póststjórnir sameiginlega hinar nauðsynlegustu ráðstafanir.

3. — Þó er það skylda að senda póstböggla í lokuðum ílátum, þegar

tala þeirra er svo há, að þeir eru til trafala fyrir starf einhverrar milliliggj- 56
andi póststjórnar, eftir hennar eigin umsögn.

Hin lokuðu ílát skulu bera greinilega áletrun upprunapósthúss og áframhaldandi númers. Þyngd þeirra má ekki fara fram úr 60 kg., ef það eru pokar, og 80 kg. ef um önnur ílát er að ræða.

Þau skulu endursend tóm til sendipóststjórnarinnar með næsta pósti á eftir.

Póststjórn sú, sem áframsendir skal færa númer hinnar endursendu íláta á bögglaskrána, og hún skal svara til þeirra íláta, sem hún getur ekki sannað að hún hafi endursent. Kostnaðinum við körfur, poka og önnur lík ílát, sem nauðsynleg eru til póstbögglaviðskiftanna, skal skift jafnt milli póststjórnanna, sem nota þau í viðskiftum sínum.

4. — Í viðskiftum milli landa, sem eru aðskilin af einu eða fleirum milliliggjandi löndum, skulu bögglarnir sendir eftir þeim leiðum, sem hlutaðeigandi póststjórnir koma sjer saman um.

5. — Þegar póstbögglum er þjónustulega haldið eftir á leiðinni, annaðhvort af pósti eða tollyfirvöldum, skal biðja sendanda, á tilkynningu um óskilaböggul, um að gera nánari ráðstafanir. Þó er þetta skilyrði ekki sjálfsagt, ef um ofurefli er að ræða (vis major).

3. grein.

Upplýsingar til póststjórnanna.

1. — Póststjórnir þær, sem halda uppi reglulegum samböndum sjóleiðis, skulu gefa öðrum póststjórnum upplýsingar um, hvað af þessum samböndum sje hægt að nota til flutnings á póstbögglum, ásamt vegalengdinni.

2. — Þær póststjórnir, sem halda uppi sín á milli beinum viðskiftum, tilkynna hver annari með töflum, eins og meðfylgjandi fyrirmynd A:

a) nafnaskrá yfir þau lönd, sem þær geta flutt til böggla sem þeim eru afhentir,
b) leiðir þær, sem eru opnar ofangreindum bögglum, þegar þeir eru komnir inn á landsævði þeirra eða í þjónustu þeirra,
c) upphæð þóknana þeirra, sem ber að greiða þeim fyrir hvern ákvörðunarstað,
d) hversu margar tollskrár skuli fylgja hverjum böggli.

3. — Sjerhver póststjórn skal þar að auki tilkynna fyrstu milliliggjandi póststjórn beint, hvaða lönd það eru, sem hún ætlar að senda henni böggla til.

4. grein.

Flutningsleiðir og taxtar.

Með hliðsjón til A-taflanna, sem hver póststjórn fær frá hinum, sem

56 við hana skifta, ákveður hún leiðirnar fyrir flutning á sínum bögglum og gjaldið, sem taka á af sendendum, eftir skilyrðum þeim, sem transítin býður.

5. grein.

Ákveðið jafngildi.

1. — Póststjórnirnar taka burðargjöld sín eftir jafngildi, sem þær hafa ákveðið, eftir upplýsingum á meðfylgjandi töflu (O form) og sem þær eiga að tilkynna alþjóðaskrifstofunni fyrir milligöngu svissnesku póststjórnarinnar.

2. — Komi breytingar á myntkerfi einhvers hinna ofangreindu landa, skal póststjórn þess ná samkomulagi við svissnesku póststjórnina um breytingu á jafngildinu; ber svo hinni síðarnefdnu að láta tilkynna breytinguna öllum póststjórnum sambandsins um alþjóðaskrifstofuna.

3. — Sjerhverri póststjórn er heimilt, ef hún álítur þess þörf, að leita þessa samkomulags, sem nefnt er í næsta lið á undan, ef um er að ræða mikla breytingu á peningagildi hennar.

II. KAFLI.

Ákvæði, sem gilda um alla böggla.

6. grein.

Rúmfrekir bögglar.

1. — Rúmfrekir bögglar teljast:

a) bögglar yfir 1 m. 50 á einhvern veg, og þeir sem samanlögð lengd og stærsta ummál annað en lengdin, fer fram yfir 3 metra;

b) bögglar, sem sakir lögunar sinnar, rúmmáls eða veikleika, ekki geta auðveldlega verið látnir niður með öðrum bögglum, eða bögglar, sem krefjast þess, að varlega sje með þá farið, t. d. blóm og blómrunnar í körfum, tóm búr, eða búr með lifandi dýrum í, tómir vindlakassar eða aðrir kassar í stórum bundinum, húsgögn, körfuáhöld, blómaborð, barnavagnar, rokkar, hjólhestar o. s. frv.

2. — Póststjórnir, sem halda uppi sjóflutningum, hafa heimild til þess, að telja hvern þann böggul rúmfrekan, sem þær flytja, þegar rúmmál hans er yfir 55 dm^3 eða hann er meira en 1,25 sm. á einhvern veg.

3. — Að því er snertir nákvæman útreikning á rúmmáli, þyngd eða ummáli bögglanna, þá skal álit sendipósthússins þar um gilda, nema um bersýnilega villu sje að ræða.

7. grein. 56

Ytri frágangur bögglanna.

1. — Til þess að verða tekinn til flutnings, verður sjerhver böggull:

a) að bera greinilega utanáskrift viðtakanda, með latneskum bókstöfum. Utanáskriftir með blýanti eru ekki leyfðar; þó skulu teknir til flutnings bögglar, þar sem utanáskriftin hefir verið skrifuð með blekblýanti og það, sem skrifað er á hefir verið vætt áður. Utanáskriftin skal sett á böggulinn sjálfan eða á miða, sem er vandlega festur við hann þannig, að hún geti ekki losnað frá. Það er ráðið til þess, að láta afrit af utanáskriftinni innan í sendinguna, og geta þar um utanáskrift sendanda;

b) að vera útbúinn á þann hátt, sem svarar til vegalengdarinnar og veitir næga tryggingu fyrir því, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki sjáist um skemdirnar. Þó má taka án umbúða hluti, sem hægt er að láta hvern innan í annan, eða safna saman og halda saman með sterku bandi, með plombum eða lakki fyrir, þannig, að úr þeim verði einn böggull, sem ekki getur dottið í sundur. Heldur ekki þarf að krefjast umbúða um bögla, sem eru úr einu heilu efni, svo sem trje eða málmstykki o. s. frv., og sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir.

Hluti, sem geta meitt póstmenn eða skemt aðrar sendingar, skal búa þannig um að engin hætta stafi af þeim.

c) að vera innsiglaðir með lakkinnsiglum, er sjeu nákvæmlega eins, með plombum, eða á annan hátt, með sjerstöku eins löguðu sama merki sendanda eða stimpli.

8. grein.

Sjerstakar umbúðir.

1. — Umbúðir bögla til landa handan hafs verða að vera sjerstaklega sterkar og úr haldgóðu efni, sakir hinna mörgu umskipana og allskonar meðferðar, sem þessir bögglar verða fyrir; sjerstaklega er það óhjákvæmilegt, þegar innihaldið er dýrir málmar, hlutir úr málmi eða bungavara, að nota þá sem umbúðir öskjur úr sterkum málmi eða trjekassa, að minsta kosti 1 sentimeter á þykt.

2. — Lagarkendar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkend, skulu send í tvöföldum ílátum. Á milli þess fyrra (flösku, glass, krukku eða öskju) og seinna (öskju úr málmi, sterku trje, eða bárupappa úr sterku efni), skal vera, að svo miklu leyti sem auðið er, bil, sem sje fylt sagi, úrsælding eða einhverju öðru efni, sem drekkur í sig og varnar skemdum.

Þetta er ófrávíkjanlegt skilyrði, ef innra ílátið er sjerstaklega brothætt.

Litunarefni, svo sem anilín o. s. frv., eru ekki tekin til flutnings nema í sterkum blikkdósum, sem svo sjeu aftur settar í trjeöskjur með sagi á

56 milli; þurraduft, sem ekki er til litunar, skal sett í málm-, trje- eða pappaöskjur; öskjur þessar skulu því næst látnar í ljerefts- eða pergamentspoka.

3. — Ef hinar ýmsu póststjórnir, sem taka þátt í flutningnum, leyfa, skulu bögglar, sem innihalda eldspýtur, hvellhettur og hlaðin málmskothylki í handskotvopn og ósprenghætta hluti af tundurpípum, vera vandlega umbúnir, bæði að utan og innan, og þeir skulu sendir í kössum eða tunnum. Skal skrifa bæði á fylgibrjefið og sjálfa sendinguna, hvað innihaldið sje.

9. grein.

Fylgibrjef og tollskrár.

1. — Sjerhverjum böggli skal fylgja fylgibrjef úr sterkum pappa og tollskrár, eins eða líkar og meðfylgjandi fyrirmyndir B og C. Tollskrárnar skulu vandlega festar við fylgibrjefið.

Á afklipping fylgibrjefsins getur sendandi skrifað athugasemdir, er snerta sendinguna. Þar að auki skal hann skýra frá aftan á fylgibrjefinu, hvernig hann vill láta fara með böggulinn, ef fyrir kæmi, að ekki yrði hægt að afhenda hann. Skal sú athugasemd, sem á að vera skrifuð á frönsku, eða öðru því máli, sem þekt er í ákvörðunarlandinu, sett á sjálfan böggulinn.

Eftirfarandi ákvæði eru aðeins leyfð:

a) að böggulinn sje tafarlaust endursendur;
b) að böggullinn verði áframsendur á annan stað, til afhendingar hinum upprunalega viðtakanda;
c) að böggullinn sje afhentur öðrum viðtakanda (án greiðslu póstkröfunnar, ef svo ber undir, eða gegn lægri greiðslu en upprunalega ákveðin);
d) að böggullinn sje tilkyntur sem óskilaböggull;
e) að böggullinn sje seldur á ábyrgð og áhættu sendanda eða farið með hann sem yfirgefinn.

2. — Eitt fylgibrjef og ein tollskrá mega fylgja alt að þremur almennum bögglum, sem koma frá sama sendanda, eru háðir sama burðargjaldi og eiga að fara til sama manns. Þetta ákvæði nær þó ekki til póstkröfuböggla, böggla með tilgreindu verði eða böggla, sem eiga að afhendast gjaldfrjálsir eða aðeins tollfrjálsir, sem hver um sig skal hafa sitt sjerstaka fylgibrjef.

Hvert land getur krafist sjerstaks fylgibrjefs og sjerstakrar tollskrár fyrir hvern böggul.

3. — Póststjórnirnar taka ekki á sig neina ábyrgð, að því er snertir tollskrárnar.

10. grein.

Gjaldfrjálsir bögglar.

1. — Bögglar, sem eiga að afhendast viðtakendum gjaldfrjálsir eða aðeins tollfrjálsir, skulu hafa utanáskriftarmegin á bögglinum og á fylgibrjef-

inu gulan miða, er standi á með greinilegu letri „Franc de tous droits“ eða 56
„Franc de droits de douane seulement“. Sömu athugasemd skulu sendendur einnig skrifa á fylgibrjefin.

2. — Sjerhverjum böggli, sem sendur er „Franc de droits“, skal fylgja frankóseðill eins og meðfylgjandi fyrirmynd E, búinn til úr pappa er skal vera gulur á lit, og fyllir sendipósthúsið út framhlið hans eins og segir til á eyðublaðinu.

Frankóseðillinn skal vera vandlega festur við fylgibrjefið.

11. grein.

Móttökukvittun.

1. — Bögglar, sem beðið er um móttökukvittun fyrir af sendendum, skulu bera greinilega athugasemdina „Avis de réception“ eða stimplaða stafina „A. R.“ Athugasemd þessi skal einnig skrifuð á fylgibrjefið.

2. — Sendingum þessum fylgir eyðublað eins eða líkt og fyrirmynd C, er fylgir starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins; eyðublað þetta er útbúið af sendipósthúsinu eða einhverju öðru pósthúsi, sem pósthús sendilandsins ákveður; það er fest við fylgibrjef böggulsins, sem það á við. Komi það ekki til ákvörðunarpósthússins, er það skyldugt til þess að útbúa nýja móttökukvittun.

3. — Þegar sendipósthúsið hefir útfylt eyðublað C, eins og vera ber, sendir það það aftur opið og burðargjaldsfrjálst til sendanda böggulsins.

4. — Ef sendandi spyrst fyrir um móttökukvittun, sem hann hefir ekki fengið á rjettum tíma, skal spurst fyrir um hana eftir sömu reglum og nefndar eru í næstu grein hjer á undan. Í því efni er ekki tekið neitt gjald aftur og sendipósthúsið skrifar efst á eyðublaðið orðin „Duplicata de l'avis de réception etc.“

12. grein.

Móttökukvittun, sem beðið er um eftir að böggullinn hefir verið látinn á póst.

Þegar sendandi biður um móttökukvittun fyrir böggli, eftir að hann hefir verið látinn á póst, fyllir sendipósthúsið út eyðublað C, sem það síðan festir við fyrirspurnareyðublað eins og fyrirmynd N sýnir, og skal það áður útbúið með frímerkjum, er svari til taxta þess, sem nefndur er í 49. grein alþjóðapóstsamningsins.

Með fyrirspurnina ásamt eyðublaði C, er síðan farið eftir fyrirmælum 39. greinar hjer á eftir, að því undanteknu, að hafi böggullinn verið reglulega afhentur, heldur ákvörðunarpósthúsið eyðublaði N eftir og sendir eyðublað C til sendipósthússins, eins og nefnt er í 3. lið næstu greinar hjer á undan.

Í þeim löndum, þar sem póstbögglastarfið er ekki framkvæmt af póst-

56 stjórninni, er gjaldið, sem tekið er, tilgreint á eyðublaðinu N, annaðhvort með því að líma á það sjerstakan miða, eða með því að skrifa sjálfa upphæðina á það.

III. KAFLI.

Póstkröfubögglar.

13. grein.

Tilgreining póstkröfu.

1. — Póstkröfubögglar og fylgibrief þeirra skulu utanáskriftarmegin bera áletrunina „Remboursement" skrifaða eða prentaða skýrt og greinilega, og þar á eftir póstkröfuupphæðina tilgreinda með latneskum bókstöfum og arabískum tölum, án útburkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þó að staðfest sje.

2. — Sendandi skal ennfremur skrifa nafn sitt og heimilisfang á böggulinn og bakhlið fylgibrjefsins, einnig með latneskum bókstöfum.

14. grein.

Límmiði.

Póstkröfubögglar skulu ásamt fylgibrjefum sínum bera rauðgulan miða eins og fyrirmynd D sýnir, sem fylgir starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins.

15. grein.

Póstkröfuávísun (eyðublað H).

Hverium póstkröfuböggli skal fylgja póstkröfuávísun eins eða lík og fyrirmynd H sýnir, er fylgir hjermeð. Á póstkröfuávísun þessari, sem er heft við fylgibriefið, skal standa upphæð póstkröfunnar í mynt upprunalandsins og ark þess, sem almenn regla, skal sendandi böggulsins tilfærður sem viðtakandi ávísunarinnar. Þó getur hver póststjórn látið skrifa upprunapósthús böggulsins eða einhver önnur pósthúsa sinna, sem viðtakanda ávísana, er snerta sendingar, sem eru upprunnar frá hennar póstþjónustu. Afklippingur ávísunarinnar skal tilgreina nafn og heimili viðtakanda böggulsins, svo og staðinn og daginn, sem hann er látinn á póst.

16. grein.

Myntbreyting póstkröfuupphæðar.

Nema öðruvísi sje ákveðið, skal upphæð póstkrafanna breytt í mynt ákvörðunarlandsins undir umsjá póststjórnarinnar þar, sem í því atriði notar sama gengi og hún er vön við póstávísanir til sendilands póstbögglanna.

17. grein.

Greiðslufrestur.

Upphæð póstkröfu skal borguð innan viku, að telja frá næsta degi eftir að böggullinn kemur á pósthúsið.

Frest þennan má lengja upp í hálfan mánuð í viðskiftum milli landa í Evrópu og landa utan hennar, og í viðskiftum hinna síðarnefndu sín á milli.

Frestina má lengja, alt upp í 4 vikur mest, hjá þeim póststjórnum, þar sem löggjöf þeirra krefst þess.

Þegar þessir frestir eru liðnir, skal farið með böggulinn sem óskilasendingu samkvæmt ákvæðum 34. greinar hjer á eftir. Sendandi hefir þó heimild til þess að krefjast þess, að böggullinn sje þegar í stað endursendur eftir heimilisfangi sínu, ef viðtakandi neitar að greiða póstkröfuupphæðina þegar við fyrstu sýningu. Beiðni þessi skal bæði sett á böggulinn og bakhlið fylgibrjefsins. Hún skal stíluð á frönsku eða einhverju öðru þektu máli í ákvörðunarlandinu.

18. grein.

Lækkun eða afnám póstkröfu.

Beiðnir um afnám póstkröfuupphæðar eða lækkun á henni, fara eftir reglum þeim og ákvæðum, sem nefnd eru í 41. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

Hverri beiðni um lækkun á póstkröfuupphæð skal fylgja nýtt póstkröfuávísunareyðublað útfylt með hinni leiðrjettu upphæð.

19. grein.

Áframsending.

Póstkröfuböggla má áframsenda, ef hið nýja ákvörðunarland tekur ásamt sendilandinu slíka böggla. Þegar áframsending fer fram, skulu póstkröfuávísanirnar, sem hafa verið útbúnar í sendilandinu, fylgja bögglunum. Hin nýja ákvörðunarpóststjórn fer að með innheimtu og skil á póstkröfuupphæðinni, eins og bögglarnir hefðu verið sendir beint til hennar

20. grein.

Útgáfa póstkröfuávísunar.

Jafnskjótt og póstkrafan er innheimt, skal ákvörðunarpósthúsið eða eitthvert annað pósthús, sem ákvörðunarpóststjórnin tiltekur, úftylla hlutann „Indications de service“ á póstkröfuávísuninni og senda hana síðan stimpl-

56 aða með dagstimpli sínum, burðargjaldsfrítt til viðtökupósthúss böggulsins eða til þess pósthúss, sem sendipóststjórnin kann að hafa sett á sjálfa ávísunina.

Póstkröfuávísanir eru útborgaðar sendendum bögglanna eftir reglum, sem hver póststjórn setur.

21. grein.

Ógilding eða skifti á póstkröfueyðublöðum.

1. — Póstkröfuávísanaeyðublöð þau, sem eru gerð ógild eða önnur koma í staðinn fyrir, skulu eyðilögð undir umsjá póststjórnar ákvörðunarlands bögglanna.

2. — Ávísanir, sem snerta póstkröfuböggla, sem einhverra orsaka vegna eru endirsendir til upprunastaðar síns, skulu gerðar ógildar af póststjórninni, sem endursendir bögglana.

3. — Þegar ávísanir, er snerta póstkröfuböggla, hafa verið sendar öfugt, hafa glatast eða eyðilagst áður en póstkrafan var innheimt, skal ákvörðunarpósthúsið útbúa eftirrit af þeim og færir á það þær upplýsingar, sem sendipósthúsið mundi hafa sett.

22. grein.

Póstkröfuávísanir sendar öfugt, glataðar, eyðilagðar, ekki spurst fyrir um þær nje þær afhentar viðtakendum.

1. — Í staðinn fyrir póstkröfuávísanir, sem hafa verið sendar öfugt, hafa glatast eða eyðilagst, eftir að póstkrafan var innheimt, skulu koma eftirrit eða útborgunarheimildir, þegar hlutaðeigandi póststjórnir hafa komist að raun um, að ávísanirnar hafi hvorki verið útborgaðar nje endurgreiddar.

2. — Póstkröfuávísanir, sem viðtakendur hafa ekki krafist útborgunar á innan þess tíma, sem þær gilda, samkvæmt starfsreglugjörð póstávísanasamningsins, svo og þær, sem ekki hefir verið hægt að afhenda viðtakendum, skal farið með samkvæmt ákvæðum 34. greinar í starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins.

IV. KAFLI.

Bögglar með tilgreindu verði.

23. grein.

Tilgreining verðs.

Bögglar með tilgreindu verði og fylgibrjef þeirra skulu vera með áletraðri tilgreiningu verðupphæðarinnar í mynt upprunalandsins. Tilgreiningin skal skrifuð með latnesku letri, í bókstöfum og aröbskum tölum, án útþurk-

unar eða yfirstrikunar, jarnvel þó að staðfest sje. Upphæð hins tilgreinda verðs skal, þar að auki, vera breytt í gullfranka af sendanda eða sendipósthúsi. Skal breytingin skrifuð með nýjum tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er sýna upphæð hins tilgreinda verðs í mynt sendilandsins. 56

Upphæðin í gullfrönkum skal vera undirstrikuð með feitu striki með litblýant.

24. grein.

Límmiðar og frímerki.

Bögglar með tilgreindu verði skulu ásamt fylgibrjefum sínum bera rauðan miða með áletraninni „Valeur déclarée" með latneskum bókstöfum.

Þegar í bögglunum eru mótaðir peningar, gull eða silfurmunir eða aðrir dýrgripir, skulu lakkinnsiglin, svo og allskonar límmiðar og frímerkin, ef svo ber undir, sem límd eru á bögglana, sett á með millibili innbyrðis, til þess að ekki sje hægt að nota þau til þess að hylja yfir skemdir á umbúðunum. Þau mega heldur ekki límast þannig á böggulinn, að þau þeki yfir rönd hans.

25. grein.

Mót af innsigli.

Auk áritunar hins tilgreinda verðs, sem fyrirskipuð er í 23. grein, skal á hverju fylgibrjefi með böggli með tilgreindu verði, vera nákvæmt mót af innsigli eða sjerstöku merki sendanda, sem nefnt er í 7. grein undir staflið c.

26. grein.

Tilgreining á þyngd.

Þyngdin á bögglum með tilgreindu verði skal nákvæmlega tilgreind af sendipósthúsinu:

a) utanáskriftarmegin á bögglinum;
b) á fylgibrjefinu, á hinum þar til ákveðna stað.

V. KAFLI.

Skyndibögglar.

27. grein.

Límmiði.

Skyndibögglar og fylgibrjef þeirra skulu bera miða með greinilegri áletrun „Urgent".

28. grein.

Flutningur og reikningsfærsla.

Póststjórnir þær, sem taka þátt í skiftum á skyndibögglum, koma sjer saman um fljóta og, eftir því sem hægt er, beina leið fyrir þessa böggla; póststjórnirnar gera einnig sameiginlega hinar nauðsynlegu ráðstafanir viðvíkjandi reikningsfærslunni.

VI. KAFLI.

Meðferð böggla við burtför og komu.

29. grein.

Innritunarnúmer og viðtökustaður.

Sjerhver böggull, ásamt tilheyrandi fylgibrjefi, skal bera merki eins og meðfylgjandi fyrirmynd D. sýnir, er bæði sýnir innritunarnúmer sendingarinnar og nafnið á pósthúsinu, þar sem henni er skilað til flutnings. Sama sendipósthús má ekki samtímis nota tvær eða fleiri tegundir merkja, nema þá að þær sjeu táknaðar með sjerstökum bókstaf, er greini þær hverja frá annari.

30. grein.

Notkun dagstimpils og þyngdarmark.

Fylgibrjefið skal stimplað utanáskriftar megin af sendipósthúsinu, með stimpli, er sýni bæði hvar og hvenær sendingin er látin á póst.

Auk þess skal sendipósthúsið tilgreina þyngdarmark böggulsins, eða þyngd hans í kílógrömmum.

31. grein.

Hraðboðabögglar.

Hraðboðabögglar ásamt fylgibrjefum skulu stimplaðir eða útbúnir með miða er standi á með stóru letri orðið „Exprès".

32. grein.

Endursending frankóseðla. — Endurheimta á útlögðum upphæðum.

1. — Eftir afhendingu á tollfrjálsum böggli til viðtakanda, útfyllir pósthúsið, sem hefir lagt út tollgjöldin eða önnur gjöld fyrir reikning sendanda, þann hluta, sem því við kemur, á bakhlið frankóseðilsins, og sendir hann svo með tilheyrandi fylgjiskjölum í lokuðu umslagi, án tilgreiningar á innihaldi, til sendipósthúss böggulsins.

Sjerhver póststjórn hefir þó heimild til þess að láta sjerstök pósthús, sem hún tiltekur, framkvæma endursendingu á frankóseðlum, sem gjöld hvíla á, og krefjast þess, að seðlarnir sjeu sendir til nánar ákveðins pósthúss. Skal þá sendipósthús böggulsins skrifa nafn þess pósthúss, sem seðlarnir eiga að fara til, á framhlið frankóseðilsins. 56

2. — Þegar sending með miðanum „Franc de tous droits", „Franc de droits de douane seulement" kemur til póstþjónustu ákvörðunarlandsins án frankóseðils, skal pósthús það, sem á að sjá um aftollunina, búa út eftirrit af frankóseðlinum og gæta þess að setja nafn upprunalands sendingarinnar í staðinn fyrir nafn póststjórnar þeirrar, sem það sjálft heyrir undir. Þegar frankóseðill glatast eftir afhendingu á böggli, skal útbúa eftirrit á sama hátt.

3. — Frankóseðlar er eiga við böggla, sem, einhverra hluta vegna eru endursendir til upprunalandsins, skulu gerðir ógildir undir eftirliti pósthússins, sem framkvæmir endursendinguna, og heftir við fylgibrjefin.

4 — Við móttöku frankóseðils með upplýsingum um gjöld þau, sem póstþjónusta móttökulandsins hefir lagt út, breytir sendipóststjórnin upphæð þessara gjalda í sína eigin mynt, eftir gengi því, sem hún sjálf ákveður, en sem þó ekki má fara fram úr gengi því, sem ákveðið er við útgáfu póstávísana til hlutaðeigandi lands. Hin breytta upphæð skal tilgreind bæði á stofni eyðublaðsins og afklippingi og undirskrifuð með nafni póstmanns þess, sem hefir gert breytinguna. Þegar búið er að innheimta upphæð gjaldanna, afhendir sendipósthúsið sendanda afklipping seðilsins, og, ef til vill, fylgiskjölin.

33. grein.

Áframsending.

1. — Af bögglum, sem eru áframsendir vegna þess, að þeir hafa verið sendir skakkt, getur póststjórn sú, sem áframsendir ekki tekið tollgjöld eða önnur gjöld.

Þegar sú póststjórn endursendir böggul til þeirrar póststjórnar, sem flutti hann seinast, endurgreiðir hún henni þóknanir þær, sem hún hefir fengið og gerir athugasemd um skekkjuna með leiðrjettingarskýrslu.

Í öðrum tilfellum og ef upphæð þóknana þeirra, sem póststjórn þeirri er áframsendir hafa verið ætlaðar, reynist ónóg til þess að bera kostnaðinn, sem hún hefir af áframsendingunni, reiknar hún póststjórn þeirri, sem hún afhendir böggulinn, flutningsgjöld þau sem flutningsleiðin kostar; því næst færir hún sjer til tekna upphæð þá, sem hún á útistandandi, hjá því viðskiftapósthúsi, sem síðast hefir sent böggulinn skakka leið. Ástæðan til þessarar reikningsfærslu skal tilkynt ofannefndu pósthúsi með leiðrjettingarskýrslu.

2. — Þegar böggull hefir verið leyfður til sendingar vegna vangár og póstþjónustunni er um að kenna, svo hann verður þessvegna að endursendast

56 til upprunalands, færir póststjórn sú, sem afhendir böggulinn, þeirri póststjórn, sem hún hefir fengið hann frá, til tekna þóknanir þær, sem hún hefir móttekið.

Ef endursending á böggli fer fram vegna óaðgæslu sendanda, eða af því, að hann falli undir eitthvert af forboðum þeim, sem nefnd eru í 14. grein samningsins, fellur flutningsgjaldið á kostnað sendanda. Sjerhver póststjórn færir sjer til tekna sinn hluta með því að taka hjá þeirri næstu, eins og segir í 3. lið hjer á eftir um áframsenda böggla.

3. — Fyrir böggla, sem áframsendir eru sakir þess að viðtakendur hafa skift um bústað, eða sakir vangár af sendanda hálfu, skal póststjórnin, sem afhendir, taka, á kostnað viðtakanda, burðargjald, er nemi hluta þeim, sem hinum ýmsu póststjórnum ber, er taka þátt í flutningnum.

Póststjórnin, sem áframsendir, færir sjer sinn hlut til tekna hjá milliliggjandi póststjórn eða hjá póststjórn hins nýja ákvörðunarlands. Ef landið, sem áframsendir, og hið nýja ákvörðunarland eru ekki nágrannalönd, færir fyrsta milliliggjandi póststjórn, sem tekur við áframsendum böggli, sjer upphæð þá, sem henni ber í sinn hlut, og hluta póststjórnarinnar sem áframsendir, til tekna hjá þeirri póststjórn, sem hún afhendir sendinguna; þessi póststjórn endurtekur svo, ef hún aðeins liggur á milli, aðferðina gagnvart næstu póststjórn og færir sjer til tekna sinn hluta ásamt þeim sem henni hefir verið fært til reiknings af póststjórninni á undan. Þessari aðferð er svo haldið áfram milli allra póststjórnanna, er taka þátt í flutningnum, þangað til böggullinn kemur til afhendingarpóststjórnarinnar.

Ef burðargjald það, sem á að greiða í viðbót fyrir áframsendan böggul, er greitt um leið og áframsendingin hefst, skal aftur á móti farið með böggulinn, eins og skrifað væri utan á hann beina leið frá landinu, sem áframsendir, til ákvörðunarlandsins, og er þá viðtakandi ekki krafinn um neitt póstgjald.

Sundurliðuð upphæð kostnaðarins, sem tekinn er, skal tilgreind á fylgibrjefinu eða, ef það er ekki hægt, ásjerstökum lista, sem sje heftur við það.

4. — Bögglarnir skulu áframsendir í hinum upprunalegu umbúðum sínum og með fylgibrjefunum, sem sendilandið hefir gefið út. Verði einhverra hluta vegna að búa um böggul á ný eða endurnýja fylgibrjefið, verður nafnið á pósthúsinu, sem böggullinn er upprunalega sendur frá, svo og hið upprunalega innritunarnúmer, að vera bæði á bögglinum og fylgibrjefinu.

34. grein.

Óskilabögglar. Tilkynning um óskilaböggla.

1. — Þegar sendandi hefir beðið um, með athugasemd á bakhlið fylgibrjefsins og á bögglinum, að böggull sje tilkyntur sem óskilaböggull, útfyllir ákvörðunarpósthúsið eyðublað undir tilkynningu um óskilaböggul, eins og meðfylgjandi fyrirmynd J, og sendir hana til sendipósthússins. Tilkynningin

með hinu upprunalega fylgibrjefi skal, ef svo ber undir, greina upphæð toll- 56
gjalda, og annara gjalda, sem á bögglinum hvíla, svo og þau gjöld, sem kunna að falla á hann við áframhaldandi geymslu. Tilkynningin með fylgibrjefinu er endursend með árituðum fyrirmælum sendanda til pósthússins sem bjó hana út.

2.— Tilkynningu skal einnig útbúa á eyðublað J. til þess að tilkynna sendipóststjórn að bögglar liggi óafhentir vegna skemda, rána eða einhverra líkra orsaka vegna.

3. — Sem almenn regla gildir, að tilkynningar um óskilaböggla sjeu sendar milli ákvörðunar- og sendipósthúss. Þó getur hver póststjórn krafist þess, að tilkynningar, er snerta hennar þjónustu, sjeu sendar til aðalstjórnarinnar, eða til einhvers pósthúss, sem hún nánar tiltekur. Sendipósthúsinu ber að gera sendanda aðvart. Flutningur á tilkynningum um óskilaböggla skal fara fram eins fljótt og auðið er milli hlutaðeigandi pósthúsa.

4. — Þegar bögglar, sem óskilatilkynning hefir verið send um, eru afhentir eða áframsendir áður en skeyti er komið frá sendendum um, hvað gera skuli við þá, skal sendipósthúsinu tilkynt það þegar í stað, svo það geti aðvarað sendanda.

5. — Sje böggull endursendur til upprunastaðar síns, án þess að útfylt hafi verið tilkynningareyðublaðið sem nefnt er í 1. lið þessarar greinar, er ákvörðunarpósthúsið skyldugt til að taka á sig kostnaðinn við endursendinguna.

35. grein.

Óskilabögglar. — Fyrirmæli sendenda.

1. — Sem svar við tilkynningu um óskilaböggul, er sendur hefir verið samkvæmt ákvæðum næstu greinar hjer á undan, getur sendandi krafist:

a) að hinum upprunalega viðtakanda sje gert aðvart ennþá einusinni;
b) að utanáskrift böggulsins sje breytt eða hún gerð fullkomnari;
c) að böggullinn sje afhentur öðrum viðtakanda, eða að hann sje áframsendur á annan ákvörðunarstað, og sje þar afhentur hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum manni;
d) að böggull, sem póstkrafa hvílir á, sje afhentur öðrum manni gegn greiðslu hins tilgreinda póstkröfugjalds eða þá hann sje afhentur hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum manni án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, eða gegn greiðslu á lægri upphæð, en þeirri, sem fyrst hefir verið tilgreind. Sje póstkröfuupphæðin lækkuð, ber að útfylla nýja ávísun H samkvæmt fyrirmælum 18. greinar.
e) að böggullinn sje afhentur hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum manni án greiðslu á tollgjöldum og öðrum gjöldum, sem á honum hvíla. Ef svo er, ber að útfylla frankóseðil samkvæmt ákvæðum 19. greinar;

56 f) að böggullinn sje sjer endursendur þegar í stað;
g) að böggullinn sje seldur á sína ábyrgð og áhættu, eða farið með hann sem yfirgefinn.

Aðrar kröfur en þær, sem greinir hjer að ofan, eru ekki leyfðar.

2. — Eftir að fyrirmæli sendanda eru komin, eru þau ein gildandi og ber að taka þau til greina.

36. grein.

Endursending óskilaböggla.

1. — Nú er viðtakandi bögguls farinn til lands, sem ekki hefir skrifað undir póstbögglasamninginn, og skal þá böggullinn álitinn óskilaböggull, nema fyrsta ákvörðunarland sjái sjer fært að senda hann áfram.

2. — Hafi sendandi mælt öðruvísi fyrir en segir í 35. grein, getur ákvörðunarpóststjórnin endursent böggulinn þegar í stað til upprunapósthúss hans, án þess að búa út nýja tilkynningu. Sama gildir einnig, ef sendandi neitar að greiða gjald það, sem nefnt er í 3. lið 19. greinar samningsins. Svari sendandi ekki tilkynningunni er honum böggullinn endursendur þegar frestur sá er liðinn, sem nefndur er í 3. lið ofannefndrar 19. greinar.

3. — Pósthús það, sem endursendir böggul til sendanda skal skíra stutt og greinilega á frönsku frá ástæðunni til endursendingarinnar með svo feldum orðum: Inconnu (þekkist ekki), refusé (neitað), en voyage (á ferðalagi), parti (farinn), non réclamé (ekki sótt), décédé (dáinn), eða á líkan hátt. Upplýsingar þessar mega vera handskrifaðar, eða settar á með stimpli eða límmiða. Sjerhver póststjórn hefir heimild til þess að bæta við í þýðingu á sínu eigin máli ástæðu fyrir að böggullinn er ekki afhentur, og öðrum upplýsingum, sem hún telur viðeigandi.

4. — Bögglar, sem eru endursendir sendanda, eru færðir á bögglapóstskrána með athugasemdum „Rebuts" í athugasemdadálkinum. Með þá skal farið og tekið gjald fyrir þá eins og böggla, sem eru áframsendir, sakir þess að viðtakandi hefir skift um bústað.

37. grein.

Sala. — Eyðilegging.

1. — Sje böggull seldur eða eyðilagður samkvæmt fyrirmælum 21. greinar samningsins skal taka skýrslu um söluna eða ef hluturinn hefir verið eyðilagður.

Afrit af skýrslu þessari skal síðan senda sendipósthúsinu, ásamt fylgibrjefi sendingarinnar.

2. — Andvirði þess selda skal fyrst og fremst notað til þess að greiða gjöld þau, sem hvíla á bögglinum. Ef einhver afgangur verður, skal það sent

sendipósthúsinu til afhendingar sendanda, sem greiðir kostnaðinn við send- 56
inguna.

38. grein.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.

Beiðnir um afturköllun á bögglum eða breytingu á utanáskrift eru háðar reglum þeim og fyrirmælum, sem nefnd eru í 41. og 42. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

39. grein.

Fyrirspurnir um böggla eða póstkröfuávísanir.

1. — Undir fyrirspurnir um böggla og póstkröfuávísanir, sem ekki hafa komið til baka, skal nota eyðublað, eins eða líkt og fyrirmynd N, er fylgir hjer með. Póststjórn sendilandsins sendir eyðublað þetta beina leið til póststjórnar ákvörðunarlandsins.

2. — Í viðskiftum við lönd handan hafs og í viðskiftum milli þessara landa innbyrðis, skal fyrirspurnin þó send frá einu pósthúsi til annars, og fylgja sömu leið og sendingin, sem spurst er fyrir um.

3. — Þegar ákvörðunarpóststjórnin, í tilfelli eins og nefnt er í fyrsta lið, getur gefið upplýsingar um endanleg afdrif böggulsins eða póstkröfuávísunarinnar, fyllir hún út eyðublaðið N og sendir það til baka til sendipóststjórnarinnar.

Þegar póstþjónustan í ákvörðunarlandinu getur ekki komist fyrir afdrif bögguls eða póstkröfuávísunar endursendir hún eyðublaðið til póststjórnar sendilandsins ásamt yfirlýsingu frá viðtakanda um að hann hafi ekki tekið á móti sendingunni. Sendipóststjórnin útfyllir eyðublaðið betur, með því að skýra nákvæmlega frá flutningnum til fyrstu milliliggjandi póststjórnar, og sendir það til hennar, en það staðfestir síðan upplýsingarnar á eyðublaðinu, og sendir það, ef svo ber undir, til næstu póststjórnar. Fyrirspurnin gengur hannig frá einni póststjórn til annarar, alt þangað til að upplýst er um afdrif sendingarinnar. Póststjórn sú, sem framkvæmt hefir afhendinguna til viðtakanda, eða, sem ef til vill hvorki getur gert grein fyrir afhendingu nje reglulegri áframsendingu til annarar póststjórnar, gerir athugasemd um það á eyðublaðið, og sendir það aftur til sendipóststjórnarinnar.

4. — Í tilfelli eins og nefnt er í 2. lið hjer að framan, fara rannsóknirnar fram frá sendipóststjórn, alla leið til ákvörðunarpóststjórnar. Sjerhver póststjórn tilfærir á eyðublaðið N upplýsingar um flutninginn til næstu póststjórnar. Ef ekki er hægt að gera grein fyrir flutningnum, skal eyðublaðið útfylt eins og vera ber, sent til póststjórnar ákvörðunarlandsins. Fer hún svo að á sama hátt og segir síðast í annari málsgrein næsta liðs hjer undan.

56 5. — Eyðublöðunum skal, að svo miklu leyti sem unt er, fylgja líking af utanáskriftinni, og skulu þau send í lokuðu umslagi, en án þess brjef fylgi. Eitt eyðublað N má nota undir tvo eða þrjá böggla, sem verið hafa á sama fylgibrjefi. Með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar getur hver póststjórn heimtað að fyrirspurnir, er snerta hennar þjónustu, sjeu sendar til aðalskrifstofu sinnar, til pósthúss, sem hún nánar tiltekur, eða þá beint til ákvörðunarpósthússins, eða, ef hún er aðeins milliliggjandi, til viðskiftapósthúss þess, sem sendingin hefir verið send til.

6. — Í hvert skifti sem milliliggjandi póststjórn sendir eyðublað N til næstu póststjórnar, ber henni að senda afrit af því eyðublaði til sendipóststjórnarinnar, með nákvæmum upplýsingum um flutning böggulsins.

VII. KAFLI.

Skifti á bögglum.

40. grein.

Bögglapóstskrá.

1. — Bögglarnir skulu innritaðir á bögglapóstskrá, eins og fyrirmynd F, sem fylgir hjermeð, sýnir, með öllum þeim sjerstöku athugasemdum, sem skráin gefur ástæðu til. Þó geta hlutaðeigandi póststjórnir orðið ásáttar um, að almennir bögglar sjeu innritaðir í einu á skrána, með aðalupphæð þóknananna, sem á að greiða. Fylgibrjef, póstkröfuávísanir, tollskrár, og, ef svo ber undir, önnur skilríki, sem krafist er, (svo sem vöruskrá, skírteini um uppruna, heilbrigði o. s. frv.), svo og tollfrankóseðlar og móttökukvittanir, skalt alt saman heft við skrána.

Milliliggjandi viðskiftapósthús eru ekki skyldug til þess, að endurskoða gögn þau, sem fylgja með bögglapóstskránum.

2. — Póstbögglar til eða frá herföngum skulu innritaðir á bögglaskrána en án nokkurrar þóknunar, nema þegar um póstkröfuböggla er að ræða.

3. — Í viðskiftum sjóleiðis, skulu sendipósthúsin tölusetja bögglapóstskrárnar í efra vinstra horni, með áframhaldandi töluröð yfir árið, fyrir hvert sendipósthús og hvert ákvörðunarpósthús, og, að svo miklu leyti, sem hægt er, geta nafns póstskipsins, sem flytur póstinn, undir númerinu. Síðasta númer ársins skal fært á fyrstu bögglaskrá árið eftir.

41. grein.

Athugun í viðskiftapósthúsunum. — Ónákvæmni, sem hefir ekki ábyrgð í för með sjer fyrir póststjórnirnar.

1. — Þegar viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins hefir tekið móti böggla-

skránni, byrjar það þegar á að athuga bögglana og hin ýmsu skjöl, sem þeim fylgja. Athugun þessa má vefengja hvenær sem hægt er. 56

2. — Verði það vart við villur eða að slept hafi verið úr á bögglaskránni, gerir það þegar í stað nauðsynlegar leiðrjettingar, en gætir þess að strika yfir hinar skökku athugasemdir, þannig, að auðvelt sje að sjá það, sem upprunalega hefir staðið. Leiðrjettingar þessar skulu gerðar af tveim póstmönnum. Nema um bersýnilega villu sje að ræða, gilda þær frekar en hinar upprunalegu upplýsingar.

Auk þessa er svo útbúin leiðrjettingarskýrsla, eins og fyrirmynd G, sem fylgir hjermeð, af ákvörðunarpósthúsinu og er hún send tafarlaust í ábyrgðarbrjefi til viðskiftapósthúss sendilandsins.

3. — Smá ónákvæmni viðvíkjandi rúmmáli, ummáli og þyngd svo og ónákvæmni, sem auðsjáanlega hefir enga ábyrgð í för með sjer fyrir hlutaðeigandi póststjórnir, skal tilkynna með leiðrjettingarskýrslu.

4. — Þegar viðskiftapósthús sendilandsins hefir athugað leiðrjettingarskýrsluna, sendir það hana til baka, og með athugasemdum, ef ástæða er til. Skýrslan er síðan heft við bögglaskrárnar, sem hún á við. Leiðrjettingar á bögglaskrá, sem engin sönnunargögn fylgja með, álítast marklausar.

42. grein.

Ónákvæmni, sem hefir ábyrgð í för með sjer fyrir póststjórnirnar.

1. — Verði vart við vöntun, eða að eitthvað hafi skemst, eða ónákvæmni, sem hafi í för með sjer ábyrgð fyrir póststjórnirnar, sem hlut eiga að máli, skal búa út leiðrjettingarskýrslu, sem svo er flutt með ábyrgð til viðskiftapósthúss sendilandsins.

Þegar um er að ræða böggul með tilgreindu verði, er þar að auki tekin skýrsla, sem er send sem þjónustusending með ábyrgð til aðalskrifstofu póststjórnar þess lands, sem viðskiftapósthúsið, sem sendir, heyrir undir, og fylgir henni, ef svo ber undir, seglgarnið, innsiglin eða plomburnar, sem lokuðu ílátinu er bögglarnir voru í. Afrit af skýrslunni er samtímis sent til aðalskrifstofu póststjórnar þeirrar, sem móttökuviðskiftapósthúsið heyrir undir, eða einhvers annars stjórnarvalds, sem hún tiltekur.

2. — Ef nauðsyn krefur, má þar að auki gera viðskiftapósthúsinu, sem sendi, aðvart með símskeyti, á kostnað þeirrar póststjórnar, sem sendir.

3. — Þegar viðskiftapósthúsið, sem tekur á móti, hefir ekki sent viðskiftapósthúsinu, sem sendi, með fyrsta pósti eftir athugun, skýrslu um villur og afbrigði, hver svo sem þau eru, skal slíkt skoðað sem það hafi tekið móti bögglunum, þangað til hið gagnstæða sannast.

4. — Alveg óháð ákvæðunum í 1. lið og beitingu á þeim, skal það viðskiftapósthús, sem tekur á móti, frá öðru pósthúsi, sem það er ekki í beinu sambandi við, böggli, sem ekki er nægilega búið um, eða er skemdur, flytja

56 hann áfram eftir að hafa búið um hann á ný, ef ástæða er til, en þó þannig, að hinum upprunalegu umbúðum sje haldið að svo miklu leyti sem hægt er.

Sjeu skemdirnar þannig vaxnar, að hægt hafi verið að taka innihaldið burtu, skal pósthúsið byrja á því að opna böggulinn í embættisnafni og rannsaka innihald hans.

Í báðum tilfellum skal vega böggulinn áður og eftir að búið er að búa um hann á ný og hvortveggja þyngdin tilgreind á umbúðum böggulsins. Þar á eftir skal skrifa „Remballé à .....“ (Búið um á ný á .....) og síðan undirskrift póstmanna þeirra, sem hafa búið um böggulinn á ný.

VIII. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Reikningsskil.

43. grein.

Reikningar yfir póknanirnar.

Sjerhver póststjórn lætur búa til mánaðarlega, á hverju viðskiftapósthúsi sínu, og yfir allar sendingar, sem það hefir tekið við frá viðskiftapósthúsum einnar og sömu póststjórnar, yfirlit, eins og fyrirmynd K sýnir, sem fylgir hjermeð, yfir upphæðirnar á hverri bögglaskrá:

a) sjer til tekna, fyrir sinn hluta og hluta annara póststjórna, ef nokkur eru, af burðargjaldi því, sem sendipóststjórnin tekur;
b) sjer til skuldar fyrir hluta póststjórnarinnar, sem áframsendir, og hluta milliliggjandi póststjórna, ef um áframsendingar eða óskilasendingar er að ræða, af gjöldum þeim, sem á að innheimta hjá viðtakendum.

2. — Yfirlitin K eru síðan endurtekin á reikningi L, og fylgir fyrirmynd hans einnig hjer með.

3. — Reikningurinn L, ásamt hinum sjerstöku yfirlitum K, póstbögglaskrám og, ef til kemur, tilheyrandi leiðrjettingarskýrslum, skal síðan sendur hlutaðeigandi póststjórn til endurskoðunar í næsta mánuði á eftir þeim, sem hann á við.

Aðalupphæðirnar má aldrei leiðrjetta. Villur, sem fyrir kunna að koma, skulu teknar upp á sjerstakar skrár.

4. — Þegar mánaðarreikningarnir L hafa verið endurskoðaðir og staðfestir af báðum aðilum, skal sú póststjórnin, sem á inni, taka þá saman á ársfjórðungsreikning. Þenna reikning má eins útbúa á hálfs árs eða árs fresti, eftir því, sem hlutaðeigandi póststjórnir koma sjer saman um.

44. grein.

Reikningsskil.

1. — Reikningsjöfnuður sá, sem kemur fram við aðalreikningana, skal

greiddur af hinni skuldugu póststjórn til þeirrar sem á inni samkvæmt því sem mælt er fyrir í 66. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins. 56

2. — Tilbúningur, sending og greiðsla aðalreiknings skal framkvæmd eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða eftir að tímabilið er liðið hjá, sem reikningurinn á við. Frestur þessi er lengdur upp í sex mánuði í viðskiftum við lönd handan hafs.

45. grein.

Reikningar póstkröfuávísana.

1. — Nema öðruvísi sje ákveðið, fer afreikningur, viðvíkjandi póstkröfuupphæðum, sem hver póststjórn hefir útborgað fyrir reikning annarar póststjórnar, fram með viðbótareikningi við hina sjerstöku reikninga (fyrirmynd M, sem hjer með fylgir) yfir póstávísanir.

2. — Á þessum póstkröfureikningum skulu ávísanirnar, sem eiga að fylgja með útborgaðar og kvittaðar, færðar inn eftir stafrófsröð útgáfupósthúsanna, og eftir röð, eins og þær eru færðar inn í bækur pósthúsanna. Sú póststjórn, sem býr til reikninginn dregur svo frá aðalupphæðinni, sem hún á inni, ¼%, að viðbættu hálfu fastagjaldinu, sem nefnt er í 25. grein samningsins.

Í því tilfelli, að hver póststjórn taki ekki jafnhátt fastagjald, skal þóknunin til hlutaðeigandi póststjórnar reiknuð eftir lægra gjaldinu.

3. — Lokaupphæðinni á hinum sjerstaka reikningi M er síðan, ef hægt er, bætt við lokaupphæð ávísanareikningsins yfir sama tímabil. Endurskoðun og greiðsla á þessum reikningum fer eftir reglum þeim, sem settar eru í starfsreglugjörð póstávísanasamningsins.

46. grein.

Frankóseðlar. — Reikningar yfir tollgjöld o. s. frv.

1. — Reikningsskil, er snerta tollgjöld o. s. frv. og lögð er út af einni póststjórn fyrir reikning annarar, fara fram með sjerstökum mánaðarreikningum, eins og meðfylgjandi fyrirmynd E bis sýnir, og eru þeir búnir út í mynt landsins, sem á til góða, af póststjórninni, sem skuldar. Frankóseðlarnir eru færðir á reikninginn eftir stafrófsröð pósthúsanna, sem hafa lagt út fyrir kostnaðinum, og í þeirri töluröð, sem þessi pósthús hafa merkt þá.

2. — Hinn sjerstaki reikningur, ásamt viðurkendum seðlum, er síðan sendur póststjórn þeirri, sem á inni, í síðasta lagi fyrir lok næsta mánaðar á eftir þeim, sem hann á við. Neikvæðir reikningar eru ekki búnir til.

3. — Endurskoðun á reikningunum fer fram eftir reglum þeim, sem settar eru í starfsreglugjörð póstávísanasamningsins.

4. — Afreikningarnir gera ráð fyrir sjerstakri greiðslu. Þó getur hver

56 póststjórn krafist þess, að þeim sje bætt við á póstávísanareikninga eða reikninga L eða M.

Ýms ákvæði.

47. grein.

Eyðublöð. — Tunga.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 31. greinar alþjóðapóstsamningsins skulu þessi eyðublöð álitin til afnota fyrir almenning:

B, C, H, J og N.

48. grein.

Upplýsingar og tilkynningar.

1. — Póststjórnirnar skulu að minsta kosti 3. mánuðum áður en samningurinn kemur til framkvæmda tilkynna öðrum póststjórnum um alþjóðaskrifstofuna:

a) hvaða ákvarðanir þær þær taki að því er snertir:
   1° þyngdarmörk;
   2° tilgreiningu verðs;
   3° rúmfreka böggla;
   4° póstkröfur;
   5° hraðböggla og skyndiböggla;
   6° tölu böggla, sem mega fylgja einni og sömu tollskrá;
   7° skrifaðar athugasemdir á fylgibrjefin;
   8° ummál og rúmmál póstböggla, sem fluttir eru sjóleiðis;
   9° mál þau, sem tollskrárnar mega vera skrifaðar á;
b) lista yfir hluti þá, sem bannaðir eru til innflutnings eða í transít og sömuleiðis yfir þá hluti sem skilyrðisbundinn flutningur er leyfður á í þjónustu þeirra hverrar um sig;
c) alla taxta og öll önnur gjöld, sem notuð eru í þjónustu þeirra;
d) tilkynning um að bögglar sjeu leyfðir til allra staða eða, ef svo er ekki, skrá yfir þá staði, sem bögglar eru leyfðir til;
e) útdrátt á þýsku, ensku, spönsku eða frönsku, af ákvæðum þeim, sem gilda í lögum þeirra og reglugjörðum um flutning á bögglum.

2. — Sjerhver breyting, sem síðar kann að koma fram á ofannefndum ákvæðum, skal tafarlaust tilkynt á sama hátt.

Niðurlagsatriði.

49. grein.

Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og samningurinn um póstböggla gengur í gildi.

Hún skal gilda jafnlengi og sá samningur, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðila.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

56

Loka-ákvæði starfsreglugjörðarinnar.

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að rita undir starfsreglugjörð við póstbögglasamninginn, sem samþyktur var á póstþinginu í Stokkhólmi, komu þeir sjer saman um það, sem hjer segir:

Einasta grein.

Sem undantekning á ákvæði 6. greinar, 1. liðs, staflið a í reglugjörðinni, hafa Egyptaland (fyrir pósthúsin í Súdan) og Noregur heimild til þess í viðskiftum sínum við önnur lönd, að álíta þá böggla rúmfreka, sem á einhvern veg eru yfir 1 meter og 10 sentímetra, eða þar sem samanlögð lengd og lengsta ummál annað en lengd fer fram úr 1 metra 85 sentímetrum.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi loka-ákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi eins og þótt innihald þeirra stæði í sjálfum texta reglugjörðarinnar, sem þau eiga við, og hafa þeir undirritað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku stjórnar, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

Póstinnheimtusamningurinn 56

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Byrjunarákvæði.

1. grein. Skilyrði fyrir skiftum á innheimtum.

II. KAFLI.

Um hvað póststarf þetta nær til.

2. grein. Kröfur leyfðar til innheimtu.
3. — Afsagnir.

III. KAFLI.

Afhending krafa á póst.

4. grein. Tilgreining á upphæð krafanna.
5. — Afhending kröfu á póst. — Burðargjald sendingar.
6. — Tala krafa og hámarksupphæð þeirra.
7. — Forboð.

IV. KAFLI.

Innheimta á kröfum.

8. grein. Greiðsla að nokkru leyti, ekki leyfð.
9. — Innheimtu- og sýningargjald.
10. — Sending hinnar innheimtu upphæðar.
11. — Endursending á óinnheimtum kröfum.

V. KAFLI.

Afturköllun og leiðrjettingar. — Áframsending og endursending. — Fyrirspurnir.

12. grein. Afturköllun á innheimtum. — Leiðrjetting á skránni.
13. — Áframsending. — Skakt sendar kröfur.

56 14. grein. Endursending óinnheimtanlegra krafa.
15. — Fyrirspurnir.

VI. KAFLI.

Ábyrgð. — Póstinnheimtuávísanir.

16. grein. Ábyrgð, ef sending tapast, eða kröfur.
17. — Ábyrgð á hinum reglulega innheimtu upphæðum.
18. — Beiting á sjerstökum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
19. — Dráttur.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

20. grein. Um hver fær burðargjaldið.
21. — Pósthús, sem taka þátt í þjónustunni.
22. — Beiting á almennum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
23. — Samþykt á frumvörpum milli póstþinga.

Niðurlagsatriði.

24. grein Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Alþjóðapóstsambandið. 56

Samningur

um

póstinnheimtur

gerður milli

Albaníu; Þýskalands; Austurríkis; Belgíu; Bolivíu; Chili; Lýðveldisins Cuba; Fríborgarinnar Danzig; Egyptalands; Spánar; Spánskra nýlenda; Frakklands; Algiers; Grikklands; Ungverjalands; Íslands; Ítalíu; Ítalskra nýlenda; Lettlands; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spanska hlutanum); Marokkó (spanski hlutinn); Noregs; Hollands; Hollenskra Indía; Hollenskra nýlenda í Ameríku; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlenda í Afríku; Hinna portúgölsku nýlenda í Asíu og í Eyjaálfunni; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Saarhjeraðsins; Konungsríkis Serba, Króata og Slóvena; Svíþjóðar; Sviss; Tjekkoslovakíu; Tunis; Tyrklands og Bandaríkja Venezuela.

Samkvæmt 3. grein alþjóðapóstsamningsins, hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofangreindum löndum í sameiningu, og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttir um eftirfarandi samning:

I. KAFLI.

Byrjunarákvæði.

1. grein.

Skilyrði fyrir skiftum á innheimtum.

Skifti á innheimtum milli þeirra samningslanda, þar sem póststjórnirnar koma sjer saman um að hafa þau, skulu framkvæmd eftir ákvæðum þessa samnings.

II. KAFLI.

Um hvað póststarf þetta nær til.

2. grein.

Kröfur leyfðar til innheimtu.

Til innheimtu eru leyfðar kvittanir, reikningar, ávísanir, víxlar, vaxtamiðar og arðmiðar, verðbrjef fallin í gjalddaga, og vanalega allar verslunarkröfur og aðrar kröfur, sem eru borganlegar án kostnaðar.

Þær póststjórnir, sem ekki geta tekið að sjer innheimtu á vaxta- eða arðmiðum og verðbrjefum föllnum í gjalddaga, skulu tilkynna það hlutaðeigandi póststjórnum um alþjóðaskrifstofuna.

3. grein.

Afsagnir.

Póststjórnirnar geta tekið að sjer að sjá um afsögn á verslunarskjölum, og að láta framkvæma hina nauðsynlegu lagalegu aðför, viðvíkjandi kröfunum, og ákveða þær í sameiningu hinar nauðsynlegu ráðstafanir í þessu efni.

III. KAFLI.

Afhending krafa á póst.

4. grein.

Tilgreining á upphæð krafanna.

Nema öðru vísi sje ákveðið skal upphæð krafa þeirra, sem á að innheimta, tilgreind í mynt landsins, sem framkvæmir innheimtuna.

5. grein.

Afhending kröfu á póst. — Burðargjald sendingar.

Krafa til innheimtu er sett á póst sem fyrirfram borguð ábyrgðarsending, send beint af sendanda til pósthúss þess, sem á að innheimta fjeð.

Burðargjald undir sendinguna má ekki fara fram úr burðargjaldi ábyrgðarbrjefs af sömu þyngd.

6. grein.

Tala krafa og hámarksupphæð þeirra.

1. — Sama sending má innihalda margar kröfur til innheimtu af ákvörðunarpósthúsi hjá ýmsum skuldunautum handa einum og sama manni.

Þó mega kröfur ekki vera til innheimtu hjá fleirum en 5 skuldunautum, nje hafa mismunandi gjalddaga. 56

2. — Aðalupphæð sú, sem á að innheimta, má ekki fyrir hverja sendingu fara fram úr hámarki því, sem leyft er af ákvörðunarlandinu fyrir póstávísanir, nema póststjórnirnar verði ásáttar um að leyfa hærra hámark.

7. grein.

Forboð.

Bannað er:

a) að skrifa athugasemdir á kröfurnar, sem eru þeim sjálfum óviðkomandi;
b) að láta brjef eða orðsendingar fylgja kröfunum, er líta út eins og brjefaskifti milli skuldareiganda og skuldunauts;
c) að setja aðrar athugasemdir á innheimtuskrána en þær, sem texti hennar segir til um.

IV. KAFLI.

Innheimta á kröfum.

8. grein.

Greiðsla að nokkru leyti ekki leyfð.

Sjerhver krafa skal greidd að fullu og í einu, að öðrum kosti skal álíta að henni sje neitað.

9. grein.

Innheimtu- og sýningargjald.

1. — Póststjórnin, sem framkvæmir innheimtuna, fær af upphæð hverrar kröfu, sem hún innheimtir, 30 sentíma í innheimtugjald.

2. — Fyrir hverja kröfu, sem ekki er greidd, eftir að búið er að sýna hana til innheimtu, skal greiða 20 sentíma í sýningargjald.

Kröfur, sem ekki verða innheimtar sakir einhverrar ónákvæmni eða sakir ófullnægjandi utanáskriftar, og sem þar af leiðandi verður að endursenda sendanda, eru undanþegnar þessu gjaldi.

10. grein.

Sending hinnar innheimtu upphæðar.

1. — Hinar innheimtu upphæðir, sem eiga við sömu sendingu, eru sendar sendanda með póstávísun, eftir að búið er að draga frá:

56 a) innheimtugjaldið og, ef svo ber undir, sýningargjaldið fyrir ógreiddar kröfur;
b) ríkissjóðsgjöld, sem kunna að hvíla á kröfunum og,
c) hið vanalega póstávísanagjald, sem reiknast af allri upphæðinni, að frádregnum gjöldum þeim og þóknunum, sem nefnd eru undir a og b.

Innheimtuávísanir eru leyfðar alt að hámarksupphæð þeirri, sem póststjórnirnar ákveða samkvæmt 2. lið 6. greinar.

2. — Póststjórnirnar geta komið sjer saman um að fara öðruvísi að með greiðslu hinna innheimtu upphæða. Einkanlega geta þær tekið að sjer, eftir nánara samkomulagi, að færa þær inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandi sendingarinnar.

11. grein.

Endursending á óinnheimtum kröfum.

Kröfur, sem hafa ekki orðið innheimtar innan þess tíma, sem tiltekinn er í starfsreglugjörðinni, og sem eigi á að afhenda nánar tilteknum þriðja manni, eru endursendar burðargjaldsfrítt til viðtökupósthússins.

Þegar engar kröfur eru innheimtar eða hinar innheimtu upphæðir eru ónógar til þess að draga sýningargjaldið frá að öllu leyti, skal það innheimt hjá sendanda sendingarinnar. Póststjórnin, sem framkvæmir innheimtuna, er á engan hátt skuldbundin til þess að gera neinar ráðstafanir til tryggingar á gildi kröfunnar nje heldur að skýra frá, hvers vegna ekki hafi verið borgað.

V. KAFLI.

Afturköllun og leiðrjettingar. — Áframsending og endursending. — Fyrirspurnir.

12. grein.

Afturköllun á innheimtum. — Leiðrjetting á skránni.

Á meðan ákvörðunarpósthús póstinnheimtusendingar hefir ekki afhent hana, getur sendandi, samkvæmt skilyrðum þeim, sem ákveðin eru um brjefasendingar í 45. grein alþjóðapóstsamningsins, afturkallað sendinguna, eða eina eða fleiri kröfur, sem í henni eru, eða látið leiðrjetta, ef um villur er að ræða, upplýsingarnar, sem standa á skránni, er hann sendir með.

13. grein.

Áframsending. — Skakt sendar kröfur.

1. — Skifti einn eða fleiri viðtakendur búferlum, eru kröfurnar til póstinnheimtu áframsendar innan landsvæðis ákvörðunarlandsins. Sama gildir

einnig um kröfur, sem skrifað er utan á til manna, sem búa á staðnum, en heyra undir annað pósthús. 56

2. — Sjeu í einni sendingu eingöngu kröfur, sem eru óinnheimtanlegar fyrir pósthúsið, sem tekur við þeim, skal sendingin endursend til upprunastaðar síns, nema skuldunautar eigi allir að sækja til annars pósthúss í ákvörðunarlandinu, og er hún þá send því pósthúsi.

Sje nokkur hluti krafanna óinnheimtanlegur fyrir ákvörðunarpósthúsið, eru þær kröfur endursendar sendanda, en hinar kröfurnar teknar til innheimtu.

3. — Fyrir áframsendingar þessar er ekkert aukagjald tekið.

14. grein.

Endursending óinnheimtanlegra krafa.

Kröfur, sem einhverra orsaka vegna hafa ekki orðið innheimtar, eru endursendar sendanda á þann hátt, sem starfsreglugjörðin mælir fyrir.

15. grein.

Fyrirspurnir.

Fyrirmæli 47. greinar alþjóðapóstsamningsins gilda um fyrirspurnir um póstinnheimtusendingar.

VI. KAFLI.

Ábyrgð. — Póstinnheimtuávísanir.

16. grein.

Ábyrgð, ef sending tapast, eða kröfur.

1. — Ef ábyrgðarsending, sem inniheldur kröfu til innheimtu, tapast, hefir það í för með sjer ábyrgð fyrir póstþjónustuna gagnvart sendanda, með þeim skilyrðum, sem sett eru um ábyrgðarsendingar í 50. og 51. grein alþjóðapóstsamningsins.

Sama gildir og, ef tapast sending, sem inniheldur óinnheimtar kröfur, á heimleið.

2. — Tapist kröfur, eftir að búið er að opna sendinguna, sem þær eru í, annaðhvort á pósthúsinu, sem framkvæmir innheimtuna, eða á pósthúsinu, sem annast greiðslu til sendanda, er póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, ekki skyld að bæta sendanda nema hina raunverulegu upphæð skaðans, sem hlotist hefir, án þess þó, að sú upphæð megi fara fram úr skaðabótaupphæð þeirri, sem gert er ráð fyrir í 1. lið hjer að ofan.

3. — Ákvæði 53. til 57. greinar alþjóðapóstsamningsins, sem fjalla um skaðabætur, gilda um póstinnheimtusendingar.

17. grein.

Ábyrgð á hinum reglulega innheimtu upphæðum.

Hinar reglulega innheimtu upphæðir, að frádregnum gjöldunum, sem nefnd eru í 10. grein, skulu, hvort sem þeim hefir verið breytt í póstávísanir eða ekki, eða greiddar inn á pósthlaupareikning, ábyrgstar sendanda krafanna, með þeim skilyrðum, sem greind eru í vil sendanda í póstávísanasamningnum, eða þeim fyrirmælum, sem gilda um pósttjekkastarfið.

18. grein.

Beiting á sjerstökum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Ákvæðin í 62. til 67. greinar alþjóðapóstsamningsins, sem fjalla um póstkröfusendingar gilda um póstinnheimtur, að því er snertir skaðabætur og greiðslur á upphæðum, frest á útborgun, aðgang að póststjórn þeirri, sem ábyrgðina ber, og póstinnheimtuávísanir.

19. grein.

Dráttur.

Póststjórnirnar bera enga ábyrgð vegna dráttar:
a) við flutning eða sýningu á kröfum til innheimtu;
b) við greiðslu hinna innheimtu upphæða;
c) með útbúnað afsagna eða framkvæmd á lagaaðför, sem þær kynnu að taka að sjer, með því að nota ákvæði 3. greinar.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

20. grein.

Um hver fær burðargjaldið.

Burðargjaldið undir sendingu, sem inniheldur póstinnheimtur, ásamt innheimtu- og sýningargjaldi, kemur eigi til reiknings milli póststjórnanna, sem í hlut eiga.

21. grein.

Pósthús, sem taka þátt í þjónustunni.

Póststjórnir samningslandanna skulu láta öll pósthús, sem taka þátt í alþjóðapóstávísanaviðskiftunum, taka þátt í póstinnheimtum.

22. grein.

Beiting á almennum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Hin almennu ákvæði, sem nefnd eru í I. og II. bálki alþjóðapóstsamningsins, gilda um þenna samning, þó með undantekningu, að því er snertir fyrirmæli þau, sem nefnd eru í 7. grein.

23. grein.

Samþykt á frumvörpum milli póstþinga.

Til þess að öðlast gildi, verða frumvörp, sem koma fram milli póstþinga (18. og 19. grein alþjóðapóstsamningsins), að fá:

a) öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót nýrra ákvæða eða breytingu á ákvæðum 1. til 17., 19., 20., 23. og 24. greinar samningsins, og 1., 2., 3., 4., 6., 7., 9., 11., 12., 13., 14. og 18. greinar starfsreglugjörðar hans;

b) tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingu á öðrum ákvæðum samningsins, en þeim, sem nefndar eru á undan, eða ákvæðum 8., 10. og 15. greinar starfsreglugjörðarinnar;

c) meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða breytingu á öðrum ákvæðum starfsreglugjörðarinnar eða skilning á ákvæðum samningsins og reglugjörðar hans, að undanteknu atriðinu um deilumál, sem lagt skal í gerðardóm.

Niðurlagsatriði.

24. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. október 1925 og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar framangreindra landa undirskrifað þenna samning í einu eintaki, sem skal geymt í skjalasafni hinnar sænsku póststjórnar, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

56

Starfsreglugjörð

póstinnheimtusamningsins.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Afhending krafa á póst og innheimta á þeim.

1. grein. Skilyrði fyrir flutningi á kröfum.
2. — Innheimtuskrá og umslag sendingarinnar.
3. — Bannaðar athugasemdir og orðsendingar.
4. — Afhending krafanna til póstflutnings.
5. — Athugun hjá ákvörðunarpósthúsi.
6. — Sýning. — Frestur á greiðslu.
7. — Óinnheimtanlegar kröfur.
8. — Sendandi óþektur.

II. KAFLI.

Reikningsskil fyrir sendingunum.

9. grein. Sending ávísana til greiðslu og sending á ógreiddum kröfum.
10. — Reikningsskil.
11. — Póstinnheimtuávísanir, sem ekki er krafist útborgunar á af viðtakendum.
12. — Innskrift í póstbögglareikning.

III. KAFLI.

Afturköllun og leiðrjettingar. — Áframsending. — Fyrirspurnir.

13. grein. Afturköllun á innheimtum. Leiðrjetting á innheimtuskrá.
14. — Áframsending.
15. — Fyrirspurnir.

IV. KAFLI.

Ýms ákvæði.

16. grein. Upplýsingar og tilkynningar.
17. — Eyðublað. Tunga.

Niðurlagsatriði.

18. grein. Um hvenær reglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

Starfsreglugjörð

56

póstinnheimtusamningsins.

Samkvæmt 4. grein alþjóðapóstsamningsins, sem gerður var í Stokkhólmi 28. ágúst 1924, hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á samningnum um póstinnheimtur.

I. KAFLI.

Afhending krafa á póst og innheimta á þeim.

1. grein.

Skilyrði fyrir flutningi á kröfum.

Til þess að verða teknar til póstinnheimtu, verða kröfurnar:

a) að hafa áteiknaða upphæðina, sem á að innheimta, í bókstöfum (latneskt letur) og, nema öðruvísi sje ákveðið, í mynt ákvörðunarlandsins. Að því er snertir vaxta- og arðmiða, er nóg að tilgreina upphæðina í tölum;

b) að vera með nafni og heimili skuldunauts;

c) að hafa undirskrifaða kvittun sendanda, ef svo ber undir; að því er snertir almennar kvittanir má undirskriftin vera sett með stimpli, ef það er leyft í löggjöf upprunalandsins, eða vera með prentuðu nafni skuldareiganda;

d) að hafa verið kvittaðar fyrir borgun á stimpilgjaldi í upprunalandinu, ef þeir falla undir slíkt gjald.

2. grein.

Innheimtuskrá og umslag sendingarinnar.

1. — Kröfur til innheimtu í sömu sendingu, skulu færðar á skrá eins og fyrirmynd A, er hjermeð fylgir.

Vaxta- og arðmiðar, sem tilheyra verðbrjefum af sömu tegund, og sem á að innheimta hjá sama manni, skulu áður innfærðir á sjerstakan lista; þeir skulu síðan álitnir sem ein krafa.

2. — Kröfur, sem sönnunargögn kunna að fylgja með, (vöruskrár, farmskírteini, recambiovíxlar (gagnvíxlar) afsagnarskjöl o. s. frv., sem aðeins eiga að afhendast gegn borgun) skulu látnar ásamt kröfuskránni í umslag eins og fyrirmynd B, sem fylgir hjermeð. Á umslagi þessu skal standa, auk nafns og nákvæms heimilisfangs sendanda, nafn ákvörðunarpósthússins.

Fylgiskjölin skulu fest við kröfuna sem þau eiga við,

3. grein.

Bannaðar athugasemdir og orðsendingar.

Komi ólöglegar athugasemdir eða áletranir fyrir á innheimtuskránni, skal ekkert tillit tekið til þeirra. Sjerstök brjef eða orðsendingar, skal farið með eins og ófrímerkt brjef frá sendilandi póstinnheimtunnar, og þau afhent viðtakanda gegn því, að hann greiði burðargjald það, sem ber að taka; sje þeim neitað móttöku, skulu þau endursend til sendilandsins sem brjef, er ekki verður komið til skila.

4. grein.

Afhending krafanna til póstflutnings.

Sendingunni, sem inniheldur kröfur til póstinnheimtu, skal lokað af sendanda, og henni skilað á pósthúsið.

Finnist sending í póstkassa, og sje nægilegt frímerkt, skal með hana farið eins og henni hefði verið skilað á pósthús. Sje hún ófrímerkt eða aðeins að nokkru leyti frímerkt, verður hún ekki send.

5. grein.

Athugun hjá ákvörðunarpósthúsi.

Ákvörðunarpósthúsið rannsakar, hvort tala og upphæð krafanna, sem fylgja innheimtuskránni, sje rjett. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er tilgreind á innheimtuskránni.

Þegar tala krafanna, sem tilgreind er á innheimtuskránni, finst ekki í sendingunni, gerir ákvörðunarpósthúsið sendipósthúsinu aðvart þegar í stað, en það tilkynnir svo sendanda. Ákvörðunarpósthúsið framkvæmir samt innheimtuna á þeim kröfum, sem ekkert er athugavert við.

6. grein.

Sýning. Frestur á greiðslu.

1. — Kröfurnar skulu sýndar skuldunautum eins fljótt og auðið er, og, ef svo ber undir, daginn, sem þær falla í gjalddaga.

2. — Kröfur þær, sem eru ekki greiddar við sýningu, en borgun hefir þó ekki verið formlega neitað af sjálfum skuldunautum, skulu látnar liggja í viku til umráða fyrir hlutaðeigendur, að telja frá næsta degi eftir fyrsta sýningardag. Skuldunautum er gert aðvart, svo þeir geti komið á pósthúsið og borgað meðan fresturinn varir. Sendandi getur þó gert athugasemd á innheimtuskrána um, að skjölin sjeu strax send sjer til baka, eða afhent mönnum, sem hann tilgreinir með nafni, eftir árangurslausa sýningu.

56

7. grein.

Óinnheimtanlegar kröfur.

Ástæðunnar til þess, að krafa hefir ekki orðið innheimt, skal getið á þann hátt. sem segir í 1. lið 40. greinar í starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins, án frekari skýringar, annaðhvort á seðli sem heftur sje við skjölin eða á aftari parti skránnar, sem kröfurnar eru færðar á.

8. grein.

Sendandi ópektur.

Ef nafn og heimilisfang sendanda stendur hvorki á umslaginu, skránni nje kröfunum sjálfum, lætur ákvörðunarpósthúsið, hafi það getað fengið nauðsynlegar upplýsingar hjá skuldunaut, um leið og það heimti kröfuna inn, upprunapósthúsið vita um þetta og framkvæmir reikningsskilin eftir skilyrðum 9. greinar; er hið síðarnefnda pósthús tilgreint á ávísuninni sem viðtakandi hennar.

II. KAFLI.

Reikningsskil fyrir sendingunum.

9. grein.

Sending ávísana til greiðslu og sending á ógreiddum kröfum.

1. — Ávísanir, sem gefnar eru út fyrir hinum innheimtu kröfum, svo og greiddar kröfur, eru sendar til viðtökupósthússins ásamt aftari parti innheimtuskránnar, sem reikningsskilin eru gerð á samkvæmt ákvæðum næstu greinar hjer á eftir. Sendingin er flutt í umslagi eins eða líku og fyrirmynd C, sem fylgir hjermeð, og send sem þjónustusending, sem mælt er með, nema engin óinnheimt krafa sje í henni. Skal þá strika út á umslaginu þau orð, sem eiga ekki við.

Efst á framhlið ávísananna skal standa orðið „Recouvrement".

2. — Þegar á að taka gjöld af sendanda fyrir sýningu á óinnheimtum kröfum, skal umslagið stimplað með T-stimpli, og upphæð gjaldanna samanlögð skrifuð með greinilegum tölum framan á það.

3. — Í þeim samböndum, þar sem þarf milligöngu viðskiftapósthúsa við póstávísanastarfið, skulu sendingar þær, sem ræðir um í 1. lið einnig fara um slík pósthús.

10. grein.

Reikningsskil.

Aftari partur innheimtuskránnar, sem reikningsskilin eru gerð á, skal sjerstaklega innihalda:

56 a) dagstimpil innheimtupósthússins;
b) nafn og heimili sendanda og dagsetninguna, þegar sendingin er látin á póst;
c) nöfn skuldunauta;
d) upphæð ávísunarinnar og sundurliðaða kostnaðarupphæð; þessar báðar upphæðir samanlagðar eiga að vera jafnar upphæð hinna innheimtu krafa;
e) upphæðir innheimtra og óinnheimtra krafa; þær tvær upphæðir samanlagðar eiga að gera nákvæmlega upphæð krafanna, sem voru settar á póst.

Innheimtupósthúsið tilfærir athugasemdir, sem sendandi kann að hafa gleymt, og strikar yfir þær, sem eru óþarfar.

Skrár yfir reikningsskil, sem vanta eða eru óreglulega útfyltar, skal gera fyrirspurnir um, eða endursenda beint frá pósthúsi til pósthúss.

11. grein.

Póstinnheimtuávísanir, sem ekki er krafist útborgunar á af viðtakendum.

Ákvæði 34. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins, sem fjalla um póstkröfuávísanir, gilda einnig um póstinnheimtuávísanir.

12. grein.

Innskrift í pósthlaupareikning.

Þegar hinar innheimtu upphæðir hafa verið færðar í pósthlaupareikning, skal einnig á inneignartilkynningunni til reikningseiganda standa orðið „Recouvrement".

Innheimtupósthúsið skrifar þar að auki á aftari part innheimtuskrárinnar, neðanundir reikningsskilunum, athugasemdina: „Fært til tekna í póstgjekkareikningi nr. .... hjá pósttjekkapósthúsinu í ....."

III. KAFLI.

Afturköllun og leiðrjettingar. — Áframsending. Fyrirspurnir.

13. grein.

Afturköllun á innheimtum. — Leiðrjetting á innheimtuskrá.

Ákvæðin í 41. og 42. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins skulu gilda, þegar beðið er um afturköllun á kröfum til póstinnheimtu, eða um leiðrjettingu á skránni, sem fylgir sendingunni. Hverri beiðni skal þó fylgja eftirrit af skránni.

14. grein.

Áframsending.

Þegar áframsending á póstinnheimtum nær til allra krafa, sem eru í sömu sendingu, fer pósthúsið, sem getur innheimt þær, að eins og ef kröfurnar hefðu verið sendar því í byrjun. Það gerir athugasemd um áframsendinguna á hina sjerstöku skrá, eins og hjer segir: „Áframsent af pósthúsinu í ..... (Réexpédié par le bureau de .....).

Ef aðeins nokkrar kröfur í sömu sendingu eru áframsendar, skal pósthúsið, sem innheimtir þær, senda hina innheimtu upphæð eða hinar óinnleystu kröfur ókeypis til pósthússins, sem innheimtuskráin er send til; þetta síðarnefnda pósthús sjer eitt um reikningsskil við sendanda.

15. grein.

Fyrirspurnir.

Að því er snertir fyrirspurnir, haga póststjórnirnar sjer eftir ákvæðum 44. greinar í starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins. Sendandi skal útvega eftirrit af skránni, sem fylgdi kröfunum, og skal það sent ásamt fyrirspurninni til ákvörðunarpósthússins.

IV. KAFLI.

Ýms ákvæði.

16. grein.

Upplýsingar og tilkynningar.

1. — Fyrir milligöngu alþjóðaskrifstofunnar, og að minsta kosti þrem mánuðum áður en samningurinn gengur í gildi, skulu póststjórnirnar senda hver annari útdrátt úr lögum sínum og reglugjörðum, sem gilda um póstinnheimtustarfið, sjerstaklega að því er snertir innheimtu af vaxta- og arðmiðum og verðbrjefum, sem fallin eru í gjalddaga.

2. — Sjerhver breyting, sem síðar kann að verða, skal tafarlaust tilkynt á sama hátt.

17. grein.

Eyðublöð. — Tunga.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 3. greinar alþjóðapóstsamningsins, skal eyðublað A (innheimtuskráin) álitin eyðublað til afnota fyrir almenning.

Niðurlagsatriði.

18. grein.

Um hvenær reglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og samningurinn um póstinnheimtur gengur í gildi. Hún skal gilda jafnlengi og sá samningur, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðila.

Gert í Stokkhólmi, þann 28. ágúst 1924.

(Nöfn fulltrúanna).

Póstsamningar þeir, sem að framan eru prentaðir í íslenskri þýðingu, hafa verið undirskrifaðir af fulltrúum Íslands á póstþinginu í Stokkhólmi 28. ágúst 1924.

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 27. júlí 1925.

Magnús Guðmundsson.

S. Briem.